

**I EES-STOFNANIR****1. EES-ráðið****2. Sameiginlega EES-nefndin**

98/EES/27/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/97 frá 27. júní 1997 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn .....	1
	Ákvörðun ráðsins 94/904/EB frá 22. desember 1994 um skrá yfir hættulegan úrgang samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang .....	2
98/EES/27/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/97 frá 4. október 1997 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins .....	11
	Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 102/97/EB frá 16. desember 1996 um samþykkt aðgerðaráætlunar bandalagsins um forvarnir gegn lyfjafíkn innan aðgerðarammans á sviði almannaeilbrigðis .....	12
98/EES/27/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/97 frá 31. október 1997 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins .....	20
98/EES/27/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/97 frá 9. desember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn .....	21
	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB frá 3. september 1996 um kröfur um orkunýtni rafknúinna kæliskápa, frystiskápa og sambyggðra kæli- og frystiskápa til heimilisnota .....	22
98/EES/27/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/97 frá 9. desember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	29
98/EES/27/06	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/70/EB frá 28. október 1996 um breytingu á tilskipun ráðsins 80/777/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns .....	30
98/EES/27/07	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/97 frá 9. desember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	33

	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 345/97 frá 26. febrúar 1997 um breytingu á 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 207/93 um skilgreiningu á innihaldi VI. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og ábendingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum og nákvæmar reglur um hvernig ber að hrinda ákvæðum 4. mgr. 5. gr. hennar í framkvæmd .....	34
<b>98/EES/27/08</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/97 frá 9. desember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	36
	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 frá 28. október 1996 um að ákveða málsmeðferð bandalagsins varðandi bragðefni sem eru notuð eða fyrirhugað er að nota í eða á matvælum .....	37
<b>98/EES/27/09</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/97 frá 9. desember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	41
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2017/96 frá 22. október 1996 um breytingu á III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu .....	42
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2034/96 frá 24. október 1996 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu .....	45
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 17/97 frá 8. janúar 1997 um breytingu á I., II., III. og IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu .....	49
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 270/97 frá 14. febrúar 1997 um breytingu á I., II., III. og IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu .....	54
<b>98/EES/27/10</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/97 frá 9. desember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	58
	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/56/EB frá 3. september 1996 um breytingu á tilskipun 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna .....	59
<b>98/EES/27/11</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/97 frá 28. nóvember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	60
	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/129/EB frá 28. janúar 1997 þar sem mælt er fyrir um auðkenningarkerfi fyrir umbúðafni samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang .....	61

<b>98/EES/27/12</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/97 frá 28. nóvember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	65
	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/138/EB frá 3. febrúar 1997 þar sem mælt er fyrir um eyðublöð vegna gagnagrunnskerfis samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62//EB um umbúðir og umbúðaugang .....	66
<b>98/EES/27/13</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/97 frá 9. desember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	75
	Tilskipun ráðsins 69/493/EBE frá 15. desember 1969 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kristallsgler .....	76
<b>98/EES/27/14</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/97 frá 28. nóvember 1997 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn .....	81
	Tilmæli nr. 21 frá 28. nóvember 1996 um beitingu a-liðar 1. mgr. 69. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 gagnvart atvinnulausum einstaklingum sem fylgja maka sínum sem starfar í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki, samþykkt af framkvæmdaráði Evrópubandalagsins um félagslegt öryggi farandlaunþega .....	82
<b>98/EES/27/15</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/97 frá 28. nóvember 1997 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn .....	83
	Tilskipun ráðsins 96/82/EB frá 9. desember 1996 um varnir gegn hættu á stórslysnum af völdum hættulegra efna .....	84
<b>98/EES/27/16</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/97 frá 12. desember 1997 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins .....	107
<b>98/EES/27/17</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/97 frá 9. desember 1997 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín .....	110
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1056/95 frá 12. júní 1996 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3201/90 um nákvæmar reglur um lýsingu og kynningu á vínum og þrúgusafa .....	111
<b>98/EES/27/18</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/97 frá 15. desember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	114
	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2061/96 frá 8. október 1996 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1601/91 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínum, drykkjum blönduðum með kryddvínum og hanastélum blönduðum með kryddvínum .....	115
<b>98/EES/27/19</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/97 frá 15. desember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	117
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2215/96 frá 20. nóvember 1996 um undanþáguráðstafanir vegna „Glühwein“ .....	118

<b>98/EES/27/20</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/97 frá 15. desember 1997 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín ..... 119
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1128/96 frá 24. júní 1996 um nákvæmar reglur um blöndun borðvíns á Spáni ..... 121
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1915/96 frá 3. október 1996 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 554/95 þar sem settar eru nákvæmar reglur um lýsingu og kynningu á freyðivínnum og loftblönduðum freyðivínnum ..... 122
	Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1426/96 frá 26. júní 1996 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 823/87 um sérstök ákvæði um gæðavin sem framleidd eru í tilgreindum héruðum ..... 123
	Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1427/96 frá 26. júní 1996 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2392/89 um almennar reglur um lýsingu og kynningu á vínnum og þrúgusafa ..... 125
	Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1428/96 frá 26. júní 1996 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2332/92 um freyðivín sem er framleitt í bandalaginu ..... 130
	Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1429/96 frá 26. júní 1996 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2333/92 um almennar reglur um lýsingu og kynningu á freyðivínnum og loftblönduðum freyðivínnum ..... 132
	Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1592/96 frá 30. júlí 1996 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 822/87 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins ..... 136
	Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1594/96 frá 30. júlí 1996 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2332/92 um freyðivín sem er framleitt í bandalaginu og reglugerð (EBE) nr. 4252/88 um gerð og markaðssetningu vínlíkjöra sem framleiddir eru innan bandalagsins ..... 139
<b>98/EES/27/21</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/97 frá 17. desember 1997 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn ..... 140
	Ályktun ráðsins frá 21. nóvember 1996 um nýja forgangsröðun við stefnumótum um upplýsingaþjóðfélagið ..... 141
<b>98/EES/27/22</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/97 frá 17. desember 1997 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) og XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn ..... 146
	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/51/EB frá 18. október 1995 um breytingu á tilskipun 90/388/EBE að því er varðar afnám hafta á notkun kapalsjónvarpsneti þegar látin er í té fjarskiptaþjónusta sem búið er að gefa frjálsa ..... 147
<b>98/EES/27/23</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/97 frá 17. desember 1997 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) og XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn ..... 152
	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/2/EB frá 16. janúar 1996 um breytingu á tilskipun 90/388/EBE að því er varðar farsíma- og einkafjarskipti ..... 153
<b>98/EES/27/24</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/97 frá 17. desember 1997 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) og XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn ..... 161
	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/19/EB frá 13. mars 1996 um breytingu á tilskipun 90/388/EBE að því er varðar afnám samkeppnishafta á mörkuðum fyrir fjarskiptaþjónustu ..... 162

98/EES/27/24	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/97 frá 2. febrúar 1998 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn ..... 173	173
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2236/97 frá 10 nóvember 1997 um breytingu á reglugerðum (EBE) nr. 417/85 og (EBE) nr. 418/85 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu annars vegar og um rannsóknir og þróun hins vegar ..... 174	174
	<b>3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin</b>	
	<b>4. Ráðgjafarnefnd EES</b>	
	<b>II EFTA-STOFNANIR</b>	
	<b>1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna</b>	
	<b>2. Eftirlitsstofnun EFTA</b>	
	<b>3. EFTA-dómstóllinn</b>	
	<b>III EB-STOFNANIR</b>	
	<b>1. Ráðið</b>	
	<b>2. Framkvæmdastjórnin</b>	
98/EES/27/25	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1245 – Valeo/ITT Electricals) ..... 175	175
98/EES/27/26	Tilkynning um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/C2/36.878) ..... 176	176
98/EES/27/27	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 29/95 - Ítalía ..... 176	176
98/EES/27/28	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 17/97 - Portúgal ..... 176	176
98/EES/27/29	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 84/97 - Austurríki ..... 177	177
98/EES/27/30	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 24/98 - Austurríki ..... 177	177
98/EES/27/31	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 25/98 - Spánn ..... 178	178
98/EES/27/32	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 27/98 - Þýskaland ..... 178	178
	<b>3. Dómstóllinn</b>	

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

### ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

98/EES/27/01

nr. 50/97  
frá 27. júní 1997

#### um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

##### SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/95 frá 5. apríl 1995<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun ráðsins 94/904/EB frá 22. desember 1994 um skrá yfir hættulegan úrgang samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

##### ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

###### 1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 32a (tilskipun ráðsins 91/689/EBE) í XX. viðauka við samninginn:

„32aa. **394 D 0904:** Ákvörðun ráðsins 94/904/EB frá 22. desember 1994 um skrá yfir hættulegan úrgang samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang (Stjtið. EB nr. L 356, 31. 12. 1994, bls. 14).

Liechtenstein er heimilt að beita svissneskum reglugerðum um hættulegan úrgang, sem gilda í Liechtenstein samkvæmt samningnum frá 29. mars 1923 um aðild Furstadæmisins Liechtenstein að tollasvæði Sviss, gagnvart hættulegum úrgangi sem er fargað eða endurnýttur í Sviss, þar sem þessar reglugerðir tryggja sambærilega umhverfisvernd og mælt er fyrir um í tilskipun 75/442/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 91/156/EBE og tilskipun 91/689/EBE, og um getið í reglugerð (EBE) 259/93.“

###### 2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar ráðsins 94/904/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

###### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

###### 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. júní 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

C. Day

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 158, 8. 7. 1995, bls. 46 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 25, 8. 7. 1995, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 356, 31. 12. 1994, bls. 14.

## ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 22. desember 1994

um skrá yfir hættulegan úrgang samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar  
ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang(\*)

(94/904/EB)

### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang<sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 1. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 91/689/EBE skal taka saman skrá yfir hættulegan úrgang á grundvelli I. og II. viðauka við tilskipunina og þess að úrgangurinn hafi einn eða fleiri af eiginleikum III. viðauka við fyrrnefnda tilskipun.

Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða í undantekningartilvikum, á grundvelli skriflegra sönnunargagna sem handhafi leggur fram með viðeigandi hætti, að tiltekinn úrgangur í skránni sýni engin merki um eiginleikana sem skráðir eru í III. viðauka við tilskipun 91/689/EBE.

Farið verður yfir skrána reglulega og hún endurskoðuð, ef nauðsyn krefur, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang<sup>(2)</sup>.

### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

#### 1. gr.

Skrá yfir hættulegan úrgang sem fylgir með þessari ákvörðun er hér með samþykkt.

#### 2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. desember 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

**H. SEEHOFER**

forseti.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 158, 8. 7. 1995, bls. 46, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/97 frá 27. júní 1997 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 20. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/31/EB (Stjttíð. EB nr. L 168, 2. 7. 1994, bls. 28).

(2) Stjttíð. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 39. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE (Stjttíð. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48).

## VIÐAUKI

## HÆTTULEGUR ÚRGANGUR SAMKVÆMT 4. MGR. 1. GR. TILSKIPUNAR 91/689/EBE

## Inngangur

1. Í skránni auðkennir sex tölustafa númer tegund úrgangs og tveggja og fjögurra tölustafa númer kaflaheiti, eftir því sem við á.
2. Þótt efni eða hlutur sé talinn upp í skránni þarf það ekki að merkja að um úrgang sé að ræða í öllum tilvikum. Aðeins er átt við úrgang þegar skilgreining a-liðar 1. gr. tilskipunar 75/442/EBE á við, nema b-liður 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar eigi við.
3. Úrgangurinn í skránni fellur undir ákvæði tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang, nema 5. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar eigi við.
4. Í samræmi við annan undirlið 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 91/689/EBE telst úrgangur, sem ekki er talinn upp í skránni hér á eftir, vera hættulegur ef aðildarríki álfur að hann hafi eiginleika sem taldir eru upp í III. viðauka við tilskipun ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang. Tilkynna skal um öll slík tilvik til framkvæmdastjórnarinnar og rannsaka þau með það í huga að breyta skránni í samræmi við 18. gr. tilskipunar 75/442/EBE.

## SKRÁ YFIR HÆTTULEGAN ÚRGANG

EWC-númer	Lýsing
02	ÚRGANGUR FRÁ LANDBÚNAÐI, GARÐYRKJU, VEIÐUM, FISKVEIÐUM OG SJÁVARDÝRAELDI OG MATVÆLAIÐNAÐI OG - VINNSLU
0201	ÚRGANGUR ÚR FRUMFRAMLEIÐSLU
020105	efnaúrgangur frá landbúnaði
03	ÚRGANGUR FRÁ TIMBURVINNSLU OG FRAMLEIÐSLU Á PAPPÍR, PAPPÁ, PAPPÍRSDEIGI, VIÐARÞILJUM OG HÚSGÖGNUM
0302	ÚRGANGUR FRÁ VIÐARVARNAREFNUM
030201	lífræn viðarvörn án halógena
030202	klórlífræn viðarvörn
030203	málmlífræn viðarvörn
030204	ólífræn viðarvörn
04	ÚRGANGUR FRÁ LEÐUR- OG TEXTÍLÍÐNAÐI
0401	ÚRGANGUR FRÁ LEÐURÍÐNAÐI
040103	úrgangur frá fituhreinsun með leysiefnum, án vökvafasa
0402	ÚRGANGUR FRÁ TEXTÍLÍÐNAÐI
040211	halógenúrgangur frá vinnslu og lokavinnslu
05	ÚRGANGUR FRÁ JARÐOLÍUVINNSLU, HREINSUN Á JARÐGASI OG HITAMEÐFERÐ KOLA
0501	OLÍUEÐJA OG ÚRGANGUR Í FÖSTU FORMI
050103	eðja úr botni tanka
050104	súr alkýleðja
050105	ólíuleifar
050107	súr tjara
050108	önnur tjara



EWC-númer	Lýsing
0504	NOTAÐUR SÍUNARLEIR
050401	notaður síunarleir
0506	ÚRGANGUR FRÁ HITAMEDFERÐ Á KOLUM
050601	súr tjara
050603	önnur tjara
0507	ÚRGANGUR FRÁ HREINSUN Á JARÐGASI
050701	eðja sem inniheldur kvikasilfur
0508	ÚRGANGUR FRÁ ENDURVINNSLU Á OLÍU
050801	notaður síunarleir
050802	súr tjara
050803	önnur tjara
050804	úrgangsvatn frá endurvinnslu á olíu
06	ÚRGANGUR FRÁ KEMÍSKRI VINNSLU ÓLÍFRÆNNA EFNA
0601	SÝRULAUSNIR, ÚRGANGUR
060101	brennisteinssýra og brennisteinstvísýrlingur
060102	saltsýra
060103	flúorsýra
060104	fosfórsýra og fosfórsýrlingur
060105	saltpéturssýra og saltpéturssýrlingur
060199	annar ótilgreindur úrgangur
0602	BASÍSKAR LAUSNIR, ÚRGANGUR
060201	leskjað kalk
060202	sódi
060203	ammóníak
060299	annar ótilgreindur úrgangur
0603	ÚRGANGSSÖLT OG SALT LAUSNIR
060311	salt og saltlausnir sem innihalda sýanið
0604	ÚRGANGUR SEM INNIHELDUR MÁLM
060402	málmsölt (önnur en 060300)
060403	úrgangur sem inniheldur arsen
060404	úrgangur sem inniheldur kvikasilfur
060405	úrgangur sem inniheldur þungmálma
0607	ÚRGANGUR FRÁ KEMÍSKRI HALÓGENVINNSLU
060701	úrgangur sem inniheldur asbest frá rafgreiningu
060702	virkt kolefni úr klórframleiðslu
0613	ÚRGANGUR FRÁ ANNARRI KEMÍSKRI VINNSLU ÓLÍFRÆNNA EFNA
061301	ólífræn varnarefni, lífeyðar og viðarvarnarefni
061302	notað virkt kolefni (annað en 060702)
07	ÚRGANGUR FRÁ KEMÍSKRI VINNSLU LÍFRÆNNA EFNA
0701	ÚRGANGUR FRÁ FRAMLEIÐSLU, LÖGUN, GEYMSLU OG NOTKUN Á KEMÍSKUM GRUNNEFNUM
070101	vatnsblandaðir þvottalegir og móðurvökvar
070103	lífræn halógenleysiefni, þvottalegir og móðurvökvar
070104	önnur lífræn leysiefni, þvottalegir og móðurvökvar
070107	halógenbundið botnfall og leifar úr efnahvörfum

EWC-númer	Lýsing
070108	annað botnfall og leifar úr efnahvörfum
070109	halógenbundnar síukökur, notuð íseyg efni
070110	aðrar síukökur, notuð íseyg efni
0702	ÚRGANGUR FRÁ FRAMLEIÐSLU, LÖGUN, GEYMSLU OG NOTKUN PLASTEFNA, GERVIGÚMMÍS OG TILBÚINNA TREFJA
070201	vatnsblandaðir þvottalegir og móðurvökvar
070203	lífræn halógenleysiefni, þvottalegir og móðurvökvar
070204	önnur lífræn leysiefni, þvottalegir og móðurvökvar
070207	halógenbundið botnfall og leifar úr efnahvörfum
070208	annað botnfall og leifar úr efnahvörfum
070209	halógenbundnar síukökur, notuð íseyg efni
070210	aðrar síukökur, notuð íseyg efni
0703	ÚRGANGUR FRÁ FRAMLEIÐSLU, LÖGUN, GEYMSLU OG NOTKUN Á LÍFRÆNUM LEYSILITUM OG DREIFULITUM (ÞÓ EKKI Í 061100)
070301	vatnsblandaðir þvottalegir og móðurvökvar
070303	lífræn halógenleysiefni, þvottalegir og móðurvökvar
070304	önnur lífræn leysiefni, þvottalegir og móðurvökvar
070307	halógenbundið botnfall og leifar úr efnahvörfum
070308	annað botnfall og leifar úr efnahvörfum
070309	halógenbundnar síukökur, notuð íseyg efni
070310	aðrar síukökur, notuð íseyg efni
0704	ÚRGANGUR FRÁ FRAMLEIÐSLU, LÖGUN, GEYMSLU OG NOTKUN Á LÍFRÆNUM VARNAREFNUM (ÞÓ EKKI Í 020105)
070401	vatnsblandaðir þvottalegir og móðurvökvar
070403	lífræn halógenleysiefni, þvottalegir og móðurvökvar
070404	önnur lífræn leysiefni, þvottalegir og móðurvökvar
070407	halógenbundið botnfall og leifar úr efnahvörfum
070408	annað botnfall og leifar úr efnahvörfum
070409	halógenbundnar síukökur, notuð íseyg efni
070410	aðrar síukökur, notuð íseyg efni
0705	ÚRGANGUR FRÁ FRAMLEIÐSLU, LÖGUN, GEYMSLU OG NOTKUN Á LYFJUM
070501	vatnsblandaðir þvottalegir og móðurvökvar
070503	lífræn halógenleysiefni, þvottalegir og móðurvökvar
070504	önnur lífræn leysiefni, þvottalegir og móðurvökvar
070507	halógenbundið botnfall og leifar úr efnahvörfum
070508	annað botnfall og leifar úr efnahvörfum
070509	halógenbundnar síukökur, notuð íseyg efni
070510	aðrar síukökur, notuð íseyg efni
0706	ÚRGANGUR FRÁ FRAMLEIÐSLU, LÖGUN, GEYMSLU OG NOTKUN Á FEITI, FITU, SÁPU, ÞVOTTAEFNI, SÓTTHREINSANDI EFNUM OG SNYRTIVÖRUM
070601	vatnsblandaðir þvottalegir og móðurvökvar
070603	lífræn halógenleysiefni, þvottalegir og móðurvökvar
070604	önnur lífræn leysiefni, þvottalegir og móðurvökvar
070607	halógenbundið botnfall og leifar úr efnahvörfum
070608	annað botnfall og leifar úr efnahvörfum
070609	halógenbundnar síukökur, notuð íseyg efni
070610	aðrar síukökur, notuð íseyg efni
0707	ÚRGANGUR FRÁ FRAMLEIÐSLU, LÖGUN, GEYMSLU OG NOTKUN Á ÖÐRUM ÓTILGREINDUM KEMÍSKUM EFNUM OG EFNAVÖRUM
070701	vatnsblandaðir þvottalegir og móðurvökvar
070703	lífræn halógenleysiefni, þvottalegir og móðurvökvar

EWC-númer	Lýsing
070704	önnur lífræn leysiefni, þvottalegir og móðurvökvar
070707	halógenbundið botnfall og leifar úr efnahvörfum
070708	annað botnfall og leifar úr efnahvörfum
070709	halógenbundnar síukökur, notuð íseyg efni
070710	aðrar síukökur, notuð íseyg efni
08	ÚRGANGUR FRÁ FRAMLEIÐSLU, LÖGUN, GEYMSLU OG NOTKUN Á EFNUM TIL HÚÐUNAR (MÁLNINGU, LÖKKUM OG GLERKENNDUM SMELTLÖKKUM), LÍMI, ÞÉTTIEFNUM OG PRENTLITUM
0801	ÚRGANGUR FRÁ FRAMLEIÐSLU, LÖGUN, GEYMSLU OG NOTKUN MÁLNINGAR OG LAKKS
080101	úrgangsmálning og -lökk sem innihalda halógenleysiefni
080102	úrgangsmálning og -lökk án halógenleysiefna
080106	málningar- eða lakkeðja sem inniheldur halógenleysiefni
080107	málningar- eða lakkeðja án halógenleysiefna
0803	ÚRGANGUR FRÁ FRAMLEIÐSLU, LÖGUN, GEYMSLU OG NOTKUN PRENTLITA
080301	úrgangsblek sem inniheldur halógenleysiefni
0080302	úrgangsblek án halógenleysiefnis
080305	blekeðja sem inniheldur halógenleysiefni
080306	blekeðja án halógenleysiefna
0804	ÚRGANGUR FRÁ FRAMLEIÐSLU, LÖGUN, GEYMSLU OG NOTKUN LÍM- OG ÞÉTTIEFNA (Þ.M.T. VATNSÞÉTTIEFNI)
080401	úrgangslím og -þéttiefni sem innihalda halógenleysiefni
080402	úrgangslím og -þéttiefni án halógenleysiefna
080405	eðja með lími og þéttiefnum sem inniheldur halógenleysiefni
080406	eðja með lími og þéttiefnum án halógenleysiefna
09	ÚRGANGUR FRÁ LJÓSMYNDAIÐNAÐI
0901	ÚRGANGUR FRÁ LJÓSMYNDAIÐNAÐI
090101	vatnsblandaðir framköllunarvökvar og -hvatar
090102	vatnsblandaðir offset-framköllunarvökvar
090103	framköllunarvökvar blandaðir leysiefnum
090104	festiefnalausnir
090105	lausnir og festiefnalausnir til bleikingar
090106	úrgangur sem verður til við hreinsun á staðnum á úrgangi frá ljósmyndaiðnaði og inniheldur silfur
10	ÓLÍFRÆNN ÚRGANGUR FRÁ HITAVINNSLU
1001	ÚRGANGUR FRÁ AFLSTÖÐVUM OG ÖÐRUM BRENNSLUVERUM (ÞÓ EKKI Í 19 00 00)
100104	olíuaska
100109	brennisteinssýra
1003	ÚRGANGUR FRÁ HITAVINNSLU Á ÁLI
100301	tjara og annar úrgangur, sem inniheldur kolefni, frá framleiðslu forskauta
100303	skánir
100304	gjall/hvítur sori úr frumframleiðslu
100307	notaðar pottklæðningar
100308	saltgjall úr endurvinnslu
100309	svartur sori úr endurvinnslu
100310	úrgangur frá meðferð saltgjalls og svarts sora

EWC-númer	Lýsing
1004	ÚRGANGUR FRÁ HITAVINNSLU Á BLÝI
100401	gjall (fyrsta og önnur bræðsla)
100402	sori og skánir (fyrsta og önnur bræðsla)
100403	kalsíumarsenat
100404	ryk frá reyksíun
100405	aðrar agnir og ryk
100406	úrgangur í föstu formi frá meðhöndlun með lofttegundum
100407	eðja frá meðhöndlun með lofttegundum
1005	ÚRGANGUR FRÁ HITAVINNSLU Á SINKI
100501	gjall (fyrsta og önnur bræðsla)
100502	sori og skánir (fyrsta og önnur bræðsla)
100503	ryk frá reyksíun
100505	úrgangur í föstu formi frá meðhöndlun með lofttegundum
100506	eðja frá meðhöndlun með lofttegundum
1006	ÚRGANGUR FRÁ HITAVINNSLU Á KOPAR
100603	ryk frá reyksíun
100605	úrgangur frá hreinsun með rafgreiningu
100606	úrgangur í föstu formi frá meðhöndlun með lofttegundum
100607	eðja frá meðhöndlun með lofttegundum
11	ÓLÍFRÆNN ÚRGANGUR MEÐ MÁLMUM FRÁ MÁLMVINNSLU OG HÚÐUN MÁLMA; VÖKVAVINNSLA MÁLMA SEM INNIHALDA EKKI JÁRN
1101	FLJÓTANDI ÚRGANGUR OG EÐJA FRÁ MEÐFERÐ OG HÚÐUN MÁLMA (T.D. GALVANÍSERING, SINKHÚÐUN, SÝRUBAÐ, ÆTING, FOSFATMEÐFERÐ OG ALKALÍFITUHREINSUN)
110101	sýaníðúrgangur (basískur) sem inniheldur þungmálma aðra en króm
110102	sýaníðúrgangur (basískur) sem inniheldur enga þungmálma
110103	úrgangur sem inniheldur króm en ekki sýnanið
110105	sýrulausnir fyrir sýrubað
110106	sýra sem er ekki tilgreind með öðrum hætti
110107	alkalíefni sem eru ekki tilgreind með öðrum hætti
110108	fosfatseðja
1102	ÚRGANGUR OG EÐJA FRÁ VÖKVAVINNSLU MÁLMA SEM INNIHALDA EKKI JÁRN
110202	eðja frá vökvavinnslu sinks (þ.m.t. jarosít, goethít)
1103	EÐJA OG ÚRGANGUR Í FÖSTU FORMI FRÁ HITAVINNSLU
110301	úrgangur sem inniheldur sýnanið
110302	annar úrgangur
12	ÚRGANGUR FRÁ MÓTUN OG YFIRBORÐSMEÐFERÐ MÁLMA OG PLASTEFNA
1201	ÚRGANGUR FRÁ MÓTUN (ÞAR MEÐ TALÍÐ AÐ VALSA, LOGSJÓÐA, PRESSA, DRAGA, RENNA, SKERA OG SVERFA)
120106	úrgangur úr vélaolíu sem inniheldur halógen (ekki í ýrulausn)
120107	úrgangur úr vélaolíu án halógens (ekki í ýrulausn)
120108	úrgangur úr vélaýrulausn sem inniheldur halógen
120109	úrgangur úr vélaýrulausn án halógens
120110	syntetísk vélaolía
120111	vélaeðja
120112	notað vax og feiti

EWC-númer	Lýsing
1203	ÚRGANGUR FRÁ FITUHREINSUN MED VATNI OG GUFU (ÞÓ EKKI Í 110000)
120301	þvottavatn
120302	úrgangur frá gufuhreinsun
13	OLÍUÚRGANGUR (ÞÓ EKKI NEYSLUOLÍUR, 050000 OG 120000)
1301	ÚRGANGSGLUSSAR OG -BREMSUVÖKVAR
130101	glussar sem innihalda PCB og PCT
130102	aðrir klóraðir glussar (ekki í ýrulausn)
130103	óklóraðir glussar (ekki í ýrulausn)
130104	klóraðar ýrulausnir
130105	óklóraðar ýrulausnir
130106	glussar sem innihalda aðeins jarðolíu
130107	aðrir glussar
130108	bremsuvökvar
1302	ÚRGANGSVÉLAR-, GÍR- OG SMUROLÍUR
130201	klóraðar vélar-, gír- og smurolíur
130202	óklóraðar vélar-, gír- og smurolíur
130203	aðrar vélar-, gír- og smurolíur
1303	ÚRGANGSEINANGRUNAR- OG VARMAFLUTNINGSOLÍUR OG AÐRIR VÖKVAR
130301	einangrunar- eða varmaflutningsolíur og aðrir vökvar sem innihalda PCB eða PCT
130302	aðrar klóraðar einangrunar- eða varmaflutningsolíur og aðrir vökvar
130303	óklóraðar einangrunar- eða varmaflutningsolíur og aðrir vökvar
130304	syntetískar einangrunar- eða varmaflutningsolíur og aðrir vökvar
130305	einangrunar- eða varmaflutningsjarðolíur
1304	KJALSOGSOLÍUR
130401	kjalsogsolíur frá skipaumferð á skipgengum vatnaleiðum
130402	kjalsogsolíur úr bryggjuholræsum
130403	kjalsogsolíur frá annarri skipaumferð
1305	INNIHALD OLÍU/VATNSSKILJA
130501	olíu/vatnsskiljustorka
130502	olíu/vatnsskiljueðja
130503	rennslislásæðja
130504	afsöltunareðja eða ýrulausnir
130505	aðrar ýrulausnir
1306	ÓTILGREINDUR OLÍUÚRGANGUR
130601	ótilgreindur olíuúrgangur
14	ÚRGANGUR FRÁ LÍFRÆNUM EFNUM SEM NOTUÐ ERU SEM LEYSIEFNI (ÞÓ EKKI Í 070000 OG 080000)
1401	ÚRGANGUR FRÁ FITUHREINSUN MÁLMA OG VIÐHALDI VÉLA
140101	klórflúorkolefni
140102	önnur halógenbundið leysiefni og leysiefnablöndur
140103	önnur leysiefni og leysiefnablöndur
140104	vatnskenndar leysiefnablöndur sem innihalda halógen
140105	vatnskenndar leysiefnablöndur án halógens
140106	eðja eða storknaður úrgangur sem inniheldur halógenbundin leysiefni
140107	eðja eða storknaður úrgangur án halógenbundinna leysiefna
1402	ÚRGANGUR FRÁ HREINSUN TEXTÍLA OG FITUHREINSUN NÁTTÚRLEGRA AFURÐA
140201	halógenbundin leysiefni og leysiefnablöndur
140202	leysiefnablöndur eða lífrænir vökvar án halógenbundinna leysiefna

EWC-númer	Lýsing
140203	eðja eða storknaður úrgangur sem inniheldur halógenbundin leysiefni
140204	eðja eða storknaður úrgangur sem inniheldur önnur leysiefni
1403	ÚRGANGUR FRÁ RAFEINDAIÐNADI
140301	klórflúorkolefni
140302	önnur halógenbundin leysiefni
140303	leysiefni og leysiefnablöndur án halógenbundinna leysiefna
140304	eðja eða storknaður úrgangur sem inniheldur halógenbundin leysiefni
140305	eðja eða storknaður úrgangur sem inniheldur önnur leysiefni
1404	ÚRGANGUR FRÁ KÆLIVÖKVUM, FROÐU/ÚÐAELDSNEYTI
140401	klórflúorkolefni
140402	önnur halógenbundin leysiefni og leysiefnablöndur
140403	önnur leysiefni og leysiefnablöndur
140404	eðja eða storknaður úrgangur sem inniheldur halógenbundin leysiefni
140405	eðja eða storknaður úrgangur sem inniheldur önnur leysiefni
1405	ÚRGANGUR FRÁ ENDURHEIMTUM LEYSIEFNUM OG KÆLIVÖKVA (BOTNFALL)
140501	klórflúorkolefni
140502	halógenbundin leysiefni og leysiefnablöndur
140503	önnur leysiefni og leysiefnablöndur
140504	eðja sem inniheldur halógenbundin leysiefni
140505	eðja sem inniheldur önnur leysiefni
16	ÚRGANGUR SEM ER EKKI TILGREINDUR MEÐ ÖÐRUM HÆTTI Í SKRÁNNI
1602	AFLAGÐUR BÚNAÐUR OG NIÐURRIFSLEIFAR
160201	spennubreytar og þéttar sem innihalda PCB eða PCT
1604	ÚRGANGUR ÚR SPRENGIEFNUM
160401	skotfæraúrgangur
160402	úrgangur úr flugeldum
160403	annar úrgangur úr sprengiefnum
1606	RAFHLÖÐUR OG RAFGEYMAR
160601	blýraflhöður
160602	Ni-Cd raflhöður
160603	kvikasilfursþurrraflhöður
160606	raflausnir úr raflöðum og rafgeymum
1607	ÚRGANGUR FRÁ HREINSUN Á FLUTNINGA- OG GEYMSLUTÖNKUM (ÞÓ EKKI Í 050000 OG 120000)
160701	úrgangur frá hreinsun á tönkum til flutninga á sjó sem inniheldur kemísk efni
160702	úrgangur frá hreinsun á tönkum til flutninga á sjó sem inniheldur olíu
160703	úrgangur frá hreinsun á tönkum til flutninga á járnbrautum og vegum sem inniheldur olíu
160704	úrgangur frá hreinsun á tönkum til flutninga á járnbrautum og vegum sem inniheldur kemísk efni
160705	úrgangur frá hreinsun á geymslutönkum sem inniheldur kemísk efni
160706	úrgangur frá hreinsun á geymslutönkum sem inniheldur olíu
17	ÚRGANGUR FRÁ BYGGINGAR- OG NIÐURRIFSSTARFSEMI (ÞAR MEÐ TALIN VEGAGERÐ)
1706	EINANGRUNAREFNI
170601	einangrunarefni sem innihalda asbest

EWC-númer	Lýsing
18	ÚRGANGUR FRÁ HEILSUVERND MANNA OG DÝRA OG/EÐA VIÐKOMANDI RANNSÓKNUM (ÞÓ EKKI ÚRGANGUR FRÁ ELDHÚSUM HEIMILA OG VEITINGAHÚSA, SEM TENGIST EKKI BEINT HEILSUVERND)
1801	ÚRGANGUR FRÁ FÆÐINGARUMÖNNUN, GREININGU, MEÐHÖNDLUN EÐA FYRIRBYGGJANDI AÐGERÐUM Í TENGLUM VIÐ SJÚKDÓMA Í MÖNNUM
180103	annar úrgangur ef söfnun hans og losun fellur undir sérkröfur með tilliti til smitvarna
1802	ÚRGANGUR FRÁ RANNSÓKNUM, GREININGU, MEÐHÖNDLUN EÐA FYRIRBYGGJANDI AÐGERÐUM Í TENGLUM VIÐ SJÚKDÓMA Í DÝRUM
180202	annar úrgangur ef söfnun hans og losun fellur undir sérkröfur með tilliti til smitvarna
180204	ónýt kemísk efni
19	ÚRGANGUR FRÁ SORPEYÐINGARSTÖÐVUM, SKÓLPHREINSISTÖÐVUM OG VATNSHREINSISTÖÐVUM
1901	ÚRGANGUR FRÁ BRENNSLU EÐA HITASUNDRUN Á SORPI SVEITARFÉLAGA OG SAMBÆRILEGUM ÚRGANGI FRÁ VERSLUN, IÐNAÐI OG STOFNUNUM
190103	svifaska
190104	ketilryk
190105	súkaka frá meðhöndlun með lofttegundum
190106	fljótandi vatnskenndur úrgangur frá meðhöndlun með lofttegundum og annar fljótandi vatnskenndur úrgangur
190107	úrgangur í föstu formi frá meðhöndlun með lofttegundum
190110	notuð, virk kol frá reykmeðhöndlun
1902	ÚRGANGUR FRÁ SÉRSTAKRI EÐLISFRÆÐILEGRI EÐA EFNAFRÆÐILEGRI MEÐHÖNDLUN Á IÐNAÐARÚRGANGI (T.D. AFKRÓMUN, EYÐING Á BLÁSÝRUSÖLTUM, EÐA HLUTLEYSING)
190201	málmhýdroxíðeðja og önnur eðja frá útfellingarmeðhöndlun
1904	BRÆÐSLUHÆFUR ÚRGANGUR OG ÚRGANGUR FRÁ BRÁÐI
190402	aska og annar úrgangur úr reykmeðhöndlun
190403	óbræðsluhæfur fastur fasi
1908	ÚRGANGUR FRÁ VATNSHREINSISTÖÐVUM SEM ERU EKKI TILGREINDAR MEÐ ÖÐRUM HÆTTI
190803	feiti og olíublanda frá skilnaði olíu eða úrgangs frá vatni
190806	mettuð eða notuð jónaskiptaresín
190807	lausnir og eðja frá endurmyndun á jónaskiptum
20	ÚRGANGUR FRÁ SVEITARFÉLÖGUM OG SVIPAÐUR ÚRGANGUR FRÁ VERSLUNARSTÖÐUM, ÚR IÐNAÐI OG FRÁ STOFNUNUM, AÐ MEÐTÖLDUM FLOKKUÐUM ÚRGANGI
2001	FLOKKAÐUR ÚRGANGUR
200112	málning, blek, lím og resín
200113	leysiefni
200117	kemísk ljósmyndunarefni
200119	varnarefni
200121	flúrrör og annar úrgangur sem inniheldur kvikasilfur

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/27/02**

**nr. 73/97**  
**frá 4. október 1997**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn**  
**um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 31 við samninginn var meðal annars breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/96 frá 4. október 1996<sup>(1)</sup>.

Rétt er að auka samvinnu samningsaðilanna þannig að hún taki til aðgerðaráætlunar bandalagsins um að koma í veg fyrir misnotkun lyfja sem lið í átaki á sviði almannaeilbrigðis (1996-2000) eins og kveðið er á um í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 102/97/EB<sup>(2)</sup>.

Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til að koma á þessari auknu samvinnu frá 1. janúar 1997.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. mgr. 16. gr. í bókun 31 við samninginn:

„ - **397 D 0102:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 102/97/EB frá 16. desember 1996 um aðgerðaráætlun bandalagsins um að koma í veg fyrir misnotkun lyfja sem lið í átaki á sviði almannaeilbrigðis (1996-2000) (Stjttíð. EB nr. L 19, 22. 1. 1997, bls. 25).“.

2. Í stað 2. mgr. 16. gr. komi eftirfarandi:

„ 2. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 1996 taka þátt í áætlunum og aðgerðum bandalagsins sem um getur í fyrstu þremur undirliðum 1. mgr. og frá 1. janúar 1997 í áætluninni sem um getur í fjórðu undirgrein.“.

**2. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. október 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni. Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 1997.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. október 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 21, 23. 1. 1997, bls. 9 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 4, 23. 1. 1997, bls. 54.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 19, 22. 1. 1997, bls. 25.



## ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 102/97/EB

frá 16. desember 1996

### um samþykkt aðgerðaáætlunar bandalagsins um forvarnir gegn lyfjafíkn innan aðgerðarammans á sviði almannaheilbrigðis (1996-2000)(\*)

#### EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins einkum 129. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b. í sáttmálanum <sup>(4)</sup>, á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 1. október 1996,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ávani og fíkn í lyf hefur aukist úggvænlega í aðildarríkjum og hefur alvarleg áhrif á heilbrigði einstaklinga og velferð almennings.
  - 2) Með því að koma árið 1985 á fót rannsóknarnefnd um ávana- og fíknilyfjavandann í aðildarríkjum Evrópubandalagsins sýndi Evrópuþingið vilja sinn til að kanna ítarlega þá þætti sem skapa eftirspurn eftir ávana- og fíknilyfjum og verða til þess að áfram er unnt að framleiða slík lyf og dreifa þeim.
  - 3) Í ályktunum sínum um þetta vandamál <sup>(5)</sup> hefur Evrópuþingið sett fram röð tillagna sem miða einkum að forvarnaraðgerðum á vegum bandalagsins gegn ávana og fíkn í lyf.
- (\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 19, 22. 1. 1997, bls. 25, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/97 frá 4. október um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.
- <sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 257, 14. 9. 1994, bls. 4 og Stjtið. EB nr. C 34, 7. 2. 1996, bls. 4.
- <sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 110, 2. 5. 1995, bls. 8.
- <sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 210, 14. 8. 1995, bls. 88.
- <sup>(4)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 20. september 1995 (Stjtið. EB nr. C 269, 16. 10. 1995, bls. 65), sameiginleg afstaða ráðsins frá 20. desember 1995 (Stjtið. EB nr. C 37, 9. 2. 1996, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. apríl 1996 (Stjtið. EB nr. C 141, 13. 5. 1996, bls. 42). Ákvörðun ráðsins frá 12. nóvember 1996.
- <sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. C 172, 2. 7. 1984, bls. 130. Stjtið. EB nr. C 283, 10. 11. 1986, bls. 79. Stjtið. EB nr. C 47, 27. 2. 1989, bls. 51 og Stjtið. EB nr. C 150, 15. 6. 1992, bls. 42.

4) Á fundi sínum í Dublin 25. og 26. júní 1990 lagði Evrópuráðið „áherslu á að hvert aðildarríki ber ábyrgð á því að gera viðeigandi áætlun um að draga úr eftirspurn eftir ávana- og fíknilyfjum“ og „taldi að gera ætti átak í öllum aðildarríkjum, stutt sameiginlegum aðgerðum af hálfu ríkjanna tólf og bandalagsins að forgangsverkefni næstu árin“.

5) Aðgerðirnar sem gripið hefur verið til á vettvangi bandalagsins á grundvelli ályktana, yfirlýsinga og niðurstaðna ráðsins í tengslum við forvarnir gegn ávana og fíkn í lyf, einkum í kjölfar þeirrar áherslu sem Evrópuráðið lagði á Evrópuáætlunina um baráttu gegn ávana- og fíknilyfjum þegar það kom saman í Róm 14. og 15. desember 1990, hafa stutt viðleitni aðildarríkjanna.

6) Í framhaldi af orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 24. nóvember 1993 um aðgerðaramma á sviði almannaheilbrigðis setti ráðið í ályktun sinni frá 2. júní 1994 <sup>(6)</sup> ávana og fíkn í lyf í flokk þeirra forgangsmála sem bandalaginu beri að glíma við og framkvæmdastjórninni var boðið að leggja fram tillögur um hvernig bregðast mætti við.

7) Með reglugerð (EBE) nr. 302/93 <sup>(7)</sup> var komið á fót Eftirlitsmiðstöð Evrópu með lyfjum og lyfjafíkn (EDMC) til að sjá bandalaginu og aðildarríkjum fyrir áreiðanlegum og sambærilegum upplýsingum um ávana- og fíknilyf og lyfjafíkn.

8) Í samræmi við stofnreglugerð sína leitar Eftirlitsmiðstöð Evrópu með lyfjum og lyfjafíkn (EDMC) á virkan hátt eftir samstarfi við alþjóðastofnanir og aðrar, einkum evrópskar, stofnanir sem bera ábyrgð á ávana- og fíknilyfjamálum, jafnt opinberar stofnanir sem frjáls félagsamtök.

9) Í yfirlýsingunni sem Evrópuráðið samþykkti þegar það kom saman í Brussel 29. október 1993 í tilefni af gildistöku sáttmálans um Evrópusambandið var lögð áhersla á að í sáttmálanum er kveðið á um „skipulagðan stofnanaramma, þannig að einkum er unnt að ná betri tökum á þjóðfélagslegum vandamálum sem ná yfir landamæri, svo sem ávana- og fíknilyfjum (...)“.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. C 165, 17. 6. 1994, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB nr. L 36, 12. 2. 1993, bls. 1.

- 10) Vandamálin sem tengjast ávana- og fíknilyfjum eru af því tagi að þau krefjast algerlega samræmdrar heildarstefnu, eins og Evrópuráðið lýsti yfir þegar það kom saman í Brussel 10. og 11. desember 1993.
- 11) Einkum ætti þverfagleg nálgun að tryggja að tekið verði tillit til félagslegra og persónulegra afleiðinga fyrirbrigðisins, til að vinna gegn neikvæðum áhrifum á heilbrigðis- og félagsstöðu viðkomandi einstaklinga.
- 12) Ávani og fíkn í lyf er eina meinið sem beinlínis er nefnt í ákvæðum sáttmálans um almannaheilbrigði og er því forgangsverkefni bandalagsins innan aðgerðaramma framkvæmdastjórnarinnar á sviði almannaheilbrigðis.
- 13) Ávani og fíkn í lyf er stórt heilbrigðisvandamál sem unnt er að koma í veg fyrir.
- 14) Miða ber átak bandalagsins, sem er ætlað að stuðla að forvörnum gegn ávana og fíkn í lyf, við altækar forvarnir.
- 15) Þessi áætlun er einn meginhluta orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins frá 23. júní 1994 um aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um baráttu gegn ávana- og fíknilyfjum (1995-1999) sem ráðið fjallaði um í niðurstöðum sínum frá 2. júní 1995.
- 16) Vegna umfangs og áhrifa munu bandalagsaðgerðir, sem hvetja til stuðnings við forvarnir gegn ávana og fíkn í lyf, stuðla í ríkari mæli að því að settu marki verði náð sem er sett fram í 129. gr. sáttmálans, einkum annarri undirgrein 1. mgr.
- 17) Efla ber samvinnu við þar til bærar alþjóðastofnanir og lönd utan bandalagsins.
- 18) Hrinda ber langtímaáætlun í framkvæmd með skýr markmið fyrir aðgerðir bandalagsins og velja forgangsverkefni og aðferðir til að leggja mat á slík verkefni í þeim tilgangi að koma í veg fyrir ávana og fíkn í lyf og vandamál þeim tengd.
- 19) Markmið áætlunarinnar skal vera að leggja lið baráttunnar gegn ávana og fíkn í lyf með því að koma í veg fyrir ávana og fíkn sem tengjast notkun ávana- og fíknilyfja og -efna og geðvirkra efna og tengdri notkun annarra efna sem stuðla að lyfjafíkn.
- 20) Með átaki bandalagsins ber að leggja áherslu á gögn, rannsóknir og mat, svo og upplýsingamiðlun, heilbrigðisfræðslu og þjálfun, og taka tillit til þess hve flókið fyrirbrigðið er í eðli sínu, áhættu sem í því er fólgin og grundvallarþýðingar margra ólíkra heilbrigðislegra og félagslegra ráðstafana sem hafa úrslitapýðingu fyrir heilsuvernd og lífsgæði.
- 21) Átakið er háð því að samræmi ríki milli þeirra ráðstafana sem eru gerðar undir merkjum annarra áætlana og framtaks bandalagsins, einkum á sviði almannaheilbrigðis og félagsmála.
- 22) Aðgerðaáætlun bandalagsins um að stuðla að heilbrigði felur meðal annars í sér sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun áfengis og heilbrigðislegar og félagslegar afleiðingar slíkrar misnotkunar, svo og ráðstafanir til að hvetja til skynsamlegrar notkunar á lyfjum og í þessari áætlun felast sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir notkun ávana- og fíknilyfja og -efna og geðvirkra efna af hvaða gerð sem er, að meðtöldum nýjum efnasmíðuðum lyfjum, og tengda notkun annarra efna sem stuðla að lyfjafíkn.
- 23) Þörf er á því að auka þekkingu á ávana- og fíknilyfjum og ávana og fíkn í lyf og þeim afleiðingum sem þetta fyrirbæri hefur í för með sér og á leiðum og aðferðum við að koma í veg fyrir lyfjafíkn og tengda áhættu.
- 24) Þörf er bæði á almennum fyrirbyggjandi aðgerðum og fyrirbyggjandi ráðstöfunum sem beinast að tilteknum markhópum, einkum ungu fólki og jaðarhópum um leið og ber að sniðganga staðalímyndir notenda ávana- og fíknilyfja.
- 25) Taka þarf tillit til félagslegra og efnahagslegra skilyrða þegar unnið er að forvörnum gegn ávana og fíkn í lyf og kunna slík skilyrði því að hafa áhrif á þær ráðstafanir sem gripið er til.
- 26) Fangelsisumhverfið er eitt þeirra umhverfa þar sem við blasir að fyrirbyggjandi aðgerða er þörf.
- 27) Mikils er um vert að framkvæmdastjórnin tryggi að áætlunin nái fram að ganga í náinni samvinnu við aðildarríkin. Því ber að kveða á um málsmeðferð sem tryggir að aðildarríkin taki fullan þátt í að hrinda áætluninni í framkvæmd.
- 28) Hinn 20. desember 1994 gerðu Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin bráðabirgðasamkomulag varðandi framkvæmd ráðstafana sem eru samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 189. gr. b í sáttmálanum.
- 29) Í rekstrarlegu tilliti ber að standa vörð um og þróa aðgerðir sem þegar hefur verið stofnað til, bæði uppbyggingu netkerfa frjálsra félagasamtaka á vettvangi bandalagsins og virkjun allra sem að máli koma. Stuðla ber að þverfaglegu samstarfi og samstarfi milli hins opinbera og einkageirans, að meðtöldum frjálsum félagasamtökum, til að koma í veg fyrir ávana og fíkn í lyf.
- 30) Fordast ber hugsanlegan tvíverknað með því að stuðla að því að reynslu sé miðlað og að sameiginlega séu útbúnir grunnkennsluáfangar fyrir almenning, í þágu heilbrigðisfræðslu og til menntunar starfsmanna í heilbrigðisþjónustu og fólks úr ýmsum hópum sem tekur þátt í forvörnum gegn ávana og fíkn í lyf, sem unnt er að miða við sérstaka hópa.

- 31) Markmiðin, sem eru sett fram í þessari áætlun, og aðgerðir til að hrinda henni í framkvæmd, eru hluti af heilsuverndarkröfunum sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 129. gr. sáttmálans og eru sem slík liður í stefnu bandalagsins á öðrum sviðum, og er miðað að því að nota þau tækifæri sem bjóðast innan ramma annarra stefnumiða, áætlana og lagagerninga bandalagsins til að auka skilvirkni forvarna gegn ávana og fíkn í lyf.
- 32) Með það fyrir augum að auka gildi og áhrif áætlunarinnar ber að leggja sífellt mat á þær aðgerðir sem stofnað er til, með sérstöku tilliti til skilvirkni þeirra og þess hvernig miðar að ná fram þeim markmiðum sem stefnt er að, bæði innanlands og á vettvangi bandalagsins og, eftir því sem við á, gera þær breytingar sem eru taldar nauðsynlegar.
- 33) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma, sem gildir meðan áætlunin er í gildi, sem, eins og fram kemur í 1. lið yfirlýsingar Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 6. mars 1995, er grundvallarviðmiðun fyrir fjárveitingavaldið við árlega fjárlagagerð.
- 34) Gildistími þessarar áætlunar skal vera fimm ár til að nægjanlegur tími gefist til að ná fram settum markmiðum.

#### ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

##### 1. gr.

##### Gerð áætlunarinnar

- Samþykking skal aðgerðaáætlun bandalagsins um forvarnir gegn ávana og fíkn í lyf, hér eftir nefnd „áætlunin“, fyrir tímabilið 1. janúar 1996 til 31. desember 2000 sem lið í aðgerðum á sviði almannaheilbrigðis.
- Með áætluninni er stefnt að því að veita lið í baráttunni gegn ávana og fíkn í lyf, einkum með því að hvetja til samstarfs milli aðildarríkjanna, styðja aðgerðir þeirra og stuðla að samræmingu stefna þeirra og áætlana til að koma í veg fyrir ávana og fíkn í tengslum við notkun ávana- og fíknilyfja og -efna og geðvirkra efna og tengda notkun annarra efna sem stuðla að lyfjafíkn.
- Þær aðgerðir sem á að framkvæma samkvæmt áætluninni og þau sérstöku markmið sem stefnt er að með þeim er að finna í viðaukanum undir eftirfarandi fyrirsögnum:
  - Gögn, rannsóknir, mat
  - Upplýsingamiðlun, heilbrigðisfræðsla og þjálfun.

##### 2. gr.

##### Framkvæmd

- Framkvæmdastjórninni ber að tryggja að aðgerðirnar sem um getur í viðaukanum séu framkvæmdar í náinni samvinnu við aðildarríkin í samræmi við ákvæði 5. gr.

- Framkvæmdastjórnin skal eiga samstarf við stofnanir og félög sem eru virk í því að draga úr eftirspurn eftir ávana- og fíknilyfjum. Hún skal stuðla að þverfaglegu samstarfi og samstarfi milli hins opinbera og einkageirans, að meðtöldum frjálsum félagasamtökum.
- Aðildarríkin eru hvött til að grípa til þeirra ráðstafana sem þau telja nauðsynlegar til að samræma og skipuleggja framkvæmd þessarar áætlunar innanlands.

##### 3. gr.

##### Fjárhagsáætlun

- Það fjármagn sem ætlað er til að hrinda áætluninni í framkvæmd á því tímabili sem um getur í 1. gr. er 27 milljónir evrópskra mynteininga (ECU).
- Fjárveitingavaldið skal heimila árlegar fjárveitingar sem rúmast innan fjárhagsáætlunar.

##### 4. gr.

##### Samræmi og fyllid

- Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að samræmi og fyllid ríki milli aðgerða sem heyra undir þessa áætlun og annarra áætlana og frumkvæðis á vettvangi bandalagsins, þar á meðal Sókrates-, Leonardo da Vinci- og Æska í Evrópu (III)-áætlanna, svo og líflæknisfræði- og heilbrigðisrannsóknaráætlunarinnar innan rammaáætlunar bandalagsins um rannsóknir, og félagslegra ráðstafana til að stuðla að enduraðlögun fíknilyfjanotenda og fyrrum fíknilyfjanotenda.
- Framkvæmdastjórnin skal einnig sjá til þess að við þær aðgerðir sem framkvæmdar verða verði tekið tillit til starfsins sem unnið er á Eftirlitsmiðstöð Evrópu með lyfjum og lyfjafíkn (EDMC). Hún skal enn fremur sjá til þess ásamt aðildarríkjunum að í áætlunum Eftirlitsmiðstöðvar Evrópu með lyfjum og lyfjafíkn (EDMC) sé tekið nægilegt tillit til forgangsverkefna og þarfa bandalagsins.
- Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu sjá til þess að áætlunin sé í samræmi við aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um baráttu gegn ávana- og fíknilyfjum.

##### 5. gr.

##### Nefnd

- Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem í eiga sæti tveir fulltrúar frá hverju aðildarríki undir forsæti fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.
- Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal og varða:

- a) starfsreglur nefndarinnar;
- b) árlega starfsáætlun þar sem aðgerðum er forgangsraðað;
- c) tilhögun, viðmiðanir og málsmeðferð að því er varðar val og fjármögnun verkefna samkvæmt áætluninni, meðal annars verkefni sem fela í sér samstarf við alþjóðastofnanir sem starfa á sviði almannaeilbrigðis og þátttöku þeirra landa sem um getur í 2. mgr. 6. gr.;
- d) matsaðferðir;
- e) með hvaða hætti útbreiðsla og yfirfærsla niðurstaðna fer fram;
- f) hvernig samstarfi við stofnanir og samtök sem um getur í 2. mgr. 2. gr. skuli háttað.

Nefndin skal skila álitinu á fyrirnefndum drögum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvæðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanirnar sem öðlast gildi þegar í stað. Séu ráðstafanirnar ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin þó láta ráðið vita af þeim án tafar. Í því tilviki:

- skal framkvæmdastjórnin fresta því að ráðstafanirnar komi til framkvæmda um tvo mánuði frá því að þær voru lagðar fyrir ráðið,
  - er ráðinu heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í undirliðnum hér að framan.
3. Auk þess er framkvæmdastjórninni heimilt að ráðfæra sig við nefndina um öll önnur málefni sem varða framkvæmd áætlunarinnar.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur.

Álitid skal skráð í fundargerð; þar að auki hefur hvert aðildarríki rétt á að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina.

Framkvæmdastjórnin skal taka ýtrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

4. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal veita nefndinni reglulega upplýsingar um:

- veitta fjárhagsaðstoð samkvæmt áætluninni (fjárhæð, gildistíma, sundurliðun og styrkþega),
- tillögur framkvæmdastjórnarinnar eða frumkvæði og framkvæmd áætlana á öðrum sviðum sem hafa beina þýðingu fyrir það að markmið áætlunarinnar nái fram að ganga, í þeim tilgangi að tryggja það samræmi og fyllid sem um getur í 4. gr.

## 6. gr.

### Alþjóðleg samvinna

1. Við framkvæmd þessarar áætlunar verður, í samræmi við málsmeðferðina í 5. gr., hvatt og efnt til samvinnu við lönd utan bandalagsins og alþjóðastofnanir sem starfa á sviði almannaeilbrigðis.

Framkvæmdastjórnin skal einkum hafa samvinnu við Pompidou-hóp Evrópuráðsins, alþjóðlegar milliríkjastofnanir á borð við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina (WHO), Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), Alþjóðavinnuáætlunina (ILO) og alþjóðaáætlun Sameinuðu þjóðanna gegn fíkniefnum (UNDCP).

2. Samstarfsríkjum í Mið- og Austur-Evrópu (ACCEE) er frjálst að taka þátt í áætluninni í samræmi við þau skilyrði sem um getur í viðbótarbókunum við samstarfssamninga sem fjalla um þátttöku í áætlunum bandalagsins og til stendur að gera við þessi lönd. Kýpur og Möltu er frjálst að taka þátt í áætluninni á grundvelli aukafjárveitinga samkvæmt sömu reglum og gilda um EFTA-löndin og í samræmi við málsmeðferð sem semja skal um við þessi lönd.

**7. gr.****Eftirlit og mat**

1. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli skýrslna aðildarríkjanna og með þátttöku óháðra sérfræðinga, ef nauðsyn ber til, láta fara fram mat á þeim aðgerðum sem eru gerðar.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið bráðabirgðaskýrslu þegar áætlunin er hálfnuð og lokaskýrslu þegar henni er lokið. Framkvæmdastjórninni ber að fella matsniðurstöðurnar inn í þessar skýrslur. Henni ber einnig að senda efnahags- og félagsmálanefndinni og svæðanefndinni skýrslurnar.

Gjört í Brussel 16. desember 1996.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

**K. HÄNSCH**

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

**I. YATES**

forseti.

## VIÐAUKI

### AÐGERÐAÁÆTLUN BANDALAGSINS UM FORVARNIR GEGN ÁVANA OG FÍKN Í LYF

#### A. GÖGN, RANNSÓKNIR, MAT

##### Markmið

Að auka þekkingu á ávana- og fíknilyfjum og ávana og fíkn í lyf og afleiðingum þessa og á leiðum og aðferðum til að koma í veg fyrir ávana og fíkn í lyf og þær hættur sem henni fylgja, einkum með því að nota upplýsingar sem Eftirlitsmiðstöð Evrópu með lyfjum og lyfjafíkn (EDMC) veitir og þá möguleika sem felast í áætlunum og lagagerningum bandalagsins sem í gildi eru.

##### Aðgerðir

1. Stuðla að því að ákvarða hvaða gögnum skuli safnað, greina þau og dreifa innan ramma áætlunarinnar, þar á meðal gögn um ávana og fíkn í fleiri en eitt efni.
2. Nýta þau gögn sem helst koma að gagni við framkvæmd áætlunarinnar, einkum á grundvelli reglulegrar upplýsingamiðlunar um starfsemi Eftirlitsmiðstöðvar Evrópu með lyfjum og lyfjafíkn (EDMC).
3. Stuðla að stefnumótun í rannsóknum á sviði forvarna gegn ávana og fíkn í lyf, einkum til að auka þekkingu á því hvaða áhrif stefnumið í málefnum notenda ávana- og fíknilyfja hafa á almannaheilbrigði og á áhrifum ávana- og fíknilyfja og beitingu viðeigandi fyrirbyggjandi aðferða.
4. Styðja rannsóknir og tilraunaverkefni um félags-efnahagslega, félags-menningarlega og sál-félagsfræðilega þætti sem tengjast ávana og fíkn í lyf, að meðtöldum rannsóknum á tilteknum markhópum.
5. Styðja rannsóknir og aðgerðir og stuðla að því að skipst sé á reynslu af leiðum og aðferðum við að verjast þeim hættum sem fylgja ávana og fíkn í lyf, einkum með tilliti til þess að:
  - koma í veg fyrir áhrif ávana- og fíknilyfja á fóstur barnshafandi kvenna, sem eru haldnar ávana og fíkn í lyf, og hættuna á því að smit berist í barnið,
  - draga úr þeim hættum sem fylgja innsprautun ávana- og fíknilyfja,
  - leggja mat á hliðarráðstafanir í heilbrigðismálum, einkum skiptiáætlanir,
  - leggja mat á aðferðir og áætlanir til að koma í veg fyrir og draga úr hættunni sem fylgir því að hafa umsjón með föngum sem eru haldnir ávana og fíkn í lyf.
6. Styðja og hvetja til þess að menn miðli hver öðrum af reynslu sinni og skiptist á upplýsingum, einkum fólk í hinum ýmsu hópum sem fást við forvarnir gegn ávana og fíkn í lyf og fólk sem hefur jákvæð áhrif á notendur ávana- og fíknilyfja til lengri tíma, svo sem fjölskyldur og forráðamenn, um það hvernig koma má í veg fyrir að fyrrum notendur ávana- og fíknilyfja hefji neyslu á ný, þar á meðal endurhæfingu notenda ávana- og fíknilyfja og tengsl félagslegra þátta hennar og heilbrigðisþátta, svo og að styðja aðrar aðgerðir sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr.

**B. UPPLÝSINGAMIÐLUN, HEILBRIGÐISFRÆÐSLA OG ÞJÁLFUN****Markmið**

Að stuðla að því að bæta upplýsingamiðlun, menntun og þjálfun, sem miðar að því að koma í veg fyrir ávana og fíkn í lyf og þær hættur sem slíku eru samfara, einkum fyrir ungt fólk í því umhverfi sem það lifir og hrærist í (til dæmis heima, í skóla, háskóla og frístundum) og sérstaklega áhættuhópa, þar á meðal fyrrum notendur ávana- og fíknilyfja.

a) *Upplýsingamiðlun og heilbrigðisfræðsla***Aðgerðir**

7. Styðja áætlanir til að meta skilvirkni upplýsingaherferða og herferða í heilbrigðisfræðslu og gera reglulegar Evrópuathuganir til að fylgjast með breytingum á afstöðu Evrópubúa til ávana- og fíknilyfja.
8. Efna til fleiri evrópskra forvarnavikna á grundvelli fenginnar reynslu.
9. Aðstoða við að finna, prófa og þróa bestu upplýsinga- og kennslutæki og -aðferðir fyrir markhópa, einkum að:
  - hvetja til notkunar upplýsinga, sem eru sérsniðnar fyrir tiltekið umhverfi eða hópa, þar sem tekið er tillit til breytinga á notkunarmynstrum og á því hvaða efni eru notuð og til ávana og fíknar í fleiri en eitt efni.
  - styðja áætlanir sem miða að því að laga boðskapinn að þörfum og séreinkennum sérstakra áhættuhópa,
  - styðja þróun hjálparsímaþjónustu og fhuga hvort raunhæft sé að hafa sama símanúmer fyrir slíka þjónustu í öllum aðildarríkjunum.
10. Aðstoða við að skilgreina leiðbeiningar um forvarnir gegn misnotkun ávana- og fíknilyfja og stuðla að vali og beitingu kennsluáðferða og notkun kennsluefnis, einkum í tengslum við Evrópunet skóla sem stuðla að heilsuefningu, sem gerir einkum kleift að skilgreina mjög sérhæfðar félagshegðunaráætlanir til að þróa með ungu fólki afstöðu sem geri því kleift að sneiða hjá ávana- og fíknilyfjum og lyfjafíkn. Styðja heildstæð verkefni, áætlanir og annað framtak um forvarnir gegn ávana- og fíknilyfjum á stöðum sem börn og unglingar stunda, í nánum samræðum við þau og, eftir því sem tók eru á, með þátttöku foreldra og annarra aðstandenda. Stuðla að því að leitað sé til einstaklinga með sérþekkingu sem líklegir eru til að komast í snertingu við hópa hugsanlegra notenda.
11. Hvetja til þess að reynslu sé miðlað af framtaki sem miðar að enn frekari samstillingu allra þeirra sem veita fræðslu.
12. Styðja áætlanir um að gefa kennurum, fjölskyldum og þeim sem bera ábyrgð á ungmennum ráð um hvernig megi greina snemma notkun ávana- og fíknilyfja og um hvað sé til ráða.
13. Ef þörf krefur, hvetja, í samvinnu við Eftirlitsmiðstöð Evrópu með lyfjum og lyfjafíkn (EDMC) og Evrópuráðið, til þess að Evrópunet „tilraunabæja“ verði stækkað til að stuðla að samstarfi, tæknilegs eðlis, um leiðir og aðferðir sem notaðar eru í þessum bæjum til að draga úr eftirspurn eftir ávana- og fíknilyfjum.
14. Stuðla að því að fólk miðli af reynslu sinni, einkum á vettvangi svæða og yfir landamæri, af fyrirbyggjandi starfi á staðnum og grasrótar- og götufrumkvæði sem á að gagnast áhættuhópum sem venjuleg aðstoð og forvarnastarf nær ekki alltaf til. Stuðla að því að bæir í ólíkum aðildarríkjum, sem eiga við mikinn fíknilyfjavanda að etja, skiptist á reynslu af fyrirkomulagi og aðferðum við forvarnir.

b) *Þjálfun*

15. Styðja framtak til að bæta forvarnarþætti í starfsnámi kennara og annarra sem bera ábyrgð á ungmennum og hvetja til skipta á nemendum í námi í félags- og heilbrigðisgeiranum, þar með talin nemendaskipti samkvæmt öðrum bandalagsáætlunum.
16. Stuðla að þróun viðbótarnámskeiða, kennsluefnis og kennsluáfanga fyrir þá sem líklegt er að komist í snertingu við notendur ávana- og fíknilyfja og áhættuhópa, meðal annarra félagsráðgjafa, heilbrigðisstéttir, lögreglumenn og aðra starfsmenn réttarkerfisins, stuðla að þverfaglegri samvinnu og samvinnu milli hins opinbera og einkageirans, að meðtöldum frjálsum félagasamtökum, til að koma í veg fyrir ávana og fíkn í lyf.



**EØS-KOMITEENS BESLUTNING****98/EES/27/03****nr. 86/97  
av 31. oktober 1997****om endring av EØS-avtalens protokoll 31 om samarbeid på særlige  
områder utenfor de fire friheter****EØS-KOMITEEN HAR -**

under henvisning til avtalen om Det europeiske økonomiske samarbeidsområde, justert ved protokollen om justering av avtalen om Det europeiske økonomiske samarbeidsområde, heretter kalt avtalen, særlig artikkel 86 og 98, og

ut fra følgende betraktninger:

Avtalens protokoll 31 er endret bl.a. ved EØS-komiteens beslutning nr. 8/94 av 7. juni 1994<sup>(1)</sup>.

Samarbeidet mellom avtalepartene bør utvides til også å omfatte forsøksordningen for europeisk frivillig tjeneste for unge i budsjettåret 1997.

Avtalens protokoll 31 bør derfor endres for å gjøre et slikt utvidet samarbeid mulig fra 1. januar 1997 -

**BESLUTTET FØLGENDE:****Artikkel 1**

- 1) I avtalens protokoll 31 etter artikkel 4 nr. 2 skal nytt nr. 2a lyde:

“2a. EFTA-statene skal fra 1. januar 1997 delta i Fellesskapets tiltak i forbindelse med budsjettposten B3-1011 “Europeisk frivillig tjeneste”, oppført i Fellesskapets budsjett for året 1997.”

- 2) I avtalens protokoll 31 skal artikkel 4 nr. 3 lyde:

“3. EFTA-statene skal bidra finansielt til programmene og tiltakene nevnt i nr. 1, 2 og 2a i samsvar med artikkel 82 nr. 1 bokstav a).”

**Artikkel 2**

Denne beslutning trer i kraft 1. november 1997, forutsatt at EØS-komiteen har mottatt alle meddelelser i henhold til avtalens artikkel 103 nr. 1. Den får anvendelse fra 1. januar 1997.

**Artikkel 3**

Denne beslutning skal kunngjøres i EØS-avdelingen av og EØS-tillegget til De Europeiske Fellesskaps Tidende.

Utferdiget i Brussel, 31. oktober 1997.

For EØS-komiteen

Formann

**E. Bull**

<sup>(1)</sup> EFT nr. L 198 av 30.7.1994, s. 142, og EØS-tillegget til EF-tidende nr. 25 av 30.7.1994, s. 1.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR****98/EES/27/04****nr. 87/97**  
**frá 9. desember 1997****um breytingu á II. viðauka**  
**(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,****2. gr.**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/96 frá 5. júní 1996<sup>(1)</sup>.

IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/97 frá 12. nóvember 1997<sup>(2)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB frá 3. september 1996 um kröfur um orkunýtni rafknúinna kæliskápa, frystiskápa og sambyggðra kæli- og frystiskápa til heimilisnota<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 4. lið (tilskipun ráðsins 92/75/EBE) í IV. kafla II. viðauka við samninginn:

„5. **396 L 0057:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB frá 3. september 1996 um kröfur um orkunýtni rafknúinna kæliskápa, frystiskápa og sambyggðra kæli- og frystiskápa til heimilisnota (Stjttíð. EB nr. L 236, 18. 9. 1996, bls. 36).”

Eftirfarandi liður komi aftan við 12. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB) í IV. viðauka við samninginn:

„13. **396 L 0057:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB frá 3. september 1996 um kröfur um orkunýtni rafknúinna kæliskápa, frystiskápa og sambyggðra kæli- og frystiskápa til heimilisnota (Stjttíð. EB nr. L 236, 18. 9. 1996, bls. 36)<sup>(1)</sup>.

(<sup>1</sup>) **Eingöngu skráð hér í upplýsingaskyni; hvað varðar beitingu sjá II. viðauka, Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun.**

**3. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**5. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 9. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 237, 19. 9. 1996, bls. 25 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 41, 19. 9. 1996, bls. 9.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 134, 7. 5. 1998, bls. 25 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 18, 7. 5. 1998, bls. 76.

(<sup>3</sup>) Stjttíð. EB nr. L 236, 18. 9. 1996, bls. 36.

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 96/57/EB

frá 3. september 1996

### um kröfur um orkunýtni rafknúinna kæliskápa, frystiskápa og sambyggðra kæli- og frystiskápa til heimilisnota(\*)

#### EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mikilvægt er að gerðar verði ráðstafanir til að tryggja að innri markaðurinn starfi hnökralaust.
- 2) Í ályktun sinni frá 15. janúar 1985 um úrbætur á áætlunum um orkusparnað í aðildarríkjunum <sup>(4)</sup> fór ráðið þess á leit við aðildarríkin að þau reyndu eftir megni að stuðla að skynsamlegri orkunýtni og efldu þá viðleitni sína ef þurfa þætti með því að þróa enn frekar samþætta orkusparnaðarstefnu.
- 3) Verulegur hluti af raforkunotkun heimila í bandalaginu, og þar af leiðandi af heildarorkunotkun, stafar af notkun kælitækja til heimilisnota. Hinar ýmsu gerðir kælitækja á boðstólum í bandalaginu nota afar misjafnlega mikla orku miðað við tiltekið rúmmál og sambærilegan útbúnað, með öðrum orðum er orkunýtni þeirra mjög breytileg.
- 4) Í sumum aðildarríkjunum er nú verið að samþykka ákvæði um nýtni kæli- og frystiskápa til heimilisnota og kann það að skapa hindranir á viðskiptum með þessar vörur í bandalaginu.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 236 18, 9. 1996, bls. 36, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/97 frá 9. desember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 390, 31. 12. 1994, bls. 30; og Stjtið. EB nr. C 49, 20. 2. 1996, bls 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 155, 21. 6. 1995, bls. 18.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 26. október 1995 (Stjtið. EB nr. C 308, 20. 11. 1995, bls. 134), sameiginleg afstaða ráðsins frá 11. mars 1996 (Stjtið. EB nr. C 120, 24. 4. 1996, bls. 10) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 18. júní 1996 (OJ nr. C 198, 8. 7. 1996).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. C 20, 22. 1. 1985, bls. 1.

5) Það er við hæfi að taka upp sem viðmiðun víðtæka vernd í tillögum um samræmingu ákvæða sem mælt er fyrir um í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um heilbrigði, öryggi, umhverfisvernd og neytendavernd. Þessi tilskipun tryggir víðtæka vernd fyrir umhverfi og neytendur því hún miðar að því að auka verulega orkunýtni þessara tækja.

6) Samþykkt slíkra ráðstafana er á valdsviði bandalagsins. Kröfurnar í þessari tilskipun ganga ekki lengra en nauðsynlegt er til að markmið hennar náist og uppfyllir því kröfur 3. gr. b í sáttmálanum.

7) Enn fremur fjallar 130 gr. r í sáttmálanum um umhverfisvernd og -úrbætur og að auðlindir náttúrunnar skuli nýttar af varúð og skynsemi, en þessi tvö markmið eru meðal stefnumiða bandalagsins í umhverfismálum. Um 30% af koltvísýringslosun (CO<sub>2</sub>) af mannvöldum í bandalaginu stafar af raforkuframleiðslu og -notkun og er sú notkun um 35% af frumorkunotkuninni. Þessar hundradshlutatölur fara hækkandi.

8) Enn fremur er tvíþætt markmið ákvörðunar ráðsins 89/364/EBE frá 5. júní 1989 um aðgerðaáætlun bandalagsins til að auka raforkunýtni <sup>(5)</sup> að hvetja neytendur til að velja tæki og búnað með mikla raforkunýtni og að auka nýtni tækja og búnaðar.

9) Niðurstöður ráðsins frá 29. október 1990 fólu í sér það markmið að ná tókum á samanlagðri koltvísýringslosun (CO<sub>2</sub>) í bandalaginu öllu þannig að árið 2000 verði hún komin niður í það sem hún var 1990. Til þess að þetta markmið náist er þörf á öflugri ráðstöfunum til að ná tókum á CO<sub>2</sub>-losun í bandalaginu.

10) Með ákvörðun 91/565/EBE <sup>(6)</sup> var sett á laggirnar áætlun til að stuðla að orkunýtni í bandalaginu (SAVE-áætlunin).

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 157, 9. 6. 1989, bls. 32.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. L 307, 8. 11. 1991, bls. 34.

- 11) Búnaður til aukinnar orkunýtni, sem er hluti af nýjustu tegundum kælítækja á boðstólum, eykur ekki framleiðslukostnað þeirra til muna og getur staðið undir stofnkostnaði við hann með raforkusparnaði innan nokkurra ára eða jafnvel fyrr. Í þessum útreikningi er ekki gert ráð fyrir þeim viðbótarávinningi sem lækkun kostnaðar vegna raforkuframleiðslu hefur í för með sér, til dæmis hvað varðar losun koltvísýrings (CO<sub>2</sub>) og annarra mengunarefna.
- 12) „Náttúrulegur“ ávinningur í orkunýtni vegna markaðsþrýstings og bættra framleiðsluáðferða, en hann er metinn til um 2% á ári, mun stuðla að því að strangari kröfur um orkuneyslu verði innleiddar.
- 13) Í tilskipun 92/75/EBE<sup>(1)</sup> (rammatilskipuninni) og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/2/EB<sup>(2)</sup> (tilskipunin til framkvæmdar tilskipun 92/75/EBE), er krafist skyldumerkingar á tækjum og að orkuneysla sé með öðrum hætti tilgreind, og mun það auka skilning neytenda á orkunýtni kælítækja til heimilisnota. Þessar ráðstafanir munu því einnig verða til að hvetja hina ýmsu samkeppnisaðila til að auka orkunýtni tækja sinna umfram það sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun. Til þess að upplýsingar til neytenda nýtist þeim til hins ítrasta og heildarmeðalnýtni seldra tækja aukist til muna skal þeim fylgja tilvísun í staðla.
- 14) Þessi tilskipun, sem er ætlað að afnema tæknilegar hindranir í tengslum við að auka orkunýtni kælítækja til heimilisnota, skal fylgja hinni „nýju aðferð“ sem kynnt er í ályktun ráðsins frá 7. maí 1985 um nýja aðferð á sviði tæknilegrar samhæfingar og staðla<sup>(3)</sup> þar sem sérstaklega er mælt fyrir um að samhæfing laga verði takmörkuð við að samþykkinga, með tilskipunum, grunnkröfurnar sem markaðssettar vörur verða að uppfylla.
- 15) Þörf er á skilvirkum framkvæmdarreglum til að tryggja að tilskipuninni sé hrint í framkvæmd með viðeigandi hætti, að réttlát samkeppni milli samkeppnisaðila sé tryggð og réttur neytenda sé verndaður.
- 16) Taka ber tillit til ákvörðunar ráðsins 93/465/EBE frá 22. júlí 1993 um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismerkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu<sup>(4)</sup>.
- 17) Nota skal alþjóðastaðla í þágu alþjóðaviðskipta þegar nauðsyn krefur. Raforkunotkun kælítækis er skilgreind í staðli Staðlasamtaka Evrópu, EN 153 frá júlí 1995, sem byggist á alþjóðastaðli.
- 18) Þau kælítæki til heimilisnota, sem uppfylla kröfur þessarar tilskipunar um orkunýtni, skal merkja með CE-merkinu ásamt tilheyrandi upplýsingum þannig að hægt sé versla með þau hindrunarlaust.

(<sup>1</sup>) Stj.ú. EB nr. L 297, 13. 10. 1992, bls. 16.

(<sup>2</sup>) Stj.ú. EB nr. L 45, 17. 2. 1994, bls. 1.

(<sup>3</sup>) Stj.ú. EB nr. C 136, 4. 6. 1985, bls. 1.

(<sup>4</sup>) Stj.ú. EB nr. L 220, 30. 8. 1993, bls. 23.

- 19) Þessi tilskipun takmarkast við kælítæki til heimilisnota sem ætlað er að geyma matvæli og ganga fyrir rafmagni úr almennri rafmagnsveitu að undanskildum þeim sem framleidd eru samkvæmt sérstökum tækniforskriftum. Kælíbúnaður til nota í atvinnuskyni er miklu breytilegri að gerð og því er ekki viðeigandi að um hann sé fjallað í þessari tilskipun.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Þessi tilskipun gildir um nýja kæliskápa, frystihólf, matvælafrysta og sambyggða skápa af þessu tagi til heimilisnota sem nota rafmagn svo sem skilgreint er í I. viðauka og hér eftir nefnd „kælítæki“. Tilskipunin tekur ekki til tækja sem geta einnig nýtt annars konar orkugjafa, einkum orkusafnara, og kælítækja til heimilisnota sem byggjast á gleypnilögmálinu og tækja sem eru framleidd samkvæmt sérstökum tækniforskriftum.

##### 2. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eingöngu megi setja kælítæki, sem þessi tilskipun tekur til, á markað í bandalaginu ef viðkomandi tæki notar ekki meira rafmagn en sem nemur gildi leyfilegrar hámarksraforkunotkunar fyrir flokk þess, reiknað samkvæmt verklagsreglunum sem skilgreindar eru í I. viðauka.

2. Framleiðandi kælítækis sem þessi tilskipun tekur til, viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu eða sá sem sér um að koma tækinu á markað í bandalaginu skal tryggja að hvert tæki sem á markað fer uppfylli kröfurnar sem getið er um í 1. mgr.

##### 3. gr.

1. Aðildarríkin mega ekki banna, takmarka eða hindra markaðssetningu kælítækja á sínu landsvæði beri þau CE-merkið til marks um að þau uppfylli öll ákvæði þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríkin skulu líta svo á að kælítæki, sem bera CE-merkið sem krafist er samkvæmt 5. gr., samrýmist ákvæðum þessarar tilskipunar nema færðar séu sönnur á hið gagnstæða.

3. a) Ef kælítæki lúta ákvæðum annarra tilskipana um aðra þætti og þar sem einnig er kveðið á um áfestingu CE-merkja skulu þau merki gefa til kynna að kælítækin sem um ræðir teljist einnig vera í samræmi við ákvæði þessara tilskipana nema færðar séu sönnur á hið gagnstæða.

b) Ef framleiðandanum er heimilt á aðlögunartímabili, samkvæmt einni eða fleiri þessara tilskipana, að velja hvaða reglum hann beitir sýnir CE-merki eingöngu samræmi við ákvæði þeirra tilskipana sem framleiðandi beitir. Sé sú raunin skal færa tilvísunarnúmer þeirra tilskipana sem beitt er, eins og þau eru birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*, í skjölin, tilkynningarnar eða leiðbeiningarnar sem fylgja kælítækjunum.

**4. gr.**

Mælt er fyrir um reglur um samræmismat og skyldur í tengslum við CE-merkingu kælítækja í II. viðauka.

**5. gr.**

1. Þegar tæki eru sett á markað skulu þau bera CE-merkið sem er samsett af upphafsstöfunum „CE“. Snið merkisins sem nota skal er sýnt í III. viðauka. CE-merki skal fest á kælítæki, og ef við á, umbúðirnar, þannig að það sjáist vel, sé læsilegt og óafmáanlegt.

2. Óleyfilegt er að setja á kælítæki merki sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila að því er varðar merkingu og form CE-merkisins. Setja má hvers konar aðrar merkingar á tækin, umbúðir þeirra, leiðbeiningarblað eða önnur skjöl, að því tilskildu að þær hindri ekki að CE-merkið sjáist vel og sé læsilegt.

**6. gr.**

1. Komist aðildarríki að því að CE-merki hafi verið sett ranglega á vöru ber framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan bandalagsins skylda til að sjá til þess að varan sé samræmd ákvæðum um CE-merki og að bundið sé endi á brotið samkvæmt skilyrðum sem aðildarríkið setur. Ef hvorki framleiðandi né fulltrúi hans hafa staðfestu innan bandalagsins skal þessi skylda hvíla á þeim sem markaðssetur kælítækið í bandalaginu.

2. Verði frekari brögð að því að varan uppfylli ekki settar kröfur skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt 7. gr. til að takmarka eða banna markaðssetningu vörunnar sem í hlut á eða tryggja að hún sé innkölluð af markaði.

**7. gr.**

1. Ef teknar eru ákvarðanir í tengslum við þessa tilskipun, sem fela í sér takmarkanir á markaðssetningu kælítækja, skal tilgreina nákvæmlega ástæðurnar fyrir þeim. Það skal tilkynnt eins fljótt og auðið er til hlutaðeigandi aðila og honum um leið kynnt þau lagaúrræði sem hann getur nýtt sér samkvæmt lögum sem eru í gildi í hlutaðeigandi aðildarríki og sá frestur sem hann hefur til þess.

2. Aðildarríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað um allar slíkar ráðstafanir og geta ástæðna fyrir ákvörðun sinni. Framkvæmdastjórnin skal miðla þessum upplýsingum til annarra aðildarríkja.

**8. gr.**

Innan fjögurra ára frá samþykki þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin leggja mat á þann árangur sem hefur náðst í samanburði við það sem búist var við. Með það í huga að koma endurbótum á orkunýtni á næsta stig skal framkvæmdastjórnin þá fhuga, í samráði við hagsmunaaðila, hvort nauðsynlegt sé að mæla fyrir um röð annarra viðeigandi ráðstafana til að bæta verulega orkunýtni kælítækja til heimilisnota. Reynist svo vera skal sérhver ráðstöfun til bættrar orkunýtni og gildistöku dagur hennar byggjast á orkunýtnistigi sem hægt er að réttlæta bæði efnahagslega og tæknilega í ljósi aðstæðna á þeim tíma. Aðrar ráðstafanir, sem teljast viðeigandi til að bæta orkunýtni kælítækja til heimilisnota, skulu einnig teknar til athugunar.

**9. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari innan árs frá samþykki hennar. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríkin skulu beita þessum ákvæðum innan þriggja ára frá samþykki þessarar tilskipunar að telja.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Um þriggja ára skeið eftir samþykkt þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin heimila markaðssetningu kælítækja sem uppfylla sömu skilyrði og þau sem beitt er á yfirráðasvæði þeirra daginn sem þessi tilskipun er samþykkt.

**10. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugusta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**11. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. september 1996.

Fyrir hönd Evrópuþingsins

**K. HÄNSCH**

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

**I. YATES**

forseti.

## I. VIÐAUKI

### AÐFERÐ TIL AÐ REIKNA ÚT LEYFILEGA HÁMARKSRAFORKUNOTKUN KÆLITÆKIS OG VERKLAGSREGLUR VIÐ SANNPÓFUND Á SAMRÆMI

Raforakunotkun kælitaekis (sem má gefa upp í kWh á sólarhring) er háð þeim tækisflokki sem það tilheyrir (t.d. kæliskápur með einni stjörnu, frystikista o.s.frv.), rúmmáli þess og orkunýtni gerðarinnar, (þykkt einangrunar, nýtni þjöppu o.s.frv.) og mismun á umhverfishita og hita inni í tækinu. Við setningu orkunýtnistaðla ætti því að gera ráð fyrir helstu gerðarþáttum sem hafa áhrif á orkunýtni (t.d. flokki tækisins og rúmmáli þess). Af þessum sökum er leyfileg hámarksraforakunotkun kælitaekis skilgreind með línulegri jöfnu sem er fall af rúmmáli tækisins og er jafnan mismunandi fyrir hvern flokk tækja.

Til þess að reikna út leyfilega hámarksraforakunotkun tiltekins tækis skal fyrst raða því í viðeigandi flokk miðað við eftirfarandi lista:

Flokkur	Lýsing
1	Kæliskápur án frystihólfs <sup>(1)</sup>
2	Kæliskápur/svalaskápur með hólfi með 5°C og/eða 12°C
3	Kæliskápur með frystihólfi, án stjörnumerkingar
4	Kæliskápur með frystihólfi (*)
5	Kæliskápur með frystihólfi (**)
6	Kæliskápur með frystihólfi (***)
7	Kæliskápur/frystir með frystihólfi (****)
8	Frystiskápur
9	Frystikista
10	Kæliskápur/frystir með fleiri en eina hurð eða önnur tæki sem ekki eru talin hér að ofan.

(<sup>1</sup>) Öll hólfi með hita sem er ekki hærri en - 6 °C.

Þar sem í kælitaekjum eru mismunandi hólfi með mismunandi hita (en það hefur veruleg áhrif á raforakunotkun) er leyfileg hámarksraforakunotkun í reynd skilgreind sem fall af leiðréttu rúmmáli, en það er vegin summa af rúmmáli allra hólfanna.

Í þessari tilskipun er leiðrétt rúmmál ( $V_{adj}$ ) kælitaekis skilgreint sem:

$$V_{adj} = \sum V_c \times W_c \times F_c \times C_c$$

$$W_c = (25 - T_c) / 20$$

þar sem  $T_c$  er hönnunarhiti í hverju hólfi (í °C),

þar sem  $V_c$  er nettórúmmál tiltekinnar tegundar hólfs í tækinu og  $F_c$  er stuðull sem jafngildir 1,2 fyrir frostlaust hólfi og 1 fyrir önnur hólfi,

$C_c = 1$  fyrir kælitaeki sem tilheyrir loftslagsflokknum normal (N) og undirnormal (SN)

$C_c = X_c$  fyrir kælitaeki sem tilheyrir heittempraða loftslagsflokknum (ST)

$C_c = Y_c$  fyrir kælitaeki sem tilheyrir tempraða loftslagsflokknum (T).

Vægisstuðlarnir  $X_c$  og  $Y_c$  fyrir hinar mismunandi gerðir hólfanna eru:

Tafla yfir vægisstuðlana  $X_c$  og  $Y_c$  eftir hita í hólfi

	$X_c$	$Y_c$
Svalahólf	1,25	1,35
Kælihölf	1,20	1,30
0°C-hólf	1,15	1,25
Hólf án stjörnumerkingar	1,15	1,25
Einnar stjörnu (*) hólf	1,12	1,20
Tveggja stjarna (**) hólf	1,08	1,15
Þriggja (***) og fjögurra stjarna (****) hólf	1,05	1,10

Bæði leiðrétt rúmmál og nettórúmmál eru gefin upp í lítrum.

Hámarksraforkunotkun ( $E_{max}$ ) gefin upp í kWh á sólarhring og reiknuð með tveimur marktækum aukastöfum) fyrir gerð tækis með leiðrétt rúmmál  $V_{adj}$  er skilgreind með eftirfarandi jöfnu fyrir hvern tækisflokk:

Flokkur	Lýsing	( $E_{max}$ ) (kWh/24 st)
1	Kæliskápur án frystihólfs	$(0,207 \times V_{adj} + 218) / 365$
2	Kæliskápur/svalaskápur með hólfi með 5°C og/eða 12°C	$(0,207 \times V_{adj} + 218) / 365$
3	Kæliskápur með frystihólfi, án stjörnumerkingar	$(0,207 \times V_{adj} + 218) / 365$
4	Kæliskápur með frystihólfi (*)	$(0,557 \times V_{adj} + 166) / 365$
5	Kæliskápur með frystihólfi (**)	$0,402 \times V_{adj} + 219) / 365$
6	Kæliskápur með frystihólfi (***)	$0,573 \times V_{adj} + 206) / 365$
7	Kæliskápur/frystir með frystihólfi (****)	$0,697 \times V_{adj} + 272) / 365$
8	Fystiskápur	$0,434 \times V_{adj} + 262) / 365$
9	Fystikista	$0,480 \times V_{adj} + 195) / 365$

Að því er varðar kæliskápa/frysta með frystihólfi og tveimur hurðum eða fleiri, eða önnur tæki ótalin hér að framan, ákvarðast leyfileg hámarksraforkunotkun ( $E_{max}$ ) af hitanum og fjölda stjarna hólfsins með lægsta hitann, sem hér segir:

Hiti í kaldasta hólfi	Flokkur	$E_{max}$ (kWh/24 st)
> - 6 °C	1/2/3	$(0,207 \times V_{adj} + 218) / 365$
≤ - 6 °C (*)	4	$(0,557 \times V_{adj} + 166) / 365$
≤ - 12 °C (**)	5	$(0,402 \times V_{adj} + 219) / 365$
≤ - 18 °C (***)	6	$(0,573 \times V_{adj} + 206) / 365$
≤ - 18 °C (****)	7	$(0,697 \times V_{adj} + 272) / 365$

#### Verklagsreglur við sannprófun á því hvort tæki uppfyllir kröfur þessarar tilskipunar um raforkunotkun

Ef raforkunotkun kælitækis, sem fært er til prófunar, er minni en eða jöfn  $E_{max}$  (gildi leyfilegrar hámarksraforkunotkunar í sínum flokki, svo sem skilgreint er hér að ofan), að viðbættum 15%, telst tækið löggilt og uppfyllir kröfur þessarar tilskipunar um raforkunotkun. Sé raforkunotkun rækisins meiri en  $E_{max}$ , að viðbættum 15%, skal mæla raforkunotkun annarra þriggja tækja. Ef meðaltal raforkunotkunar þessara þriggja tækja er minna eða jafnt  $E_{max}$ , að viðbættum 10%, telst tækið löggilt og uppfyllir kröfur þessarar tilskipunar um raforkunotkun. Ef meðaltalið fer yfir  $E_{max}$ , að viðbættum 10%, telst tækið ekki uppfylla kröfur þessarar tilskipunar um raforkunotkun.

#### Skilgreiningar

Hugtökin, sem eru notuð í þessum viðauka, eru í samræmi við skilgreiningarnar í staðli Staðlasamtaka Evrópu, EN 153, frá því í júlí 1995.

## II. VIÐAUKI

### REGLUR UM SAMRÆMISMAT (AÐFERÐAREINING A)


1. Í þessari aðferðareiningu er því lýst hvernig framleiðandi eða fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, sem rækir þær skyldur sem lýst er í 2. lið, ábyrgist og lýsir yfir að kælítækið fullnægi þeim kröfum tilskipunarinnar sem gilda um það. Framleiðandinn skal festa CE-merkið á hvert kælítæki sem hann framleiðir og gefa skriflega samræmisfirlýsingu.
  2. Framleiðandinn skal útbúa tækniskjölin sem lýst er í 3. lið og hann eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal geyma þau tiltæk til skoðunar fyrir viðkomandi yfirvöld í landinu í minnst þrjú ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt.
- Hafi hvorki framleiðandinn né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu í bandalaginu hvílir sú skylda að hafa tækniskjöl tiltæk á þeim aðila sem setur kælítækið á markað í bandalaginu.
3. Tækniskjölin skulu gera kleift að meta samræmi kælítækisins við kröfur þessarar tilskipunar. Þau skulu, að svo miklu leyti sem máli skiptir fyrir slíkt mat, taka til hönnunar, framleiðslu og vinnslu kælítækisins og innihalda:
    - i) nafn og heimilisfang framleiðandans;
    - ii) almenna lýsingu á tegundinni sem nægir til óyggjandi auðkenningar á vörunni;
    - iii) upplýsingar, þar á meðal teikningar ef við á, um helstu hönnunarsérkenni tegundarinnar og einkum atriði sem hafa greinilega áhrif á raforkunotkun hennar svo sem mál, rúmmál, þjöppunareiginleika, sérstök einkenni o.s.frv.;
    - iv) notkunarleiðbeiningar, ef þær eru fyrir hendi;
    - v) niðurstöður mælinga á raforkunotkun gerðar samkvæmt 5. lið;
    - vi) gögn um samræmi þessara mælinga í samanburði við kröfur um orkunotkun samkvæmt I. viðauka.
  4. Nota má tækniskjöl, sem eru útbúin samkvæmt annarri bandalagslöggjöf, að því tilskildu að þau uppfylli kröfur þessa viðauka.
  5. Framleiðendur kælítækja bera ábyrgð á að ganga úr skugga um raforkunotkun hvers kælítækis sem þessi tilskipun nær til samkvæmt verklagsreglunum sem eru tilgreindar í Evrópustaðlinum EN 153 og að tækið uppfylli kröfur 2. gr.
  6. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal geyma afrit af samræmisfirlýsingunni með tækniskjölunum.
  7. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að framleiðsluferlið tryggi að framleidd kælítæki séu í samræmi við tækniskjölin sem um getur í 2. lið og við kröfur tilskipunarinnar sem gilda um þau.



### III. VIÐAUKI

#### CE-SAMRÆMISMERKIÐ

Samræmismerkið skal samanstanda af upphafsstöfunum „CE“ með eftirfarandi sniði:



Ef CE-merkið er minnkað eða stækkað skulu hlutföllin í teikningunni hér að framan haldast óbreytt.

Einstakir hlutar CE-merkisins skulu, að svo miklu leyti sem unnt er, hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera undir 5 mm.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/27/05**

**nr. 88/97**  
**frá 9. desember 1997**

**um breytingu á II. viðauka**  
**(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/97 frá 4. október 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/70/EB frá 28. október 1996 um breytingu á tilskipun ráðsins 80/777/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 26. lið (tilskipun ráðsins 80/777/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **396 L 0070:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/70/EB frá 28. október 1996 (Stjttíð. EB nr. L 299, 23. 11. 1996, bls. 26).”

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/70/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 9. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 30, 5. 2. 1998, bls. 35, og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 5, 5. 2. 1998, bls. 126.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 299, 23. 11. 1996, bls. 26.

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 96/70/EB

98/EES/27/06

frá 28. október 1996

## um breytingu á tilskipun ráðsins 80/777/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns(\*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS  
HAFÁ,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun 80/777/EBE <sup>(4)</sup> voru lög aðildarríkjanna um hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns samræmd.
- 2) Með reglum um ölkelduvatn ber fyrst og fremst að stefna að því að vernda heilsu neytenda, koma í veg fyrir að villt sé um fyrir þeim og tryggja góða viðskiptahætti.
- 3) Æskilegt er að breyta tilskipun 80/777/EBE til þess að taka megillit til framfara sem orðið hafa í tækni og vísindum frá 1980. Þá er og æskilegt að ákvæði tilskipunarinnar séu lagfærð til samræmis við önnur lagaákvæði bandalagsins um matvæli.
- 4) Nauðsynlegt er að framlengja gildistíma viðurkenningar á ölkelduvatni sem er upprunnið í þriðju löndum í því augnamiði að einfalda stjórnsýslumeðferð.

- 5) Nauðsynlegt er að skýra við hvaða aðstæður heimilt er að leyfa notkun ósonauðgaðs lofts til þess að fjarlægja óstöðug efni úr ölkelduvatni, við skilyrði þar sem tryggt er að samsetning vatnsins breytist ekki með tilliti til mikilvægustu efnisþátta þess.
- 6) Lögbinda ber yfirlýsingu um samsetningu ölkelduvatns samkvæmt efnagreiningu svo tryggt sé að neytendur séu upplýstir.
- 7) Setja ber ákvæði um uppsprettuvatn.
- 8) Til þess að tryggja að rekstur innri markaðarins gangi snurðulaust með tilliti til ölkelduvatns er ráðlegt að samþykkja málsmeðferð sem gerir aðildarríkjunum kleift að samræma aðgerðir sínar í bráðatilvikum sem kunna að stofna almannaheilbrigði í hættu.
- 9) Ákveða ber málsmeðferð í því augnamiði að samþykkja ítarleg ákvæði um ölkelduvatn, einkum um mörk sem skulu gilda fyrir magn tiltekinna efnisþátta ölkelduvatns. Þá ber og að samþykkja ákvæði um upplýsingar á merkingum um þá efnisþætti sem mikið magn er af. Ákveða ber greiningaraðferðir, meðal annars greiningarmörk, til þess að ganga úr skugga um að ölkelduvatn sé ómengað og aðferðir við sýnatöku og greiningu til þess að kanna örverufræðileg einkenni ölkelduvatns.
- 10) Ákvarðanir, sem varða ölkelduvatn og líklegt má telja að hafi áhrif á almannaheilbrigði, ber að taka að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 80/777/EBE:

1. Eftirfarandi komi í stað þriðju undirgreinar 2. mgr. 1. gr.:

„Gildistími þeirrar vottunar sem um getur í annarri undirgrein má ekki vera lengri en fimm ár. Ekki er nauðsynlegt að endurtaka málsmeðferðina til viðurkenningar sem um getur í fyrstu undirgrein ef vottunin er endurnýjuð fyrir lok gildistímans.“

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 299, 23. 11. 1996, bls. 26, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/97 frá 9. desember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 314, 11. 11. 1994, bls. 4 og Stjtið. EB nr. C 33, 6. 2. 1996, bls. 15.

(2) Stjtið. EB nr. C 110, 2. 5. 1995, bls. 55.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 11. október 1995 (Stjtið. EB nr. C 287, 30. 10. 1995, bls. 101), sameiginleg afstaða ráðsins frá 22. desember 1995 (Stjtið. EB nr. C 59, 28. 2. 1996, bls. 44) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 22. maí 1996 (Stjtið. EB nr. C 166, 10. 6. 1996, bls. 61). Ákvörðun ráðsins frá 26. júlí 1996.

(4) Stjtið. EB nr. L 229, 30. 8. 1980, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

## 2. Eftirfarandi komi í stað 4. gr.:

„4. gr.

1. Ölkelduvatn, eins og það kemur fyrir á upptökustað, er óheimilt að meðhöndla nema á eftirfarandi hátt:

a) að skilja frá óstöðug efni þess, svo sem járn- og brennisteinssambönd með síun eða fellingu, hugsanlega með súrefnisbindingu á undan, svo framarlega sem meðferðin breytir ekki samsetningu vatnsins hvað varðar mikilvægustu efnisþættina sem gefa því séreiginleikana;

b) að skilja frá járn-, mangan- og brennisteinssambönd og arsen í tilteknum tegundum ölkelduvatns með aðferð þar sem ósonauðgáð loft er notað, svo framarlega sem meðferðin breytir ekki samsetningu vatnsins hvað varðar mikilvægustu efnisþættina sem gefa því séreiginleikana, og að því tilskildu:

- að meðferðin sé í samræmi við notkunarskilyrðin, sem samþykkja á í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 12. gr., og að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli sem var komið á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/273/EB(\*),

- að meðferðin sé tilkynnt lögbærum yfirvöldum og að þau fylgist sérstaklega með henni;

c) að skilja frá óæskilega efnisþætti, aðra en þá sem eru tilgreindir í a- og b-lið, svo framarlega sem meðferðin breytir ekki samsetningu vatnsins hvað varðar mikilvægustu efnisþættina sem gefa því séreiginleikana, og að því tilskildu að meðferðin:

- sé í samræmi við notkunarskilyrðin, sem samþykkja á í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 12. gr., og að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli,

- sé tilkynnt lögbærum yfirvöldum og að þau fylgist sérstaklega með henni;

d) ef eyða á óbundnu koldíoxíði, með öllu eða að hluta, er eingöngu heimilt að gera það með eðlisfræðilegum aðferðum.

2. Ekki skal vera um aðrar viðbætur við ölkelduvatn að ræða, eins og það kemur fyrir á upptökustað, en upptöku eða endurupptöku koldíoxíðs við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í III. þætti I. viðauka.

3. Bannað er sérstaklega að sótthreinsa vatnið, með hvaða aðferð sem er, og, með fyrirvara um 2. mgr., að bæta út í það bakteríuhemjandi efnum eða gera nokkuð annað sem er líklegt til að breyta líftölu ölkelduvatnsins.

4. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir notkun ölkeldu- og uppsprettuvatns í framleiðslu gosdrykkja.

(\*) Stjttíð. EB nr. L 167, 18. 7. 1995, bls. 22.“

## 3. Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. 7. gr.:

„2. Lögbóðið er að eftirfarandi komi einnig fram á merkimiðum ölkelduvatns:

a) upplýsingar um samsetningu samkvæmt efnagreiningu þar sem einkennandi efnisþættir eru tilgreindir;

b) heiti staðarins þar sem ölkelduvatnið er tekið og heiti ölkeldunnar;

c) upplýsingar um meðferð af hvaða tagi sem er sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 4. gr.

2. a Þar til ákvæði bandalagsins um upplýsingar um meðferð af hvaða tagi sem er, samanber c-lið 2. mgr., hafa verið samþykkt skulu ákvæði í landslögum gilda.“

## 4. Felld er brott 3. mgr. 7. gr.

## 5. Eftirfarandi málsgreinar bætist við 9. gr.:

„4. a Orðið „uppsprettuvatn“ má einungis nota um neysluvatn í náttúrulegu ástandi sem er tappað á flöskur á upprunastað og:

- fullnægir skilyrðum um nýtingu sem mælt er fyrir um í 2. og 3. lið II. viðauka og skulu gilda um uppsprettuvatn í einu og öllu,

- fullnægir örverufræðilegum kröfum sem mælt er fyrir um í 5. gr.,

- fullnægir kröfum um merkingar í b- og c-lið 2. mgr. 7. gr. og 8. gr.,

- hefur ekki hlotið aðra meðferð en þá sem um getur í 4. gr. Heimilt er að leyfa aðra meðferð í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 12. gr.

Að auki skal uppsprettuvatn vera í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 80/778/EBE frá 15. júlí 1980 um gæði neysluvatns(\*).

4. b Þar til ákvæði bandalagsins um meðferð uppsprettuvatns, sem um getur í fjórða undirlið 4. mgr. a í 9. gr., hafa verið samþykkt skulu ákvæði í landslögum gilda um slíka meðferð.

(\*) Stjttíð. EB nr. L 299, 30. 8. 1980, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögum frá 1994.“

6. Felld er brott 2. mgr. 10. gr. - upplýsingar um þá meðferð sem um getur í c-lið 2. mgr. 7. gr.
7. Eftirfarandi grein bætist við:  
 „10. gr. a  
 1. Geti aðildarríki sýnt fram á með gildum rökum að ölkelduvatn fullnægi ekki ákvæðunum, sem mælt er fyrir um þessari tilskipun, eða stofni almannaeilbrigði í hættu, enda þótt það hafi þegar verið í fjálsri umferð í einu eða fleiri aðildarríkjum, er viðkomandi aðildarríki heimilt um stundarsakir að banna eða takmarka sölu framleiðsluvörunnar á yfirráðasvæði sínu. Það skal án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum þar um og rökstyðja ákvörðun sína.  
 2. Að beiðni aðildarríkis eða framkvæmdastjórnarinnar ber aðildarríkinu, sem hefur viðurkennt vatnið, að leggja fram allar upplýsingar sem máli skipta um viðurkenningu á því ásamt niðurstöðum úr reglubundnu eftirliti.  
 3. Framkvæmdastjórnin skal kanna hið fyrsta þau rök sem aðildarríkið, sem um getur í 1. mgr., leggur fram innan fastanefndarinnar um matvæli og skila síðan álitu sínu án tafar og grípa til viðeigandi ráðstafana.  
 4. Telji framkvæmdastjórnin nauðsynlegt að breyta þessari tilskipun til að tryggja almannaeilbrigði skal hún hefja málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 12. gr. með það að markmiði að samþykkja þessar breytingar. Aðildarríkinu sem gert hefur varúðarráðstafanir er í þessu tilviki heimilt að viðhalda þeim uns breytingarnar hafa verið samþykktar.“
8. Eftirfarandi komi í stað 11. gr.:  
 „11. gr.  
 1. Samþykkja ber eftirfarandi í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 12. gr.:  
 - mörk sem skulu gilda um magn efnisþátta ölkelduvats,  
 - nauðsynleg ákvæði um upplýsingar á merkingum þegar um tiltekna efnisþætti í miklu magni er að ræða,  
 - skilyrði fyrir notkun ósonauðgaðs lofts sem um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr.,
2. Heimilt er að samþykkja eftirfarandi í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 12. gr.:  
 - greiningaraðferðir, meðal annars greiningarmörk, til þess að ganga úr skugga um að ölkelduvatn sé ómengað,  
 - nauðsynlegar sýnatöku- og greiningaraðferðir til þess að kanna örverufræðileg einkenni ölkelduvats.“
9. Eftirfarandi grein bætist við:  
 „11. gr. a  
 Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ákvarðanir, sem líkur eru á að hafi áhrif á almannaeilbrigði, að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli.“
- 2. gr.**
- Aðildarríki skulu, ef þörf krefur, breyta lögum sínum og stjórnisýslufyrirmælum, þannig að þau:  
 - heimili viðskipti með vörur sem samræmast ákvæðum þessarar tilskipunar eigi síðar en 28. október 1997,  
 - banni viðskipti með vörur sem samræmast ekki ákvæðum þessarar tilskipunar frá og með 28. október 1998. Þó er heimilt að versla með vörur sem settar eru á markað eða merktar fyrir þann tíma þótt ekki séu í samræmi við tilskipun þessa þar til birgðir eru uppunar.
- Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.  
 Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.
- 3. gr.**
- Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.
- 4. gr.**
- Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 28. október 1996.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

Fyrir hönd ráðsins,

**K. HÄNSCH**

**I. YATES**

forseti.

forseti.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/27/07**

**nr. 89/97**  
**frá 9. desember 1997**

**um breytingu á II. viðauka**  
**(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/97 frá 4. október 1997<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 345/97 frá 26. febrúar 1997 um breytingu á 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 207/93 um skilgreiningu á innihaldi VI. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og ábendingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum og nákvæmar reglur um hvernig ber að hrinda ákvæðum 4. mgr. 5. gr. hennar í framkvæmd<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54e (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 207/93) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **397 R 0345:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 345/97 frá 26. febrúar 1997 (Stjttíð. EB nr. L 58, 27. 2. 1997, bls. 38).”.

**2. gr.**

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 345/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 9. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

**E. Bull**

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 30, 5. 2. 1998, bls. 35, og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 5, 5. 2. 1998, bls. 126.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 58, 27. 2. 1997, bls. 38.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 345/97**

frá 26. febrúar 1997

**um breytingu á 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 207/93 um skilgreiningu á innihaldi VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og ábendingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum og nákvæmar reglur um hvernig ber að hrinda ákvæðum 4. mgr. 5. gr. hennar í framkvæmd(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,****1. gr.**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Eftirfarandi komi í stað 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 207/93:

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 418/96 <sup>(2)</sup>, einkum b-lið 3. mgr., 4. mgr., b-lið 5. mgr. a og 7. mgr. 5. gr.,

„3. gr.

1. Heimilt er nota innihaldsefni úr landbúnaði samkvæmt undantekningarákvæðinu, sem kveðið er á um í b-lið 3. mgr. og b-lið 5. mgr. a í 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, með eftirfarandi skilyrðum, að því tilskildu að viðkomandi innihaldsefni hafi ekki verið talið með í C-þætti VI. viðauka við hana:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1935/95 <sup>(3)</sup> er kveðið á um, að því er varðar þá afurðaflokka sem eru ákvæðnir í 3. mgr. 5. gr. og 5. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 2092/91, að innihaldsefni úr landbúnaði, sem eru ekki framleidd í samræmi við reglurnar sem er mælt um fyrir í 6. gr. eða eru ekki flutt inn frá þriðju löndum samkvæmt þeirri tilhögun sem mælt er fyrir um í 11. gr., skuli talin með í C-þætti VI. viðauka eða að aðildarríki þurfi að leyfa þau til bráðabirgða.

a) að atvinnurekandinn hafi framvísað umbeðnum gögnum til lögbærs yfirvalds í viðkomandi aðildarríki, þar sem sýnt er fram á að viðkomandi innihaldsefni sé í samræmi við ákvæði 4. mgr. 5. gr. og

b) að lögbæra yfirvaldið í aðildarríkinu hafi, í samræmi við kröfurnar í 4. mgr. 5. gr., heimilað til bráðabirgða notkun innihaldsefnisins í hæsta lagi þrjá mánuði eftir að hafa gengið úr skugga um að atvinnurekandinn hafi af nauðsyn haft samband við aðra birgja í bandalaginu til þess að fullvissa sig um að innihaldsefni með nauðsynlega eiginleika séu ófáanleg; aðildarríkinu er heimilt að framlengja þetta leyfi í hæsta lagi þrisvar sinnum í sjö mánuði í senn.

Endurskoða ber málsmeðferðina, sem er ákveðin í 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 207/93 <sup>(4)</sup>, í ljósi fenginnar reynslu og þess hve mikið framboð er á tilteknum lífrænt framleiddum innihaldsefnum úr landbúnaði á markaði í bandalaginu.

2. Hafi leyfi, eins og um getur í 1. mgr., verið veitt skal viðkomandi aðildarríki án tafar veita hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar:

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91,

a) dagsetning leyfisins;

b) heiti viðkomandi innihaldsefnis úr landbúnaði og, ef nauðsyn krefur, nákvæm lýsing á því og gæðakröfum sem það þarf að uppfylla;

c) nauðsynlegt magn ásamt rökstuðningi fyrir því;

d) ástæður fyrir skortinum og hve lengi er búist við að hann vari;

e) hvaða dag aðildarríkið sendir hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þessa tilkynningu;

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 58, 27. 2. 1997, bls. 38, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/97 frá 9. desember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 198, 22. 7. 1991, bls. 1.

(2) Stjtið. EB nr. L 59, 8. 3. 1996, bls. 10.

(3) Stjtið. EB nr. L 186, 5. 8. 1995, bls. 1.

(4) Stjtið. EB nr. L 25, 2. 2. 1993, bls. 5.

- f) hvaða frest aðildarríkin og/eða framkvæmdastjórnin hafa til að skila inn athugasemdum, en hann skal vera hið minnsta 30 dagar frá deginum sem um getur í e-lið.

3. Komi fram í athugasemdum, sem aðildarríki leggur fyrir framkvæmdastjórnina eða aðildarríkið sem veitti leyfið, innan 30 daga skilafrestsins, að nægar birgðir af viðkomandi innihaldsefni fyrirfinnist í bandalaginu meðan skortur er talinn vara, skal aðildarríkið íhuga hvort afturkalla beri leyfið eða stytta fyrirhugaðan gildistíma þess og tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um þær ráðstafanir sem það hefur gripið til eigi síðar en 15 dögum eftir að upplýsingarnar bárust.

4. Þegar um er að ræða framlengingu, eins og um getur í b-lið 1. mgr., gildir málsmeðferðin í 2. og 3. mgr.

5. Að beiðni aðildarríkis eða frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar skal málið sent nefndinni, sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, til meðferðar. Heimilt er að ákveða í samræmi við málsmeðferðina í 14. gr. að leyfið verði afturkallað eða gildistímanum breytt eða, þar sem við á, að viðkomandi innihaldsefni verði tekið upp í C-þátt VI. viðauka.“

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. febrúar 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Franz FISCHLER**

framkvæmdastjóri.



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/27/07**

**nr. 90/97**  
**frá 9. desember 1997**

**um breytingu á II. viðauka**  
**(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/97 frá 4. október 1997<sup>(1)</sup>.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 frá 28. október 1996 um að ákveða málsmeðferð bandalagsins varðandi bragðefni sem eru notuð eða fyrirhugað er að nota í eða á matvælum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

**1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 54p (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„54q. **396 R 2232:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 frá 28. október 1996 um að ákveða málsmeðferð bandalagsins varðandi bragðefni sem eru notuð eða fyrirhugað er að nota í eða á matvælum (Stjttíð. EB nr. L 299, 23. 11. 1996, bls. 1).”.

**2. gr.**

Fullgiltur texti reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 9. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 30, 5. 2. 1998, bls. 35, og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 5, 5. 2. 1998, bls. 126.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 299, 23. 11. 1996, bls. 1.

## REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 2232/96

frá 28. október 1996

um að ákveða málsmeðferð bandalagsins varðandi bragðefni sem eru notuð eða fyrirhugað er að nota í eða á matvælum(\*)

### EVROÞUPINGID OG RAD EVROÞUSAMBANDSINS HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun ráðsins 88/388/EBE frá 22. júní 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um bragðefni til notkunar í matvælum og grunnefni til framleiðslu þeirra <sup>(4)</sup> er kveðið á um að ráðið samþykki viðeigandi ákvæði um bragðefni.
- 2) Viðeigandi ákvæði gilda með fyrirvara um almenna rammaáætlun sem er kveðið á um í tilskipun 88/388/EBE.
- 3) Ósamræmi í landslögum milli aðildarríkjanna varðandi bragðefni hindrar frjálsa flutninga matvæla og kann að leiða til ójafna samkeppnisskilyrða sem hefur bein áhrif á starfsemi innri markaðarins.
- 4) Í innlendum lögum um bragðefni til notkunar í eða á matvælum ber umfram allt að hafa í huga kröfur um að vernda heilsu manna, en einnig efnahagslegar og tæknilegar þarfir sem samrýmast kröfum um heilsuvernd.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 299, 23. 11. 1996, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/97 frá 9. desember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 1, 4. 1. 1994, bls. 22 og Stjtið. EB nr. C 171, 24. 6. 1994, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 195, 18. 7. 1994, bls. 4.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 5. maí 1994 (Stjtið. EB nr. C 205, 25. 7. 1994, bls. 398), sameiginleg afstaða ráðsins frá 22. desember 1995 (Stjtið. EB nr. C 59, 28. 2. 1996, bls. 37) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 22. maí 1996 (Stjtið. EB nr. C 166, 10. 6. 1996, bls. 61). Ákvörðun ráðsins frá 25. júní 1996.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 184, 15. 7. 1988, bls. 61. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/171/EBE (Stjtið. EB nr. L 42, 15. 2. 1991, bls. 25).

- 5) Nauðsynlegt er að samræma þessi lög til að koma á frjálsum flutningum matvæla.
- 6) Fyrirhugaðar ráðstafanir bandalagsins, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru ekki aðeins nauðsynlegar heldur einnig óhjákvæmilegar svo unnt sé að ná settum markmiðum. Einstök aðildarríki eru ekki fær um að ná þessum markmiðum.
- 7) Nauðsynlegt er að ákveða almennar viðmiðanir fyrir notkun bragðefna.
- 8) Nauðsynlegt er að semja skrá yfir bragðefni, sem er heimilt að nota í eða á matvælum, á grundvelli nýjustu vísinda- og tækniþekkingar.
- 9) Skráin skal vera opin og unnt að breyta henni með tilliti til vísinda- og tækniþróunar.
- 10) Nefndin mun á ný meta í heild þau bragðefni sem þegar eru leyfð og eru framleidd með aðferðum eða úr grunnefnum sem mat vísindanefndarinnar um matvæli náði ekki til.
- 11) Af heilbrigðisástæðum kann að vera nauðsynlegt að samþykkja skilyrði fyrir notkun tiltekinna bragðefna.
- 12) Fyrst um sinn ber að færa í skrá bragðefni sem eru nú notuð í aðildarríkjunum og þau geta ekki staðið í vegi fyrir að séu notuð samkvæmt almennum reglum sáttmálans. Í ákvæðum 7. gr. tilskipunar 88/388/EBE er ekki fjallað um þessa skráningu og því er ekki á verksviði vísindanefndarinnar um matvæli að hafa afskipti af henni á þessu stigi.
- 13) Engu að síður verður öryggisákvæði að gera aðildarríki kleift að grípa til nauðsynlegra ráðstafana þegar líkur eru á að bragðefni stofni almannaheilbrigði í hættu.
- 14) Samkvæmt 214. gr. sáttmálans er nauðsynlegt að vernda hugverkaréttindi sem tengjast þróun og framleiðslu bragðefna.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um hvernig ákveða beri reglur um bragðefni sem um getur í þriðja, fjórða, fimmta og sjötta undirlíð 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 88/388/EBE. Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um önnur ákvæði tilskipunar 88/388/EBE.

2. Þessi reglugerð gildir um bragðefni, samkvæmt skilgreiningu í b-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 88/388/EBE, sem eru notuð eða nota á í eða á matvælum til þess að gefa þeim ilm og/eða bragð.

3. Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um sértilskipanir sem heimila notkun bragðefna sem þessi reglugerð á við um og nota á í öðrum tilgangi en um getur í 2. mgr. 1. gr.

**2. gr.**

1. Bragðefnin skulu vera í samræmi við almennar notkunarviðmiðanir sem um getur í viðaukanum.

2. Semja ber skrá yfir bragðefni, sem einvörðungu er heimilt að nota, í samræmi við 3., 4. og 5. gr.

**3. gr.**

1. Aðildarríkin skulu, innan árs frá gildistöku þessarar reglugerðar, tilkynna framkvæmdastjórninni um skrá yfir bragðefni sem er heimilt að nota, samkvæmt tilskipun 88/388/EBE, í eða á matvælum sem eru markaðssett á yfirráðasvæði þeirra. Í tilkynningunni skulu koma fram allar upplýsingar, sem að gagni kunna að koma, um:

- a) eðli bragðefnisins, t.d. efnaformúlu, CAS-númer, EINECS-númer, IUPAC-flokkun, uppruna þeirra og notkunar-skilyrði ef nauðsyn krefur;
- b) þau matvæli sem bragðefnin eru aðallega notuð í eða á;
- c) hvernig viðmiðanirnar, sem kveðið er á um í 4. gr. tilskipunar 88/388/EBE, eru virtar í hverju aðildarríki ásamt rökstuðningi.

2. Á grundvelli tilkynningarinnar, sem kveðið er á um í 1. mgr., og að undangenginni athugun framkvæmdastjórnarinnar á henni, í ljósi ákvæða c-liðar, skal færa í skrá bragðefni, sem aðildarríkin skulu viðurkenna löglega notkun á hjá hverju og einu, sem samþykkja ber í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 7. gr., innan árs frá því að frestur til tilkynningar, sem kveðið er á um í 1. mgr., rennur út. Heimilt er að í skránni komi fram skilyrði fyrir notkun bragðefnanna, ef nauðsyn krefur.

Tilgreina ber bragðefnin með þeim hætti að hugverkaréttur framleiðanda þeirra njóti verndar.

3. Veki aðildarríki athygli á, með ítarlegri tilkynningu og hliðsjón af nýjum gögnum eða endurmati á fyrirbyggjandi gögnum eftir að skráin, sem um getur í 2. mgr., hefur verið tekin saman, að bragðefni kunni að stofna almannaheilbrigði í hættu, er því aðildarríki heimilt að leggja tímabundið bann við notkun þess eða takmarka hana á yfirráðasvæði sínu. Það skal tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það þegar í stað og rökstyðja ákvörðun sína.

Framkvæmdastjórnin skal kanna þær ástæður sem viðkomandi aðildarríki tilgreinir, eins fljótt og við verður komið, og eiga samráð við fastanefndina um matvæli sem komið var á fót með ákvörðun 69/414/EBE<sup>(1)</sup>.

Telji framkvæmdastjórnin nauðsynlegt að gera breytingar á skránni yfir bragðefni til að vernda heilsu manna skal hún hefja málsmeðferðina, sem kveðið er á um í 7. gr., í því augnamiði að samþykkja slíkar breytingar. Aðildarríkinu, sem samþykkti öryggisákvæðin, er heimilt að viðhalda þeim uns breytingarnar öðlast gildi.

**4. gr.**

1. Til þess að kanna hvort bragðefnin, sem eru talin upp í skránni sem um getur í 3. gr., séu í samræmi við almennu notkunarviðmiðanirnar í viðaukanum skal samþykkja áætlun um mat á fyrrnefndum bragðefnum í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 7. gr., innan tíu mánaða frá því að skráin hefur verið samþykkt.

Í áætluninni skal skilgreina sérstaklega:

- í hvaða röð beri að rannsaka bragðefnin með tilliti til notkunar þeirra,
- tímamörkin,
- þau bragðefni sem vísindasamstarf tekur til.

2. Þeir sem bera ábyrgð á markaðssetningu bragðefnanna skulu senda framkvæmdastjórninni nauðsynleg gögn til þess að mat geti farið fram, að beiðni hennar ef nauðsyn krefur.

3. Komi í ljós að mati loknu að bragðefni sé í ósamræmi við almennu notkunarviðmiðanirnar í viðaukanum ber að fella efnið brott úr skránni í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 7. gr.

**5. gr.**

1. Þegar búið er að gera matsáætlun samkvæmt 4. gr. skal samþykkja bragðefnaskrána sem um getur í 2. mgr. 2. gr. í samræmi við málsmeðferðina í 8. gr. innan fimm ára frá því að áætlunin er samþykkt.

(<sup>1</sup>) Stjóð. EB nr. L 291, 19. 11. 1969, bls. 9.

2. Heimilt er að leyfa notkun nýs bragðefnis, sem er ekki í skránni sem kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr., í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 7. gr. Í því skyni ber fyrst að fella efnið inn í áætlunina, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 7. gr. Efnið ber að meta með hliðsjón af því hvar því er raðað í áætluninni.

#### 6. gr.

1. Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um ákvæði bandalagsins sem heimila notkun, í eða á tilteknum matvælum, tiltekinn flokka bragðefna samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. tilskipunar 88/388/EEB.

2. Bragðefnin í þessum flokkum skulu engu að síður vera í samræmi við almennu notkunarskilyrðin eins og fram kemur í viðaukanum.

#### 7. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvæli, hér á eftir kölluð „nefndin“.

2. Formanni nefndarinnar ber að vísa málum til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis.

3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögnum fyrir þau tímamörk sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitnið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir, séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

#### 8. gr.

Í því tilfalli sem um getur í 1. mgr. 5. gr. gildir málsmeðferðin sem um getur í 7. gr., í þeim skilningi að hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að málinu var vísað til þess skuli framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir, nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúið umræddum ráðstöfunum.

#### 9. gr.

Aðildarríkjunum er óheimilt að banna, takmarka eða koma í veg fyrir markaðssetningu eða notkun bragðefna í eða á matvælum, ef bragðefnin eru í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

#### 10. gr.

Ákvæði, sem ætlað er að færa gildandi lagagerðir bandalagsins til samræmis við þessa reglugerð, ber að samþykkja í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 7. gr.

#### 11. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 28. október 1996.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

**K. HÄNSCH**

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

**I. YATES**

forseti.

## VIÐAUKI

**ALMENNAR VIÐMIÐANIR VIÐ NOTKUN BRAGÐEFNA SEM UM GETUR Í 1. MGR. 2. GR.**

1. Heimilt er að leyfa notkun bragðefna, að því tilskildu að:
  - þau stofni ekki heilsu neytenda í hættu samkvæmt vísindalegu mati eins og um getur í 7. gr. tilskipunar 88/388/EBE,
  - notkun þeirra villi ekki um fyrir neytandanum.
2. Til þess að unnt sé að meta hugsanleg skaðleg áhrif bragðefnis skal viðeigandi eiturefnafræðilegt mat fara fram á því. Ef bragðefni inniheldur eða er samsett úr erfðabreyttri lífveru í skilningi 1. og 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 90/220/EBE frá 23. apríl 1990 um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið<sup>(1)</sup> gilda ákvæði 11. til 18. gr. þeirrar tilskipunar ekki. Engu að síður ber við mat á öryggi viðkomandi bragðefnis að taka tillit til öryggis umhverfisins eins og kveðið er á um í fyrirnefndri tilskipun.
3. Öll bragðefni skulu vera háð stöðugu eftirliti og þau ber að endurmeta þegar nauðsyn ber til.

(<sup>1</sup>) Stjótf. EB nr. L 117, 8. 5. 1991, bls. 15. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/15/EB (Stjótf. EB nr. L 103, 22. 4. 1994, bls. 20).

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/27/09**

**nr. 91/97**  
**frá 9. desember 1997**

**um breytingu á II. viðauka**  
**(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/97 frá 12. nóvember 1997<sup>(1)</sup>.

Fjórar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (2017/96<sup>(2)</sup>, 2034/96<sup>(3)</sup>, 17/97<sup>(4)</sup>, 270/97<sup>(5)</sup>) allar um breytingu á viðaukum við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu skulu felldar inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **396 R 2017:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2017/96 frá 22. október 1996 (Stjttíð. EB nr. L 270, 23. 10. 1996, bls. 2),

- **396 R 2034:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2034/96 frá 24. október 1996 (Stjttíð. EB nr. L 272, 25. 10. 1996, bls. 2),

- **397 R 0017:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 17/97 frá 8. janúar 1997 (Stjttíð. EB nr. L 5, 9. 1. 1997, bls. 12),

- **397 R 0270:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 270/97 frá 14. febrúar 1997 (Stjttíð. EB nr. L 45, 15. 2. 1997, bls. 8).”.

**2. gr.**

Fullgiltur texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2017/96, 2034/96, 17/97 og 270/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 9. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 134, 7. 5. 1998, bls. 5 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 18, 7. 5. 1998, bls. 34.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 270, 23. 10. 1996, bls. 2.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 272, 25. 10. 1996, bls. 2.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 5, 9. 1. 1997, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjttíð. EB nr. L 45, 15. 2. 1997, bls. 8.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2017/96**

frá 22. október 1996

**um breytingu á III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2010/96 <sup>(2)</sup>, einkum 6., 7. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarks magn leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í bandalaginu í dýrallyf ætluð dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis.

Ekki skal ákvarða hámarks magn leifa (MRL) fyrr en nefndin um dýrallyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif leifanna á iðnaðarvinnslu matvæla.

Við ákvörðun á hámarks magni dýrallyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundina sem lyfjaleifarnar kunna að finnast í, magnið sem kann að finnast í hverjum viðkomandi kjötvef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvefur) og hvaða eiginleikar leifarinnar skipta máli við eftirlit með lyfjaleifum (leifamerki).

Til að auðvelda eftirlitið með lyfjaleifum, sem kveðið er á um í viðeigandi löggjöf bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í markvef lifrar eða nýrna. Hins vegar eru

lifur og nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því ætti einnig ávallt að ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í vöðva eða fituvef.

Þegar um er að ræða dýrallyf fyrir varpfugla, mjólkandi dýr eða hunangsflugur skal einnig ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í eggjum, mjólk eða hunangi.

Svo að unnt sé að ljúka vísindalegum rannsóknum ber að bæta amínósíðíni, sýmíásól og marbófloxasíni við í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90.

Fresta skal gildistöku þessarar reglugerðar um 60 daga svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar, sem nauðsynlegar kunna að vera með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðsleyfum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýrallyf í samræmi við tilskipun ráðsins 81/851/EBE <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/40/EBE <sup>(4)</sup>.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýrallyf.

**SAMPYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi 60 dögum eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 270, 23. 10. 1996, bls. 2, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/97 frá 9. desember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 269, 22. 10. 1996, bls. 5.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 317, 6. 11. 1981, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 214, 24. 8. 1993, bls. 31.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. október 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

***Martin BANGEMANN***

framkvæmdastjóri.



## VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90:

1. Sýkingarlyf
- 1.2. Sýklalyf
- 1.2.5. Amínóglýkósíð

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
„1.2.5.6. Amínósídín	Amínósídín	Nautgripir, svín, kanínur, kjúklingar	500 mg/kg	Vöðvi	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. 7. 1998 <sup>44</sup>
			1 500 mg/kg	Lifur, nýra	

- 1.2.6. Kínólón

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
„1.2.6.3. Marbófloxasín	Marbófloxasín	Nautgripir	150 mg/kg	Vöðvi, lifur, nýru	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. 7. 1998 <sup>44</sup>
			50 mg/kg	Fita	
		Svín	75 mg/kg	Mjólk	
			150 mg/kg	Vöðvi, lifur, nýru	
		50 mg/kg	Fita + húð		

2. Sniklalyf
- 2.2. Útsníklalyf
- 2.2.3. Afleiða imínófenýl-þíasólídín

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
„2.2.3.1. Sýmíásól	Sýmíásól	Hunangsflugur	1 000 mg/kg	Hunang	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. 7. 1999 <sup>44</sup>

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2034/96****frá 24. október 1996****um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE)  
nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða  
hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2010/96 <sup>(2)</sup>, einkum 6., 7. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarks magn leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í bandalaginu í dýralyf ætluð dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis.

Ekki skal ákvarða hámarks magn leifa (MRL) fyrr en nefndin um dýralyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif leifanna á iðnaðarvinnslu matvæla.

Við ákvörðun á hámarks magni dýralyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundina sem lyfjaleifarnar kunna að finnast í, magnið sem kann að finnast í hverjum viðkomandi kjötvef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvefur) og hvaða eiginleikar leifarinnar skipta máli við eftirlit með lyfjaleifum (leifamerki).

Til að auðvelda eftirlit með lyfjaleifum, sem kveðið er á um í viðeigandi löggjöf bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í markvef lifrar eða nýrna. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því ætti einnig ávallt að ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í vöðva- eða fituvef.

Þegar um er að ræða dýralyf fyrir varpflugla, mjólkandi dýr eða hunangsflugur skal einnig ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í eggjum, mjólk eða hunangi.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 272, 25. 10. 1996, bls. 2, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/97 frá 9. desember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 1.

(2) Stjttíð. EB nr. L 269, 22. 10. 1996, bls. 5.

Bæta ber þennu þáttum (notað á vefi nautgripa) við í I. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Með tilliti til notkunar sem nú er viðurkennd í dýralækningum ber að bæta bórsýru og bórotum, fjölsúlfaatmettuðu glýkósamínóglýkani, rifaximíni og tá-flúvalínati við í II. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Sum efni voru áður metin á grundvelli málsmeðferðar Evrópusambandsins, svo sem af vísindanefndinni um matvæli. Sum þessara efna voru álitin nothæf sem aukefni í matvælum og var gefið E-númer. Enda þótt þau séu notuð sem hlutar af dýralyfjum og gefin dýrum, sem eru nýtt til matar, er ólíklegt að eftir verði leifar í matvælum úr dýraríkinu sem eru annaðhvort marktækt ólíkar aukefninu eða að magni til umfram magn aukefnisins þar sem það hefur verið sett beint í matvælin. Með tilliti til notkunar sem nú er viðurkennd í dýralækningum ber að bæta þeim efnum, sem eru viðurkennd aukefni í matvælum og hafa gilt E-númer, við í II. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Svo að unnt sé að ljúka vísindalegum rannsóknum ber að bæta rifaximíni (gildir fyrir kúamjólk) við í III. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Fresta skal gildistöku þessarar reglugerðar um 60 daga svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar, sem nauðsynlegar kunna að vera með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðsleyfum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýralyf í samræmi við tilskipun ráðsins 81/851/EBE <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/40/EBE <sup>(4)</sup>.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**

(3) Stjttíð. EB nr. L 317, 6. 11. 1981, bls. 1.

(4) Stjttíð. EB nr. L 214, 24. 8. 1993, bls. 31.

**1. gr.**

Ákvæðum I., II. og III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi 60 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. október 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

***Martin BANGEMANN***

framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI

Reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er breytt sem hér segir:

A. I. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Sýkingarlyf
- 1.2. Sýklalyf
- 1.2.1. Penisillín

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
„1.2.1.7. Penepamat	Bensýlpenisillín	Nautgripir	50 mg/kg 4 mg/kg	Nýra, lifur, vöðvi, fita Mjólk“	

B. II. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Ólífræn efnasambönd

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategund	Önnur ákvæði
„1.8. Bórsýra og bóröt	Allar tegundir sem eru nýttar til matar“	

2. Lífræn efnasambönd

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategund	Önnur ákvæði
„2.34. Fjölsúlfatmettað glýkósamínóglýkan	Hestar	
2.35. Rifaximín	Nautgripir	Einungis til nota í mjólkurkirtla – nema þegar nota má júgrið til manneldis - og í leg
2.36. Tá-flúvalínat	Hunangsflugur“	

## 5. Efni notuð sem aukefni í matvæli

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategund	Önnur ákvæði
„5.1. Efni með E-númeri	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	Einungis efni viðurkennd sem aukefni í matvæli að undanskildum rotvarnarefnum sem eru talin upp í C-hluta III. viðauka við tilskipun ráðsins 95/2/EB(*)

(\*) Stjóttö. EB nr. L 61, 18. 3. 1995, bls. 1“

## C. III. viðauka er breytt sem hér segir:

## 1. Sýkingarlyf

## 1.2. Sýklalyf

## 1.2.7. Ansamýsín með naftalínhring

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
„1.2.7.1. Rifaximín	Rifaximín	Nautgripir	60 mg/kg	Mjólk	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. 6. 1998“

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 17/97****frá 8. janúar 1997****um breytingu á I., II., III. og IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2034/96 <sup>(2)</sup>, einkum 6., 7. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarks magn leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í bandalaginu í dýrallyf ætluð dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis.

Ekki skal ákvarða hámarks magn leifa (MRL) fyrr en nefndin um dýrallyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif leifanna á iðnaðarvinnslu matvæla.

Við ákvörðun á hámarks magni dýrallyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundina sem lyfjaleifarnar kunna að finnast í, magnið sem kann að finnast í hverjum viðkomandi kjötvef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvefur) og hvaða eiginleikar leifarinnar skipta máli við eftirlit með lyfjaleifum (leifamerki).

Til að auðvelda eftirlitið með lyfjaleifum, sem kveðið er á um í viðeigandi löggjöf bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í markvef lifrar eða nýrna. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því ætti einnig ávallt að ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í vöðva- eða fituvef.

Þegar um er að ræða dýrallyf fyrir varpfugla, mjólkandi dýr eða hunangsflugur skal einnig ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í eggjum, mjólk eða hunangi.

Bæta ber eprínómektíni við í I. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Bæta ber sinkasetati, sinkklóríði, sinkglúkónati, sinkóleati, sinksterati, klórhexidíni, glýserólformali, hesperidíni, hesperidínmetýlkalkóni, menbútóni og kvatresíni við í II. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Svo að unnt sé að ljúka vísindalegum rannsóknum ber að bæta flúmekvíni, doxýsýklíni og albendasólsúlfoxíði við í III. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Það lítur út fyrir að ekki verði hægt að ákveða gildi fyrir hámarks magn leifa klórprómasíns þar sem leifar, í hvaða mæli sem er, í matvælum úr dýraríkinu geta stofnað heilsu neytandans í hættu. Því ber að bæta klórprómasíni við í IV. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Fresta skal gildistöku þessarar reglugerðar um 60 daga svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar, sem nauðsynlegar kunna að vera með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðsleyfum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýrallyf í samræmi við tilskipun ráðsins 81/851/EBE <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/40/EBE <sup>(4)</sup>.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýrallyf.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttfö. EB nr. L 5, 9. 1. 1997, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/97 frá 9. desember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjttfö. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjttfö. EB nr. L 272, 25. 10. 1996, bls. 2.

(<sup>3</sup>) Stjttfö. EB nr. L 317, 6. 11. 1981, bls. 1.

(<sup>4</sup>) Stjttfö. EB nr. L 214, 24. 8. 1993, bls. 31.

**1. gr.**

Ákvæðum I., II., III. og IV. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi 60 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. janúar 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

***Martin BANGEMANN***

framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI

Reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er breytt sem hér segir:

A. I. viðauka er breytt sem hér segir:

2. Sníklalyf
- 2.3. Inn- og útsníklalyf
- 2.3.1. Avermektín

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
„2.3.1.4. Eprínómektín	Eprínómektín B1a	Nautgripir	30 mg/kg 30 mg/kg 600 mg/kg 100 mg/kg 30 mg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýra Mjólk“	

B. II. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Ólífræn efnasambönd

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategund	Önnur ákvæði
„1.24. Sinkasetat 1.25.Sinkklóríð 1.26.Sinkglúkónat 1.27.Sinkóleat 1.28.Sinksterat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar“	





## 2. Sníklalyf

## 2.1. Innsníklalyf

## 2.1.1. Bensímídasól og pró-bensímídasól

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
„2.1.1.10. Albendasólsúlfoxíð	Summa albendasóls, albendasólsúlfoxíðs, albendasólsúlfóns og albendasól-2-amínósúlfóns, gefið upp sem albendasól	Nautgripir, sauðfé, fashani	1 000 mg/kg 500 mg/kg 100 mg/kg	Lifur Nýra Vöðvi, fita	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. 1. 1998“
		Nautgripir, sauðfé	100 mg/kg	Mjólk	

D. IV. viðauka er breytt sem hér segir:

Skrá yfir lyfjafræðilega virk efni sem ekki er unnt að ákveða hámarksmagn leifa fyrir:

„8. Klórprómasín“.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 270/97****frá 14. febrúar 1997****um breytingu á I., II., III. og IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 211/97 <sup>(2)</sup>, einkum 6., 7. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarks magn leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í bandalaginu í dýrallyf ætluð dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis.

Ekki skal ákvarða hámarks magn leifa (MRL) fyrr en nefndin um dýrallyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif leifanna á iðnaðarvinnslu matvæla.

Við ákvörðun á hámarks magni dýrallyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundina sem lyfjaleifarnar kunna að finnast í, magnið sem kann að finnast í hverjum viðkomandi kjötvef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvefur) og hvaða eiginleikar leifarinnar skipta máli við eftirlit með lyfjaleifum (leifamerki).

Til að auðvelda eftirlitið með lyfjaleifum, sem kveðið er á um í viðeigandi lögjöf bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í markvef lifrar eða nýrna. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því ætti einnig ávallt að ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í vöðva- eða fituvef.

Þegar um er að ræða dýrallyf fyrir varpugla, mjólkandi dýr eða hunangsflugur skal einnig ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í eggjum, mjólk eða hunangi.

Bæta ber dóramektíni og sefasólíni (hvað varðar mjólk) við í I. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Bæta ber alfaprostóli, sefasólíni, medroxýprógesterónasetati og própýlenglýkóli við í II. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Svo að unnt sé að ljúka vísindalegum rannsóknum ber að bæta sefapíríni við í III. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Það lítur út fyrir að ekki verði hægt að ákveða gildi fyrir hámarks magn leifa klóróforms þar sem leifar, í hvaða mæli sem er, í matvælum úr dýraríkinu geta stofnað heilsu neytandans í hættu. Því ber að bæta klóróformi við í IV. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Fresta skal gildistöku þessarar reglugerðar um 60 daga svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar, sem nauðsynlegar kunna að vera með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðsleyfum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýrallyf í samræmi við tilskipun ráðsins 81/851/EBE <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/40/EBE <sup>(4)</sup>.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýrallyf.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 45, 15. 2. 1997, bls. 8, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/97 frá 9. desember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 35, 5. 2. 1997, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 317, 6. 11. 1981, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 214, 24. 8. 1993, bls. 31.

**1. gr.**

Ákvæðum I., II., III. og IV. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi 60 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. febrúar 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

***Martin BANGEMANN***

framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI

A. I. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90 er breytt sem hér segir:

1. Sýkingarlyf

1.2. Sýklalyf

1.2.2. Sefalósporín

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
„1.2.2.2. Sefasólín	Sefasólín	Nautgripir	50 mg/kg	Mjólk“	

2. Sniklalyf

2.3. Inn- og útsniklalyf

2.3.1. Avermektín

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
„2.3.1.3. Dóramektín	Dóramektín	Nautgripir	150 mg/kg 100 mg/kg 30 mg/kg 10 mg/kg	Fita Lifur Nýra Vöðvi“	

B. II. viðauka er breytt sem hér segir:

2. Lífræn efnasambönd

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategund	Önnur ákvæði
„2.75. Alfaprostól 2.76.Sefasólín	Nautgripir, svín, hestar Nautgripir	Einungis til nota í mjólkurkirtla (nema þegar nota má júgríð til manneldis)
2.77.Medroxýprógesterón asetat 2.78.Própýlenglýkól	Sauðfé Allar tegundir sem eru nýttar til matar“	Til notkunar í leggöng og einungis í tengslum við dýrarækt

C. III. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Sýkingarlyf

1.2. Sýklalyf

1.2.4. Sefalósporín

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
„1.2.4.2. Sefapírín	Summa sefapíríns og desaketýlsefapíríns	Nautgripir	100 mg/kg 50 mg/kg 10 mg/kg	Nýra Vöðvi, lifur, fita Mjólk“	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. 1. 1999“

D. IV. viðauka er breytt sem hér segir:

Skrá yfir lyfjafræðilega virk efni sem ekki er unnt að ákveða hámarks magn leifa fyrir:

„9. Klóróform“

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/27/10**

**nr. 92/97**  
**frá 9. desember 1997**

**um breytingu á II. viðauka**  
**(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/97 frá 12. nóvember 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/56/EB frá 3. september 1996 um breytingu á tilskipun 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

**1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 67/548/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **396 L 0056:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/56/EB frá 3. september 1996 (Stjttíð. EB nr. L 236, 18. 9. 1996, bls. 35).”

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/56/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 9. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 134, 7. 5. 1998, bls. 8 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 18, 7. 5. 1998, bls. 57.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 236, 18. 9. 1996, bls. 35.

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 96/56/EB

frá 3 september 1996

### um breytingu á tilskipun 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna(\*)

#### EVROÞUPINGID OG RAD EVROÞUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Skammstöfunin „EBE“ kemur fram í nokkrum ákvæðum tilskipunar ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (4).

Með grein G í sáttmálanum um Evrópusambandið er heitinu „Efnahagsbandalag Evrópu“ breytt í heitið „Evrópubandalagið“. Þar af leiðandi ætti skammstöfunin „EB“ að koma í stað „EBE“ í framangreindum ákvæðum.

Á hitt ber að líta að atvinnurekendur fá að jafnaði stórar vörusendingar af merkimiðum. Tilkæmt hættuleg efni, sem eru réttilega merkt með heitinu „EBE“, geta legið í vörugymslum á framleiðslustað allengi áður en til markaðssetningar kemur. Breytingin á skammstöfuninni gæti haft í för með sér umtalsverðan aukakostnað fyrir þessa atvinnurekendur. Því ætti að veita rúman aðlögunarfrest sem gerir þeim kleift að markaðssetja hættuleg efni sem hafa EBE-númer og áletrunina „EBE-merkimiði“.

Breyta ber tilskipun 67/548/EBE af þessum sökum.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

Gjört í Brussel 3. september 1996.

Fyrir hönd Evrópuþingsins

**K. HÄNSCH**

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

**I. YATES**

forseti.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 236, 18. 9. 1996, bls. 35, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/97 frá 9. desember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 73, 13. 3. 1996, bls. 20.

(2) Álitni var skilað 28. febrúar 1996 (Stjtið. EB nr. C 153, 28. 5. 1996, bls. 1).

#### 1. gr.

Tilskipun 67/548/EBE er breytt sem hér segir:

- í 2. mgr. 21. gr. komi heitið „EB-númer“ í stað heitisins „EBE-númer“;
- í f-lið 2. mgr. 23. gr. komi „EB-númer“ í stað „EBE-númer“ og „EB-merkimiði“ í stað „EBE-merkimiði“.

Engu að síður skulu aðildarríkin heimila markaðssetningu efna með merkimiðum, sem á stendur „EBE-númer“ og „EBE-merkimiði“, fram til 31. desember 2000.

#### 2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júní 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

#### 3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

#### 4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 13. febrúar 1996 (Stjtið. EB nr. C 65, 4. 3. 1996, bls. 26). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 4. mars 1996 (Stjtið. EB nr. C 134, 6. 5. 1996, bls. 9) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 22. maí 1996 (Stjtið. EB nr. C 166, 10. 6. 1996, bls. 60).

(4) Stjtið. EB nr. L 196, 16. 8. 1967, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/69/EB (Stjtið. EB nr. L 381, 31. 12. 1994, bls. 1) og aðildarlögum frá 1994.



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/27/11**

**nr. 93/97**  
**frá 28. nóvember 1997**

**um breytingu á II. viðauka**  
**(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/96 frá 27. september 1996<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/129/EB frá 28. janúar 1997 þar sem mælt er fyrir um auðkenningarkerfi fyrir umbúðafni samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 7. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB) í XVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„7a. **397 D 0129:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/129/EB frá 28. janúar 1997 þar sem mælt er fyrir um auðkenningarkerfi fyrir umbúðafni samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang (Stjttíð. EB nr. L 50, 20. 2. 1997, bls. 28).”.

**2. gr.**

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 97/129/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. nóvember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

**E. Bull**

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 21, 23. 1. 1997, bls. 4 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 4, 23. 1. 1997, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 50, 20. 2. 1997, bls. 28.

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR****frá 28. janúar 1997****Þar sem mælt er fyrir um auðkenningarkerfi fyrir umbúðafni samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang (\*)****(Texti sem varðar EES)**

(97/129/EB)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR****2. gr.**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang<sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Auðkenningarkerfið skal vera valfrjálst, að minnsta kosti á fyrsta stigi, en það skal endurskoðað til að ákvarða megi hvort rétt sé að gera það bindandi á síðara stigi.

Auðkenningarkerfið skal endurskoða reglubundið og ef með þarf skal því breytt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr. tilskipunar 94/62/EB.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót samkvæmt 21. gr. tilskipunar 94/62/EB.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:****1. gr.**

Markmiðið með þessari ákvörðun, sem nær til allra umbúða sem tilskipun 94/62/EB nær til, er að ákveða tölusetninguna og skammstafanirnar sem auðkenningarkerfið byggist á og gefa til kynna eðli umbúðaafnisins eða -efnanna sem notuð eru og að tilgreina hvaða efni skuli falla undir auðkenningarkerfið.

Í þessari tilskipun:

- gilda sömu skilgreiningar og raktar eru í 3. gr. tilskipunar 94/62/EB, eftir því sem við á,
- merkir „samsett“: umbúðir gerðar úr ólíkum efnum, sem ekki er unnt að taka í sundur með handafla, þar sem ekkert efnanna fer yfir tiltekið þyngdarhlutfall sem skal ákveðið samkvæmt málsmeðferðinni í 21. gr. tilskipunar 94/62/EB. Eigi að veita undanþágur fyrir tiltekin efni er heimilt að viðhafa sömu málsaðferð.

**3. gr.**

Tölusetning og skammstafanir auðkenningarkerfisins eru eins og mælt er fyrir um í viðaukunum.

Notkun þeirra skal vera valfrjáls fyrir plastefnin sem nefnd eru í I. viðauka, pappírs- og pappafninn sem nefnd eru í II. viðauka, málmanna sem nefndir eru í III. viðauka, tréefnin sem nefnd eru í IV. viðauka, textílefnin sem nefnd eru í V. viðauka, glerefnnin sem nefnd eru í VI. viðauka og samsettu efnin sem nefnd eru í VII. viðauka.

Samþykkja má ákvörðun um að koma á bindandi auðkenningarkerfi fyrir eitthvert eða einhver efni í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr. tilskipunar 94/62/EB.

**4. gr.**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. janúar 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Ritt BJERREGAARD**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 50, 20. 2. 1997, bls. 28, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/97 frá 28. nóvember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 10.

## I. VIÐAUKI

Tölusetning og skammstafanir <sup>(1)</sup> fyrir plastefni

Efni	Skammstafanir	Tölusetning
Pólýetýlentereftalat	PET	1
Þétt pólýetýlen	HDPE	2
Pólývínýlklóríð	PVC	3
Gisið pólýetýlen	LDPE	4
Pólýprópýlen	PP	5
Pólýstýren	PS	6
		7
		8
		9
		10
		11
		12
		13
		14
		15
		16
		17
		18
		19

(1) Aðeins skal nota hástafi

## II. VIÐAUKI

Tölusetning og skammstafanir <sup>(1)</sup> fyrir pappír og pappa

Efni	Skammstafanir	Tölusetning
Bylgjupappi	PAP	20
Sléttur pappi	PAP	21
Pappír	PAP	22
		23
		24
		25
		26
		27
		28
		29
		30
		31
		32
		33
		34
		35
		36
		37
		38
		39

(1) Aðeins skal nota hástafi

**III. VIÐAUKI****Tölusetning og skammstafanir fyrir málma**

Efni	Skammstafanir	Tölusetning
Stál	FE	40
Ál	ALU	41
		42
		43
		44
		45
		46
		47
		48
		49

**IV. VIÐAUKI****Tölusetning og skammstafanir <sup>(1)</sup> fyrir tréefni**

Efni	Skammstafanir	Tölusetning
Tré	FOR	50
Korkur	FOR	51
		52
		53
		54
		55
		56
		57
		58
		59

<sup>(1)</sup> Aðeins skal nota hástafi

**V. VIÐAUKI****Tölusetning og skammstafanir <sup>(1)</sup> fyrir textílefni**

Efni	Skammstafanir	Tölusetning
Baðmull	TEX	60
Júta	TEX	61
		62
		63
		64
		65
		66
		67
		68
		69

<sup>(1)</sup> Aðeins skal nota hástafi

## VI. VIÐAUKI

Tölusetning og skammstafanir <sup>(1)</sup> fyrir gler

Efni	Skammstafanir	Tölusetning
Ólitað gler	GL	70
Grænt gler	GL	71
Brúnt gler	GL	72
		73
		74
		75
		76
		77
		78
		79

<sup>(1)</sup> Aðeins skal nota hástafi

## VII. VIÐAUKI

Tölusetning og skammstafanir <sup>(1)</sup> fyrir samsett efni

Efni	Skammstöfun(*)	Tölusetning
Pappír og pappi/ýmsir málmar		80
Pappír og pappi/plast		81
Pappír og pappi/ál		82
Pappír og pappi/blikk		83
Pappír og pappi/plast/ál		84
Pappír og pappi/plast/ál/blikk		85
		86
		87
		88
		89
Plast/ál		90
Plast/blikk		91
Plast/ýmsir málmar		92
		93
		94
Gler/plast		95
Gler/ál		96
Gler/blikk		97
Gler/ýmsir málmar		98
		99

(\*) Samsett efni: C að viðbætttri skammstöfuninni fyrir aðalefnið (C/).

<sup>(1)</sup> Aðeins skal nota hástafi

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR****98/EES/27/12****nr. 94/97****frá 28. nóvember 1997****um breytingu á II. viðauka  
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/96 frá 27. september 1996<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/138/EB frá 3. febrúar 1997 þar sem mælt er fyrir um eyðublöð vegna gagnagrunnskerfis samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62//EB um umbúðir og umbúðaúrgang<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 7a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/129/EB) í XVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„7b. **397 D 0138:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/138/EB frá 3. febrúar 1997 þar sem mælt er fyrir um eyðublöð vegna gagnagrunnskerfis samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62//EB um umbúðir og umbúðaúrgang (Stjttíð. EB nr. L 52, 22. 2. 1997, bls. 22).”.

**2. gr.**

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 97/138/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. nóvember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 21, 23. 1. 1997, bls. 4 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 4, 23. 1. 1997, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 52, 22. 2. 1997, bls. 22.

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 3. febrúar 1997

### Þar sem mælt er fyrir um eyðublöð vegna gagnagrunnskerfis samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang (\*)

(Texti sem varðar EES)

(97/138/EB)

#### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang<sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Endurskoða skal eyðublöðin og gagnarammann reglubundið á grundvelli fenginnar reynslu og gera á þeim breytingar ef með þarf.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót samkvæmt 21. gr. tilskipunar 94/62/EB.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Markmiðið með þessari ákvörðun, sem nær til allra umbúða sem settar eru á markað í bandalaginu og alls umbúðaúrgangs, eins og fram kemur í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 94/62/EB, er að útbúa eyðublöð vegna gagnagrunnskerfa fyrir umbúðir og umbúðaúrgang sem ætlunin er að koma á til að stuðla að því að aðildarríkin og framkvæmdastjórnin geti fylgst með framkvæmd stefnumiðanna sem sett eru fram í tilskipun 94/62/EB.

Þessum eyðublöðum er ætlað að samræma eiginleika og framsetningu gagnanna og gera gögn aðildarríkjanna innbyrðis samrýmanleg.

##### 2. gr.

Í þessari tilskipun:

- gilda sömu skilgreiningar og raktar eru í 3. gr. tilskipunar 94/62/EB, eftir því sem við á,

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 52, 22. 2. 1997, bls. 22, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/97 frá 28. nóvember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 10.

- merkir „samsett“: umbúðir gerðar úr ólíkum efnum, sem ekki er unnt að taka í sundur með handafla, þar sem ekkert efnanna fer yfir tiltekið þyngdarhlutfall sem skal ákveðið samkvæmt málsmeðferðinni í 21. gr. tilskipunar 94/62/EB. Eigi að veita undanþágur fyrir tiltekin efni er heimilt að viðhafa sömu málsmeðferð.

##### 3. gr.

Útfylla skal eyðublöðin í viðaukunum árlega með gögnum fyrir allt almanaksárið, fyrst fyrir árið 1997, og afhenda þau framkvæmdastjórninni innan 18 mánaða frá lokum viðkomandi almanaksárs. Einnig skal afhenda framkvæmdastjórninni þau með innlendu skýrslunum sem gefa skal samkvæmt 17. gr. tilskipunar 94/62/EB.

##### 4. gr.

Aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni viðeigandi efnislegar upplýsingar um styrk þungmálma í umbúðum í skilningi 11. gr. tilskipunar 94/62/EB og um skaðvænleg efni og önnur hættuleg efni í umbúðunum í skilningi þriðja undirliðar í 1. lið II. viðauka við tilskipun 94/62/EB.

Aðildarríkin skulu einnig veita framkvæmdastjórninni magnbundnar upplýsingar um umbúðaúrgang sem telst hættulegur vegna mengunar frá innihaldinu í skilningi tilskipunar ráðsins 91/689/EBE<sup>(2)</sup> og ákvörðunar ráðsins 94/904/EBE<sup>(3)</sup>, einkum ef úrgangurinn hentar ekki til endurvinnslu.

Leggja skal skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en í lok fyrsta fimm ára tímabilsins sem um getur í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB. Þetta skal endurtekið fyrir fimm ára tímabilin sem á eftir koma.

##### 5. gr.

Aðildarríkin skulu leggja eyðublöðin í þessari ákvörðun útfyllt fyrir framkvæmdastjórnina, ásamt viðeigandi lýsingu á því hvernig gagnanna var aflað og á helstu eiginleikum gagnagrunnanna sem gögnin eru fengin úr.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 20.

(<sup>3</sup>) Stjtið. EB nr. L 356, 31. 12. 1994, bls. 14.

Einkum skal koma fram í lýsingunni það mat sem notað er við að reikna magn og hlutfall endurheimts og endurunnins úrgangs og hlutfall endurnýtingar.

#### 6. gr.

Gögnin sem á að færa í III. viðauka (töflur 3, 4.1 og 4.2) varðandi þyngd endurunnins eða endurnýttis umbúðaúrgangs eiga við þann umbúðaúrgang sem er notaður sem aðföng í skilvirka endurvinnslu eða endurnýtingu.

Aðeins úrgangur af markaðssettum umbúðum kemur til greina við útreikning á slíkum aðföngum, að frátöldum framleiðsluleifum úr framleiðslu umbúða eða umbúðaefna eða öðrum framleiðsluferlum.

#### 7. gr.

Gögnin sem birtast á eyðublöðunum eru ætluð til að fylgjast megi með framkvæmd stefnumiðanna í tilskipun 94/62/EB og hafa einnig upplýsingagildi og koma að gagni sem grundvöllur ákvarðanatöku í framtíðinni.

Valfrjálst er hvort II. viðauki (tafla 2) er útfylltur.

Skipting gagnanna í III. viðauka (töflur 3., 4.1, 4.2) um lífræna endurvinnslu, aðrar gerðir endurvinnslu, orkuvinnslu og annars konar endurnýtingu, brennslu og urðun er aðeins gerð til upplýsingar og skal vera valfrjáls.

Skylt er að afla gagna fyrir dálkana „samtals“, „endurvinnsla samtals“ og „endurnýting samtals“. Valfrjálst er hvort aflað er gagna fyrir dálkinn „flokkað til endurvinnslu“.

Þau umbúðaefni sem skylt er að afla gagna um eru gler, plastefni, pappír og pappi og málmar.

#### 8. gr.

Framkvæmdastjórnin mun endurskoða rammann fyrir gagnaöflun aðildarríkjanna í samræmi við 21. gr. tilskipunar 94/62/EB með það í huga að samræma gögnin og gera þau einsleit. Í rammanum skal einnig tekið tillit til skilgreininganna sem nota skal, að meðtöldum samsettum efnunum, og þeirra nákvæmnismarkna sem stefnt skal að með gagnasöfnuninni.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að gögnin sem eru lögð fram falli að þessum ramma.

#### 9. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. febrúar 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Ritt BJERREGAARD**

framkvæmdastjóri.



## I. VIÐAUKI

Tafla 1

## Magn umbúða sem er markaðssett í aðildarríkinu

(í tonnum)

Efni	Framleiðsla tómra umbúða	Innflutningur (tómar umbúðir og fylltar umbúðir)	Útflutningur (tómar umbúðir og fylltar umbúðir)	Markaðssett magn
(1)	(2)	(3)	(4)	(5)
GLER				
PLASTEFNI	PET			
	PE			
	PVC			
	PP			
	PS			
	Annað			
Samtals				
PAPPÍR OG PAPPÍ				
MÁLMAR	Stál			
	Ál			
	Samtals			
SAMSETT EFNI				
VIÐUR				
ANNAÐ				
SAMTALS				

- Fylla skal út 2., 3. og 4. dálk ef aðferðin sem notuð er við að útfylla 5. dálk á við um framleiðslu og hagtölur um innflutning og útflutning.
- Skipta má 3. og 4. dálki í dálka fyrir tómar og fylltar umbúðir.
- Valfrjálst er hvort lögð eru fram gögn um skiptingu í mismunandi flokka plastefna, skiptingu málma í stál og ál, um samsett efni og við. Valfrjálst er hvort skyggðir reitir eru fylltir út.

## II. VIÐAUKI

Tafla 2

### Endurnýtanlegar umbúðir

Efni	Gerð umbúða	Vara	Magn vöru í endurnýtanlegum umbúðum	Heildarmagn vöru í endurnýtanlegum umbúðum og einnota umbúðum af sömu gerð	Endurnýtanlegar einingar í umferð	Meðalfjöldi umferða á ári	Endingartími	Markaðssettar einingar einnota umbúða af sömu gerð
GLER	Flöskur	Drykkir						
		Annað						
PLASTEFNI	Ílát							
	Föt - tunnur > 20 l — < 250 l	Matur						
		Annað						
	Tunnur > 250 l	Matur						
		Annað						
	Stórsekkir							
	Flöskur	Drykkir						
	Kassar	Annað						
	Ílát							
	Grindur							
Vörubretti								
PAPPI	Kassar							
	Tunnur							
	Ílát							
	Vörubretti							
MÁLMAR	Ál	Ílát - föt < 50 l	Matur					
		Annað						
	Stál	Ílát - föt > 50 l - < 300 l	Matur					
		Annað						
Stál	Ílát - föt < 50 l	Matur						
	Annað							
Stál	Ílát - föt > 50 l - < 300 l	Matur						
	Annað							
VIÐUR	Kassar							
	Grindur							
	Viðarhylki							
	Vörubretti							
	Brettakassar							

4. Gögn varðandi samsett efni má færa með heildarþyngd helsta efnisþáttarins eða sérstaklega.

Valfrjálst er hvort tafla 2 er útfyllt og er hún aðeins ætluð fyrir þá flokka vöru og/eða umbúða sem innlend yfirvöld telja skipta máli í tengslum við 5. gr. tilskipunar 94/62/EB.

Í samræmi við það er dalkunum fyrir tegundir umbúða og vara ætlað að ná yfir þær tegundir umbúða og vara sem kunna að skipta máli að því er varðar endurnýtingu, en aðeins ber að útfylla þá reiti sem skipta máli gagnvart innlendum endurnýtingarkerfum. Ef þörf er á er heimilt að laga yfirskriftirnar að viðkomandi kerfi.

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er heimilt að skipta almennu liðunum drykkir/matur/annað í sérstaka liði svo sem ölkelduvatn, gosdrykki, mjólk, áfenga drykki, kjöt, fisk, þvottaefni o.s.frv.

Gögnin og nákvæmni þeirra skulu háð því hversu aðgengileg þau eru og kostnaði við öflun þeirra og er heimilt að taka þar mið af aðstæðum aðildarríkjanna.

*Athugasemdir:*

„Einingar í umferð“:

merkir fjölda eininga í umferð í endurskilakerfinu.

„Fjöldi umferða á ári“:

merkir fjölda umferða sem einingarnar fara að meðaltali í kerfinu á ári.

Svartir reitir teljast í engum tilvikum skipta máli.

Gefa skal upp magn drykkja/vökva í lítrum, en allt annað í kílógrömmum.

### III. VIÐAUKI

Tafla 3

Magn umbúðaúrgangs (í tonnum) sem til fellur og er meðhöndlað í aðildarríkinu

(í tonnum)

Efni	Samtals	Flokkað til endurvinnslu	Endurnýtt með						Ráðstafað með	
			lífrænni endurvinnslu	annars konar endurvinnslu	endurvinnslu samtals	orkuvinnslu	annars konar endurnýtingu	endurnýtingu samtals	brennslu	urðun
GLER										
PLAST	PET									
	PE									
	PVC									
	PP									
	PS									
	Annað Samtals									
PAPPÍR OG PAPPÍ										
MÁLMAR	Ál									
	Stál									
	Samtals									
SAMSETT EFNI										
VIÐUR										
ANNAN										
SAMTALS										

Tafla 4.1

Magn umbúðaúrgangs (í tonnum) sem til fellur í aðildarríkinu og er endurheimt utan þess og eftirlit er haft með

(í tonnum)

Efni	Endurnýtt með					
	lífrænni endurvinnslu	annars konar endurvinnslu	endurvinnslu samtals	orkuvinnslu	annars konar endurnýtingu	endurnýtingu samtals
GLER						
PLAST	PET					
	PE					
	PVC					
	PLAST PP					
	PS					
	Annað					
	Samtals					
PAPÍR OG PAPPÍ						
METALL	Ál					
	Stál					
	Samtals					
SAMSETT EFNI						
VIÐUR						
ANNAÐ						
SAMTALS						

Tafla 4.2

Magn umbúðaúrgangs (í tonnum) sem til fellur utan aðildarríkisins en er endurheimt innan þess og eftirlit er haft með

(í tonnum)

Efni	Endurnýtt með					
	lífrænni endurvinnslu	annars konar endurvinnslu	endurvinnslu samtals	orkuvinnslu	annars konar endurnýtingu	endurnýtingu samtals
GLER						
PLAST	PET					
	PE					
	PVC					
	PLAST PP					
	PS					
	Annað					
	Samtals					
PAPÍR OG PAPPÍ						
METALL	Ál					
	Stál					
	Samtals					
SAMSETT EFNI						
VIÐUR						
ANNAD						
SAMTALS						

*Athugasemd við töflur 3, 4.1 og 4.2*

1. Valfrjálst er hvort gögnunum í töflu 3 er skipt í úrgang sveitarfélaga og annan úrgang.
2. Dálkurinn „samtals“ er skyldubundinn. Dálkurinn „flokkað til endurvinnslu“ er valfrjáls.
3. Dálkarnir „lífræn endurvinnsla“ og „annars konar endurvinnsla“ eru valfrjálsir. Dálkurinn „endurvinnsla samtals“ er skyldubundinn.
4. Dálkarnir „orkuvinnsla“ og „annars konar endurnýting“ eru valfrjálsir. Dálkurinn „endurnýting samtals“ er skyldubundinn.
5. Dálkarnir „brennsla“ og „urðun“ eru valfrjálsir.
6. Valfrjálst er hvort lögð eru fram gögn um skiptingu í mismunandi flokka plastefna, skiptingu málma í stál og ál, um samsett efni og við.
7. Gögn varðandi samsett efni má færa með heildarþyngd helsta efnisþáttarins eða færa þau sérstaklega.
8. Svartir reitir teljast í engu tilviki skipta máli. Valfrjálst er hvort skyggðir reitir eru fylltir út.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/27/13**

**nr. 95/97**  
**frá 9. desember 1997**

**um breytingu á II. viðauka**  
**(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/97 frá 26. mars 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun ráðsins 69/493/EBE frá 15. desember 1969 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kristallsgler<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 3f (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 3052/95/EBE) í XIX. kafla II. viðauka við samninginn:

„3g. **369 L 0493:** Tilskipun ráðsins 69/493/EBE frá 15. desember 1969 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kristallsgler (Stjttíð. EB nr. L 326, 29. 12. 1969, bls. 36).”.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 69/493/EBE á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 9. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 182, 10. 7. 1997, bls. 49 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 29, 10. 7. 1997, bls. 70.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 326, 29. 12. 1969, bls. 36.



**TILSKIPUN RÁÐSINS****frá 15. desember 1969****um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kristallsgler(\*)**

(69/493/EBE)

**RÁÐEVROPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Mismunur er á reglum tiltekinna aðildarríkja með tilliti til notkunar sérstakra heita fyrir kristallsglervörur og þeim skuldbindingum sem lúta að samsetningu þeirra. Þessi mismunur hindrar viðskipti með þessar vörur og kann að leiða til röskunar á samkeppni innan bandalagsins.

Hægt er að ryðja þessum hindrunum fyrir tilkomu og starfsemi hins sameiginlega markaðar úr vegi ef öll aðildarríkin samþykka sömu kröfur.

Með bandalagsákvæðunum, sem samþykka á um heiti ólíkra kristallsglerflokka og einkenni þeirra, er bæði stefnt að því að vernda kaupendur fyrir svikum og einnig framleiðendur sem virða þessi ákvæði.

Til þess að reglur bandalagsins nái fram að ganga er nauðsynlegt að staðla aðferðir til þess að ákvarða efnafræðilega og eðlisfræðilega eiginleika kristallsglervöru sem ber heiti sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

Þessi tilskipun gildir um þær vörutegundir sem taldar eru í tollskrárnúmeri 70-13 í sameiginlegu tollskránni.

**2. gr.**

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að samsetning, framleiðslueiginleikar og merking vörunnar sem um getur í 1. gr., svo og hvers kyns auglýsingar fyrir slíka vöru, séu í samræmi við skilgreiningar og reglur sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og viðaukum við hana.

**3. gr.**

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að heitin í dálki b í I. viðauka séu notuð í viðskiptum með vörutegundir sem hafa ekki eiginleikana sem tilgreindir eru í dálkum d til g í I. viðauka.

**4. gr.**

1. Ef vara, sem fellur undir þessa tilskipun, ber heiti sem talið er upp í dálki b í I. viðauka má einnig merkja hana með samsvarandi auðkennistákni, eins og sýnt er og lýst í dálkum h og i í sama viðauka.

2. Þegar vörumerki, heiti fyrirtækis eða önnur áletrun felur í sér, hvort heldur sem meginefni, einkunn eða stofn, heiti sem birt er í dálkum b og c í I. viðauka, eða heiti sem rugla má saman við þau heiti, skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að rétt á undan téðu vörumerki, heiti eða áletrun fari eftirfarandi atriði, með mjög áberandi lettri:

- lýsing vörunnar, hafi varan þá eiginleika sem tilgreindir eru í dálkum d til g í I. viðauka;
- nákvæm umsögn um eðli vörunnar, hafi varan ekki þá eiginleika sem greindir eru í dálkum d til g í I. viðauka.

**5. gr.**

Heiti og auðkennistákn, sem eru sýnd í I. viðauka, má birta á einum og sama merkimiða.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 326, 29. 12. 1969, bls. 36, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/97 frá 9. desember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. C 108, 19. 10. 1968, bls. 35.

**6. gr.**

Nota ber aðferðirnar sem mælt er fyrir um í II. viðauka, og engar aðrar, þegar sannprófa á að vara, sem ber heiti og auðkennistákn, hafi eiginleika samsvarandi þeim, eins og tilgreint er í dálkum d til g í I. viðauka.

**7. gr.**

Ákvæði þessarar tilskipunar gilda ekki um vörur sem ætlaðar eru til útflutnings til ríkja utan bandalagsins.

**8. gr.**

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar innan átján mánaða frá því tilkynnt er um hana og tilkynna framkvæmdastjórninni um það þegar í stað. Strax og tilkynnt hefur verið um tilskipun þessa skulu aðildarríkin einnig láta framkvæmdastjórnina vita um hver þau drög að lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem þau hyggjast samþykka um málefni er tilskipun þessi tekur til með nægum fyrirvara svo að hún geti lagt fram athugasemdir.

**9. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. desember 1969.




Fyrir hönd ráðsins,

**H. J. DE KOSTER**

forseti.

## I. VIÐAUKI

## SKRÁ YFIR FLOKKA KRISTALLSGLERS

Nr	Heiti flokks	Skýringar	Eiginleikar				Merking	
			Málm-oxíð (%)	Þéttni	Brotstuðull	Yfirborðsharka	Lögun tákns	Aths.
-a-	-b-	-c-	-d-	-e-	-f-	-g-	-h-	-i-
1	CRISTAL SUPERIEUR 30 % CRISTALLO SUPERIORE 30 % HOCHBLEIKRISTALL 30 % VOLLOODKRISTAL 30 %	Afnot af heiti eru frjáls, án tillits til upprunalandis eða viðtökulands	PbO <sup>3</sup> 30 %	<sup>3</sup> 3,00	x			Kringlótt merki Litur: gylltur. Ø <sup>3</sup> 1 cm
2	CRISTAL AU PLOMB 24 % CRISTALLO AL PIOMBO 24 % BLEIKRISTALL 24 % LOODKRISTALL 24 %	Hundraðstalan táknað blýoxíðsinnihald	PbO <sup>3</sup> 24 %	<sup>3</sup> 2,90	x			
3	CRISTALLIN VETRO SONORO SUPERIORE KRISTALLGLAS KRISTALLIJNGLAS <sup>(1)</sup> SONOORGLAS <sup>(2)</sup>	Aðeins er heimilt að nota heitin á máli eða málum landsins þar sem varan er markaðssett Undantekning: Á þýskum markaði má selja pressað gler sem inniheldur 18% PbO, með lágmarksþéttni 2,70 með heitinu „PRESSBLEIKRISTALL“ eða „BLEIKRISTALL GEPRESST“ (með hástöfum)	ZnO BaO PbO K <sub>2</sub> O eitt eða fleiri <sup>3</sup> 10 %	<sup>3</sup> 2,45	nD <sup>3</sup> 1,520			Fer-kantað merki Litur: silfraður. Hlið: <sup>3</sup> 1 cm
4	VERRE SONORE VETRO SONORO KRISTALLGLAS SONOORGLAS		BaO PbO K <sub>2</sub> O eitt eða fleiri <sup>3</sup> 10 %	<sup>3</sup> 2,40		Vickers - 550 ± 20		Merki er jafnhliða þríhyrningur. Litur: silfraður. Hlið: <sup>3</sup> 1 cm

x nD <sup>3</sup>1,545 sem viðmiðun fyrir frekari ákvörðun varanna (við innflutning).

1 Í Belgíu.

2 Í Hollandi.

## II. VIÐAUKI

### AÐFERDIR VIÐ AÐ ÁKVARÐA EFNAFRÆÐILEGA OG EÐLISFRÆÐILEGA EIGINLEIKA FLOKKA KRISTALLSGLERS

#### 1. EFNAFRÆÐILEGAR GREININGAR

##### 1.1. **BaO og PbO**

###### 1.1.1. *Ákvörðun heildarmagns BaO + PbO*

Glerduft, um 0,5 g, er vegið með 0,0001 g nákvæmni og sett í platínuflát. Vætt með vatni og 10 ml af 15% brennisteinssýrulausn og 10 ml af flúorsýru bætt við. Sýnið er hitað í sandbaði uns hvítar gufur stíga upp. Látið kólna og 10 ml af flúorsýru bætt við aftur. Hitað uns hvítar gufur stíga upp á ný. Látið kólna og flátið skolað að innan með vatni. Hitað uns hvítar gufur stíga upp á ný. Látið kólna, 10 ml af vatni bætt varlega út í, og sýnið sett yfir í 400 ml bikarglas. Ílátið er skolað nokkrum sinnum með 10% brennisteinssýrulausn, þynnt upp að 100 ml með sömu lausn. Látið sjóða í 2-3 mínútur og látið standa yfir nótt.

Sýnið er síað gegnum síudeiglu, grop 4, sem fyrst er þvegin með 10% brennisteinssýrulausn, síðan tvisvar eða þrisvar með etanóli. Þurrkað í klukkustund í ofni við 150° C. BaSO<sub>4</sub> + PbSO<sub>4</sub> er vegið.

###### 1.1.2. *Ákvörðun BaO*

Glerduft, um 0,5 g, er vegið með nákvæmni upp á 0,0001 g og sett í platínuflát. Vætt með vatni og 10 ml af flúorsýru og 5 ml af perklórsýru bætt við. Hitað í sandbaði uns hvítar gufur stíga upp.

Látið kólna og 10 ml af flúorsýru bætt út í aftur. Hitað uns hvítar gufur stíga upp á ný. Látið kólna og flátið skolað að innan með eimuðu vatni. Hitað áfram og látið gufa upp þar til nánast allur vökví er horfinn. Látið út í 50 ml af 10% saltsýrulausn og hitað lítillega til þess að greiða fyrir upplausn. Hellt yfir í 400 ml bikarglas og þynnt upp að 200 ml með vatni. Suðan látin koma upp og straumi brennisteinsvetnis hleypt í gegnum heita lausnina. Þegar botnfall blýsúlfíðs sest í botn bikarglassins er skrúfað fyrir brennisteinsvetnið. Síað um þetta pappírssíu og þvegið með köldu vatni sem er mettað brennisteinsvetni.

Síuvökvinn er soðinn og, ef þörf krefur, látinn rýrna við uppgufun niður í 300 ml. Út í sjóðandi lausnina er bætt 10 ml af 10% brennisteinssýrulausn. Hitagjafi er fjarlægður og síuvökvinn látinn standa eigi skemur en fjórar klukkustundir.

Síað um þetta pappírssíu og þvegið með köldu vatni. Botnfallið brennt upp að 1050° C og BaSO<sub>4</sub> vegið.

##### 1.2. **Ákvörðun ZnO**

Síuvökvinn frá aðskiljun BaSO<sub>4</sub> er látinn rýrna við uppgufun niður í 200 ml. Lausnin er gerð hlutlaus með ammóníaki, metýlrautt notað sem litvísir, og 20 ml af 1/10 N brennisteinssýru bætt við. Sýrustigi 2 (á pH-mæli) er náð með því að bæta 20 ml af 1/10 N brennisteinssýru eða 1/10 N vítissóðalausn, eftir því sem verkast vill, og sinksúlfíðið látið botnfalla í kulda með því að hleypt er á straumi brennisteinsvetnis. Botnfallið er látið standa í fjórar klukkustundir og því safnað í þéttan síupappír. Þvegið með vatni sem er brennisteinsvetnismettað. Botnfallið er leyst upp á sífunni með því að hellt er í gegnum það 25 ml af heitri 10% saltsýrulausn. Sían er þvegin með sjóðandi vatni þar til um 150 ml er náð. Lausnin er gerð hlutlaus með ammóníaki með lakkmuspappír sem litvísir, þá er bætt 1-2 g af föstu úrótrópinu til þess að jafna lausnina í um það bil 5 pH-stig. Nokkrum dropum af nýblandaðri 0,5% vatnslausn xýlenólsappelsínuguls er bætt við og títrað með 1/10 N *Complexon III*-lausn þar til rósrauði liturinn breytist í sítrónugult.

**1.3. Ákvörðun  $K_2O$** 

með því að botnfella kalíumterfenýlbórat og vega.

*Aðferð:* 2 g af gleri, sem búið er að mala og sigta, eru leyst upp í  
2 ml af hreinu  $HNO_3$   
15 ml af  $HCO_4$   
25 ml af HF

í platínufláti í vatnsbaði og síðan í sandbaði. Þéttar perklórsýrugufur losna (uppgufun haldið áfram þar til sýnið þornar), þá er sýnið leyst upp í 20 ml af heitu vatni og 2-3 ml af hreinni saltsýru.

Sýninu er hellt yfir í 200 ml mælikolbu og fyllt upp að marki með eimuðu vatni.

*Hvarfefni:* 6% lausn natríumtetrafenýlbórats: 1-5 g hvarfefnisins eru leyst upp í 250 ml af eimuðu vatni. Það litla grugg sem eftir verður hverfur þegar bætt er í 1 g af vötnuðu áli. Lausnin er hrist í fimm mínútur og síuð, þess er gætt að sía aftur fyrstu 20 ml sem fást.

*Lausn til að þvo botnfallið:* dálítið af natríumsalti er framleitt með því að láta botnfalla um 0,1 g af KCl í 50 ml 1/10 N HCl og tetrafenýlbóratslausninni er bætt við og hrært í þar til útfellingu lýkur. Síað gegnum glersíu. Þvegið með eimuðu vatni og þurrkað í þurrkara við stofuhita. Síðan er 20-30 mg af saltinu hellt út í 250 ml af eimuðu vatni. Hrært í af og til. Eftir 30 mínútur er 0,5-1 g af vötnuðu áli bætt út í. Hrært í nokkrar mínútur og síað.

*Framkvæmd:* Tekinn er deiliskammtur af súra niðurbrotsefninu sem svarar til um 10 mg af  $K_2O$ . Hann er þynntur upp að um 100 ml. Hvarfefnislausninni er bætt varlega út í, um 10 ml fyrir hver áætluð 5 mg af  $K_2O$  og hrært lítillega. Lausnin er látin standa innan við fimmtán mínútur og síuð með síu úr hertu gleri, grop 3 eða 4. Þvegið með þar til gerðri lausn og þurrkað í þrjátíu mínútur við 120° C. Breytistuðull er 0,13143 fyrir  $K_2O$ .

**1.4. Vikmörk**

$\pm 0,1$  í algildi við hverja ákvörðun. Leiði greining, innan vikmarka, lægra gildi í ljós en uppgefin mörk (30, 24 eða 10%), er meðaltal eigi færri en þriggja greininga tekið. Ef slíkt meðaltal reynist herra en eða jafnt 29,95, 23,95 eða 9,95, eftir því sem við á, skal glerið teljast tækt í flokki 30, 24 og 10%, eftir því sem við á.

**2. EÐLISFRÆÐILEG SKILGREINING****2.1. Þéttni**

Aðferð þar sem stuðst er við vatnsþrýstingsjafnvægi með nákvæmni upp á  $\pm 0,01$ . Sýni, sem er a.m.k. 20 g, er vegið í lofti og á kafi í eimuðu vatni við 20° C.

**2.2. Brotstuðull**

Stuðullinn er mældur á ljósbrotsmæli með nákvæmni upp á  $\pm 0,001$ .

**2.3. Míkróharka**

*Vickers*-hörku á að mæla samkvæmt staðli ASTM E 92-65 (endurskoðun frá 1965) en miðað skal við 50 g þyngd og meðaltal eigi færri en 15 ákvarðana.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/27/14**

**nr. 96/97**  
**frá 28. nóvember 1997**

**um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/97 frá 12. nóvember 1997<sup>(1)</sup>.

Tilmæli nr. 21 frá 28. nóvember 1996 um beitingu a-liðar 1. mgr. 69. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 gagnvart atvinnulausum einstaklingum sem fylgja maka sínum sem starfar í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki, samþykkt af framkvæmdaráði Evrópubandalagsins um félagslegt öryggi farandlaunþega<sup>(2)</sup> skulu felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 4.7 (tilmæli nr. 20) í VI. viðauka við samninginn:

„4.8 **97/C 67/03**: Tilmæli nr. 21 frá 28. nóvember 1996 um beitingu a-liðar 1. mgr. 69. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 atvinnulausum einstaklingum sem fylgja maka sínum sem starfar í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki (Stjttíð. EB nr. C 67, 4. 3. 1997, bls. 3).”

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilmæla nr. 21 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. nóvember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 134, 7. 5. 1998, bls. 11 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 18, 7. 5. 1998, bls. 77.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. C 67, 4. 3. 1997, bls. 3.

**TILMÆLI nr. 21****frá 28. nóvember 1996****um beitingu a-liðar 1. mgr. 69. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 gagnvart atvinnulausum sem fylgja maka sínum sem starfar í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki(\*)**

(97/C 67/03)

FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um allt er lýtur að framkvæmd eða túlkun ákvæða reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og annarra reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt skilmálum 1. mgr. 69. gr. hefur launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, sem er með öllu atvinnulaus og fer til eins eða fleiri aðildarríkja annarra en hins lögbæra ríkis í leit að atvinnu, rétt á að halda atvinnuleysisbótum sínum með ákveðnum skilyrðum og takmörkunum.

Eitt þeirra skilyrða sem mælt er fyrir um í a-lið framangreindrar málsgreinar er að hlutaðeigandi einstaklingur hafi verið reiðubúinn að þiggja vinnu hjá vinnumiðlun hins lögbæra ríkis í fjórar vikur hið minnsta eftir að hann varð atvinnulaus.

Lokamálsliður a-liðarins gerir þó ráð fyrir að þar til bær stofnun eða vinnumiðlun geti heimilað brottför viðkomandi áður en þessar fjórar vikur eru liðnar.

Þetta leyfi skal að jafnaði veitt einstaklingum sem óska eftir að fylgja maka sínum sem hefur fengið starf í öðru aðildarríki, enda uppfylli þeir önnur skilyrði sem eru sett í 1. mgr. 69. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71.

Við ákvarðanatöku skulu ákvæði 80. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 lögð til grundvallar.

LAGT TIL EFTIRFARANDI við þar til bæra vinnumiðlun eða stofnun:

1. Leyfi til brottfarar áður en fjögurra vikna fresturinn, sem kveðið er á um í lokamálslið a-liðar 1. mgr. 69. gr., er runninn út skal veitt launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklingi sem er með öllu atvinnulaus, uppfyllir öll önnur skilyrði sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 69. gr. og fylgir maka sínum sem hefur fengið starf í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki.
2. Tilmæli þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að þau birtast í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Formaður framkvæmdaráðsins,

*Denis CROWLEY*

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. C 67, 4. 3. 1997, bls. 3, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/97 frá 28. nóvember 1997 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/27/15**

**nr. 97/97**  
**frá 28. nóvember 1997**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/97 frá 30. apríl 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun ráðsins 96/82/EB frá 9. desember 1996 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Tilskipun 96/82/EB ógildir, með gildistöku frá þeim degi þegar 24 mánuðir hafa liðið frá því hún öðlaðist gildi, tilskipun ráðsins 82/501/EBE frá 24. júní 1982 um hættu á stórslysum í tengslum við tiltekna iðnaðarstarfsemi<sup>(3)</sup> sem er hluti af samningnum og skal felld brott úr honum með gildistöku frá sama degi.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 23. lið (tilskipun ráðsins 82/501/EBE) í XX. viðauka við samninginn:

„23a. **396 L 0082:** Tilskipun ráðsins 96/82/EB frá 9. desember 1996 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna (Stjttíð. EB nr. L 10, 14. 1. 1997, bls. 13).“

**2. gr.**

Texti 23. liðar (tilskipun ráðsins 82/501/EBE) fellur niður með gildistöku frá 3. febrúar 1999.

**3. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 96/82/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**5. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. nóvember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 242, 4. 9. 1997, bls. 77 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 37, 4. 9. 1997, bls. 116.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 10, 14. 1. 1997, bls. 13.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 230, 5. 8. 1982, bls. 1.



## TILSKIPUN RÁÐSINS 96/82/EB

frá 9. desember 1996

## um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna(\*)

## RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 130. gr. s,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun ráðsins 82/501/EBE frá 24. júní 1982 um hættu á stórslysum í tengslum við tiltekna iðnaðarstarfsemi (4) fjallar um varnir gegn stórslysum sem orðið geta við tiltekna iðnaðarstarfsemi og um að draga úr afleiðingum þeirra fyrir menn og umhverfi.
- 2) Markmið og meginreglur umhverfisstefnu bandalagsins, eins og hún er sett fram í 1. og 2. mgr. 130. gr. r í sáttmálanum og sundurliðuð í aðgerðaáætlunum Evrópubandalagsins á sviði umhverfismála (5), beinast einkum að því að varðveita og vernda umhverfið, og stuðla að heilsuvernd, með forvarnarstarfi.
- 3) Ráðið og fulltrúar ríkisstjórna aðildarlandanna, sem komu saman á vegum ráðsins, lögðu á það áherslu í ályktun sinni um fjórðu aðgerðaáætlunina á sviði umhverfismála (6), að þörf væri á að tilskipun 82/501/EBE væri framkvæmd með áhrifaríkari hætti og fóru þess á leit að tilskipunin yrði

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 10, 14. 1. 1997, bls. 13, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/97 frá 28. nóvember 1997 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 106, 14. 4. 1994, bls. 4 og Stjtið. EB nr. C 238, 13. 9. 1995, bls. 4.

(2) Stjtið. EB nr. C 295, 22. 10. 1994, bls. 83.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 16. febrúar 1995 (Stjtið. EB nr. C 56, 6. 3. 1995, bls. 80), sameiginleg afstaða ráðsins frá 19. mars 1996 (Stjtið. EB nr. C 120, 24. 4. 1996, bls. 20) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. júlí 1996 (Stjtið. EB nr. C 261, 9. 9. 1996, bls. 24).

(4) Stjtið. EB nr. L 230, 5. 8. 1982, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE (Stjtið. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48).

(5) Stjtið. EB nr. C 112, 20. 12. 1973, bls. 1. Stjtið. EB nr. C 139, 13. 6. 1977, bls. 1. Stjtið. EB nr. C 46, 17. 2. 1983, bls. 1. Stjtið. EB nr. C 70, 18. 3. 1987, bls. 1. Stjtið. EB nr. C 138, 17. 5. 1993, bls. 1.

(6) Stjtið. EB nr. C 328, 7. 12. 1987, bls. 3.

endurskoðuð með það í huga að rýmka gildissvið hennar, ef þörf þætti á, og að auka upplýsingaskipti um þetta efni milli aðildarríkjanna. Í fimmtu aðgerðaáætluninni, en megináðferð hennar var samþykkt af hálfu ráðsins og af fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, í ályktuninni frá 1. febrúar 1993 (7), er sömuleiðis hvatt til betri áhættustjórnunar og slysavarna.

- 4) Eftir slysin í Bhopal og Mexíkóborg, þar fram kom hættan sem getur stafað af hættulegum athafnasvæðum í nágrenni byggðar, var þess farið á leit við framkvæmdastjórnina í ályktun ráðsins frá 16. október 1989 að hún bætti í tilskipun 82/501/EBE ákvæðum um stjórnun á skipulagi landnotkunar vegna starfsleyfa til nýrra stöðva og vegna þéttbýlisskipulags umhverfis þær stöðvar sem fyrir eru.
- 5) Í téðri ályktun ráðsins var framkvæmdastjórnin hvött til að vinna að því með aðildarríkjunum að auka gagnkvæman skilning og samhæfa meginreglur og aðferðir landanna í tengslum við öryggisskýrslur.
- 6) Æskilegt er að samnýta reynsluna sem fæst af ólíkum aðferðum við stórslysavarnir; framkvæmdastjórnin og aðildarríkin ættu að efla tengsl sín við alþjóðastofnanir á þessu sviði og stuðla að því að í þriðju ríkjum séu gerðar ráðstafanir sem eru jafngildar þeim sem er að finna í þessari tilskipun.
- 7) Í samningi Efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um áhrif iðnaðarslysa yfir landamæri eru ákvæði um ráðstafanir til að fyrirbyggja slys í iðnaði sem geta haft áhrif í öðrum löndum, auka viðbúnað vegna þeirra og skipuleggja viðbrögð við þeim, og um alþjóðlegt samstarf á þessu sviði.
- 8) Tilskipun 82/501/EBE var fyrsti áfanginn í samhæfingarferli. Rétt er að endurskoða og auka téða tilskipun til þess að tryggja öflugan vernd um gervallt bandalagið á samræmdan og skilvirkan hátt. Samhæfingin, sem nú er búin við, takmarkast við ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að koma upp áhrifaríkara kerfi til að afstýra stórslysum sem hafa víðtæk áhrif og til að draga úr afleiðingum þeirra.

(7) Stjtið. EB nr. C 138, 17. 5. 1993.

- 9) Afleiðingar stórslysa geta náð til annarra landa. Náttúruspjöll og útgjöld vegna óhapps hvíla ekki eingöngu á starfsstöðinni, sem fyrir óhappinu verður, heldur einnig á aðildarríkjunum sem eiga í hlut. Því er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að tryggja öflugna vernd í öllu bandalaginu.
- 10) Ákvæði þessarar tilskipunar skulu gilda með fyrirvara um bandalagsákvæði um heilbrigði og öryggi á vinnustað.
- 11) Ekki er heppilegt að notast við skrá þar sem tilteknar stöðvar eru tilgreindar en ekki getið um aðrar stöðvar sem eru jafnhættulegar, og getur slíkt leitt til þess engar reglur nái yfir hluti sem geta hugsanlega valdið stórslysum. Rétt er að breyta gildissviði tilskipunar 82/501/EBE til að ákvæðin nái til allra starfsstöðva þar sem hættuleg efni er að finna í nægilega miklu magni til að valdi hættu á stórslysum.
- 12) Að teknu tilliti til sáttmálans og í samræmi við viðeigandi bandalagslöggjöf mega aðildarríkin láta haldast eða taka upp viðeigandi ráðstafanir vegna flutninga í skipakvím, við bryggjur og á röðunarsvæðum járnbrautarstöðva, sem þessi tilskipun tekur ekki til, til þess að tryggja jafnmikið öryggi og mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
- 13) Flutningur hættulegra efna um leiðslur getur líka valdið stórslysum. Framkvæmdastjórninni ber að taka saman og meta upplýsingar um þær aðferðir sem nú eru notaðar í bandalaginu til að stjórna slíkri starfsemi og um þau óhöpp sem orðið hafa, og gefa út tilkynningu um þetta efni og ef þörf er á um þær ráðstafanir sem helst eiga þar við.
- 14) Að teknu tilliti til sáttmálans og í samræmi við viðeigandi bandalagslöggjöf mega aðildarríkin láta standa eða taka upp ráðstafanir vegna urðunar úrgangs, sem falla ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar.
- 15) Greining á stórslysum, sem tilkynnt hafa verið í bandalaginu, sýnir að þau eru flest afleiðing gallaðrar stjórnunar og/eða skipulags. Því er nauðsynlegt að á vettvangi bandalagsins sé settar grundvallarreglur um stjórnkerfi sem nota má til forvarnastarfs og stjórnunar í tengslum við hættu á stórslysum og til að draga úr afleiðingum þeirra.
- 16) Ólíkt skipulag við skoðun starfsstöðva á vegum lögbærra yfirvalda getur valdið því að verndin verði misöflug. Nauðsynlegt er að á vettvangi bandalagsins sé mælt fyrir um grundvallarkröfur sem skoðunarkerfi aðildarríkjanna verða að fullnægja.
- 17) Til að sýna að gripið hafi verið til nauðsynlegra ráða til að afstýra stórslysum, undirbúa viðlagaáætlanir og skipuleggja viðbrögð ber þeim, sem rekur starfsstöð þar sem hættuleg efni er að finna í verulegum mæli, að fá lögbæru yfirvaldi í hendur öryggisskýrslu með nákvæmum upplýsingum um starfsstöðina, þau hættulegu efni sem þar er að finna, stöðvar eða geymslur, hugsanleg stórslys og þau stjórnkerfi sem til eru, til þess að afstýra megi stórslysum og draga úr hættunni á þeim og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að draga úr afleiðingum þeirra.
- 18) Til þess að draga megi úr hættu á keðjuverkun þar sem starfsstöðvar eru staðsettar með þeim hætti eða svo þétt saman að það auki hættu og líkur á stórslysum, eða auki afleiðingar þeirra, skal séð til þess að skipst sé á viðeigandi upplýsingum og komið á samstarfi um miðlun upplýsinga til almennings.
- 19) Til þess að auðvelda aðgang að upplýsingum um umhverfismál þarf almenningur að geta nálgast öryggisskýrslur sem rekstraraðilar gefa út og þeir, sem gætu skaðast af stórslysi, ættu að fá nægilegar upplýsingar um hvernig bregðast skal við slíku óhappi.
- 20) Til þess að tryggja viðbúnað í neyðartilvikum í þeim starfsstöðvum, sem geyma hættuleg efni í verulegu magni, er nauðsynlegt að gera neyðaráætlanir til nota utan starfsstöðvarinnar og í henni sjálfri og koma upp kerfum til að tryggja að slíkar áætlanir séu prófaðar og endurskoðaðar eftir þörfum og að farið sé eftir þeim þegar stórslys verður eða hætta er á stórslysi.
- 21) Leita skal álits hjá starfsmönnum hverrar starfsstöðvar vegna neyðaráætlunar til nota í starfsstöðinni og hjá almenningi vegna neyðaráætlunar til nota utan starfsstöðvarinnar.
- 22) Til þess að auka vernd íbúabyggðar, svæða sem mikið eru notuð af almenningi og svæða sem eru sérstaklega áhugaverð eða viðkvæm vegna náttúruvafars, er nauðsynlegt að stefna aðildarríkjanna í landnýtingarmálum og/eða öðrum skyldum málum taki mið af þeirri nauðsyn að halda til frambúðar hæfilegri fjarlægð milli slíkra svæða og starfsstöðva sem valda hættu af þessu tagi, og að hugað sé að tæknilegum viðbótarráðstöfunum þar sem slíkar starfsstöðvar er þegar að finna til þess að mönnum stafi ekki aukin hætta af þeim.
- 23) Til þess að tryggja að fullnægjandi ráðstafanir séu gerðar vegna viðbragða við stórslysum skal rekstraraðili tilkynna slysið tafarlaust lögbærum yfirvöldum og senda þær upplýsingar sem þau þurfa á að halda til að meta afleiðingar slyssins.
- 24) Til þess að stuðla að upplýsingaskiptum og fyrirbyggja slys af svipuðum toga í framtíðinni skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um stórslys sem verða á yfirráðasvæði þeirra, til þess að hún geti greint áhættuna sem þar er um að ræða, og starfrækja kerfi til upplýsingamiðlunar, einkum um stórslys og þann lærdóm sem af þeim má draga. Þau upplýsingaskipti skulu einnig ná til atvika þar sem legið hefur við slysi og aðildarríkin telja sérstaklega áhugaverð frá tæknilegu sjónarmiði vegna starfs sem miðast að því að fyrirbyggja stórslys og draga úr afleiðingum þeirra.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

**1. gr.****Markmið**

Markmið þessarar tilskipunar er að fyrirbyggja stórslys af völdum hættulegra efna og draga úr afleiðingum þeirra fyrir menn og umhverfi, með það í huga að um gervallt bandalagið sé vernd gegn slíku tryggð á samkvæman og áhrifaríkan hátt.

**2. gr.****Gildissvið**

1. Tilskipunin skal gilda um starfsstöðvar þar sem hættuleg efni er að finna í jafnmiklu magni, eða meira, og skráð er í 2. dálki 1. og 2. hluta I. viðauka, að 9., 11. og 13. gr. undanskildum, en þær skulu gilda um allar starfsstöðvar þar sem hættuleg efni er að finna í jafnmiklu magni, eða meira, og skráð er í 3. dálki 1. og 2. hluta I. viðauka.

Að því er tekur til þessarar tilskipunar merkir „hættuleg efni er að finna“ að slík efni sé í raun að finna í starfsstöðinni eða búast má við að þau verði það, eða að slík efni myndist ef eitthvað fer úrskaiðis við iðnaðarvinnslu efna, í jafnmiklu magni og samsvarar þróskuldsmerkunum í 1. og 2. hluta I. viðauka, eða meira.

2. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu gilda með fyrirvara um bandalagsákvæði sem snerta vinnuumhverfi, og einkum með fyrirvara um tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustað<sup>(1)</sup>.

**3. gr.****Skilgreiningar**

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „starfsstöð“: allt svæðið sem lýtur stjórn rekstraraðila og þar sem hættuleg efni er að finna í einni stöð eða fleiri, þar á meðal í sameiginlegum eða tengdum grunnvirkjum eða starfsemi;
2. „stöð“: tæknieining innan starfsstöðvar þar sem hættuleg efni eru framleidd, notuð, meðhöndluð eða geymd. Hugtakið skal ná yfir öll tæki, mannvirki, leiðslur, vélar, verkfæri, einkajárnbrautir, skipakvíar, löndunarbyggjur vegna stöðvarinnar, hafnarbakka, vörugeymslur eða hliðstæð mannvirki, fljóttandi eða ekki, sem eru nauðsynleg rekstri stöðvarinnar;
3. „rekstraraðili“: einstaklingur eða lögaðili sem starfrækir eða hefur eignarhald á starfsstöð eða stöð, eða hefur óskoraðan ákvörðunarrétt um reksturinn í samræmi við landslög;

4. „hættulegt efni“: efni, samsett efni eða efnablanda sem skráð er í 1. hluta I. viðauka, eða fellur að viðmiðunaratriðunum sem tilgreind eru í 2. hluta I. viðauka, og er að finna sem hráefni, framleiðsluvara, aukaafurð, leif eða hálfunnin vara, þar með talin efni sem raunhæft er að ætla að myndist þegar slys verða;
5. „stórslys“: atvik á borð við stórfellda losun efna, eldsvoða eða sprengingu sem stafar af stjórnlausri atburðarás við rekstur starfsstöðvar sem þessi tilskipun nær til, og stofnar heilsu manna og/eða umhverfi í mikla hættu í bráð eða lengd, í starfsstöðinni eða utan hennar, og þar sem eitt eða fleiri hættuleg efni koma við sögu;
6. „hætta“: sá eðlislægi eiginleiki hættulegs efnis eða ytri aðstæðna að geta valdið heilsu manna og/eða umhverfinu skaða;
7. „áhætta“: líkur á því að tiltekin áhrif komi fram á tilteknu tímabili eða við tilteknar aðstæður;
8. „geymsla“: það að ákveðið magn hættulegra efna er að finna í vörugeymslu, í öryggisvörslu eða sem birgðir.

**4. gr.****Undantekningar**

Eftirtalið skal undanþegið ákvæðum þessarar tilskipunar:

- a) starfsstöðvar, stöðvar eða geymslur á vegum hersins;
- b) hætta af völdum jónandi geislunar;
- c) flutningur hættulegra efna á vegum, járnbrautum, skipgengum vatnaleiðum, á sjó eða í lofti og skammtímageymsla þeirra á leiðinni, utan starfsstöðva sem þessi tilskipun nær til, þar með talin ferming og afferming og flutningur til annarra flutningstækja eða frá þeim í skipakvíum, við bryggjur eða á röðunarsvæðum járnbrautarstöðva;
- d) flutningur hættulegra efna í leiðslum, að dælustöðvum meðtöldum, utan starfsstöðva sem þessi tilskipun nær til;
- e) starfsemi námafyrirtækja vegna leitar og vinnslu steinefna í námum og grjótnámum eða með borunum;
- f) urðun úrgangs.

**5. gr.****Almennar skyldur rekstraraðila**

1. Aðildarríkin skulu tryggja að rekstraraðila sé skylt að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja stórslys og til að draga sem mest úr afleiðingum þeirra fyrir menn og umhverfi.

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 183, 29. 6. 1989, bls. 1.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að rekstraraðila sé skylt að sanna, hvenær sem vera skal, fyrir því lögbæra yfirvaldi sem um getur í 16. gr. og kallast hér á eftir „lögbært yfirvald“, að hann hafi gripið til allra nauðsynlegra ráðstafana samkvæmt því sem tilgreint er í þessari tilskipun, einkum að því er varðar skoðunina og eftirlitið sem um getur í 18. gr.

#### 6. gr.

##### Tilkynningar

1. Aðildarríkin skulu skylda rekstraraðila til að senda lögbæru yfirvaldi tilkynningu innan eftirtalinna tímamarka:

- vegna nýrra starfsstöðva, hæfilega löngum tíma áður en framkvæmdir eða starfræksla hefst,
- vegna starfandi starfsstöðva, innan árs frá þeim degi sem er tilgreindur í 1. mgr. 24. gr.

2. Í tilkynningu þeirri, sem krafist er samkvæmt 1. mgr., skal getið um eftirtalin atriði:

- a) nafn eða viðskiptaheiti rekstraraðila og fullt heimilisfang starfsstöðvarinnar sem á í hlut;
- b) skráða starfsstöð rekstraraðila ásamt fullu heimilisfangi;
- c) nafn eða starfsheiti þess sem ber ábyrgð á starfsstöðinni, ef hann er annar en sá sem getið er í a-lið;
- d) upplýsingar sem nægja til að bera kennsl á þau hættulegu efni eða þann flokk hættulegra efna sem um er að ræða;
- e) magn þess hættulega efnis eða efna sem um er að ræða og eðlisástand þeirra;
- f) starfsemi eða fyrirhugaða starfsemi stöðvarinnar eða geymsluaðstöðunnar;
- g) næsta nágreenni starfsstöðvarinnar (aðstæður sem gætu valdið stórslysi eða auknið afleiðingar þess).

3. Þegar um er að ræða starfandi starfsstöð og rekstraraðili þess hefur þegar séð lögbæru yfirvaldi fyrir öllum upplýsingum samkvæmt 2. mgr. í samræmi við kröfur landslaga eins og þau eru við gildistöku þessarar tilskipunar, þá er ekki krafist tilkynningar samkvæmt 1. mgr.

4. Ef til þess kemur,

- að magn hættulegs efnis aukist verulega, eða veruleg breyting verði á eðli eða eðlisástandi þess frá því sem fram kemur í tilkynningunni sem rekstraraðili hefur sent í samræmi við 2. mgr., eða einhver breyting verði á vinnslu þess, eða

- að stöðinni sé lokað varanlega,

skal rekstraraðili tilkynna það lögbæru yfirvaldi tafarlaust.

#### 7. gr.

##### Áætlun um stórslysavarnir

1. Aðildarríkin skulu gera rekstraraðila skylt að gera grein fyrir áætlun sinni um stórslysavarnir í sérstöku skjali og sjá til þess að hún sé framkvæmd með réttum hætti. Áætlun rekstraraðila um stórslysavarnir skal miðast við að tryggja mönnum og umhverfi mikla vernd með viðeigandi aðferðum, þ.á.m. gerð mannvirkja og stjórnkerfa.

2. Skjalið skal byggt á þeim meginreglum sem finna má í III. viðauka og vera lögbærum yfirvöldum til reiðu, meðal annars vegna framkvæmdar 2. mgr. 5. gr. og 18. gr.

3. Þessi grein gildir ekki um starfsstöðvarnar sem um getur í 9. gr.

#### 8. gr.

##### Keðjuverkun

1. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbært yfirvald nýti sér upplýsingar, sem rekstraraðilar leggja fram í samræmi við 6. og 9. gr., til að leita uppi starfsstöð eða hópa starfsstöðva þar sem afleiðingar af stórslysum kunna að aukast vegna staðsetningar og nálægðar við byggð auk og vegna þeirra hættulegu efna sem þar eru.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að þegar slíkar starfsstöðvar finnast:

- a) fái þau á viðeigandi hátt nauðsynlegar upplýsingar til að þeim sé gert kleift að taka til greina eðli og umfang heildarhættunnar af stórslysi í áætlunum sínum um stórslysavarnir, öryggisstjórnunarkerfum, öryggisskýrslum og neyðaráætlunum til nota í starfsstöðinni;
- b) séu gerðar ráðstafanir vegna samstarfs um miðlun upplýsinga til almennings og upplýsingaskil til lögbærs yfirvalds vegna undirbúnings neyðaráætlana til nota utan starfsstöðvarinnar.

#### 9. gr.

##### Öryggisskýrsla

1. Aðildarríkin skulu gera rekstraraðila skylt að leggja fram öryggisskýrslu með það að markmiði:

- a) að sýna fram á að áætlun um stórslysavarnir og öryggisstjórnunarkerfi til að framkvæma hana hafi verið komið á fót í samræmi við upplýsingarnar í III. viðauka;

- b) að sýna fram á að hættan á stórslysum hafi verið greind og að nauðsynlegar ráðstafanir hafi verið gerðar til að fyrirbyggja slík slys og draga úr afleiðingum þeirra fyrir menn og umhverfi;
- c) að sýna fram á að tekið sé fullnægjandi tillit til öryggis og áreiðanleika við hönnun, byggingu, rekstur og viðhald hvers kyns stöðva, geymsluaðstöðu, tækja og grunnvirkja sem tengjast rekstrinum og tengjast hættu á stórslysum í starfsstöðinni;
- d) að sýna fram á að neyðaráætlanir hafi verið gerðar innan starfsstöðvarinnar og leggja fram upplýsingar sem gera það kleift að gera neyðaráætlun til nota utan starfsstöðvarinnar svo grípa megi til nauðsynlegra ráðstafana ef stórslys á sér stað;
- e) að láta lögbærum yfirvöldum í té nægilegar upplýsingar til að þau geti tekið ákvarðanir um staðsetningu nýrrar starfsemi eða framkvæmda í grennd við starfandi starfsstöð.

2. Í öryggisskýrslunni skulu vera að minnsta kosti öll þau gögn og allar þær upplýsingar sem eru tilgreindar í II. viðauka. Þar skal einnig vera uppfærð skrá um hættuleg efni sem er að finna í starfsstöðinni.

Heimilt er að sameina öryggisskýrslur, kafla úr öryggisskýrslum eða aðrar jafngildar skýrslur, sem unnar eru á grundvelli annarrar löggjafar, í eina öryggisskýrslu í skilningi þessarar greinar til þess að komast hjá óþarfri tvítekningu upplýsinga og tvíverknaði hjá rekstraraðila eða lögbæru yfirvaldi, enda sé öllum kröfum þessarar greinar fullnægt.

3. Senda skal lögbæru yfirvaldi öryggisskýrsluna, sem kveðið er á um í 1. mgr., innan eftirtalinnna tímamarka:

- þegar um nýjar starfsstöðvar er að ræða: hæfilega löngu áður en bygging eða rekstur hefst,
- vegna starfandi starfsstöðva sem ekki hefur áður verið fjallað um í tilskipun 82/501/EBE: innan þriggja ára frá deginum sem er tilgreindur í 1. mgr. 24. gr.,
- vegna annarra starfsstöðva: innan tveggja ára frá deginum sem er tilgreindur í 1. mgr. 24. gr.,
- þegar um er að ræða reglubundna endurskoðun sem kveðið er á um í 5. mgr: tafarlaust.

4. Áður en rekstraraðili hefst handa um byggingu eða rekstur, eða í tilvikunum sem um getur í öðrum, þriðja og fjórða undirliði 3. mgr., og innan hæfilegra tímamarka frá því að skýrslan barst, skal lögbært yfirvald:

- tilkynna rekstraraðila niðurstöður athugunar sinnar á öryggisskýrslunni, eftir að farið hefur verið fram á frekari upplýsingar ef þurfa þykir, eða
  - banna að rekstur hefjist í starfsstöðinni eða að honum sé haldið áfram, í samræmi við valdsvið og málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 17. gr.
5. Öryggisskýrslan skal endurskoðuð með reglubundnum hætti og uppfærð þegar þess gerist þörf:
- eigi sjaldnar en á fimm ára fresti,
  - en á öðrum tímum að frumkvæði rekstraraðila eða að ósk lögbærs yfirvalds, þegar ástæða er til vegna nýrra staðreynda eða til að taka megi til greina nýja tækniþekkingu á öryggismálum, til dæmis þekkingu sem byggist á greiningu á slysum eða, eftir því sem unnt er, tilvikum þar sem legið hefur við slysi, og nýja þekkingu á hættumati.

6. a) Þegar sýnt hefur verið fram á, svo lögbæru yfirvaldi þykir fullnægjandi, að ástand einstakra efna, sem er að finna í starfsstöðinni eða einhverjum hluta hennar, sé með þeim hætti að af þeim geti ekki stafað stórslysa-hætta, þá er aðildarríkinu heimilt í samræmi við viðmiðunatriðin í b-lið að einskorða upplýsingar, sem krafist er í öryggisskýrslum, við atriði sem lúta að vörnum gegn þeirri stórslysa-hættu sem eftir stendur, og að draga úr afleiðingum hennar fyrir menn og umhverfi.

b) Áður en farið er að beita þessari tilskipun skal framkvæmdastjórnin samhæfa viðmiðunatriði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 16. gr. tilskipunar 82/501/EBE, vegna úrskurðar lögbærs yfirvalds um að ástand starfsstöðvar geti ekki valdið stórslysa-hættu í skilningi a-liðar. Öðlast a-liður ekki gildi fyrr en þessi viðmiðunatriði hafa verið ákveðin.

c) Aðildarríkin skulu tryggja að lögbært yfirvald sendi framkvæmdastjórninni skrá yfir starfsstöðvarnar, sem eiga í hlut, ásamt rökstuðningi. Framkvæmdastjórnin skal á hverju ári framsenda skrárnar nefndinni sem um getur í 22. gr.

## 10. gr.

### Breytingar á stöð, starfsstöð eða geymsluaðstöðu

Ef breytingar eru gerðar á stöð, starfsstöð, geymsluaðstöðu eða vinnslu, eða ef breytingar verða á eðli eða magni hættulegra efna sem geta haft veruleg áhrif á stórslysa-hættu, þá skulu aðildarríkin tryggja að rekstraraðili:

- endurskoði áætlun sína um stórslysavarnir, svo og stjórnkerfin og málsmeðferðina sem um getur í 7. og 9. gr., og endurnýi eftir þörfum,

- endurskoði öryggisskýrsluna og endurnýi eftir þörfum, og tilkynni slíkar breytingar fyrirfram lögbæru yfirvaldi sem um getur í 16. gr.

### 11. gr.

#### Neyðaráætlanir

1. Aðildarríkin skulu tryggja að í öllum starfsstöðvum sem 9. gr. nær til:

a) geri rekstraraðili neyðaráætlun um ráðstafanir innan starfsstöðvarinnar,

- í nýjum starfsstöðvum: áður en rekstur hefst,
- í þeim starfsstöðvum sem ekki hefur áður verið fjallað um í tilskipun 82/501/EBE: innan þriggja ára frá deginum sem er tilgreindur í 1. mgr. 24. gr.,
- í öðrum starfsstöðvum: innan tveggja ára frá deginum sem er tilgreindur í 1. mgr. 24. gr.;

b) veiti rekstraraðili lögbærum yfirvöldum nauðsynlegar upplýsingar innan eftirtalinnna tímamarka, til að gera þeim kleift að gera neyðaráætlanir til nota utan starfsstöðvarinnar:

- í nýjum starfsstöðvum: áður en rekstur hefst,
- í þeim starfsstöðvum sem ekki hefur áður verið fjallað um í tilskipun 82/501/EBE: innan þriggja ára frá deginum sem er tilgreindur í 1. mgr. 24. gr.,
- í öðrum starfsstöðvum: innan tveggja ára frá deginum sem er tilgreindur í 1. mgr. 24. gr.;

c) sé gerð neyðaráætlun til nota utan starfsstöðvarinnar af hálfu yfirvaldanna, sem aðildarríkin útnefna til þess, vegna þeirra ráðstafana sem grípa þarf til utan starfsstöðvarinnar.

2. Neyðaráætlanirnar skulu gerðar með það að markmiði:

- að halda óhöppum í skefjum og hafa stjórn á þeim til þess að halda áhrifum þeirra í lágmarki og draga úr þeim skaða sem þau valda mönnum, umhverfi og eignum,
- að hrinda í framkvæmd þeim ráðstöfunum sem nauðsynlegar eru til þess að vernda menn og umhverfi fyrir áhrifum stórslysa,
- að koma nauðsynlegum upplýsingum til almennings og þeirra stofnana eða yfirvalda sem málið varðar á svæðinu,
- að umhverfið sé lagfært og hreinsað í kjölfar stórslyss.

Í neyðaráætlunum skal vera að finna upplýsingarnar sem fram koma í IV. viðauka.

3. Með fyrirvara um skyldur lögbærra yfirvalda skulu aðildarríkin tryggja að þær neyðaráætlanir til nota innan starfsstöðva, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, séu gerðar í samráði við starfsfólk starfsstöðvarinnar og að leitað sé samráðs við almenning um neyðaráætlanir til nota utan hennar.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að rekstraraðilar og tilnefnd yfirvöld endurskoði og prófi neyðaráætlanir til nota í starfsstöðvum og utan þeirra og endurnýi þær og uppfæri eftir þörfum með hæfilegu millibili og eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Við endurskoðunina skal taka til greina breytingar á starfsstöðvunum eða opinberri neyðarþjónustu, nýja tækniþekkingu og þekkingu á viðbrögðum við stórslysum.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að rekstraraðili og, ef þurfa þykir, lögbært yfirvald sem til þess hefur verið skipað, hrindi neyðaráætlunum í framkvæmd án tafar:

- þegar stórslys verður, eða
- þegar stjórnlaus atburðarás á sér stað sem skynsamlegt er að ætla að geti valdið stórslysi.

6. Í ljósi upplýsinganna, sem koma fram í öryggisskýrslunni, er lögbæru yfirvaldi heimilt að ákveða að kröfur um gerð neyðaráætlunar til nota utan starfsstöðvarinnar samkvæmt 1. mgr. skuli ekki gilda, enda sé sú ákvörðun rökstudd.

### 12. gr.

#### Skipulag

1. Aðildarríkin skulu tryggja að við mótnun stefnu í skipulagsmálum og/eða öðrum skyldum málum séu tekin til greina þau markmið að afstýra stórslysum og draga úr afleiðingum þeirra. Þau skulu stuðla að þessum markmiðum með því að hafa eftirlit með:

- a) staðsetningu nýrra starfsstöðva,
- b) breytingum á starfandi starfsstöðvum sem 10. gr. tekur til,
- c) nýjum framkvæmdum á borð við samgönguleiðir, staði sem almenningur hefur aðgang að og íbúabyggð í nánd við starfandi starfsstöð, enda fylgi staðsetningunni eða framkvæmdunum aukin hætta á stórslysi eða alvarlegum afleiðingum þess.

Aðildarríkin skulu tryggja að í stefnu þeirra í skipulagsmálum og/eða öðrum skyldum málum og málsmeðferð við framkvæmd þeirrar stefnu sé tekið mið af því að nauðsynlegt er að halda til frambúðar hæfilegri fjarlægð milli starfsstöðva, sem þessi tilskipun nær til, annars vegar og íbúabyggðar, svæða til almenningsnota og svæða, sem eru sérstaklega áhugaverð eða viðkvæm vegna náttúrufars, hins vegar, og að nauðsynlegt er, í starfandi starfsstöðvum, að grípa til viðbótarráðstafana á sviði tæknimála í samræmi við 5. gr. til þess að auka ekki áhættu íbúanna.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að öll lögbær yfirvöld og skipulagsyfirvöld, sem bera ábyrgð á ákvörðunum á þessu sviði, komi sér upp viðeigandi samráðsaðferðum til að auðvelda framkvæmd stefnunnar sem ákveðin er í 1. mgr. Með slíkum aðferðum skal séð til þess að þegar ákvarðanir eru teknar liggja fyrir tæknileg ráðgjöf um áhættu sem tengist starfsstöðinni, annaðhvort í hverju tilviki fyrir sig eða sem almennar upplýsingar.

### 13. gr.

#### Upplýsingar um öryggisráðstafanir

1. Aðildarríkin skulu tryggja að einstaklingar, sem gætu orðið fyrir afleiðingum stórslyss í starfsstöð sem 9. gr. tekur til, fái óumbeðið upplýsingar um öryggisráðstafanir og hvernig rétt er að bregðast við ef slys verður.

Upplýsingarnar skulu endurskoðaðar á þriggja ára fresti og endurnýjaðar og uppfærðar eftir þörfum, að minnsta kosti ef um breytingar er að ræða í skilningi 10. gr. Einnig skal almenningur jafnan hafa aðgang að þeim. Upplýsingar, sem eru ætlaðar almenningi, skulu endurnýjaðar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

Í slíkum upplýsingum skulu koma fram að minnsta kosti þau atriði sem tiltekin eru í V. viðauka.

2. Með hliðsjón af því að stórslys í starfsstöð, sem 9. gr. tekur til, gæti haft afleiðingar sem ná yfir landamæri, skulu aðildarríkin senda þeim aðildarríkjum, sem þetta gæti varðað, upplýsingar sem nægja til að hlutaðeigandi ríki geti beitt öllum viðeigandi ákvæðum 11. og 12. gr., auk þessarar greinar, eftir því sem við á.

3. Hafi aðildarríki komist að þeirri niðurstöðu að starfsstöð, sem stendur nærri yfirráðasvæði annars aðildarríkis, geti ekki valdið stórslysaáhrifum utan athafnasvæðis síns, sbr. 6. mgr. 11. gr., og þurfi því ekki að leggja fram neyðaráætlun til nota utan starfsstöðvarinnar samkvæmt 1. mgr. 11. gr., skal aðildarríkið senda hinu aðildarríkinu upplýsingar um það.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að almenningur hafi aðgang að öryggisskýrslunni. Rekstraraðila er heimilt að fara þess á leit við lögbært yfirvald að tilteknir hlutar skýrslunnar verði ekki gerðir opinberir vegna atvinnuleyndar, persónuleyndar, almannaöryggis eða landvarna. Í slíkum tilvikum skal rekstraraðili, með samþykki lögbærs yfirvalds, láta yfirvaldinu í té breytta útgáfu af skýrslunni, þar sem þessum atriðum er sleppt, og birta hana almenningi.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að almenningi gefist kostur á að láta álit sitt í ljós um eftirtalin málefni:

- skipulagningu nýrra starfsstöðva sem falla undir 9. gr.,
- breytingar á starfandi starfsstöðvum í samræmi við 10. gr.,

þegar slíkum breytingum fylgja skyldur á sviði skipulagsmála eins og kveðið er á um í þessari tilskipun,

- framkvæmdir í nágrenni við starfandi starfsstöðvar af þessu tagi.

6. Þegar um er að ræða starfsstöðvar, sem falla undir ákvæði 9. gr., skulu aðildarríkin tryggja að almenningur hafi aðgang að skránni um hættuleg efni sem kveðið er á um í 2. mgr. 9. gr.

### 14. gr.

#### Upplýsingar sem rekstraraðila ber að gefa í kjölfar stórslyss

1. Aðildarríkin skulu tryggja að jafnskjótt og unnt er eftir að stórslys hefur orðið sé rekstraraðila skylt, á þann hátt sem best hentar:

- a) að láta lögbær yfirvöld vita;
- b) að láta þeim eftirfarandi upplýsingar í té um leið og þær liggja fyrir:

- aðstæður á slysstað,
- hættuleg efni sem um er að ræða,
- gögn sem tiltæk eru til að meta áhrif slyssins á menn og umhverfi, og
- neyðarráðstafanir sem gripið er til;

c) að veita þeim upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir:

- til að draga úr áhrifum slyssins til meðallangs og langs tíma,
- til að koma í veg fyrir að slíkt slys endurtaki sig;

d) að uppfæra upplýsingarnar ef frekari rannsóknir leiða í ljós viðbótarstaðreyndir sem breyta upplýsingunum eða þeim niðurstöðum sem dregnar eru af þeim.

2. Aðildarríkin skulu skylda lögbært yfirvald til þess:

- a) að tryggja að gerðar séu allar þær bráðarráðstafanir og ráðstafanir til meðallangs eða langs tíma sem kunna að reynast nauðsynlegar;
- b) að safna með skoðun, rannsókn eða öðrum viðeigandi hætti þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að ljúka megi greiningu á stórslysinu, hvort sem er á sviði tækni, skipulags eða stjórnunar;

c) að tryggja að rekstraraðili grípi til allra nauðsynlegra ráðstafana til úrbóta; og

d) að leggja fram tillögur um forvarnir.

### 15. gr

#### Upplýsingar sem aðildarríkjunum ber að láta framkvæmdastjórninni í té

1. Með það fyrir augum að koma í veg fyrir stórslys og draga úr áhrifum þeirra ber aðildarríkjunum að tilkynna framkvæmdastjórninni jafnskjótt og auðið er um stórslys sem falla að viðmiðunaratriðunum í VI. viðauka og orðið hafa á yfirráðasvæði þeirra. Eftirtaldir upplýsingar skulu lagðar fram:

- a) aðildarríkið og nafn og heimilisfang yfirvaldsins sem ber ábyrgð á skýrslunni;
- b) hvenær stórslysið varð (dagur, tími) og hvar, ásamt fullu nafni rekstraraðila og heimilisfangi starfsstöðvarinnar sem á í hlut;
- c) stutt lýsing á aðstæðum á slysstað, þar á meðal á þeim hættulegu eignum sem um er að ræða og á fyrstu áhrifum slyssins á menn og umhverfi;
- d) stutt lýsing á neyðarráðstöfunum sem gerðar voru og á þeim varúðaraðgerðum sem nauðsynlegt er að grípa til án tafar til þess að koma í veg fyrir sams konar slys.

2. Þegar upplýsingunum, sem kveðið er á um í 14. gr., hefur verið safnað, ber aðildarríkjunum að tilkynna framkvæmdastjórninni tafarlaust um niðurstöður greiningar á þeim ásamt tillögum sínum á skýrslueyðublaði sem framkvæmdastjórnin gefur út og endurskoðar að staðaldri samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í 22. gr.

Aðildarríkin mega því aðeins fresta því að senda þessar upplýsingar að ljúka þurfi dómsmáli sem er þannig vaxið að upplýsingarnar gætu haft áhrif á það.

3. Aðildarríkjunum ber að tilkynna framkvæmdastjórninni heiti og heimilisfang hverrar þeirrar stofnunar sem kynni að hafa upplýsingar sem máli skipta um stórslys og getur verið til ráðgjafar lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja sem þurfa að láta til sín taka ef hliðstætt slys ber að höndum.

### 16. gr.

#### Lögbært yfirvald

Með fyrirvara um skyldur rekstraraðila skulu aðildarríkin setja á fót eða skipa lögbært yfirvald eða yfirvöld sem sinni þeim skyldustörfum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, og ef þörf er á stofnanir sem geta veitt lögbærum yfirvöldum tæknilega aðstoð.

### 17. gr.

#### Rekstrarbann

1. Aðildarríkin skulu banna rekstur eða að rekstur hefjist í hverri þeirri starfsstöð, stöð eða geymsluaðstöðu, eða hluta þeirra, þar sem mikið skortir á að ráðstafanir rekstraraðila til að fyrirbyggja stórslys og draga úr afleiðingum þeirra séu fullnægjandi.

Aðildarríkin mega banna rekstur eða að rekstur hefjist í starfsstöð, stöð eða geymsluaðstöðu, eða hluta þeirra, ef rekstraraðili hefur ekki skilað innan tilskilins tíma tilkynningu, skýrslum eða öðrum upplýsingum, sem skylt er að standa skil á samkvæmt þessari tilskipun.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að rekstraraðilar eigi þess kost að áfrýja banni lögbærs yfirvalds samkvæmt 1. mgr. til viðeigandi stofnunar samkvæmt ákvæðum landslaga og innlendri málsmeðferð.

### 18. gr.

#### Skoðun

1. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld komi upp skoðunarkerfi eða geri aðrar viðeigandi ráðstafanir til eftirlits vegna þeirrar gerðar starfsstöðvar sem um ræðir. Skoðun eða eftirlit skal eiga sér stað hvort sem öryggisskýrslur eða aðrar skýrslur berast eða ekki. Slík skoðun eða eftirlit skal nægja til skipulegrar og kerfisbundinnar athugunar á kerfum sem notuð eru í starfsstöðinni, hvort sem um er að ræða tæknibúnað, skipulag eða stjórnun, til þess að unnt sé að tryggja sérstaklega:

- að rekstraraðili geti sýnt fram á að hann hafi gripið til viðeigandi ráðstafana til að fyrirbyggja stórslys vegna mismunandi starfsemi innan starfsstöðvarinnar,
- að rekstraraðili geti sýnt fram á að hann hafi gripið til viðeigandi úrræða til að draga úr afleiðingum stórslysa, jafnt á staðnum sem utan hans,
- að gögn og upplýsingar, sem er að finna í öryggisskýrslunni eða öðrum innsendum skýrslum, séu viðeigandi lýsing á aðstæðum í starfsstöðinni,
- að upplýsingarnar hafi verið birtar almenningi í samræmi við 1. mgr. 13. gr.

2. Skoðunarkerfið, sem er tilgreint í 1. mgr., skal fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

- a) til skal vera skoðunaráætlun fyrir allar starfsstöðvar. Hafi lögbært yfirvald ekki gert skoðunaráætlun, sem byggist á kerfisbundnu mati á stórslysaáætlu í starfsstöðinni sem um ræðir, þá skal áætlunin fela í sér að minnsta kosti eina skoðun á staðnum af hálfu lögbærs yfirvalds á tólf mánaða fresti í öllum starfsstöðvunum sem 9. gr. tekur til;



b) í kjölfar hvernar skoðunar skal lögbært yfirvald semja skýrslu;

c) þegar þurfa þykir skal hverri skoðun af hálfu lögbærs yfirvalds fylgt eftir í samvinnu við stjórn starfsstöðvarinnar innan hæfilegs tíma frá skoðuninni.

3. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að gera rekstraraðila skylt að leggja fram allar viðbótarupplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að yfirvaldið geti lagt fullt mat á líkurnar á stórslysi og ákvarðað að hvaða leyti líkur á stórslysum eða alvarlegum afleiðingum þeirra kunna að hafa aukist, með það fyrir augum að undirbúa neyðaráætlun til nota utan starfsstöðvarinnar og að taka til greina efni sem kunna að krefjast sérstakrar athugunar vegna eðlisástands, sérstakra aðstæðna eða staðsetningar.

### 19. gr.

#### Upplýsingakerfi og upplýsingaskipti

1. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu skiptast á upplýsingum um fengna reynslu á sviði stórslysavarna og takmörkunar á afleiðingum þeirra. Þessar upplýsingar skulu einkum ná til gagnsemi þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

2. Framkvæmdastjórnin skal koma upp skrá og upplýsingakerfi sem aðildarríkin hafa aðgang að og nær einkum til einstakra atriða varðandi stórslys sem hafa átt sér stað á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, með það fyrir augum:

- að dreifa sem hraðast til allra lögbærra yfirvalda upplýsingum sem aðildarríkin leggja fram í samræmi við 1. mgr. 15. gr.;
- að dreifa til lögbærra yfirvalda greiningu á orsökum stórslysa og því sem af þeim má læra;
- að láta lögbærum yfirvöldum í té upplýsingar um forvarnir;
- að veita upplýsingar um stofnanir sem geta gefið ráðleggingar eða upplýsingar, sem máli skipta, um stórslys, leiðir til að fyrirbyggja þau og til að draga úr afleiðingum þeirra.

Í skránni og upplýsingakerfinu skulu vera eftirtalin atriði að minnsta kosti:

- upplýsingarnar sem aðildarríkin leggja fram í samræmi við 1. mgr. 15. gr.;
- greining á orsökum slysa;
- það sem læra má af slysum;
- forvarnir sem nauðsynlegar eru til að afstýra slysum af sama tagi.

3. Aðgang að skránni og upplýsingakerfinu skulu hafa, með fyrirvara um 20. gr, ráðuneyti aðildarríkjanna, samtök í iðnaði eða atvinnugreinum, verkalýðssamtök, frjáls félagasamtök sem starfa að umhverfisvernd og aðrar alþjóðlegar stofnanir eða rannsóknarstofnanir á þessu sviði.

4. Á þriggja ára fresti skulu aðildarríkin láta framkvæmdastjórninni í té skýrslu um starfsstöðvar, sem 6. og 9. gr. tekur til, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 91/692/EBE frá 23. desember 1991 um að staðla og einfalda skýrslur um framkvæmd vissra tilskipana um umhverfismál<sup>(1)</sup>. Framkvæmdastjórnin skal birta ágríp af þessum upplýsingum á þriggja ára fresti.

### 20. gr.

#### Trúnaðarkvaðir

1. Til að uppfylla kröfur um gagnsæi skulu aðildarríkin tryggja að lögbærum yfirvöldum sé skylt að afhenda hverjum þeim einstaklingi eða lögaðila, sem þess æskir, upplýsingar sem borist hafa í samræmi við þessa tilskipun.

Upplýsingar, sem borist hafa lögbærum yfirvöldum eða framkvæmdastjórninni, má fella undir trúnaðarkvöð ef kveðið er á um slíkt í landslögum, enda varði þær:

- trúnaðarbundna umfjöllun lögbærra yfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar,
- alþjóðasamskipti og varnarmál,
- almannaoöryggi,
- trúnaðarupplýsingar um forrannsóknir í dómsmáli eða yfirstandandi dómsmál,
- atvinnuleyndarmál, þar með talin hugverk,
- persónugögn og/eða skrár með persónuupplýsingum,
- gögn frá þriðja aðila ef sá hinn sami æskir þess að þau séu bundin trúnaði.

2. Tilskipun þessi kemur þó ekki í veg fyrir að aðildarríki geri samninga við ríki utan bandalagsins um skipti á upplýsingum sem það hefur aðgang að sem aðildarríki.

### 21. gr.

#### Skipunarbréf nefndarinnar

Beita skal málsmeðferðinni í 22. gr. vegna þeirra ráðstafana, sem nauðsynlegar eru til að laga að tækniframförum viðmiðunaratriðin sem vísað er til í b-lið 6. mgr. 9. gr. og II. til VI. viðauka, og til að útbúa skýrslueyðublaðið sem um getur í 2. mgr. 15. gr.

(<sup>1</sup>) Stjúd. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48.

**22. gr.****Nefnd**

Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skilar álit sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitð skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

**23. gr.****Tilskipun 82/501/EBE felld úr gildi**

1. Tilskipun 82/501/EBE skal falla úr gildi 24 mánuðum eftir að þessi tilskipun öðlast gildi.

2. Tilkynningar, neyðaráætlanir og upplýsingar til almennings, sem lagðar eru fram eða útbúnar í samræmi við tilskipun 82/501/EBE, skulu vera áfram í gildi þar til þær eru endurnýjaðar í samræmi við samsvarandi ákvæði þessarar tilskipunar.

**24. gr.****Framkvæmd**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja þau lög og stjórnarsýslufyrirmæli, sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari, eigi síðar en 24 mánuðum eftir að hún öðlast gildi. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

**25. gr.****Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**26. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. desember 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

**B. HOWLIN**

forseti.

## Skrá yfir viðauka

bls.

<i>I. viðauki</i>	- Beiting tilskipunarinnar .....	95
<i>II. viðauki</i>	- Gögn og upplýsingar sem taka skal mið af, að lágmarki, í öryggisskýrslunni sem um getur í 9. gr. ....	100
<i>III. viðauki</i>	- Meginreglur sem um getur í 7. gr. og upplýsingar sem um getur í 9. gr. og lúta að stjórnkerfi og skipulagi starfsstöðvarinnar vegna stórslysavarna .....	102
<i>IV. viðauki</i>	- Gögn og upplýsingar sem taka skal með í neyðaráætlanirnar sem um getur í 11. gr. ....	103
<i>V. viðauki</i>	- Upplýsingar sem miðla skal almenningi eins og kveðið er á um í 1. mgr. 13. gr. ....	104
<i>VI. viðauki</i>	- Viðmiðunatriði vegna tilkynningar um slys til framkvæmda- stjórnarinnar eins og kveðið er á um í 1. mgr. 15. gr. ....	105

## I. VIÐAUKI

### BEITING TILSKIPUNARINNAR

#### INNGANGUR

1. Þessi viðauki gildir um hættuleg efni sem er að finna í starfsstöðvum í skilningi 3. gr. þessarar tilskipunar og segir hér hvernig beita skuli viðeigandi greinum hennar.
2. Farið skal með blöndur (mixtures) og efnablöndur (preparations) á sama hátt og óblönduð efni að því tilskildu að þær haldist innan styrkleikamarkanna sem ákveðin eru í samræmi við eiginleika þeirra í viðeigandi tilskipunum, sem eru tilgreindar í 1. athugasemd í 2. hluta, eða nýjustu breytingu á þeim til aðlögunar að tækniframförum, nema prósentuhlutfall eða önnur lýsing sé sérstaklega gefin upp.
3. Þröskuldsmagnið, sem tilgreint er hér á eftir, á við hverja starfsstöð um sig.
4. Magnið, sem miðað skal við vegna beitingar viðeigandi greina tilskipunarinnar, er það hámarks magn sem er að finna eða talið er líklegt að verði að finna á einhverjum tíma. Ef magn hættulegs efnis í tiltekinni starfsstöð nemur ekki meira en 2% af viðeigandi þröskuldsmagni, þá skal líta fram hjá því við útreikning á heildarmagninu sem er að finna, enda sé staðsetning efnisins innan starfsstöðvarinnar með þeim hætti að það geti ekki leitt til stórslyss annars staðar á svæðinu.
5. Reglurnar, sem tilgreindar eru í 4. athugasemd í 2. hluta og lúta að samlagningu hættulegra efna, eða flokka þeirra, skulu gilda þar sem það á við.

#### 1. HLUTI

##### Nafngreind efni

Þegar efni eða flokkur efna, sem skráður er í 1. hluta, fellur einnig í flokk í 2. hluta, þá skal notast við þröskuldsmagnið sem tilgreint er í 1. hluta.

1. dálkur	2. dálkur	3. dálkur
Hættuleg efni	Þröskuldsmagn (í tonnum) vegna beitingar	
	6. og 7. gr.	9. gr.
Ammóníumnítrat	350	2 500
Ammóníumnítrat	1 250	5 000
Arsenpentoxíð, arsensýra (V) og/eða sölt af henni	1	2
Arsentríoxíð, sýra með arsensamböndum (III) og/eða sölt af henni		0,1
Bróm	20	100
Klór	10	25
Nikkelsambönd í formi dufts sem menn geta andað að sér (nikkel- mónoxíð, nikkeldíoxíð, nikkelsúlfíð, trínikkeldísúlfíð, dínikkeltríoxíð)		1
Etýlenímín	10	20
Flúr	10	20
Formaldehýð (styrkur <sup>3</sup> 90%)	5	50
Vetni	5	50
Vetnisklóríð (fljótandi gas)	25	250
Blýalkýl	5	50
Afar eldfimar fljótandi gastegundir (þar á meðal kútagas) og jarðgas	50	200
Kolvetnisgas	5	50

1. dálkur	2. dálkur	3. dálkur
Hættuleg efni	Þröskulds magn (í tonnum) vegna beitingar	
	6. og 7. gr.	9. gr.
Etýlenoxíð	5	50
Própýlenoxíð	5	50
Metanól	500	5 000
4,4-metýlenebis(2-klóranylín) og/eða sölt af því, í duftformi		0,01
Metýlísósýanat		0,15
Súrefni	200	2 000
Tólúendíísósýanat	10	100
Karbónýldíklóríð (fosgen)	0,3	0,75
Arsentríhýdríð (arsín)	0,2	1
Fosfórtríhýdríð (fosfín)	0,2	1
Brennisteinsdíklóríð	1	1
Brennisteinstríoxíð	15	75
Pólýklórdíbensófúrön og pólýklórdíbensódíoxín (þar með talin TCDD), umreiknuð í TCDD-jafngildi		0,001
Eftirtaldir KRABBAMEINSVALDAR: 4-amínóbífenýl og/eða sölt af því, bensídín og/eða sölt af því, bis(klórmetýl)eter, klórmetýlmetýleter, dímetýl- karbamóýl-klóríð, dímetýlnítrósómín, hexametýlfosfórtíamíð, 2-naftýl- amín og/eða sölt af því, og 1,3-própansúltón-4-nítródífenýl Vélabensín og aðrar rokkgjarnar hráolíuvörur	0,001 5 000	0,001 50 000

## ATHUGASEMDIR

## 1. Ammoníumnítrat (350/2 500)

Þetta gildir um ammóníumnítrat og ammóníumnítratsambönd þar sem magn nitursins í ammóníumnítratinu er meira en 28% af þunga (önnur sambönd en þau sem um getur í 2. athugasemd) og vatnslausnir af ammóníumnítrati þar sem styrkur ammóníumnítrats er meiri en 90% af þunga.

## 2. Ammoníumnítrat (1 250/5 000)

Þetta gildir um hreinan ammóníumnítratáburð sem fullnægir ákvæðum tilskipunar 80/876/EBE og samsettan áburð þar sem magn nitursins í ammóníumnítratinu er meira en 28% af þunga (í samsettu áburði er ammóníumnítrat ásamt fosfati og/eða kalíumi).

## 3. Pólýklórdíbensófúran og pólýklórdíbensódíoxín

Magn pólýklórdíbensófúrana og pólýklórdíbensódíoxína er reiknað samkvæmt eftirtöldum þáttum:

Alþjóðlegir eiturjafngildisstuðlar (ITEF) fyrir skyld efni sem huga þarf að (NATO/CCMS)

2,3,7,8-TCDD	1	2,3,7,8-TCDF	0,1
1,2,3,7,8,PeDD	0,5	2,3,4,7,8,PeCDF	0,5
		1,2,3,7,8-PeCDF	0,05
1,2,3,4,7,8-HxCDD	} 0,1	1,2,3,4,7,8-HxCDF	} 0,1
1,2,3,6,7,8-HxCDD		1,2,3,7,8,9-HxCDF	
1,2,3,7,8,9-HxCDD		1,2,3,6,7,8-HxCDF	
1,2,3,4,6,7,8,-HpCDD	0,01	2,3,4,6,7,8-HxCDF	} 0,1
OCDD	0,001	1,2,3,4,6,7,8-HpCDF	
		1,2,3,4,6,7,8-HpCDF	
		OCDF	0,001

(T = tetra, Pe = penta, Hx = hexa, Hp = hepta, O = okta)

## 2. HLUTI

## Flokkar efna og efnablandna sem ekki er getið sérstaklega í 1. hluta

1. dálkur	2. dálkur	3. dálkur
Hættuleg efni	Pröskulds magn (í tonnum) vegna beitingar	
	6. og 7. gr.	9. gr.
1. MJÖG EITRUÐ EFNI	5	20
2. EITRUÐ EFNI	50	200
3. ELDNÆRANDI EFNI	50	200
4. SPRENGIFIM EFNI (þegar efnið eða efnablandan fellur að skilgreiningunni í a-lið 2. athugasemdar)	50	200
5. SPRENGIFIM EFNI (þegar efnið eða efnablandan fellur að skilgreiningunni í b-lið 2. athugasemdar)	10	50
6. ELDFIM EFNI (þegar efnið eða efnablandan fellur að skilgreiningunni í a-lið 3. athugasemdar)	5 000	50 000
7.a MJÖG ELDFIM EFNI (þegar efnið eða efnablandan fellur að skilgreiningunni í 1. tölul. b-liðar 3. athugasemdar)	50	200
7.b MJÖG ELDFIM EFNI (þegar efnið eða efnablandan fellur að skilgreiningunni í 2. tölul. b-liðar 3. athugasemdar)	5 000	50 000
8. AFAR ELDFIM EFNI (þegar efnið eða efnablandan fellur að skilgreiningunni í c-lið 3. athugasemdar)	10	50
9. EFNI SEM ERU HÆTTULEG UMHVERFINU með eftirtöldum hættusetningum:		
i) H50: „Mjög eitruð vatnalífverum“	200	500
ii) H51: „Eitruð vatnalífverum“; og H53: „Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni“	500	2 000
10. ALLIR AÐRIR FLOKKAR en þeir sem hér hafa verið nefndir með eftirtöldum hættusetningum:		
i) H14: „Hvarfast kröftuglega við vatn“ (einnig H14/15)	100	500
ii) H29: „Myndar eitruðar lofttegundir í sneringu við vatn“	50	200

## ATHUGASEMDIR

- Efni og efnablöndur eru flokkaðar í samræmi við eftirtaldar tilskipanir (með breytingum) og síðustu aðlögun þeirra að tækni framförum:
  - Tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna<sup>(1)</sup>,
  - Tilskipun ráðsins 88/379/EBE frá 7. júní 1988 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu á hættulegum efnablöndum<sup>(2)</sup>,

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. 196, 16. 8. 1967, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/105/EB (Stjútíð. EB nr. L 294, 30. 11. 1993, bls. 21).

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB nr. L 187, 16. 7. 1988, bls. 14.

- Tilskipun ráðsins 78/631/EBE frá 26. júní 1978 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu varnings sem inniheldur eiturefni eða hættuleg efni (varnarefni)<sup>(1)</sup>.

Þegar um er að ræða efni og efnablöndur sem ekki teljast til hættulegra efna samkvæmt flokkuninni í framantöldum tilskipunum en er engu að síður að finna, eða getur verið að finna, í starfsstöð og hafa eða geta haft, við ríkjandi aðstæður í starfsstöðinni, jafngilda eiginleika hvað varðar hættu á stórslysum, skal fylgja málsmeðferð vegna bráðabirgðaflokkunar samkvæmt viðeigandi grein í viðeigandi tilskipun.

Þegar um er að ræða efni og efnablöndur, sem flokka má með mismunandi hætti vegna eiginleika þeirra, skulu lægstu þröskuldsgildin gilda að því er tekur til þessarar tilskipunar.

Með tilliti til þessarar tilskipunar skal setja saman upplýsingaskrá um efni og efnablöndur, uppfæra hana og samþykka samkvæmt málsmeðferðinni í 22. gr.

2. Með „sprengifimu efni“ er átt við:
  - a) i) efni eða efnablöndu sem er sprengifim við högg, núning, eld eða aðra hita- og neistagjafa (hættusetning H 2),
    - ii) skoteldaefni, þ.e. efni (eða blöndu efna) sem er gert til þess að framleiða varma, ljós, hljóð, gas eða reyk eða sambland slíkra áhrifa með sjálfbærum útvermum efnahvörfum án sprengingar, eða
    - iii) sprengiefni eða skoteldaefni eða efnablöndu sem komið hefur verið fyrir í hlutum;
  - b) efni eða efnablöndu sem er afar sprengifim við högg, núning, eld eða aðra hita- og neistagjafa (hættusetning H 3).
3. Með „eldfimum efnum“, „mjög eldfimum efnum“ og „afar eldfimum efnum“ í flokkum 6, 7 og 8 er átt við:
  - a) eldfima vökva:
 

efni og efnablöndur með kveikjumark jafnt og eða hærra en 21°C og lægra en eða jafnt og 55°C (hættusetning H 10) og eldnærandi;
  - b) mjög eldfima vökva:
    1. - efni og efnablöndur sem geta hitnað svo að loks kvikni í þeim án nokkurs orkuúlags, ef þau komast í snertingu við loft við venjulegt hitastig (hættusetning H 17),
      - efni með lægra kveikjumark en 55°C sem haldast fljótandi við þrýsting, ef þannig háttar til að sérstakar aðstæður við vinnslu þeirra, t.d. hár þrýstingur eða hátt hitastig, geta valdið hættu á stórslysi;
    2. efni og efnablöndur með lægra kveikjumark en 21°C sem eru ekki afar eldfim (hættusetning H 11, annar undirliður);
  - c) afar eldfimar gastegundir og vökva:
    1. fljótandi efni og efnablöndur með lægra kveikjumark en 0°C og suðumark (eða upphafssuðumark þegar um suðubil er að ræða) lægra en eða jafnt og 35°C við venjulegan þrýsting (hættusetning H 12, fyrsti undirliður), og
    2. loftkennd efni og efnablöndur sem eru eldfimar í snertingu við loft við umhverfishita og venjulegan þrýsting (hættusetning H 12, annar undirliður), hvort sem efnin eru geymd sem gas eða sem vökvi við þrýsting, að undanskildum fljótandi afar eldfimum lofttegundum (þar á meðal kútagasi) og jarðgasi sem um getur í 1. hluta, og

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 206, 29. 7. 1978, bls. 13. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/32/EBE (Stjttíð. EB nr. L 154, 5. 6. 1992, bls. 1).

3. fljótandi efni og efnablöndur sem haldið er við hærra hitastig en nemur suðumarki þeirra.
4. Þegar hættuleg efni eru lögð saman til að ákvarða það magn sem er að finna í starfsstöð skal notuð þessi regla:

ef summan

$$q_1/Q + q_2/Q + q_3/Q + q_4/Q + q_5/Q + \dots > 1$$

þar sem  $q_x$  = magn hættulegu efnanna (eða flokka hættulegra efna) x, sem heyra undir 1. eða 2. hluta þessa viðauka,

Q = viðeigandi þröskulds magn í 1. eða 2. hluta,

þá stenst starfsstöðin viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar.

Þessi regla gildir við eftirtaldir aðstæður:

- a) vegna efna og efnablandna, sem um getur í 1. hluta, í magni sem er lægra en þröskulds magn efnanna hvers um sig, þegar þau er að finna ásamt efnum úr sama flokki í 2. hluta, og vegna samlagningar efna og efnablandna úr sama flokki í 2. hluta;
- b) vegna samlagningar efna í flokkum 1, 2 og 9 þegar þau er að finna samtímis í einni og sömu starfsstöð;
- c) vegna samlagningar efna í flokkum 3, 4, 5, 6, 7 a, 7 b og 8, þegar þau er að finna samtímis í einni og sömu starfsstöð.



## II. VIÐAUKI

### GÖGN OG UPPLÝSINGAR SEM TAKA SKAL MÍÐ AF, AÐ LÁGMARKI, Í ÖRYGGISSKÝRSLUNNI SEM UM GETUR Í 9. GR.

#### I. Upplýsingar um stjórnkerfi og skipulag starfsstöðvarinnar vegna stórslysavarna

Þessar upplýsingar skulu taka til atriðanna sem talin eru í III. viðauka.

#### II. Lýsing á umhverfi starfsstöðvarinnar

- A. Lýsing á staðnum og umhverfi hans, þar á meðal landfræðilegri legu, með upplýsingum um veðurfar, staðhætti, vatnamælingar, svo og sögu staðarins ef þess gerist þörf;
- B. Lýsing á stöðvum í starfsstöðinni og annarri starfsemi sem af gæti stafað hættu á stórslysum;
- C. Lýsing á svæðum þar sem stórslys gæti orðið.

#### III. Lýsing á stöðvum

- A. Lýsing á helstu starfsemi og framleiðsluvörum þeirra hluta starfsstöðvarinnar sem eru mikilvægir með hliðsjón af öryggismálum, sömuleiðis lýsing á stórslysavöldum og aðstæðum sem stórslys gæti orðið við, ásamt lýsingu á fyrirhuguðum forvörnum;
- B. Lýsing á vinnsluferlum, einkum rekstraraðstæðum;
- C. Lýsing á hættulegum efnum:
  - 1. skrá yfir hættuleg efni ásamt:
    - auðkenningu hættulegra efna: efnaheiti, CAS-númer, heiti samkvæmt IUPAC-flokkunarkerfinu,
    - því hámarks magni hættulegra efna sem er að finna eða gæti verið að finna á staðnum;
  - 2. eðlis-, efna- og eiturefnaeiginleikar ásamt ábendingum um hættur fyrir menn og umhverfi, bæði núverandi og þær sem síðar gætu komið til;
  - 3. eðlis- og efnafræðilegt hátterni við venjulegar notkunaraðstæður og við fyrirsjáanlegar slysaaðstæður.

#### IV. Greining á slyshættu og forvarnaraðferðir

- A. nákvæm lýsing á hugsanlegum aðstæðum við stórslys og líkum á þeim eða þeim aðstæðum sem þau verða við, þar á meðal yfirlit um atvik sem geta orðið til þess að skapa slíkar aðstæður, hvort sem orsakirnar er að finna í stöðvunum sjálfum eða utan þeirra;
- B. mat á því hversu víðtækar og alvarlegar afleiðingar skilgreind stórslys gætu haft;
- C. lýsing á tæknilegum færðum og á búnaði sem er notaður til að tryggja öryggi í stöðvunum.

#### V. Varnir og viðbúnaður til að draga úr afleiðingum slyss

- A. lýsing á búnaði sem komið hefur verið fyrir í verksmiðjunni til að draga úr afleiðingum stórslysa;
- B. skipulag viðvörunar og viðbúnaðar;

- C. lýsing á tiltækum úrræðum í starfsstöðinni eða utan hennar;
- D. yfirlit um þau atriði sem lýst er í liðum A, B og C hér að framan og eru nauðsynleg fyrir gerð neyðaráætlunar í starfsstöðinni í samræmi við 11. gr.

### III. VIÐAUKI

#### MEGINREGLUR SEM UM GETUR Í 7. GR. OG UPPLÝSINGAR SEM UM GETUR Í 9. GR. OG LÚTA AÐ STJÓRNKERFI OG SKIPULAGI STARFSSTÖÐVARINNAR VEGNA STÓRSLYSAVARNA

Með það fyrir augum að hrinda í framkvæmd áætlun rekstraraðila um stórslysavarnir og öryggisstjórnunarkerfi skal taka eftirtalin atriði til greina. Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í skjalinu sem um getur í 7. gr., skulu miðast við þá stórslysahættu sem tengist starfsstöðinni:

- a) Áætlun um stórslysavarnir skal vera skrifleg og ná til meginmarkmiða og meginreglna rekstraraðila vegna aðgerða til varna gegn stórslysahættu.
- b) Öryggisstjórnunarkerfið skal ná til þess hluta almenna stjórnkerfisins sem tekur til skipulags, ábyrgðar, starfshátta, málsmeðferðar, vinnsluferla og leiða til að móta og hrinda í framkvæmd áætlun um stórslysavarnir.
- c) Með öryggisstjórnunarkerfinu skal tekið á eftirtöldum atriðum:
  - i) Skipulag og starfsfólk - hlutverk og ábyrgð starfsfólksins vegna stórslysavarna á öllum stigum skipulagsins. Greina skal þörf starfsfólksins fyrir þjálfun og bjóða því slíka þjálfun. Samstarf skal haft við starfsmenn svo og undirverktaka þar sem það á við.
  - ii) Greining og mat á helstu slyshættum - taka skal upp og nota aðferðir við kerfisbundna greiningu á helstu slyshættum sem stafa af eðlilegum jafnt sem óeðlilegum rekstri, svo og mat á slysalíkum og afleiðingum slysa.
  - iii) Rekstrarstjórn - taka skal upp og nota aðferðir við öruggan rekstur, þar á meðal viðhald, ásamt tilheyrandi leiðbeiningum, í verksmiðjunni, vinnsluferlum, búnaði og við tímabundna rekstrarstöðvun.
  - iv) Stjórnun á breytingum - taka skal upp og nota aðferðir við skipulag breytinga á stöðvum, vinnsluferlum eða geymsluaðstöðu, eða hönnun nýrra.
  - v) Skipulag á neyðarstundu - taka skal upp og nota aðferðir við að sjá fyrir neyðartilvik með skipulagðri greiningu og við að undirbúa, prófa og endurskoða neyðaráætlanir til að bregðast við slíkum neyðartilvikum.
  - vi) Vöktun kerfisins - taka skal upp og nota aðferðir við símat á því að unnið sé í samræmi við markmiðin í áætlun rekstraraðila um stórslysavarnir og í öryggisstjórnunarkerfinu, og aðferðir við rannsókn og leiðréttingar þegar svo er ekki. Aðferðirnar skulu ná til kerfisins sem rekstraraðili hefur komið upp til að tilkynna stórslys eða tilvik þar sem legið hefur við stórslysi, einkum þegar varnir hafa brugðist, ásamt rannsókn á slíkum atvikum og áframhaldandi starfi á grundvelli fenginnar reynslu.
  - vii) Úttekt og endurskoðun - taka skal upp og nota aðferðir við reglubundið og kerfisbundið mat á áætlun um stórslysavarnir og skilvirkni og hagkvæmni öryggisstjórnunarkerfisins; vinna skal skjalfesta endurskoðun á árangri áætlunarinnar og öryggisstjórnunarkerfisins og uppfærslu þeirra af hálfu yfirstjórnar starfsstöðvarinnar.

## IV. VIÐAUKI

### GÖGN OG UPPLÝSINGAR SEM TAKA SKAL MEÐ Í NEYÐARÁÆTLANIRNAR SEM UM GETUR Í 11. GR.

#### 1. Neyðaráætlanir til nota í starfsstöðinni

- a) Nafn eða staða þeirra sem er heimilt að hefja neyðaraðgerðir og þess sem stjórnar aðgerðum til að draga úr skaða á staðnum og samræmir þær.
- b) Nafn eða staða þess sem annast tengsl við yfirvaldið sem ber ábyrgð á neyðaráætlun til nota utan starfsstöðvarinnar.
- c) Vegna fyrirsjáanlegra aðstæðna eða atvika sem gætu hrundið af stað stórslysi skal fylgja lýsing á því sem gera skal til að hafa stjórn á þessum aðstæðum eða atvikum og draga úr afleiðingum þeirra, þar á meðal lýsing á öryggisbúnaði og tiltækum úrræðum.
- d) Ráðstafanir til að draga úr áhættu fyrir menn á staðnum, þar á meðal hvernig gefa á viðvörðun og hvað fólki er ætlað að gera þegar viðvörðun er gefin.
- e) Ráðstafanir til að koma sem fyrst tilkynningu um slysið til yfirvaldsins sem ber ábyrgð á framkvæmd neyðaráætlunar utan starfsstöðvarinnar, upplýsingar sem fylgja skulu fyrstu viðvörðun og ráðstafanir til að koma ítarlegri upplýsingum á framfæri eftir því sem þær berast.
- f) Ráðstafanir til að hjálfa starfsfólk í störfum sem því er ætlað að sinna, og samræma þessa hjálfun við neyðarþjónustu utan starfsstöðvarinnar þar sem þess er þörf.
- g) Ráðstafanir til aðstoðar við að draga úr skaða utan starfsstöðvarinnar.

#### 2. Neyðaráætlanir til nota utan starfsstöðvarinnar

- a) Nafn eða staða þeirra sem er heimilt að hefja neyðaraðgerðir og þeirra sem er heimilt að stjórna og aðgerðum utan starfsstöðvarinnar og samræma þær.
- b) Ráðstafanir til að fá sem fyrst tilkynningu um óhapp, ásamt aðferðum við viðvörðun og útkall.
- c) Ráðstafanir til að samræma þau úrræði sem nauðsynleg eru til að hrinda neyðaráætlun utan starfsstöðvarinnar í framkvæmd.
- d) Ráðstafanir til aðstoðar við að draga úr skaða í starfsstöðinni.
- e) Ráðstafanir til að draga úr skaða utan starfsstöðvarinnar.
- f) Ráðstafanir til að dreifa til almennings sértækum upplýsingum um slysið og rétt viðbrögð við því.
- g) Ráðstafanir til að dreifa upplýsingum til neyðarþjónustu annarra aðildarríkja þegar um er að ræða stórslys sem geta haft áhrif yfir landamæri.

## V. VIÐAUKI

### UPPLÝSINGAR SEM MIÐLA SKAL ALMENNINGI EINS OG KVEÐIÐ ER Á UM Í 1. MGR. 13. GR.

1. Nafn rekstraraðila og heimilisfang starfsstöðvarinnar.
2. Staða þess sem sendir upplýsingarnar.
3. Staðfesting á því að starfsstöðin falli undir reglur og/eða stjórnsýslufyrirmæli um framkvæmd þessarar tilskipunar og að tilkynningin, sem um getur í 3. mgr. 6. gr., eða öryggisskýrslan, sem um getur í 1. mgr. 9. gr., hafi verið send lögbæru yfirvaldi.
4. Auðskiljanleg útskýring á þeirri starfsemi sem fram fer í starfsstöðinni.
5. Almenn heiti efna og efnablandna sem eru notuð í starfsstöðinni og gætu valdið stórslysi, ellegar almenn heiti eða almenn hættuflokkun þegar um er að ræða hættuleg efni sem getið er í 2. hluta I. viðauka, ásamt upplýsingum um hættulegustu eiginleika þeirra.
6. Almennar upplýsingar um eðli stórslyshættunnar, þar á meðal hugsanleg áhrif á menn og umhverfi.
7. Fullnægjandi upplýsingar um hvernig íbúunum, sem málið varðar, verði gert viðvart og þeim sendar upplýsingar ef stórslys verður.
8. Fullnægjandi upplýsingar um æskileg viðbrögð af hálfu íbúanna og hvernig þeim ber að haga sér ef stórslys verður.
9. Staðfesting á því að rekstraraðila sé skylt að gera viðeigandi ráðstafanir á staðnum, einkum að hafa samband við neyðarþjónustu, til þess að bregðast við stórslysum og draga sem mest úr afleiðingum þeirra.
10. Tilvísun til neyðaráætlunar til nota utan starfsstöðvarinnar til að bregðast við áhrifum slyssins þar. Hér skulu fylgja með ráðleggingar um að hlíta fyrirmælum eða óskum neyðarþjónustu ef slys verður.
11. Geta skal þess hvar frekari upplýsingar er að fá, með fyrirvara um ákvæði innlendra lögjafar um trúnaðarkvaðir.

## VI. VIÐAUKI

### VIÐMIÐUNARTRÍÐI VEGNA TILKYNNINGAR UM SLYS TIL FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR EINS OG KVEÐIÐ ER Á UM Í 1. MGR. 15. GR.

- I. Tilkynta ber framkvæmdastjórninni öll slys sem getið er í 1. mgr. eða hafa einhverjar þær afleiðingar sem lýst er í 2., 3., 4. og 5. mgr.

1. **Efni**

Hvers kyns eldsvoði eða sprenging eða losun hættulegs efnis af slysmálinni þar sem við sögu koma að minnsta kosti 5% þröskuldmagnsins sem tilgreint er í 3. dálki í I. viðauka.

2. **Meiðsl á fólki og fasteignatjón**

Slys þar sem hættulegt efni kemur við sögu og veldur einhverju þeirra atvika sem hér eru talin:

- dauðsfalli,
- meiðslum sex manna í starfsstöðinni sem leiða til að minnsta kosti 24 stunda sjúkrahúsvistar þeirra,
- sjúkrahúsvist eins manns utan starfsstöðvarinnar í að minnsta kosti 24 stundir,
- tjóni á íbúðarhúsnæði utan starfsstöðvarinnar sem gera það ónothæft eftir slysið,
- brottflutningi eða innilokun fólks af völdum slyssins í meira en 2 stundir (einstaklingar × stundir): eigi lægra gildi en 500,
- truflanir á þjónustu vatnsveitu, rafveitu, gasveitu eða símafyrirtækja í meira en 2 stundir (einstaklingar × stundir): eigi lægra gildi en 1 000 .

3. **Bein umhverfisspjöll**

- *varanleg eða langvarandi spjöll á búsvæðum á landi:*
  - að minnsta kosti 0,5 ha búsvæðis sem telst mikilvægt vegna umhverfissjónarmiða eða verndunarsjónarmiða og nýtur lögverndar,
  - að minnsta kosti 10 ha víðáttumeira búsvæðis, þar á meðal landbúnaðarsvæðis,
- *veruleg eða langvarandi spjöll á búsvæðum í ferskvatni eða sjó(\*)*
  - að minnsta kosti 10 km af vatnsfalli, skurði eða síki,
  - að minnsta kosti 1 ha af stöðuvatni eða tjörn,
  - að minnsta kosti 2 ha af óseyrum,
  - að minnsta kosti 2 ha af strandlengju eða opnu hafi,
- *veruleg spjöll á veitum eða grunnvatni(\*)*
  - að minnsta kosti 1 ha.

(\*) Þegar tjón á umhverfi er metið má beita tilskipunum 75/440/EBE og 76/464/EBE þar sem það á við, svo og tilskipunum um notkun tiltekinna efna, einkum tilskipunum 76/160/EBE, 78/659/EBE og 79/923/EBE, eða miða við banastyrkinn LC50 fyrir þær tegundir sem eru dæmigerðar fyrir umrætt umhverfi samkvæmt skilgreiningum tilskipunar 92/32/EBE á viðmiðunatriðinu „hættulegt umhverfinu“.

**4. Eignaskemmdir**

- eignaskemmdir í starfsstöðinni: að minnsta kosti 2 milljónir eka,
- eignaskemmdir utan starfsstöðvarinnar: að minnsta kosti 0,5 milljónir eka.

**5. Spjöll handan landamæranna**

Hvers kyns slys þar sem hættulegt efni kemur beint við sögu og hefur áhrif utan yfirráðasvæðis aðildarríkisins sem á í hlut.

- II. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni slys eða atvik þar sem legið hefur við slysi og aðildarríkin telja sérstaklega áhugaverð frá tæknilegu sjónarmiði vegna starfs sem miðast að því að afstýra stórslysum og draga úr afleiðingum þeirra, en uppfylla ekki framantalin stærðarskilyrði.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/27/16**

**nr. 98/97**  
**frá 12. desember 1997**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn**  
**um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/97 frá 26. september 1997<sup>(1)</sup>.

Rétt er að auka samvinnu samningsaðilanna þannig að hún taki til þeirra þátta er varða EES í framlagi bandalagsins til fjarvirkra gagnaskipta milli stjórnsýslustofnana í bandalaginu (IDA) (ákvörðun ráðsins 95/468/EB<sup>(2)</sup>).

Því ber að breyta bókun 31 við samninginn svo þessi samvinna geti hafist 1. janúar 1997.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi bætist við bókun 31 við samninginn:

„17. gr.

Fjarvirk gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana í bandalaginu (IDA)

1. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 1997 og í samræmi við starfsáætlunina í 3. viðbæti við þessa bókun, taka þátt í verkefnum og starfsemi bandalagsáætlunarinnar sem um getur í 4. mgr.

2. EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til áætlunarinnar sem um getur í 4. mgr. í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.
3. EFTA-ríkin skulu, allt frá upphafi samstarfs í áætluninni sem um getur í 4. mgr., taka fullan þátt í þeim þáttum fjarvirkni er varða EES í stjórnsýslunefnd á sviði fjarvirkni (TAC) sem aðstoðar framkvæmdastjórn EB við framkvæmd, stjórnun og þróun þessarar áætlunar, svo fremi um sé að ræða verkefnaþætti áætlunarinnar sem varða EES.
4. Eftirfarandi gerð bandalagsins er efni þessarar greinar:

- **395 D 0468:** Ákvörðun ráðsins 95/468/EB frá 6. nóvember 1995 um framlag bandalagsins til fjarvirkra gagnaskipta milli stjórnsýslustofnana í bandalaginu (IDA) (Stjttíð. EB nr. L 269, 11. 11. 1995, bls. 23).”

**2. gr.**

Textinn sem fylgir sem viðauki við þessa ákvörðun bætist við bókun 31 sem 3. viðbætur.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni innan sex mánaða frá dagsetningu þessarar ákvörðunar. Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 1997.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 12. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 193, 9. 7. 1998, bls. 39 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 27, 9. 7. 1998, bls. 11.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 269, 11. 11. 1995, bls. 23.



## VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/97

## „3. VIÐBÆTUR VIÐ BÓKUN 31

Fjarvirk gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana (IDA)  
Starfsáætlun

EFTA-ríkin skulu eingöngu taka þátt í eftirfarandi verkefnum og starfsemi sem leiðir af 2. gr. ákvörðunar ráðsins 95/468/EB frá 6. nóvember 1995 um framlag bandalagsins til fjarvirkra gagnaskipta milli stjórnsýslustofnana í bandalaginu (IDA):

- að koma tölvupósti á í raun á grundvelli X.400
- víðtæk starfsemi - uppbygging, almenn þjónusta, TESTA
- víðtæk aðgerð - rekstrarsamhæfi innlendra fjarvirkniferfa
- víðtæk starfsemi - almenn þjónusta - eftirlit með tilboðum markaðarins
- víðtæk starfsemi - rekstrarsamhæfi upplýsingaefnis
- víðtæk starfsemi - lagaleg málefni og öryggismál
- aðgerð til að efla og auka þekkingu á IDA
- víðtæk starfsemi - gæðaeftirlit og stuðningur við verkefni
- TESS (Telematics for Social Security) - fjarvirkni á sviði almannatrygginga = SOSENET (Social Security Network) - net á sviði almannatrygginga
- EURES (EUROpean Employment Services) - atvinnumiðlun Evrópu:

Meta skal hugsanlega þátttöku Liechtensteins í árslok 1997, með fyrirvara um niðurstöðu sameiginlegu endurskoðunarinnar sem vísað er til í 9. gr. bókunar 15 við samninginn.

- EUPHIN (European Union Public Health Information Network) - upplýsinganet Evrópusambandsins á sviði almannaeilbrigðis,
- ANIMO - (Animal Movement) - flutningar á dýrum:

Noregur og Ísland skulu taka þátt allt frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fellir viðeigandi bandalagsgerðir inn í EES-samninginn. Hugsanleg þátttaka Liechtensteins skal skoðuð í árslok 1998.

- PHYSAN - sameiginleg skrá yfir tegundir.
- PHYSAN - Europhyt:

EFTA-ríkin skulu taka þátt allt frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fellir viðeigandi bandalagsgerðir inn í EES-samninginn.

- SHIFT (System to assist the Health Controls of Imports of items at Frontier Inspection posts from Third countries) - kerfi til aðstoðar við heilbrigðiseftirlit á skoðunarstöðvum við landamæri með innflutningi frá þriðju löndum:

Noregur og Ísland skulu taka þátt allt frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fellir viðeigandi bandalagsgerðir inn í EES-samninginn.

Hugsanleg þátttaka Liechtensteins skal skoðuð í árslok 1998.

- ITCG (Illegal Traffic of Cultural Goods) - ólögleg viðskipti með menningarverðmæti
- SIMAP (Information System for Public Procurement) - upplýsingakerfi fyrir opinber innkaup
- TARIC (Integrated Tariff of the Community) - samræmd tollskrá bandalagsins
- EBTI (European Binding Tariff Info) - upplýsingar um tollabindingar bandalagsins
- TRANSIT (Community/Common) - sameiginlegt umflutningskerfi bandalagsins
- CCN/CSI (Common Communications Network) - sameiginlegt samskiptanet
- EIONET (European Environment Agency Network) - net fyrir Umhverfisstofnun Evrópu
- EMEA (European Medicine Evaluation Agency Network) - net fyrir Lyfjamatsstofu Evrópu:

Noregur og Ísland skulu taka þátt allt frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fellir viðeigandi bandalagsgerðir inn í EES-samninginn.

- DSIS (Distributed Statistical Information Services) - upplýsingaþjónusta á sviði hagskýrslugerðar
- EXTRACOM
- SERT (Statistiques d'Entreprises et Réseaux Télématiques) - tölfræðilegar upplýsingar um fyrirtæki og fjarvirkninet
- STATEL - almenn þjónusta (viðtæk starfsemi)".

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/27/17**

**nr. 99/97**  
**frá 9. desember 1997**

**um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn**  
**um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 47 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/97 frá 11. júlí 1997<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1056/95 frá 12. júní 1996 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3201/90 um nákvæmar reglur um lýsingu og kynningu á vínnum og þrúgusafa<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 26. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3201/90) í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn:

„- **396 R 1056:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1056/96 frá 12. júní 1996 (Stjttíð. EB nr. L 140, 13. 6. 1996, bls. 15).“

**2. gr.**

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1056/96 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 9. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 290, 23. 10. 1997, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 44, 23. 10. 1997, bls. 22.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 140, 13. 6. 1996, bls. 15.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1056/96****frá 12. júní 1996****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3201/90 um nákvæmar reglur fyrir  
lýsingu og kynningu á vínnum og þrúgusafa(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87 frá 16. mars 1987 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1544/95 <sup>(2)</sup>, einkum 5. mgr. 72. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2392/89 <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3897/91 <sup>(4)</sup>, er mælt fyrir um almennar reglur fyrir lýsingu og kynningu á vínnum og þrúgusafa.

Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3201/90 <sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 692/96 <sup>(6)</sup>, er mælt fyrir um nákvæmar reglur fyrir lýsingu og kynningu á vínnum og þrúgusafa.

Vegna breytinga á sviði landafræði og stjórn mála í fyrrum Sovétríkjunum og fyrrum Tékkóslóvakíu þarf í ljósi breyttra aðstæðna að aðlaga og bæta við I., II. og IV. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3201/90.

Bæta ætti heiti vínviðarafbrigðis og samheiti þess við í lið 4. „GRIKKLAND“ í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3201/90.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um vín.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 140, 13. 6. 1996, bls. 15, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/97 frá 9. desember 1997 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 148, 30. 6. 1995, bls. 31.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 232, 9. 8. 1989, bls. 13.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 368, 31. 12. 1991, bls. 5.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 309, 8. 11. 1990, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. L 97, 18. 4. 1996, bls. 15.

**1. gr.**

Reglugerð (EBE) nr. 3201/90 er hér með breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi 18. kafli bætist við á eftir 17. kafla „SLÓVENÍA“ í I. viðauka:

„18. MOLDAVÍA

- Vin de calitate“.

2. Í stað 18. liðar a „LÝÐVELDIÐ SLÓVAKÍA“ í II. viðauka komi eftirfarandi:

„18. a LÝÐVELDIÐ SLÓVAKÍA

Vín sem bera eitt af eftirtöldum heitum upprunavín-ræktarhéraðs:

- Galantský
- Hlohovecký
- Levický
- Malokarpatský
- Modrokamenský
- Nitrianský
- Podunajský
- Šamorínský
- Skalický
- Tekovský
- Trnavský
- Východoslovenský
- Zahorský“.

3. Í stað „Taracha“ í 24. lið „MOLDAVÍA“ í II. viðauka komi „Taraclia“.

4. Í stað 25. liðar „RÚSSLAND“ í II. viðauka komi eftirfarandi:

„25. RÚSSLAND  
Vín sem bera eitt af eftirtöldum heitum upprunavín-ræktarhéraðs eða -svæðis:

- Norður-Kákasus:
- Yfirráðasvæði Lýðveldisins Daghestan
- Yfirráðasvæði Lýðveldisins Tsjetsjeníu

- Krasnodar
- Stavropol
- Rostov“.

5. Eftirfarandi heiti bætast við í 4. lið „GRIKKLAND“ í III. viðauka:

Heiti vínviðarafbrigðis sem er notað við flokkun vínviðarafbrigða fyrir viðkomandi stjórnsýslueiningu	Viðurkennd samheiti
„Mavrodaphne	Thiniatiko(*)

(\*) Aðeins fyrir vín sem eru upprunnin á eygni Kefallóníu“.

6. Í stað 19. liðar „LÝÐVELDIÐ SLÓVAKÍA“ í IV. viðauka komi eftirfarandi:

Skrá yfir viðurkennd afbrigði í bandalaginu	Viðurkennd samheiti
„19. LÝÐVELDIÐ SLÓVAKÍA  Alibernet André Aurelius Buovierovo hrozno Cabernet-Sauvignon Dievčie hrozno Feteasca regala Frankovka modrá Furmint Irsai Olivér Lipovina Müller-Thurgau Muškát moravský Muškát Ottonel Muškát zltý Neronet Neuburské Pálava Portúgalské modré Rulandské biele Rulandské modré Rulandskéšedé Ryzling rýnsky Ryzling vlašský Sauvignon Silvánské zelené Svätovavrinecké Tramín červený Veltlínske červené skoré Veltlínske zelené Zweigeltrebe“.	Pinot blanc Pinot noir Pinot gris White Riesling, Riesling Welschriesling Sauvignon blanc  Saint Laurent Gewürztraminer  Grüner Veltliner

7. Í 24. lið „MOLDAVÍA“ í IV. viðauka er eftirfarandi heitum vínviðarafbrigða bætt við:

Skrá yfir viðurkennd afbrigði í bandalaginu	Viðurkennd samheiti
„Feteasca alba Poama fetei Kihsnich Moldavcky Kodrinski Muskat-Ottonel Muskat Tantarnil Negru de Paloveni Pinot blanc Pinot gris  Pinot noir  Rhatsetelli Sauvignon Blanc Serexia Traminer blanc Traminer roze Viorika White Riesling	Leanca, Mädchentraube,  Ottonel  Pinot belyi Ruländer, Rulsanda, Grauer Mönch, Pinot grigio Pinot nero, Pinot nuar, Spätburgunder Cucura Fumé blanc Rara neagra  Fleischwener  Riesling, Rhine Riesling“.

8. Í stað 25. liðar „RÚSSLAND“ í IV. viðauka komi eftirfarandi:

Skrá yfir viðurkennd afbrigði í bandalaginu	Viðurkennd samheiti
„25. RÚSSLAND Aligoté Cabernet-Sauvignon Chardonnay Krasnostop Muscat blanc Pinot blanc Pinot noir Riesling Rkatsiteli Sapéravi Sauvignon Red Traminer“.	

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. júní 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

***Franz FISCHLER***

framkvæmdastjóri.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/27/18**

**nr. 100/97  
frá 15. desember 1997**

**um breytingu á II. viðauka  
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/97 frá 10. júlí 1997<sup>(1)</sup>.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2061/96 frá 8. október 1996 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1601/91 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínnum, drykkjum blönduðum með kryddvínnum og hanastélum blönduðum með kryddvínnum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91) í XXVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **396 R 2061:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2061/96 frá 8. október 1996 (Stjttíð. EB nr. L 277, 30. 10. 1996, bls. 1).”.

**2. gr.**

Fullgiltur texti reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2061/96 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 16. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 290, 23. 10. 1997, bls. 34 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 44, 23. 10. 1997, bls. 27.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 277, 30. 10. 1996, bls. 1.

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 2061/96****frá 8. október 1996****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1601/91 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínnum, drykkjum blönduðum með kryddvínnum og hanastélum blönduðum með kryddvínnum(\*)****EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HÁFA,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr. og 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með hliðsjón af tilteknum hefðum í sumum aðildarríkjanna er nauðsynlegt að kveða á um að kryddvín megi einnig framleiða úr ferskum þrúgulegi þar sem gerjun er stöðvuð með viðbættum vínanda, svo sem um getur í 5. lið I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87 frá 16. mars 1987 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins <sup>(4)</sup>.

Nánast er ógjörningur að fylgjast með því að framfylgt sé ákvæðinu um lágmarkshlutföll víns í kryddvíni þegar um er að ræða auðgæðvín frá mismunandi framleiðslusvæðum. Því er nauðsynlegt að endurskoða þetta ákvæði.

Skilgreining hefðbundinnar vöru á borð við Glühwein þarf að miðast við ákveðna þróun í geiranum. Því er rétt að banna að bætt sé við hana vatni, nema það sé gert í tengslum við viðbótarsætuferni.

Skerpa þarf orðalag ákvæðisins um aðferðir sem beita má við framleiðslu mismunandi vörutegunda en þar sem bandalagsreglur skortir geta aðildarríkin beitt sérstökum reglum á þessu sviði, svo fremi þær samræmist lögum bandalagsins.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 277, 30. 10. 1996, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/97 frá 15. desember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 28, 1. 2. 1996, bls. 8.

<sup>(2)</sup> Álit var skilað 27. mars 1996 (Stjtið. EB nr. C 174, 17. 6. 1996, bls. 32).

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 14. mars 1996 (Stjtið. EB nr. C 96, 1. 4. 1996, bls. 235), sameiginleg afstaða ráðsins frá 29. apríl 1996 (Stjtið. EB nr. C 196, 6. 7. 1996, bls. 130) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. júlí 1996 (Stjtið. EB nr. C 261, 9. 9. 1996, bls. 23).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1544/95 (Stjtið. EB nr. L 148, 30. 6. 1995, bls. 31).

Rétt þykir því að breyta reglugerð (EBE) nr. 1601/91 <sup>(5)</sup> og aðlaga sum tæknileg atriði sem hún tekur til með hliðsjón af fenginni reynslu.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Reglugerð (EBE) nr. 1601/91 er breytt sem hér segir:

1. Í a-lið 1. mgr. 2. gr.:

i) komi eftirfarandi í stað texta fyrsta undirliðar:

„- sem fengist hefur úr einu eða fleiri vínnum sem skilgreind eru í 5. og 12. — 18. lið I. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 822/87(\*), að meðtöldum gæðavínnum sem framleidd eru í tilgreindum héruðum eins og þau eru skilgreind í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 823/87(\*\*), að frátöldum retsina-borðvínnum, hugsanlega er þrúgulegi og/ eða þrúgulegi í gerjun bætt við,“;

(\*) Stjtið. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1544/95 (Stjtið. EB nr. L 148, 30. 6. 1995, bls. 31).

(\*\*) Stjtið. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 59. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 3011/95 (Stjtið. EB nr. L 314, 28. 12. 1995, bls. 14).“

ii) komi eftirfarandi í stað texta næstsíðustu málsgreinar:

„Vín og/eða nýr þrúgulögur, þar sem gerjun hefur verið stöðvuð með viðbættum vínanda, til notkunar við blöndun kryddvína, skal vera að minnsta kosti 75% af fullunninni vörunni. Með fyrirvara um ákvæði 5. gr. skal náttúrulegt alkóhólhlutfall rúmmáls vöru, sem nota skal, vera að lágmarki í samræmi við það sem kveðið er á um í 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87.“.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 149, 14. 6. 1991, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 3378/94. (Stjtið. EB nr. L 366, 31. 12. 1994, bls. 1).



2. Í b-lið 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi í stað fyrsta undirliðar:
- „- sem fengist hefur úr einu eða fleiri þeirra vína sem eru skilgreind í 11. - 13. og 15. - 18. lið I. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 822/87, þar með töldum gæðavínum frá tilgreindum héruðum eins og þau eru skilgreind í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 823/87, og að frátöldum vínnum sem eru framleidd með því að bæta vínanda í og retsina-borðvíni í þau og hugsanlega einnig þrúgusafa og/eða þrúgusafa sem er gerjaður að hluta.“
3. Í ítölsku útgáfunni breytist 2. mgr. 2. gr. sem hér segir:
- i) í a-lið komi eftirfarandi í stað „Vermut“:
- „Vermut o Vermouth o Vermout“;
- ii) í b-lið, *Vino aromatizzato amaro*, komi eftirfarandi í stað fyrsta undirliðar:
- „- „Vino alla china“ o „Vino chinato“ quando l'aromatizzazione principale è fatta con aroma naturale di china.“
4. Í 3. mgr. 2. gr.:
- i) falli orðin „en það bragð verður að vera greinilegt“ niður í e-lið, *Kalte Ente*;
- ii) komi eftirfarandi í stað fyrsta málsliðar í f-lið, *Glühwein*:
- „Kryddblandaður drykkur sem fæst einungis úr rauðvíni eða hvítvíni, einkum bragðbættur með kanel og/eða negul. Með fyrirvara um vatnsmagn, sem til er komið vegna ferlisins sem a-liður 3. gr. tekur til, er bannað að bæta vatni í vöruna.“;
- iii) komi eftirfarandi í stað fyrsta málsliðar í f-lið a, *Viiniglögi/Vinglöggi*:
- „Kryddblandaður drykkur sem fæst einungis úr rauðvíni eða hvítvíni, einkum bragðbættur með kanel eða negul.“
5. Í ítölsku útgáfunni komi eftirfarandi í stað a- og b-liðar 5. mgr. 2. gr.:
- „(a) extra secco o extra dry: per i prodotti il cui tenore di zuccheri è inferiore a 30 grammi per litro;
- (b) secco o dry: per i prodotti il cui tenore di zuccheri è inferiore a 50 grammi per litro;“.
6. Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:
- „5. gr.
1. Ákvæði um vínfræðilega vinnslu og vinnsluaðferðir í reglugerð (EBE) nr. 822/87 eiga við um vín og safa sem notuð eru í vörurnar sem taldar eru upp í 1. gr.
2. Vinnsla afurða sem framleiddar eru í þeim tilgangi að vinna einhverja þá fullunna vöru, sem þessi reglugerð tekur til, ákveðin í samræmi við ákvæði 14. gr.“
7. Í II. viðauka bætist við orðin „Thüringer Glühwein“ aftan við „Nürnberger Glühwein“.
- 2. gr.**
- Hvað varðar vöruna *Glühwein* skal samþykkja undanþáguráðstafanir í samræmi við tilhögunina, sem kveðið er á um í 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1601/91, um aðlögunartíma til 31. janúar 1998.
- 3. gr.**
- Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. október 1996.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

**K. HÄNSCH**

forseti

Fyrir hönd ráðsins,

**P. RABBITTE**

forseti.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/27/19**

**nr. 101/97  
frá 15. desember 1997**

**um breytingu á II. viðauka  
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/97 frá 10. júlí 1997<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2215/96 frá 20. nóvember 1996 um undanþáguráðstafanir vegna „Glühwein“<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 6. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2009/92) í XXVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **396 R 2215:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2215/96 frá 20. nóvember 1996 um undanþáguráðstafanir vegna „Glühwein“ (Stjttfð. EB nr. L 296, 21. 11. 1996, bls. 30).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2215/96 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 16. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

**E. Bull**

<sup>(1)</sup> Stjttfð. EB nr. L 290, 23. 10. 1997, bls. 34 og EES-viðbætur við Stjttfð. EB nr. 44, 23. 10. 1997, bls. 27.

<sup>(2)</sup> Stjttfð. EB nr. L 296, 21. 11. 1996, bls. 30.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2215/96****frá 20. nóvember 1996****um undanþáguráðstafanir vegna „Glühwein“(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá 10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínnum, drykkjum blönduðum með kryddvínnum og hanastélum blönduðum með kryddvínnum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2061/96 <sup>(2)</sup>, einkum 4. mgr. 4. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2061/96 frá 8. október 1996 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1601/91 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínnum, drykkjum blönduðum með kryddvínnum og hanastélum blönduðum með kryddvínnum, einkum 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt f-lið 3. mgr. 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1601/91 er bannað að bæta vatni í „Glühwein“, nema í tengslum við sætuefni. Í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 2061/96 er kveðið á um undanþáguráðstafanir frá þessu ákvæði hvað varðar umrædda vöru á aðlögunartíma sem stendur til 31. janúar 1998. Rétt er að samþykkja þær undanþáguráðstafanir.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit framkvæmdanefndarinnar um kryddvín, drykki blandaða með kryddvínnum og hanastél blönduð með kryddvínnum.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. nóvember 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Franz FISCHLER**

framkvæmdastjóri.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

1. Með fyrirvara um aðgerðir, sem varða viðbót sætuefna, má framleiða „Glühwein“ með viðbótarvatni til 31. janúar 1998, að því tilskildu að lágmarkshlutföll víns, sem kveðið er á um varðandi framleiðslu á drykkjum blönduðum kryddvínnum í samræmi við b-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1601/91, séu virt.

2. Að því er lýtur að þessari reglugerð á „framleitt“ við um fullunna vöru sem búið er að setja á flöskur og merkja og ætluð er endanlegum neytanda.

3. Liggja má með vöru, sem framleidd er í samræmi við 1. mgr. og er sannanlega farin frá framleiðendum og úr geymslum þeirra fyrir 31. janúar 1998, í því augnamiði að selja hana, markaðssetja og flytja út á meðan birgðir endast.

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 296, 21. 11. 1996, bls. 30, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/97 frá 15. desember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 149, 14. 6. 1991, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 277, 30. 10. 1996, bls. 1.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/27/20**

**nr. 102/97**  
**frá 15. desember 1997**

**um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn**  
**um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,****2. gr.**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

Fullgiltur texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar nr. 1128/96 og 1915/96 og reglugerða ráðsins nr. 1426/96, 1427/96, 1428/96, 1429/96, 1592/96 og 1594/96 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

**3. gr.**

Bókun 47 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/97 frá 11. júlí 1997<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 16. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

Nokkrar gerðir bandalagsins um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín skulu felldar inn í samninginn.

**4. gr.****ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

**1. gr.**

1. viðbæti við bókun 47 við samninginn skal breytt eins og tilgreint er í viðauka við þessa ákvörðun.

Gjört í Brussel 15. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

**E. Bull**

<sup>(1)</sup> Stjttð. EB nr. L 290, 23. 10. 1997, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjttð. EB nr. 44, 23. 10. 1997, bls. 22.

## VIÐAUKI

## við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/97

1. VIÐBÆTI VIÐ BÓKUN 47 VIÐ EES-SAMNINGINN UM AFNÁM TÆKNILEGRA HINDRANA Í VIÐSKIPTUM MEÐ VÍN skal breytt eins og tilgreint er hér á eftir:
  1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 15. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87):

„- **396 R 1592**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1592/96 frá 30. júlí 1996 (Stjtið. EB nr. L 206, 16. 8. 1996, bls. 31).“
  2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 16. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 823/87):

„- **396 R 1426**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1426/96 frá 26. júní 1996 (Stjtið. EB nr. L 184, 24. 7. 1996, bls. 1).“
  3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 19. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4252/88):

„- **396 R 1594**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1594/96 frá 30. júlí 1996 (Stjtið. EB nr. L 206, 16. 8. 1996, bls. 35).“
  4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 22. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2392/89):

„- **396 R 1427**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1427/96 frá 26. júní 1996 (Stjtið. EB nr. L 184, 24. 7. 1996, bls. 3).“
  5. Eftirfarandi undirliðir bætast við í 38. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2332/92):

„- **396 R 1428**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1428/96 frá 26. júní 1996 (Stjtið. EB nr. L 184, 24. 7. 1996, bls. 7),

- **396 R 1429**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1429/96 frá 26. júní 1996 (Stjtið. EB nr. L 184, 24. 7. 1996, bls. 9),

- **396 R 1594**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1594/96 frá 30. júlí 1996 (Stjtið. EB nr. L 206, 16. 8. 1996, bls. 35).“
  6. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 42c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 554/95):

„- **396 R 1915**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1915/96 frá 3. október 1996 (Stjtið. EB nr. L 252, 4. 10. 1996, bls. 10).“
  7. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 42c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 554/95):

„42d. **396 R 1128**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1128/96 frá 24. júní 1996 um nákvæmar reglur um blöndun borðvíns á Spáni (Stjtið. EB nr. L 150, 25. 6. 1996, bls. 13).“

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1128/96****frá 24. júní 1996****um nákvæmar reglur um blöndun borðvins á Spáni(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87 frá 16. mars 1987 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1544/95 <sup>(2)</sup>, einkum 5. mgr. 16. gr. og 83. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 5. mgr. 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87 er að jafnaði óheimilt að blanda hvítt borðvín með rauðu borðvíni. Gert er ráð fyrir undanþágu vegna Spánar.

Setja þarf sérstakar, nákvæmar reglur um beitingu téðrar undanþágu vegna Spánar með hliðsjón af skipulagi vínræktargeirans og viðhorfa neytenda sem eru lengi að mótast, þar til lausn fæst með umbótum í vínræktargeiranum.

Brýnt er að tryggja að utan Spánar sé ekki hægt að neyta víns sem framleitt er með blöndun hvíts borðvins og rauðs borðvins, svo að slíkir framleiðsluhættir verði aðeins mögulegir í því landi þar sem þeir eru nauðsynlegir.

Reglugerð framkvæmdastjórnar (EBE) nr. 2238/93 <sup>(3)</sup> kveður á um fylgiskjöl vegna flutnings á vínafurðum.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um vín.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júní 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Franz FISCHLER**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 184, 24. 7. 1996, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/97 frá 15. desember 1997 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 148, 30. 6. 1995, bls. 31.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 200, 10. 8. 1993, bls. 10.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

1. Í samræmi við 5. mgr. 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87 er heimilt á Spáni að blanda vín sem hentar til framleiðslu hvíts borðvins, eða hvítt borðvín með víni sem hentar til framleiðslu rauðs borðvins eða með rauðu borðvíni, svo fremi framleiðsluvaran hafi einkenni rauðs borðvins og að hlutfall rauðvins í henni sé ekki undir 75%.

2. Spænsk rauð og ljósrauð (rosé) borðvín, sem fengin eru með blöndun eins og lýst er í 1. mgr., má ekki selja til annarra aðildarríkja eða flytja út til þriðju landa.

3. Varðandi framkvæmd 2. mgr. skal lögbært yfirvald, sem Spánn tilnefnir, ábyrgjast uppruna spænskra rauðra og ljósrauðra borðvina með því að stimpla reitinn sem ætlaður er athugasemdum yfirvalda á skjalinu sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 2238/93 á eftir orðunum „vín sem ekki er framleitt með blöndun hvítvins/rauðvins.“

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 1996.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1915/96****frá 3. október 1996****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 554/95 þar sem settar eru nákvæmar reglurlýsingu og kynningu á freyðivínnum og loftblönduðum freyðivínnum(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87 frá 16. mars 1987 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1592/96 <sup>(2)</sup>, einkum 5. mgr. 72. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2333/92 <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1429/96 <sup>(4)</sup>, kveður á um almennar reglur um lýsingu og kynningu á freyðivínnum og loftblönduðum freyðivínnum.Í fjórða undirlið a-liðar 2. mgr. 15. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 823/87 eru sérstök ákvæði varðandi gæðavin sem framleidd eru í tilgreindum héruðum <sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1426/96 <sup>(6)</sup>, og þar með að í Þýskalandi megi nota hefðbundna sérheitið „Qualitätsschaumwein garantierten Ursprungs“. Eigi að heimila notkun þessa heitis til vörulýsingar á gæðafreyðivíni fth þarf að setja það inn fyrir Þýskaland í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 554/95 <sup>(7)</sup>.

Í framhaldi af breytingum á þýskri og spænski löggjöf er rétt að breyta skrá yfir landfræðileg heiti í I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 554/95.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. október 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Franz FISCHLER**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 206, 16. 8. 1996, bls. 31, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/97 frá 15. desember 1997 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 206, 16. 8. 1996, bls. 31.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 231, 13. 8. 1992, bls. 9.<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 184, 24. 7. 1996, bls. 9.<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 59.<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. L 184, 24. 7. 1996, bls. 1.<sup>(7)</sup> Stjtið. EB nr. L 56, 14. 3. 1995, bls. 3.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um vín.

**SAMPYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Reglugerð (EB) nr. 554/95 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við 1. mgr. 4. gr. aftan við f-lið:

„g) fyrir Þýskaland:

„Qualitätsschaumwein garantierten Ursprungs“.“

2. Í I. viðauka:

a) falli „c) Saar“ brott í lið „1. Fyrir Þýskaland“, undir landfræðilegu einingunni Rhein-Mosel;

b) falli landfræðilega einingin „Almendralejo“ brott í lið „3. Fyrir Spán“.

**2. gr.**Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1426/96****frá 26. júní 1996****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 823/87 um sérstök ákvæði um gæðavín sem framleidd eru í tilgreindum héruðum(\*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins (2),

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tiltekin sértæk, hefðbundin hugtök njóta viðurkenningar í Þýskalandi. Slík hugtök er rétt að taka upp í reglugerð (EBE) nr. 823/87 (4) til að tryggja vernd þeirra í öllum aðildarríkjunum.

Fyrir því hefur skapast hefð sem samræmist spænskri löggjöf að heitið „Manzanilla“ er talið jafngilt landfræðilegu heiti um gæðavín fth; rétt er að veita undanþágu vegna þessa gæðavíns fth frá þeirri meginreglu að tilgreint hérað, sem það er framleitt í, sé sérmerkt landfræðilegu heiti sínu, og leyfa að varan beri hið hefðbundna nafn sem um getur hér að framan.

Samkvæmt 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EBE) nr. 823/87 má ekki nota nafn tilgreinds héraðs, sem aðildarríki eignar gæðavíni fth, yfir aðrar vörur úr víngeiranum. Í sumum tilvikum er þó rétt að leyfa að teknar séu upp nýjar upprunatáknir sem áður voru notaðar um tiltekin borðvín. Einnig er rétt að gera ráð fyrir aðlögunartíma og að þá séu bæði heitin notuð samhliða svo hefðbundnir neytendur geti lagað sig að nýjum aðstæðum.

Markaðssetning drykkja, sem ekki falla undir víngeirann, og tiltekinna grunnhráefna til vinnslu slíkra drykkja, sem lýst er með landfræðilegum sérmerkingum sem venja er að nota til að lýsa vínunum, gæti villt um fyrir neytendum varðandi eðli og uppruna

vöru sem svo væri lýst og gæti slíkt skaðað hagsmuni vínframleiðenda. Því er rétt að leyfa ekki notkun slíkra sérmerkinga nema tryggt sé að ekki orki tvímælis, eða, í ljósi fenginnar reynslu, einkum sé um að ræða tiltekna drykki sem eru tengdari víngeiranum en aðrir, nema umrædd landfræðileg sérmerking hafi hlotið viðhlítandi viðurkenningu.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Reglugerð (EBE) nr. 823/87 er hér með breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bættist við a-lið 2. mgr. 15. gr.:
  - „- „Qualitätswein garantierten Ursprungs“,
  - „Qualitätschamwein garantierten Ursprungs“;“
2. Við aðra undirgrein 3. mgr. 15. gr. bættist eftirfarandi undirliður:
  - „- „Manzanilla“;“
3. Í stað þriðju undirgreinar 4. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:
 

„Þrátt fyrir fyrstu undirgrein getur ráðið, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ákveðið fyrir 31. ágúst 2001 að leyfa að tiltekin landfræðileg heiti, sem hefð er fyrir að nota til að lýsa borðvínunum og eru úorðið notuð sem heiti tiltekinna héraða, megi nota áfram einnig um borðvín, þó ekki lengur en um þriggja vínára skeið.“
4. Í stað fyrstu undirgreinar 5. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:
  - 5. Eftirfarandi heiti og hugtök:
    - heiti þrúguafbrigðis sem um getur í 4. gr.,
    - hefðbundið, sértækt hugtak sem um getur í 2. mgr.,

eða

  - hefðbundið viðbótarhugtak, svo fremi aðildarríki leyfi að það sé notað til að sérmerkja vín samkvæmt bandalagsákvæðum sem samþykkt voru samkvæmt 1. mgr. 72. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87,

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 206, 16. 8. 1996, bls. 35, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/97 frá 15. desember 1997 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 15, 20. 1. 1996, bls. 5 og Stjtið. EB nr. C 74, 14. 3. 1996, bls. 12.

(2) Álit var skilað 21. júní 1996 (Stjtið. EB nr. C 198, 8. 7. 1996).

(3) Álit var skilað 24. apríl 1996 (Stjtið. EB nr. C 204, 15. 7. 1996).

(4) Stjtið. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 59. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 3011/95 (Stjtið. EB nr. L 314, 28. 12. 1995, bls. 14).



má ekki nota til lýsingar, kynningar og auglýsingar á öðrum drykkjum en víni eða þrúgusafa nema útilokað sé að það orki tvímælis varðandi eðli, uppruna, eða upptök og samsetningu slíkra drykkja.

Notkun heitis eða hugtaks, sem fyrsta undirgrein fjallar um, eða orðanna „Hock“, „Claret“, „Liebfrauenmilch“ og „Liebfraumilch“, enda þótt með þeim standi orð á borð við „tegund“, „gerð“, „líki“, „eftirlíking“ eða önnur ámóta orð, er óheimil þegar um er að ræða lýsingu og kynningu á:

- vöru sem fellur undir SAT-númer 2206, nema umrædd vara komi í raun frá viðkomandi stað;
- vöru sem er markaðssett ásamt skýrum leiðbeiningum til neytenda svo að hægt sé að vinna úr henni drykk sem líkir eftir víni (heimabruggað vín); þó má nota heiti þrúguafbrigðis ef umrædd vara er í raun unnin úr slíku afbrigði nema hætt sé við að heitinu verði ruglað saman við heiti tilgreinds héraðs eða landfræðilegrar einingar sem notað er til að lýsa gæðavíni fth.

#### Heiti

- tilgreinds héraðs sem 3. gr. tekur til og er á skrá sem tekin er saman samkvæmt þriðju málsgrein 1. gr.,
- landfræðilegrar einingar sem er minni en tilgreint hérað, svo fremi aðildarríki hafi úthlutað því til að sérmerkja

vín samkvæmt bandalagsákvæðum sem samþykkt voru samkvæmt 1. mgr. 72. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87,

má ekki nota við lýsingu, kynningu og auglýsingu annarra drykkja en vína eða þrúgulagar nema:

- a) að því er varðar vörur sem falla undir SAT-númer 2009, 2202, 2205, 2206, 2207, 2208 og 2209, og vörur framleiddar úr hráefnum víngeirans en er ekki getið í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87, heitin og hugtökin hér að framan séu viðurkennd í því aðildarríki sem er upprunaland vörunnar og nema slík viðurkenning samræmist lögum bandalagsins;
- b) að því er varðar drykki aðra en þá sem fjallað er um í a-lið, nema útilokað sé að orki tvímælis varðandi eðli, uppruna, upptök eða samsetningu slíkra drykkja.

Viðurkenninguna sem um getur í a-lið þriðju undirgreinar ber að veita eigi síðar en 31. desember 1999; fram að þeim degi og þar til viðurkenningin hefur verið veitt gildir reglan, sem um getur í b-lið þriðju undirgreinar, um viðkomandi vöru.“

#### 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 26. júní 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

**M. PINTO**

forseti.

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1427/96**

frá 26. júní 1996

**um breytingu á reglugerð (EBE) 2392/89 um almennar reglur um lýsingu og kynningu á vínnum og þrúgusafa(\*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87 frá 16. mars 1987 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins<sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 72. gr.,með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar<sup>(2)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Bæta þarf við núgildandi ákvæði varðandi upplýsingar um vörugerð eða lit svo unnt sé að vísa til annarra þátta, einkum skynmatseinkenna viðkomandi vöru. Framleiðandi þarf að hafa nokkurt svigrúm um framsetningu slíkra upplýsinga.

Upplýsingar um náttúruleg eða tæknileg skilyrði sem framleiðsla tiltekins víns ræðst af eru neytendum sérstaklega mikilvægar. Í fyrsta lagi þarf að vera ljóst, sé um það að ræða að auka megi við sérmerkingu víns með því að tiltaka afbrigði, að slíkt gefur einnig möguleika á að tilgreina hvaða þrúguafbrigði er notað, og í öðru lagi þarf að skilgreina hvernig slíkum upplýsingum er komið á framfæri.

Tiltekin hugtök yfir borðvín, sem er lýst með landfræðilegri sérmerkingu, njóta nú viðurkenningar á Ítalíu eða um þau hefur verið sótt af hálfu Breska konungsríkisins; rétt er að taka þessi hugtök upp í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2392/89<sup>(3)</sup> til að tryggja vernd þeirra í öllum aðildarríkjunum. Þessi hugtök ber að nota í samræmi við reglurnar sem kveðið er á um í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2392/89.

Rétt er að tekið sé fram í greinum sem fjalla um lýsingu opinberra skjala, að alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál og nafnrúmmálið verði að koma fram á slíkum skjölum, án þess þó að vikið sé frá sérstökum ákvæðum sem sett voru með 70. og 71. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87 um dreifingu afurða sem þessi reglugerð tekur til.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 184, 24. 7. 1996, bls. 3, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/97 frá 15. desember 1997 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls.1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1544/95 (Stjttíð. EB nr. L 148, 30. 6. 1995, bls. 31).

(2) Stjttíð. EB nr. C 74, 14. 3. 1996, bls. 13.

(3) Stjttíð. EB nr. L 232, 9. 8. 1989, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

Í b-lið annarrar undirgreinar 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2392/89 er kveðið á um að aðildarríkin geti, fram til 31. ágúst 1995, heimilað að gæðavín, sem framleitt er í tilgreindu héraði, beri heiti landfræðilegrar einingar sem er minni en tilgreint hérað, svo fremi að minnst 85% þrúgnanna, sem notaðar eru, séu frá þeirri einingu. Þessi aðlögunartími hefur reynst sumum aðildarríkjunum naumur en þau höfðu ekki ráðrúm til að skapa stærri einingar. Því er rétt að lengja aðlögunartímann. Þar eð þessi undanþága á aðeins við um tiltekin tilvik er rétt að kveða á um að taka skuli saman skrá yfir téðar tilgreindar landfræðilegar einingar og héruð og birta hana í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna*.

Hingað til hefur verið haldin skrá um þau vín sem flutt eru inn frá þriðju löndum og mega bera landfræðilegt heiti til merkingar, en það hefur reynst þungt í vöfum og er rétt að hætta því. Eigi að síður er brýnt að tryggja að slík innflutt vín standist tilgreind skilyrði. Einkum er rétt að athuga hvort landfræðileg heiti sem notuð eru geti leitt til ruglings við gæðavín sem framleidd eru í tilgreindum héruðum, hér eftir nefnd „gæðavín fth“, og við borðvín sem bera landfræðilegt heiti úr skrá sem birst hafa í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna*, eða við vín frá öðrum þriðju löndum sem eru táknuð landfræðilegu hugtaki úr skrá sem birst hafa í tvíhliða eða fjölþjóða samningum sem bandalagið hefur gert við þriðju lönd, fram að tilkomu alþjóðlega tilkynninga- og skráningarkerfisins sem kveðið er á um í 4. mgr. 23. gr. samningsins um hugverkarétt í viðskiptum, hér eftir nefndur TRIPS-samningurinn<sup>(4)</sup>, sem fylgir með í viðauka við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO)<sup>(5)</sup>.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Reglugerð (EBE) nr. 2392/89 er breytt sem hér segir:

1. Í 2. mgr. 2. gr. bætist eftirfarandi undirliður við eftir síðasta málslið h-liðar:

„- hvaða þáttur annar sem vera skal, einkum tengdur skynmati, sem einkennir vöruna,“.

(4) Stjttíð. EB nr. L 336, 23. 12. 1994, bls. 213.

(5) Stjttíð. EB nr. L 336, 23. 12. 1994, bls. 3.

## 2. Í 3. mgr. 2. gr.:

- a) komi eftirfarandi í stað annars undirliðar í h-lið:
- „- náttúrleg eða tæknileg skilyrði sem framleiðsla vínsins ræðst af, þar með talið, eftir því sem við á, þrúguafbrigðin sem notuð eru, jafnvel þegar þrjú eða fleiri afbrigði hafa verið notuð, svo fremi, í þessu tilviki, að tilgreind afbrigði séu minnst 85% allra afbrigðanna sem notuð voru við framleiðslu téðs víns,“;
- b) í i-lið:
- falli „vino tipico“ brott í þriðja undirlið og í stað þess komi „indicazione geografica tipica“;
  - komi eftirfarandi í stað sjötta undirliðar:
- „- „vinho regional“ fyrir borðvín upprunnin í Portúgal,“;
- bætist eftirfarandi undirliður við:
- „- „regional wine“ fyrir borðvín upprunnin í Breska konungsríkinu,“.

## 3. Í 4. mgr. 4. gr.:

- a) í fyrsta undirlið fyrstu undirgreinar:
- komi „indicazione geografica tipica“ í stað „vinho tipico“;
  - falli orðin „eða frá upphafi annars áfanga aðlögunarinnar fyrir Portúgal“ brott,
  - bætist orðin „eða héraðsvín“ við;
- b) komi eftirfarandi í stað síðustu undirgreinar:
- „Í tilvikinu, sem um getur í þriðju undirgrein 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EBE) nr. 823/87, geta aðildarríkin eigi að síður heimilað til þriggja vínara notkun heitis tilgreinds héraðs fyrir borðvín.“.

## 4. Í 1. mgr. 8. gr. bætist við eftirfarandi liður:

- „e) raunverulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál og nafnrúmmálið, þar sem kveðið er á um slíkar upplýsingar í framkvæmdarreglum sem settar voru með 3. mgr. 71. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87.“.

## 5. Í 2. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi í stað e- og f-liðar:

- „e) eftir því sem við á, hugtökin „Landwein“, „vin de pays“, „indicazione geografica tipica“, „ίίίίάόβá éáδύόáñüäiόç“, „ίβίιδóιέέüü“, „vino de la tierra“, „vinho regional“ og „Regional wine“ eða samsvarandi hugtök á einu hinna opinberu tungumála bandalagsins;
- f) upplýsingar um náttúrleg eða tæknileg skilyrði sem framleiðsla vínsins ræðst af, í samræmi við annan undirlið h-liðar 3. mgr. 2. gr.“.

## 6. Í 2. mgr. 11. gr.:

- a) bætist eftirfarandi undirliður við k-lið á eftir lokasetningunni:
- „- hvaða þáttur annar sem vera skal, einkum tengdur skynmati, sem einkennir vöruna;“
- b) komi eftirfarandi í stað annars undirliðar t-liðar:
- „- náttúrleg eða tæknileg skilyrði sem framleiðsla vínsins ræðst af, þar með talið, eftir því sem við á, þrúguafbrigðin sem notuð eru, jafnvel þegar þrjú eða fleiri afbrigði hafa verið notuð, svo fremi, í þessu tilviki, að tilgreind afbrigði séu minnst 85% allra afbrigðanna sem notuð voru við framleiðslu téðs víns,“.

## 7. Í 3. mgr. 13. gr.:

- a) komi eftirfarandi í stað b-liðar annarrar undirgreinar:
- „b) heiti landfræðilegrar einingar, samanber 1. mgr., þar sem vínið er fengið úr blöndu þrúgna, þrúgulagar eða nýrra vína sem enn eru að gerjast, eða, fram til 31. ágúst 2003, vína sem upprunnin eru í landfræðilegri einingu sem sérmerkingin verður dregin af, ásamt afurð sem fengin er í sama tilgreinda héraði, en utan téðrar einingar, svo fremi 85% viðkomandi gæðavíns fth hafi fengist úr þrúgum sem tündar hafi verið innan landfræðilegu einingarinnar sem það er kennt við, og svo fremi, með tilliti til undanþágunnar sem fellur úr gildi árið 2003, að gert hafi verið ráð fyrir slíku fyrirkomulagi í ákvæðum viðkomandi aðildarríkis, sem er framleiðsluríki, fyrir 1. september 1995;“

- b) bætist eftirfarandi undirgrein aftan við aðra undirgrein:
- „Aðildarríki, sem er framleiðsluríki, haldi skrá landfræðilegra einingar sem um er að ræða og heiti tilgreindra héraða sem þessar landfræðilegu einingar heyra til og vikið er að í undanþágunni sem beita má til 31. ágúst 2003 og b-liður kveður á um. Sú skrá skal send til framkvæmdastjórnarinnar sem birtir hana í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna*,“.
8. Í 17. gr.:
- a) bætist eftirfarandi liður aftan við 1. mgr.:
- „f) raunverulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál og nafnrúmmálið, þar sem kveðið er á um slíkar upplýsingar í framkvæmdarreglum sem settar voru með 3. mgr. 71. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87.“;
- b) í 2. mgr. komi eftirfarandi í stað f-liðar:
- „f) upplýsingar um náttúruleg eða tæknileg skilyrði sem framleiðsla vínsins ræðst af, í samræmi við annan undirlið t-liðar 2. mgr. 11. gr.“.
9. Í inngangsorðum fyrstu undirgreinar 1. mgr. 25. gr. komi eftirfarandi í stað „sem ekki er á skránni sem vísað er til í 1. mgr. 26. gr.“:
- „sem ekki er lýst með landfræðilega hugtakinu sem um getur í 1. mgr. 26. gr.“.
10. Í inngangsorðum 1. mgr. 26. gr. falli niður orðin „og birtist á skrá sem verður samþykkt“.
11. Í 2. mgr. 26. gr.:
- a) falli b-liður niður;
- b) bætist eftirfarandi undirliður aftan við lokasetninguna í k-lið:
- „- hvaða þáttur annar sem vera skal, einkum tengdur skynmati, sem einkennir vöruna;“;
- c) komi eftirfarandi í stað annars undirliðar p-liðar:
- „- náttúruleg eða tæknileg skilyrði sem framleiðsla vínsins ræðst af, þar með talið, eftir því sem við á, þrúguafbrigðin sem notuð eru, jafnvel þegar þrjú eða fleiri afbrigði hafa verið notuð, svo fremi, í þessu tilviki, að tilgreind afbrigði séu minnst 85% allra afbrigðanna sem notuð voru við framleiðslu téðs víns,“.
12. Í stað síðustu undirgreinar 6. mgr. 28. gr. komi eftirfarandi:
- „Heiti þrúguafbrigðanna, sem um getur í d- og p-liðum 2. mgr. 26. gr., svo og samheiti þeirra, komi fram með sama hætti og í skránni sem um getur í a-lið 1. mgr. 30. gr.“.
13. Í stað 1. mgr. 29. gr. komi eftirfarandi:
- „1. Sé innfluttu víni lýst á merkimiða með landfræðilegri lýsingu, samanber a-lið 1. mgr. 26. gr., er óheimilt að nota heiti landfræðilegrar einingar:
- a) um vín upprunnin á yfirráðasvæði þriðja lands sem er aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO), eða héraði eða stað á slíku yfirráðasvæði, nema því aðeins landfræðilega lýsingin sé notuð í samræmi við samninginn um hugverkarétt í viðskiptum, hér eftir nefndur TRIPS-samningurinn, sem fylgir með í viðauka við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).
- Í því augnamiði verður hlutaðeigandi þriðja land sett á skrá sem til stendur að taka saman. En áður en að því kemur ber því að leggja fyrir framkvæmdastjórnina lagaákvæði sín um framkvæmd ákvæða TRIPS-samningsins sem um getur í 1. mgr.;
- b) ef um er að ræða þriðju lönd sem ekki beita 3. þætti TRIPS-samningsins, nema að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
1. að umrædd landfræðileg lýsing eigi við um skýrt afmarkað vínrektarsvæði sem er minna en yfirráðasvæði þess þriðja lands sem í hlut á;
  2. að þrúgurnar, sem notaðar voru í afurðina, séu upprunnar í þeirri landfræðilegu einingu;
  3. að þrúgur, sem úr er unnið vín sem stenst gæðastaðla, séu tíndar á téðri landfræðilegri einingu;
  4. að landfræðilega lýsingin sé notuð til að lýsa vínnum á innanlandsmarkaði þess þriðja lands sem jafnframt er upprunaland og til þess ætluð samkvæmt ákvæðum sem sett eru þar í landi.
- Í því augnamiði verður hlutaðeigandi þriðja land sett á skrá sem verður samþykkt, en áður ber því að leggja fyrir framkvæmdastjórnina lagaákvæði sín um framkvæmd ákvæða TRIPS-samningsins.

Landfræðilegar lýsingar sem um getur í a- og b-lið mega ekki gefa tilefni til ruglings við hugtak sem notað er um gæðavín fth í skránni sem um getur í 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 823/87, borðvín í skránni sem gerð verður samkvæmt i-lið 3. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar, eða innflutt vín af skrár vegna samninga þriðju landa við bandalagið.“.

## 14. Í 1. mgr. 32. gr.:

- a) komi eftirfarandi í stað inngangsorða:

„1. Ef um er að ræða innflutt vín, sbr. ákvæði 25. gr., skal eftirfarandi tekið inn í lýsingu opinberra skjala:“;

- b) bætist eftirfarandi liður við:

„d) raunverulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál og nafnrúmmálið, þar sem kveðið er á um slíkar upplýsingar í framkvæmdarreglum sem settar voru með 8. mgr. 70. gr. og 3. mgr. 71. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87.“.

## 15. Í 2. mgr. 32. gr.:

- a) í fyrstu undirgrein:

- komi eftirfarandi í stað inngangsorða og a-liðar:

„2. Ef um er að ræða innflutt vín sem ætluð eru beint til neyslu og sérmerkt eru með landfræðilegri lýsingu sem um getur í 26. gr., skal eftirfarandi fellt inn í lýsingu opinberra skjala:

- a) heiti landfræðilegrar einingar eins og um getur í a-lið 1. mgr. 26. gr.“;

- bætist eftirfarandi liður við:

„d) raunverulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál og nafnrúmmálið, þar sem kveðið er á um slíkar upplýsingar í framkvæmdarreglum sem settar voru með 8. mgr. 70. gr. og 3. mgr. 71. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87.“;

- b) í annari undirgrein:

- falli a-liður brott,

- komi eftirfarandi í stað f-liðar:

„f) náttúrleg eða tæknileg skilyrði sem framleiðsla vínsins ræðst af, í samræmi við annan undirlið p-liðar 2. mgr. 26. gr.“.

## 16. Í 33. gr.:

- a) í a-lið:

- komi eftirfarandi í stað inngangsorðanna:

„a) ef um er að ræða innflutt vín sem ætluð eru beint til neyslu, eins og um getur í 25. gr.“;

- komi eftirfarandi í stað fyrsta undirliðar:

„- upplýsingarnar sem kveðið er á um í a-, b- og c-lið 1. mgr. 32. gr.“;

- b) í b-lið:

- komi eftirfarandi í stað formálsorðanna:

„b) ef um er að ræða innflutt vín sem ætluð eru beint til neyslu og sérmerkt eru með landfræðilegri lýsingu sem um getur í 1. mgr. 26. gr.“;

- í stað fyrsta undirliðar komi eftirfarandi:

„- upplýsingarnar sem kveðið er á um í a-, b- og c-lið 2. mgr. 32. gr.“.

17. Í d-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. 40. gr. komi „sem um getur í 1. mgr. 26. gr.“ í stað „á skrá sem um getur í 1. mgr. 26. gr.“.

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

- a) Ákvæðin sem um getur í 1. gr. gilda sem hér segir:

- fyrsti undirliður b-liðar 2. liðar,

- a-liður 3. liðar,

- a-liður 7. liðar,

frá 1. september 1995.

- b) Ákvæðin sem um getur í 1. gr. gilda sem hér segir:
- |                      |  |
|----------------------|--|
| - 9. liður,          | - fyrsti undirliður a-liðar og fyrsti undirliður b-liðar |
| - 10. liður,         | 15. liðar,   |
| - a-liður 11. liðar, | - fyrsti undirliður a-liðar og fyrsti undirliður b-liðar |
| - 13. liður,         | 16. liðar,   |
| - a-liður 14. liðar, | - 17. liður,   |
- frá 1. september 1997.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 26. júní 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

**M. PINTO**

forseti.

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1428/96**

frá 26. júní 1996

**um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2332/92 um freyðivín sem er framleitt í bandalaginu(\*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Til að greiða fyrir eftirliti og með hliðsjón af erfiðleikum sem hafa orðið við framkvæmdir fram til þessa er rétt að mæla fyrir um aðferð við að reikna út aukningu alkóhólstyrkleika í vínögun (cuvée) þegar tirage-líkjör er bætt út í.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2332/92 <sup>(4)</sup> er aðildarríki heimilt, til 31. desember 1995 í síðasta lagi, að leyfa að gæðafreyðivín sem framleidd eru í tilgreindum héruðum (gæðavín fth) séu framleidd með því að bæta í vínögunina (cuvée) einni eða fleiri tegundum vínaferða sem eru ekki upprunnar í tilgreinda héraðinu sem vínið dregur nafn sitt af. Sá tími hefur reynst of naumur til þess að aðilar í tilteknum héruðum hefðu ráðrúm til að laga sig að þeim tæknilegu kröfum sem mælt er fyrir um. Því er rétt að lengja þennan tíma. Þar eð þessi undantekning á aðeins við um tiltekin tilvik er rétt að sjá til þess að heiti þeirra gæðafreyðivína fth sem um er að ræða verði skráð og birt í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna*.

Í samræmi við 3. mgr. 17. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2332/92 getur ráðið breytt, á vísindalegum grunni og í ljósi tæknilegrar þróunar, hversu lengi gerjun, sem gerir vínögunina (cuvée) freyðandi, skal standa yfir og hversu lengi vínögunin er látin liggja með dreggjunum sem greint er frá í 2. mgr. sömu greinar.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 184, 24. 7. 1996, bls. 7, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/97 frá 15. desember 1997 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. C 74, 14. 3. 1996, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Álit var skilað 21. júní 1996. (Stjttíð. EB nr. C 198, 8. 7. 1996).

<sup>(3)</sup> Álit var skilað 24. apríl 1996 (Stjttíð. EB nr. C 204, 15. 7. 1996).

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 231, 13. 8. 1992, bls. 1. Reglugerðunum var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1547/95 (Stjttíð. EB nr. L 148, 30. 6. 1995, bls. 15).

Að fenginni reynslu af ólíkum tegundum freyðivína og með tilliti til vísindarannsókna og tækniþróunar til þessa er ekki réttlætlanlegt að kveða á um mismunandi lengd gerjunartíma og tímans, sem vínögunin (cuvée) liggur með dreggjunum, eftir gerjunaraðferðum, nema þegar um er að ræða gerjun sem fer fram í flátum með hræripinum. Því er aðeins þörf á að fjalla um þá aðferð sérstaklega.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Reglugerð (EBE) nr. 2332/92 er hér með breytt sem hér segir:

1. Í stað annarrar undirgreinar 2. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„Íblöndun tirage-líkjörs má ekki verða til þess að raunverulegur alkóhólstyrkleiki vínögunarinnar (cuvée) aukist um meira en 1,5% miðað við rúmmál. Aukninguna á að mæla þannig að reiknaður er út munurinn á alkóhólstyrkleika vínögunarinnar (cuvée) miðað við rúmmál og heildaralkóhólstyrkleika freyðivínsins miðað við rúmmál, áður en nokkrum expedition-líkjör er bætt við það.“

2. Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

Í tirage-líkjörum, sem eru notaðir í freyðivín, má einungis vera eftirfarandi:

- þrúgulögur,
- þrúgulögur í gerjun,
- þrúgulagarþykkni,
- hreinsað þrúgulagarþykkni, eða
- súkrósi og vín“.

3. Í 2. mgr. 14. gr.:
- a) komi eftirfarandi í stað inngangsorðanna:
- „2. Þrátt fyrir fyrsta undirlið 1. mgr. og með fyrirvara um 18. gr. er aðildarríki, sem er framleiðsluríki, heimilt, til 31. ágúst 2003 í síðasta lagi, að fengnum sérstökum leyfum og að tilskildu viðeigandi eftirliti, að leyfa að gæðafreyðivín fth séu framleidd með því að bæta í grunnaferðina einni eða fleiri tegundum vínaferða sem eru ekki upprunnar í tilgreinda héraðinu sem vínið dregur nafn sitt af, að því tilskildu að:“
- b) Eftirfarandi undirgrein bætist við:
- „Undanþágunni sem um getur í fyrstu undirgrein má beita að því tilskildu að gert hafi verið ráð fyrir slíku fyrirkomulagi fyrir 31. desember 1995 í ákvæðum hlutaðeigandi aðildarríkis, sem er framleiðsluríki.
- Aðildarríkin skulu vinna skrá um heiti gæðafreyðivína fth sem þessi málsgrein tekur til og senda hana framkvæmda-stjórninni sem birtir hana í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna*.“
4. Í stað 1. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:
1. Í *tirage*-líkjörum, sem eru notaðir í gæðafreyðivín, má einungis vera eftirfarandi:
- súkrósi,
  - þrúgulagarþykkni,
  - hreinsað þrúgulagarþykkni,
- og
- þrúgulögur eða þrúgulögur í gerjun sem hægt er að gera úr vín sem gefur af sér borðvín,
  - vín til framleiðslu borðvíns,
  - borðvín,
  - eða
  - gæðavín fth.
- Í *tirage*-líkjörum, sem eru notaðir í gæðafreyðivín, má einungis vera eftirfarandi:
- súkrósi,
  - þrúgulagarþykkni,
  - hreinsað þrúgulagarþykkni,
- og
- þrúgulögur,
  - þrúgulögur í gerjun,
  - vín,
  - gæðavín fth
- sem hentar til framleiðslu á sama gæðafreyðivíni fth og því sem á að bæta *tirage*-líkjörum í.“
5. Í 17. gr.:
- a) komi eftirfarandi í stað 2. mgr.:
- „2. Gerjunartími, sem á að gera vínlögunina (cuvée) freyðandi og sá tími sem það liggur með dreggjunum, skal ekki vera skemmri en sem hér segir:
- 90 dagar,
  - 30 dagar ef gerjunin fer fram í flátum með hræripinum.“
- b) falli 3. mgr. niður.
- 2. gr.**
- Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.
- a) Ákvæði a-liðar 3. mgr. 1. gr. öðlast gildi 1. janúar 1996.
  - b) Ákvæði 2. og 4. mgr. 1. gr. öðlast gildi 1. september 1996.
  - c) Ákvæði a-liður 5. mgr. 1. gr. öðlast gildi 1. september 1997.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 26. júní 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

**M. PINTO**

forseti.



**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1429/96**

frá 26. júní 1996

**um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2333/92 um lýsingu og kynningu á freyðivínnum og loftblönduðum freyðivínnum(\*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87 frá 16. mars 1987 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 72. gr.,með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(2)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Nafn framleiðanda freyðivíns á merkimiða getur verið neytendum vísbending um uppruna þess, einkum ef um er að ræða gæðafreyðivín sem framleidd eru í tilgreindum héruðum, hér eftir kölluð „gæðafreyðivín fth“. Í því tilviki geta aðildarríkin sett ákvæði um að skylt sé að geta framleiðanda á merkimiða freyðivíns.

Setja þarf ákvæði um hugsanlega notkun eins hefðbundins hugtaks eða fleiri við vörulýsingu sumra freyðivína, en hún er þegar heimil í sumum aðildarríkjanna.

Fullunnið freyðivín kann að innihalda viðbættan sykur auk sykurlreifanna. Rétt er að aðlaga reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2333/92 <sup>(3)</sup> í samræmi við það.

Rétt er að tilgreina með hvaða hætti upplýsa eigi neytandann um sykurinnihald.

Koma verður í veg fyrir misnotkun á heitum þrúguafbrigða á merkimiðum og því nauðsynlegt að banna að þau séu endurtekin nema um sé að ræða samhljóða heiti.

Neytandinn skynjar notkun á heiti þrúguafbrigðis til lýsingar á freyðivíni sem vísbendingu um gæði þess. Leggja ber áherslu á

þennan þátt og rétt er að setja ákvæði um lágmarkslengd framleiðsluferlis og gerjunartíma freyðivíns ef nota á slíkt heiti á merkimiða þess.

Við framleiðslu tiltekinna freyðivína þarf að nota þrjú vinnviðarabrigði svo að vínið öðlist sérkenni sín. Rétt er að setja ákvæði um að hægt sé að nota heiti vinnviðarabrigðanna þriggja á merkimiða slíkra freyðivína.

Í dómsúrskurði C-309/89 <sup>(4)</sup> ógilti dómstóll Evrópubandalaganna b-lið 6. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2333/92 og þar með skilyrðin fyrir notkun hugtaksins „crémant“. Þó er hugtakið notað um afurðir sem standast strangar framleiðslukröfur og njóta þar af leiðandi nokkurs orðstírs meðal neytenda. Nauðsynlegt er að kveða á um lágmarksskilyrði við framleiðsluna þar sem hugtakið er notað til að koma í veg fyrir að það glati merkingunni.

Í sumum aðildarríkjanna hafa verið sett skilyrði fyrir notkun tiltekinna hugtaka. Rétt er að kveða á um að slík hugtök séu aðeins notuð við þau skilyrði svo komið verði í veg fyrir rugling og misvísandi upplýsingar til neytenda.

Aðeins er heimilt að markaðssetja freyðivín á merktum glerflöskum sem lokað er með svepplaga töppum í samræmi við reglugerðarákvæði. Rétt er að kveða á um að undanþágur verði heimilaðar með tilteknum skilyrðum vegna afurða sem enn eru á framleiðslustigi, einkum því að slíkar undanþágur séu háðar eftirliti. Hvað varðar gæðafreyðivín er ráðlegt að veita slíkar undanþágur tímabundið og leita eftir skýru leyfi aðildarríkjanna fyrir þeim, svo hægt verði að taka tillit til fenginnar reynslu.

Flöskur fyrir „freyðivín“ eða svipaðar flöskur hafa lengi verið notaðar við markaðssetningu freyðivína. Drykkjarvörur, sem settar eru á slíkar flöskur, vekja ákveðnar væntingar hjá neytendum, einkum ef um gerjaða drykki er að ræða. Til að koma í veg fyrir vissa tegund misnotkunar á slíkum flöskum ætti ekki að heimila notkun þeirra undir vörur sem gætu hugsanlega skaðað þann orðstír sem fer af gæðum vínafurða, einkum freyðivína, og valdið ruglingi meðal neytenda um gerð umrædds drykkjar.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 184, 24. 7. 1996, bls. 9, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/97 frá 15. desember 1997 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1544/95 (Stjtið. EB nr. L 148, 30. 6. 1995, bls. 31).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 74, 14. 3. 1996, bls. 15.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 231, 13. 8. 1992, bls. 9. Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögum 1994.

<sup>(4)</sup> Dómur frá 18. maí 1994, Codorniu S A gegn ráði Evrópubandalaganna, C-309/89, Dómasafn EB, bls. I-1853 (Stjtið. EB nr. C 174, 25. 6. 1994, bls. 4).

Gæðafreyðivínnum fth á að dreifa í merktum glerflöskum sem lokað er með svepplaga töppum þar sem skylt er að áletra heiti tilgreinds héraðs. Reynist vín ekki vera gæðafreyðivín fth við eftirlit getur reynst vandkvæðum bundið að selja það sem freyðivín eða gæðafreyðivín, enda þótt tappinn sé merktur með heiti tilgreinds héraðs. Því er rétt að gera viðeigandi ráðstafanir til að leysa þessi vandamál með samþykkt nákvæmra framkvæmdarákvæða.

### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

#### 1. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 2333/92 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirgrein bætist aftan við fyrstu undirgrein 2. mgr. 3. gr.:

„Þó geta aðildarríki, sem eru framleiðsluríki, krafist þess að heiti eða viðskiptaheiti framleiðanda birtist skrifað fullum stöfum.“

2. Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

- a) eftirfarandi undirgrein bætist við c-lið 2. mgr.:

„Þó geta aðildarríkin krafist þess varðandi tiltekin gæðafreyðivín fth sem framleidd eru á yfirráðasvæði þeirra, að tiltekin hugtök sem um getur í fyrstu undirgrein skuli notuð, annaðhvort ein sér eða með öðrum.“;

- b) í 3. mgr.:

- komi orðið „sykur“ í staðinn fyrir „sykurleifar“, alls staðar þar sem þær eru nefndar, og skal setningin löguð að því;
- komi eftirfarandi í stað undirliða fyrstu undirgreinar:

„- „brut nature“, „Natur herb“, „bruto natural“, „pas dosé“, „dosage zéro“ eða „dosaggio zero“:

ef sykurmagn er minna en 3 grömm á hvern lítra; þessi heiti má aðeins nota um afurðir sem engum sykri er bætt í eftir annars stigs gerjun,

- „extra brut“, „extra herb“ eða „extra bruto“:

ef sykurmagn er milli 0 og 6 grömm á hvern lítra,

- „brut“, „herb“ eða „bruto“:

ef sykurmagn er minna en 15 grömm á hvern lítra,

- „extra dry“, „extra trocken“ eða „extra seco“:

ef sykurmagn er milli 12 og 20 grömm á hvern lítra,

- „sec“, „trocken“, „secco“ eða „asciutto“, „dry“, „tør“, „îçñüü“, „seco“, „torr“ eða „kuiva“:

ef sykurmagn er milli 17 og 35 grömm á hvern lítra,

- „demi-sec“, „halbtrocken“, „abboccato“, „medium dry“, „halvtør“, „çîßîçñüü“, „semi seco“, „meio seco“, „halvtorr“ eða „puolikuiva“:

ef sykurmagn er milli 33 og 50 grömm á hvern lítra,

- „doux“, „mild“, „dolce“, „sweet“, „sød“, „äëðëýð“, „dulce“, „doce“, „söt“ eða „makea“:

ef sykurmagn er meira en 50 grömm á hvern lítra.“

3. Í annarri undirgrein 2. mgr. 6. gr.:

- a) bætist eftirfarandi liður aftan við c-lið:

„ca) heiti tegundarinnar skal ekki endurtaka í sömu framsetningu nema til séu fleiri en ein tegund sem bera sama heiti, enn fremur að það heiti sé á skrá sem aðildarríkið sem er framleiðsluríki heldur saman. Skrána skal senda framkvæmdastjórninni sem kemur henni á framfæri við önnur aðildarríki“;

- b) bætist eftirfarandi liður aftan við d-lið:

„e) framleiðsluferlið, að meðtalinni öldrun í framleiðslustöð afurðarinnar, talið frá upphafi gerjunar sem er ætlað að gera vínlögunina (cuvée) freyðandi, hefur ekki varað skemur en 90 daga og svo fremi að gerjunin, sem er ætlað að gera lögunina freyðandi og sá tími sem lögunin liggur með dreggjunum, taki:

- að minnsta kosti 60 daga,

- að minnsta kosti 30 daga ef gerjun fer fram í ílátum með hræripnum.

Þetta ákvæði gildir þó ekki um kryddblönduð freyðivín sem um getur í 18. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2332/92 frá 13. júlí 1992 um freyðivín sem er framleitt í bandalaginu.“

4. Í stað annars undirliðar þriðju undirgreinar 2. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„- heimilað notkun heita tveggja eða þriggja vínviðartegunda ef slíkt er heimilt í aðildarríkinu sem er framleiðsluríki og ef allar þrúgurnar sem afurðin er fengin úr eru af þessum þremur tegundum, þó að frátöldum afurðum sem eru í *tirage*-líkjör eða *expedition*-líkjör, og ef blanda þessara tveggja eða þriggja tegunda hefur afgerandi áhrif á eðli umræddrar afurðar.“

5. Í stað c-liðar annarrar undirgreinar 3. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„c) gerjunin, sem er ætlað að gera lögunina (*cuvée*) freyðandi og sá tími sem lögunin liggur með dreggjunum, tekur að minnsta kosti 90 daga;“

6. Í stað b-liðar 6. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„b) skal einungis nota hugtakið „*crémant*“ um gæðafreyðivín framleidd í tilgreindum héruðum:

- sem þetta hugtak hefur verið notað yfir ásamt heiti tilgreinds héraðs, af því aðildarríki þar sem vínið er framleitt,
- sem eru framleidd úr þrúgusafa sem fenginn er við pressun heilla þrúgna, þegar um er að ræða hvít gæðafreyðivín, þó ekki meira en 100 l úr hverjum 150 kg af þrúgum.
- sem innihalda að hámarki 150 mg af brennisteinsdíoxíði á hvern lítra,
- sem innihalda minna en 50 g af sykri á hvern lítra, og
- sem eru framleidd í samræmi við sérstakar viðbótarreglur sem aðildarríkið, sem er framleiðsluríki, kann að hafa sett um framleiðslu þeirra.

Þrátt fyrir fyrsta undirliðinn, að því er varðar gæðafreyðivín fth sem hugtakið „*crémant*“ hefur ekki verið notað um í hlutaðeigandi aðildarríkjum í samræmi við þetta ákvæði, mega framleiðendur téðra gæðafreyðivína fth nota hugtakið, svo fremi þeir hafi notað hugtakið á hefðbundinn hátt eigi skemur en tíu ár fyrir 1. júlí 1996.

Hlutaðeigandi aðildarríki tilkynni framkvæmdastjórninni um þau tilvik þar sem þessari undanþágu er beitt.“

7. Eftirfarandi undirgrein bætist við 11. mgr. 6. gr.:

„Hugtakið „*Réserve*“ má nota, eftir því sem við á, ásamt lýsingu í samræmi við skilyrðin sem framleiðsluaðildarríkið setur.“

8. Í 10. gr.:

- a) bætist eftirfarandi undirgrein aftan við fyrstu undirgrein 1. mgr.:

„Sé þó um að ræða afurðir sem 1. mgr. 1. gr. tekur til, þar sem seinni gerjun fer fram í flöskunni, eins og um getur í 3. og 4. mgr. 6. gr., eru undanþágur vegna freyðivína sem enn eru á vinnslustigi, þar sem á flöskunum er bráðabirgðatappi og þær ómerktar:

- a) veittar af aðildarríkinu sem er framleiðsluríki, svo fremi umrædd vín:

- séu gæðafreyðivín fth í vinnslu,
- fari aðeins milli framleiðenda innan viðkomandi tilgreinds héraðs,
- séu tíunduð á fylgiskjali, og
- sæti sérstakri athugun,

- b) fáanlegar með umsókn til 31. desember 2001 og skulu umsækjendur vera framleiðendur gæðafreyðivína sem fengið hafa sérstakt leyfi hlutaðeigandi aðildarríkis og fullnægja þeim skilyrðum sem aðildarríkið setur, einkum að því er varðar eftirlit.

Eigi síðar en 30. júní 2000 skulu hlutaðeigandi aðildarríki senda framkvæmdastjórninni greinargerð um slíkar undanþágur. Eftir því sem við á mun framkvæmdastjórnin leggja fram tillögur um að framhald verði á slíkum undanþágum.“

- b) Eftirfarandi málsgrein bætist aftan við 1. mgr.:

„1. a Aðeins má setja eftirfarandi á flöskur fyrir „freyðivín“ eða svipaðar flöskur, sem lokað er eins og um getur í a-lið 1. mgr., með sölu, markaðssetningu eða útflutning í huga:

- afurðirnar sem um getur í 1. mgr. 1. gr.,

- drykkjarvörur sem hefð er fyrir að setja á slíkar flöskur og sem:
  - eru í samræmi við skilgreiningu hálfreyðandi víns eða loftblandaðs hálfreyðandi víns samkvæmt 17. og 18. lið I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 822/87, eða
  - eru unnin við alkóhólgerjun ávaxtar eða annars hráefnis úr landbúnaði, einkum afurðirnar sem um getur í 2. mgr. 43. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2392/89 og afurðirnar sem reglugerð (EBE) nr. 1601/91 tekur til, eða
  - hafa raunverulegan alkóhólstyrkleika sem svarar 1,2% eða minna miðað við rúmmál,
- afurðir, sem þrátt fyrir þessa framsetningu, þykja ekki líklegar til að valda ruglingi eða villa um fyrir neytendum hvað varðar eðli vörunnar.

Nákvæmar reglur um framkvæmd fyrstu undirgreinar verða samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 83. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87.“

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

9. Eftirfarandi málsgrein bætist við 13. gr.:

„4. Í lýsingum, kynningum og auglýsingum á öðrum afurðum en þeim sem fjallað er um í 1. mgr. 1. gr. má ekki gefa til kynna, gefa í skyn eða láta að því liggja að viðkomandi afurð sé freyðivín.“

10. Eftirfarandi undirgrein bætist við 2. mgr. 15. gr.:

„Sama málsmeðferð verði viðhöfð við samþykkt undanþágna um merkingar á tappanum, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., þegar freyðivín er ekki viðurkennt sem gæðafreyðivín fth við eftirlit þar til bærð yfirvalds.“

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Ákvæði b-liðar 3. mgr. og 5. mgr. 1. gr. gilda frá 1. september 1997.

Gjört í Lúxemborg 26. júní 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

**M. PINTO**

forseti.

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1592/96**

frá 30. júlí 1996

**um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 822/87 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins(\*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bannað er að gróðursetja nýjan vínvið til 31. ágúst 1996. Með tilliti til markaðsstöðu víngeirans er rétt að framlengja núverandi bann um tvö vínár á meðan beðið er ákvarðana ráðsins um umbætur í geiranum. Hins ber þó að geta að bannið skal í fyrsta lagi ekki ná til svæða sem ætluð eru ræktun vínberja til neyslu, og í öðru lagi þarf að gera ráð fyrir undanþágum vegna tiltekinna vína sem eftirspurn er eftir á markaðinum vegna sérstakra gæða þeirra.

Veita ætti tímabundna undanþágu að því er varðar blöndun og heildarinnihald síru í tilteknum tegundum borðvíns, sem eru framleiddar á Spáni, til þess að taka tillit til þeirra sérstöku skilyrða sem ríkja við framleiðslu borðvíns í því aðildarríki. Undanþága varðandi heildarinnihald síru ætti einnig að ná til borðvína sem framleidd eru í Portúgal.

Í 3. mgr. 17. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 822/87 <sup>(4)</sup> er kveðið á um að tiltekin afsýrunaraðferð sé aðeins leyfileg til bráðabirgða. Til þess að unnt sé að taka endanlega ákvörðun um þessa aðferð skal halda viðteknum framleiðsluáðferðum, að minnsta kosti til loka vínársins 1996/97.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 252, 4. 10. 1996, bls. 10, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/97 frá 15. desember 1997 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 125, 27. 4. 1996, bls. 45.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 166, 10. 6. 1996.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 204, 15. 7. 1996, bls. 57.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1544/95 (Stjtið. EB nr. L 148, 30. 6. 1995, bls. 31).

Þar sem bannið við gróðursetningu nýs vínviðar nær ekki til svæða, sem ætluð eru til ræktunar vínberja til neyslu, ætti ekki lengur að heimila að vín sé unnið úr slíkum vínberjum og því er rétt að breyta 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87 í samræmi við það. Þó er rétt að framleiðendur fái frest til að laga sig að nýja kerfinu og því verði þessu ákvæði ekki beitt fyrr en 1. ágúst 1997.

Í 12. mgr. 39. gr. og 6. mgr. 65. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87 er kveðið á um að á vínárinu 1995/96 skuli framkvæmdastjórnin leggja skýrslur fyrir ráðið um áhrif skipulagsráðstafana, og hvernig þær tengjast skyldubundinni eimingu, og um hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs í víni og tillögur þar að lútandi. Vegna stefnubreytinga í geiranum er ekki lengur þörf á skýrslum um vínræktarsvæði, áhrif skipulagsráðstafana og hvernig þær tengjast skyldubundinni eimingu. Framkvæmdastjórnin lagði nýverið fram skýrslu um auðgun víns. Því er ekki lengur þörf á að vísa til fyrrnefndra skýrslna.

Í 4. mgr. 46. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87 er kveðið á um að átak til að ýta undir neyslu þrúgusafa megi aðeins standa til vínársins 1995/96. Rétt er að framlengja það um eitt vínár svo meta megi árangur þess.

Þróun í vínframleiðslugetu sumra framleiðsluhéraðanna, sem um getur í 3. mgr. 39. gr. reglugerðar (EC) nr. 822/87, hefur haft mikil áhrif í ýmsum undirhéruðum, og þar af leiðandi kann að reynast erfitt að nota sumar viðmiðanir sem settar eru fram í téðri málsgrein. Rétt er að kveða á um að tekið verði tillit til framangreindrar þróunar á framleiðsluárinu 1996/97.

Það er afar brýnt fyrir geirann að vandamálið varðandi brennisteinsdíoxíð verði leyst og því er þörf tillagna sem taka mið af öllum fáanlegum gögnum, einkum verkum frá Alþjóðavínskrifstofunni (IWO). Því er rétt að framlengja frestinn um eitt ár.

Á grundvelli fenginnar reynslu er rétt að bæta tveimur þáttum, sem tengjast freyðivínsframleiðslu, á skrá um leyfilega vínfræðilegar vinnsluáðferðir og vinnslu.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**

**1. gr.**

Reglugerð (EBE) nr. 822/87 er breytt sem hér segir:

## 1. Í stað 1. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„1. Öll gróðursetning vínviðarafbrigða annarra en þeirra sem aðeins teljast ræktuð vegna vínberja til neyslu samkvæmt flokkun hlutaðeigandi stjórnsýslueiningar verður bönnuð til 31. ágúst 1998.

Þrátt fyrir það geta aðildarríkin veitt leyfi til gróðursetningar nýs vínviðar á svæðum sem ætluð eru til framleiðslu á:

- gæðavínnum sem framleidd eru í tilgreindum héruðum, eða
- borðvínnum sem lýst er sem einhverju eftirfarandi: „Landwein“, „vin de pays“, „indicazione geografica tipica“, „Πρωτογενής οίνος“, „Πρωτογενής οίνος“, „vino de la tierra“, „vinho regional“ eða „regional wine“.

en framkvæmdastjórnin hefur viðurkennt að vegna tiltekinna eiginleika þeirra nægi framleiðsla hvergi til að anna eftirspurn.

Önnur undirgrein skal gilda innan 10.000 hektara heildarsvæðis, sé um að ræða gróðursetningu nýs vínviðar á markaðsárinu 1996/97 og/eða 1997/98 í samræmi við eftirfarandi úthlutun:

Þýskaland:	289
Grikkland:	208
Spánn:	3 615
Frakkland:	2 584
Ítalía:	2 442
Lúxemborg:	4
Austurríki:	139
Portúgal:	719.“

## 2. Í þriðju undirgrein 5. mgr. 16. gr. komi „frá 1. janúar 1996 til 31. ágúst 1997“ í stað „frá 1. janúar til 31. ágúst 1996“.

## 3. Í 3. mgr. 17. gr. komi „31. ágúst 1997“ í stað „31. ágúst 1996“.

## 4. Önnur undirgrein 3. mgr. 18. gr. falli niður.

## 5. Í stað 1. mgr. 36. gr. komi eftirfarandi:

„1. Frá 31. júlí 1997 skal vín unnið úr þrúgum afbrigða sem ekki eru skráð sem þrúguafbrigði í flokkun vínviðarafbrigða hjá stjórnsýslueiningu uppskeru-staðar, og sem ekki er flutt út á viðkomandi vínári, eimað innan tímamarka sem ákveðin verða síðar. Ekki má flytja það annað en til eimingarstaðar nema til komi undanþága.

Frá og með 1. ágúst 1997 er bannað að vinna vín úr þrúgunum sem um getur í fyrstu undirgrein.“

## 6. Í 39. gr.:

a) komi „til loka vínársins 1996/97“ í stað „til loka vínársins 1995/96“ í þriðju undirgrein 3. mgr.;

b) komi „frá vínárinu 1997/98 og áfram“ í stað „frá vínárinu 1996/97 og áfram“ í fjórðu undirgrein 3. mgr.;

## c) í 10. mgr.:

- komi „1996/97“ í stað „1995/96“;

- bætist við eftirfarandi undirgrein:

„Þrátt fyrir þessa grein og að beiðni hlutaðeigandi aðildarríkis má skipta magninu, sem á að eima í tilteknu héraði á markaðsárinu 1996/97, niður á undirhéruð sem verða skilgreind síðar, í samræmi við viðmiðanir sem vísa til annars en þess sem annar undirliður þriðju undirgreinar 3. mgr. tekur til. Úthlutun magnsins og skipting niður í undirhéruð ákvarðast í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 83. gr.“;

d) komi „1996/97“ í stað „1995/96“ í 11. mgr.;

e) falli 12. mgr. niður;

## 7. Í 4. mgr. 46. gr. komi „1996/97“ í stað „1995/96“.

## 8. í 65. gr.:

a) bætist eftirfarandi undirliður í lok b-liðar í 2. mgr.:

„- hvít gæðavín fth sem upprunnin eru í Breska konungsríkinu sem er lýst og þau kynnt í samræmi við breska löggjöf með hugtaki „botrytis“ eða öðrum samsvarandi hugtökum, til dæmis „noble harvest“, „noble late harvested“ eða „special late harvested“.“;

b) komi „1. apríl 1997“ í stað „1. apríl 1996“ og „1. september 1997“ í stað „1. september 1996“ í 5. mgr.

9. Í stað þriðju undirgreinar 13. liðar I. viðauka komi eftirfarandi:

„Á vínárinu 1996/97 skal heildarinnihald síru í borðvíni, gefið upp sem vínsýra, sem er framleitt í Portúgal og spænska hluta vínræktarsvæðisins C, annars staðar en í Astúríu-héruðum, Baleareyjum, Kantabríu og Galísíu og héruðum Guipúzcoa og Vizcaya, og sett á portúgalskan og spænskan markað eftir því sem við á, ekki vera minna en 3,5 grömm á hvern lítra.“

10. Eftirfarandi liðir bætist við 3. þátt VI. viðauka:

„ta) notkun gers til vínframleiðslu, þurrs eða í vínlausn, til framleiðslu freyðivíns;

tb) við freyðivínsframleiðslu, að ammóníumsöltum og þíamínsöltum er bætt út í grunnvínin til að örva gervöxt, með eftirtöldum skilyrðum:

- að því er varðar næringarsölt, tvíammóníumfosföt eða ammóníumsúlfat að hámarks magni 0,3 g/l (gefið upp sem salt),

- að því er varðar vaxtarörvun, þíamín í formi þíamínhýdróklóríðs að hámarks magni 0,6 mg/l (gefið upp sem þíamín);“.

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. september 1996.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júlí 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

**H. COVENEY**

forseti.

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1594/96****frá 30. júlí 1996****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2332/92 um freyðivín sem er framleitt í bandalaginu og reglugerð (EBE) nr. 4252/88 um gerð og markaðssetningu vínlíkjöra sem framleiddir eru innan bandalagsins(\*)****RÁÐVEVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 11. og 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2332/92 <sup>(4)</sup> og 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4252/88 <sup>(5)</sup> er mælt fyrir um hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs í freyðivínum og vínlíkjörum. Í þessum greinum er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli leggja skýrslu fyrir ráðið fyrir 1. apríl 1996 um þetta innihald ásamt tillögum, ef við á. Þessar tillögur að ráðstöfunum skulu vera í samræmi við aðrar tillögur sem framkvæmdastjórninni er ætlað að leggja fram. Af þeim sökum ætti að fresta framangreindum eindaga. Hið sama gildir um eindaga sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4252/88.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Reglugerð (EBE) nr. 2332/92 er breytt sem hér segir:

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júlí 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

**H. COVENEY**

forseti.

1. Í stað „1. apríl 1996“ og „1. september 1996“ í 3. mgr. 11. gr. komi „1. apríl 1997“ og „1. september 1997“, eftir því sem við á.

2. Í stað „1. apríl 1996“ og „1. september 1996“ í 3. mgr. 16. gr. komi „1. apríl 1997“ og „1. september 1997“, eftir því sem við á.

**2. gr.**

Reglugerð (EBE) nr. 4252/88 er breytt sem hér segir :

1. Í stað „1. apríl 1995“ og „1. september 1995“ í 2. mgr. 4. gr. komi „1. apríl 1997“ og „1. september 1997“, eftir því sem við á.

2. Í stað „1. apríl 1996“ og „1. september 1996“ í 2. mgr. 6. gr. komi „1. apríl 1997“ og „1. september 1997“, eftir því sem við á.

**3. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 150, 25. 6. 1996, bls. 13, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/97 frá 15. desember 1997 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. C 125, 27. 4. 1996, bls. 48.

(2) Stjttíð. EB nr. C 166, 10. 6. 1996.

(3) Stjttíð. EB nr. C 204, 15. 7. 1996, bls. 57.

(4) Stjttíð. EB nr. L 231, 13. 8. 1992, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1547/95 (Stjttíð. EB nr. L 148, 30. 6. 1995, bls. 35).

(5) Stjttíð. EB nr. L 373, 31. 12. 1988, bls. 59. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1547/95.



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/27/21**

**nr. 103/97**  
**frá 17. desember 1997**

**um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/96 frá 29. febrúar 1996<sup>(1)</sup>.

Ályktun ráðsins frá 21. nóvember 1996 um nýja forgangsröðun við stefnumótum um upplýsingaþjófélagið<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 29. lið (tilmæli ráðsins 95/144/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„30. **396 Y 1212(01):** Ályktun ráðsins 96/C 376/01 frá 21. nóvember 1996 um nýja forgangsröðun við stefnumótum um upplýsingaþjófélagið (Stjtíð. EB nr. C 376, 12. 12. 1996, bls. 1).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 96/C 376/01 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 18. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 17. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB nr. L 102, 25. 4. 1996, bls. 50 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 18, 25. 4. 1996, bls. 21.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB nr. C 376, 12. 12. 1996, bls. 1.

## ÁLYKTUN RÁÐSINS

frá 21. nóvember 1996

### um nýja forgangsröðun við stefnumótun um upplýsingaþjófélagið(\*)

(96/C 376/01)

#### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

sem hefur hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

sem hefur hliðsjón af ályktun ráðsins frá 18. nóvember 1991 um rafeinda-, upplýsinga- og fjarskiptatækni <sup>(1)</sup>,

sem hefur hliðsjón af niðurstöðum ráðsins um upplýsingaþjófélagið frá 28. september 1994,

sem hefur hliðsjón af ályktun ráðsins frá 21. nóvember 1994 um að efla samkeppnishæfni iðnaðar í bandalaginu <sup>(2)</sup>,

sem hefur hliðsjón af ályktun ráðsins frá 22. desember 1994 um meginreglur og tímaáætlun varðandi afnám hafta á fjarskiptagrunnvirkjum <sup>(3)</sup>,

sem hefur hliðsjón af niðurstöðum ráðsins frá 7. apríl 1995 um samkeppnishæfni í iðnaði,

sem hefur hliðsjón af ályktun ráðsins frá 27. nóvember 1995 um hvaða áhrif það hefur á iðnaðinn að koma á upplýsingaþjófélagi í Evrópusambandinu <sup>(4)</sup>,

sem hefur hliðsjón af niðurstöðum formennskuríkisins á fundum leiðtogaráðsins á Korfú, í Cannes, Madríd og Flórens,

sem hefur hliðsjón af hvítbók framkvæmdastjórnarinnar frá desember 1993 um vöxt, samkeppnishæfni og atvinnumál,

sem hefur hliðsjón af orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 19. júlí 1994 sem ber heitið „Evrópa á leið inn í upplýsingaþjófélagið - aðgerðaáætlun“,

sem hefur hliðsjón af orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá september 1994 um stefnu Evrópusambandsins að því er varðar samkeppnishæfni í iðnaði,

sem tekur mið af tillögum framkvæmdastjórnarinnar um tilskipun um gagnsæi í ákvæðum um innri markaðinn fyrir þjónustustarfsemi í upplýsingaþjófélaginu,

sem tekur mið af orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar „Upplýsingaþjófélagið: Frá Korfú til Dublin - ný forgangsverkefni koma í ljós“, orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar „Áhrif upplýsingaþjófélagsins á stefnu Evrópusambandsins - undirbúningur næstu áfanga“, grænbókinni „Líf og starf í upplýsingaþjófélaginu: Fólkið í fyrirrími“, og orðsendingunni „Stöðlun í víðtæka upplýsingaþjófélaginu“,

sem tekur mið af orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um þjónustu í þágu almennra hagsmuna í Evrópu,

og tekur tillit til eftirfarandi:

Í framtaksverkefnum í sambandi við upplýsingaþjófélagið þarf að gera ráð fyrir stefnum sem mótaðar hafa verið í skyldum málaflokkum, einkum varðandi hljóð- og myndmiðlun og menningarmál, og hafa fyrirvara um innlendar ráðstafanir sem eru í samræmi við lög bandalagsins um þessa málaflokka.

Alþjóðavæðing efnahagsmála eykur þrýsting í samkeppni og mun gera auknar kröfur um sveigjanleika og skilvirkni og opna um leið ný markaðstækifæri sem getur orðið til þess að auka hagvöxt og fjölga störfum.

HRÖÐ og heilsteipt þróun upplýsingaþjófélagsins er nauðsynleg fyrir samkeppnishæfni og atvinnumál í Evrópu.

Afnám hafta á fjarskiptamörkuðum innan samþykkrar tímaáætlunar mun örva einkaaðila og opinbera aðila til fjárfestinga sem nauðsynlegar eru fyrir þróun upplýsingaþjófélagsins í Evrópu.

Rétt er að meginreglur innri markaðarins gildi um nýjar þjónustugreinar í upplýsingaþjófélaginu til að á Evrópu-markaðinum geti þróast kerfi sem eru samkeppnishæf á alþjóðamarkaði.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. C 376, 12. 12. 1996, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/97 frá 17. desember 1997 um breytingu á XI viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. C 325, 14. 12. 1991, bls. 2.

(2) Stjttíð. EB nr. C 343, 6. 12. 1994, bls. 1.

(3) Stjttíð. EB nr. C 379, 31. 12. 1994, bls. 4.

(4) Stjttíð. EB nr. C 341, 19. 12. 1995, bls. 5.

Upplýsingaþjóf félagið gefur möguleika á djúpstæðri efnahagslegri og félagslegri umbreytingu sem breiðist út til allra sviða mannlegra athafna.

Upplýsingaþjóf félagið getur stuðlað að miklu atvinnuframboði og bættum lífskjörum og lífsgæðum í bandalaginu.

Upplýsingaþjóf félagið og notkun nýrrar tækni ætti að stuðla að virkri verndun grundvallarréttinda og mannfrelsis borgara og neytenda og að því að þeir neyti þessara réttinda.

Þó kann dreifing ólöglegs efnis, sem kemur niður á allsherjarreglu og siðgæði, að rýra traust á nýja upplýsingaþjóf félaginu og viðtöku þess. Notkun nýrrar tækni getur aukið samheldni svæða í Evrópu á hagkvæman hátt.

Samhæfa þarf efnahagslegan, félagslegan og menningarlegan styrk Evrópusambandsins við sköpun nýrra tækifæra fyrir alla borgara.

Menntun og þjálfun, sem byggð er á meginreglunum um símenntun, í að nýta upplýsingaþjóf félagið mun skipta sköpum við að veita fólki þá kunnáttu sem því er nauðsynleg bæði í starfi og einkalífi.

Þörf er á endurskoðaðri og uppfærðri aðgerðaáætlun.

Upplýsingaþjóf félagið sprettur af tæknilegri samleitni hljóð- og myndmiðlunargeirans, tölvugeirans og fjarskiptageirans.

Nauðsynlegt er að allar lögbærar samsetningar ráðsins íhugi og samþykki sem fyrst nauðsynlegan lagaramma.

## I

1. FAGNAR því framtaki framkvæmdastjórnarinnar að leggja fram nokkur skjöl til íhugunar og tillögur sem miða að frekari þróun hins pólitíska ramma upplýsingaþjóf félagsins.
2. VEITIR ÞVÍ ATHYGLI að góður árangur hefur náðst við framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar „Evrópa á leið inn í upplýsingaþjóf félagið“ með:
  - a) samþykkt ráðstafana um fullt afnám hafta á fjarskiptamarkaði;
  - b) árangursríkri framkvæmd þriggja sérstakra rannsóknarverkefna á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni og þróun fjárvirknibúnaðar innan fjórðu rammaáætlunarinnar;
  - c) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um verndun einstaklinga í tengslum við meðferð persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga<sup>(1)</sup>, sameiginlegri afstöðu um sérstök drög að tilskipun um verndun einkalífs og persónuupplýsinga í fjarskiptageiranum og samþykkt tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/9/EB frá 11. mars 1996 um lögverndun gagnagrunna<sup>(2)</sup>;

<sup>(1)</sup> Stjótt. EB nr. L 281, 23. 11. 1995, bls. 31.

<sup>(2)</sup> Stjótt. EB nr. L 77, 27. 3. 1996, bls. 20.

- d) samþykkt viðmiðunarreglna TEN-ISDN sem mikils háttar skrefs til að skapa heildarramma fyrir TEN-fjarskipti;
- e) samþykkt INFO 2000 til að styðja við evrópskan margmiðlunariðnað;
- f) framkvæmd allnokkurra upplýsingaþjóf félagsverkefna á sviði iðntækni, stöðlunar, svæðastefnu og alþjóðlegrar samvinnu;
- g) því að hleypa af stokkunum sérstökum aðgerðum til að auka vitund almennings um upplýsingaþjóf félagið;
- h) aukinni alþjóðlegri samvinnu, að meðtalinni framkvæmd tilraunaaðgerða á vegum sjö helstu iðnríkja heims og einkum samvinnu við Mið- og Austur-Evrópuríki, Miðjarðarhafsríki og þróunarlönd.

## 3. VIÐURKENNIR

- a) þá áskorun sem felst í alþjóðlegri samkeppni, breytingum á viðskiptaumhverfinu í upplýsingaþjóf félaginu og mikilvægi upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrir samkeppnishæfni evrópsks iðnaðar og þar með atvinnusköpun;
- b) þau markaðs- og atvinnutækifæri sem upplýsingaþjóf félagið opnar fyrir hagkerfi Evrópu - til dæmis á sviði rafeindaviðskipta og margmiðlunar;
- c) þörfina á að allir hagsmunaaðilar taki tillit til félagslegra og samfélagslegra þátta upplýsingaþjóf félagsins og virði hina miklu þýðingu mannlegra þáttarins í því sambandi;
- d) þörfina á sameiginlegum meginreglum um veitingu og fjármögnun altækra þjónustu, í ljósi þess að hugmyndin um altæka þjónustu þarf að þróast í takt við tækniframfarir, þróun markaðarins og breyttar kröfur notenda;
- e) þörfina á lagaramma sem er evrópskum fyrirtækjum í hag, einkum til að skapa litlum og meðalstórum fyrirtækjum með tækniáherslu betra umhverfi;
- f) þörfina á því að stofnanir bandalagsins bæti upplýsinga- og fjarskiptakerfi sín til að auðvelda betri stjórnun á viðskiptum þess;
- g) þörfina á skilvirkri almennri fjarskipta- og gagnaflutningsþjónustu um alla Evrópu á samkeppnishæfu verði;
- h) mikilvægi menntunar og menningar til að auka skilning á upplýsingaþjóf félaginu;

- i) mikilvægi tæknilegrar samhæfingar fyrir þróun alþjóðlega upplýsingaþjóðfélagsins.

#### 4. LEGGUR með framkvæmdastjórninni ÁHERSLU Á

- a) að skjót samþykkt og skilvirk framkvæmd rammaákvæðanna, sem nauðsynleg eru til að afnema höft í fjarskiptageiranum um allt bandalagið, er nauðsynleg til að tryggja aukna samkeppni til hagsbóta fyrir alla notendur;
- b) að sterkur og samkeppnishæfur evrópskur iðnaður á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni er nauðsynlegur til að nýta til fulls kosti upplýsingaþjóðfélagsins;
- c) að samkeppnisstefna Evrópu þarf að varðveita samkeppni innan bandalagsins og gera evrópskum fyrirtækjum kleift að ná árangri á alþjóðlegum mörkuðum;
- d) að bæta þarf starfsemi innri markaðarins; að í ljósi aukinnar hlutdeildar þjónustu í hagkerfinu er veiting þjónustu og frjáls viðskipti með hana - sérstaklega nýja þjónustu - sérlega mikilvæg;
- e) þörfina á að hraða samþykkt formlegra staðla bæði á Evrópuvettvangi og á alþjóðlegum vettvangi og að tryggja opið og gagnsætt eðli tækniforskrifta til að forðast misnotkun yfirburðastöðu á markaði;
- f) mikilvægi þess að leiða til lykta samningaviðræður Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um grunnfjarskiptaþjónustu fyrir 15. febrúar 1997;
- g) mikilvægi þess að leiða farsælega til lykta það starf sem nú er unnið innan Alþjóðahugverkastofnunarinnar um nýja alþjóðasamninga um höfundarréttarvernd og skyld réttindi í upplýsingaþjóðfélaginu.

#### 5. UNDIRSTRIKAR

- a) mikilvægi þess að allir aðilar atvinnulífsins taki upplýsinga- og fjarskiptatækni fljótt í þjónustu sína;
- b) geysimikilvægt hlutverk rannsókna og þróunar í upplýsinga- og fjarskiptatæknigeiranum í ljósi hæfni evrópsks iðnaðar til samkeppni og nýjunga;
- c) þörfina á stöðugum endurbótum og breytingum á kunnáttu til að koma til móts við breyttar kröfur á vinnumarkaði;
- d) mikilvægi þess að fram komi nýjar greinar atvinnu-starfsemi;
- e) þörfina á að stuðla að notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni til sjálfbærrar þróunar í framleiðslu, dreifingu og neyslu;

- f) þörfina á að nýta möguleika upplýsingaþjóðfélagsins á að auka menningarlega fjölbreytni, fjölbreytni tungumála eða aðra fjölbreytni;

- g) þörfina á að allir Evrópuborgarar geti nýtt sér kosti upplýsingaþjóðfélagsins, óháð búsetu eða hverjum þeim rökum sem beita mætti til útilokunar;

- h) mikilvægi þess að standa vörð um grundvallarréttindi og mannfrelsi og réttindi notenda og neytenda í upplýsingaþjóðfélaginu.

#### 6. STYÐUR

- a) þá fyrirætlan framkvæmdastjórnarinnar að gefa fordæmi um notkun fjarskipta í stjórnsýslu sinni, til dæmis við stjórnun evrópskra rannsóknarverkefna;
- b) viðleitni aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að stuðla að hnökralausum samskiptum milli opinberra yfirvalda í Evrópusambandinu án þess að það stríði gegn innlendri löggjöf, einkum þegar öryggi aðildarríkjanna á í hlut.

- 7. VEITIR ATHYGLI fyrsta upplýsingaskjali framkvæmdastjórnarinnar um fimmtu rammaáætlunina og fagnar tillögu um að rannsóknir sem tengjast upplýsingaþjóðfélaginu verði í brennidepli.

- 8. VEITIR ATHYGLI - í ljósi mikilvægis menntunar og þjálfunar fyrir samkeppnishæfni í viðskiptum - kynningu framkvæmdastjórnarinnar á aðgerðaáætluninni „Nám í upplýsingaþjóðfélaginu“ sem leiðtogaárið óskaði eftir í Flórens á þessu ári.

- 9. LEGGUR ÁHERSLU á mikilvægi viðeigandi og samkvæms lagaramma fyrir upplýsingaþjóðfélagið á Evrópuvettvangi og á alþjóðlegum vettvangi.

- 10. LEGGUR ÁHERSLU á mikilvægi fullnægjandi samræmingar milli hlutaðeigandi stjórnsýsluyfirvalda, einkum á sviði leyfisveitingar, úthlutunar tíðnisviða og tölusetningar.

- 11. LEGGUR ÁHERSLU á þörfina á því að taka fullt tillit til þess sem lýtur að samheldni, einkum með því að aðstoða verr sett svæði við að taka fullan þátt í upplýsingaþjóðfélaginu.

## II

### RÁÐIÐ HVETUR AÐILDARRÍKIN TIL AÐ

- 12. örva stofnun, vöxt og þróun nýsköpunarfyrirtækja, einnig lítilla og meðalstórra, á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni;

13. bæta opinbera þjónustu, til dæmis menntun, menningarstarfsemi, heilbrigðisþjónustu, samgöngur, stjórnsýslu og aðgang að opinberum upplýsingum, með aukinni notkun á tækjum upplýsingaþjórðfélagsins og samstarfi opinbera geirans við einkageirann, en tryggja jafnframt traust borgaranna á notkun þessara nýju tækja með tilliti til grundvallarréttinda þeirra og mannfrelsis, einkum réttarins til verndar persónuupplýsinga;
14. tryggja samkvæma og skilvirka lögleiðingu endurbótapakksins í fjarskiptamálum innan þeirra tímamarka sem samþykkt hafa verið.

## III

RÁÐIÐ ÓSKAR ÞESS AÐ AÐILDARRÍKIN OG FRAMKVÆMDASTJÓRNIN, HVERT UM SIG INNAN SÍNS VALDSVIÐS,

15. kanni þann vanda sem felst í dreifingu ólöglegs efnis, sem brýtur í bága við á allsherjarreglu og siðgæði, um rafeindanet;
16. samþykki samkvæmar ráðstafanir til að tryggja að skjöl, sem send eru með rafrænum hætti, séu heil og ófölsuð;
17. stuðli að viðræðum um upplýsingatæknisamninginn með tilliti til marghliða samninga í framtíðinni;
18. tryggi nána samvinnu og samræmingu milli hinna ýmsu áætlana og aðgerða á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni;
19. samræmi betur hvert sitt framtaksverkefni um upplýsingaþjórðfélagið til að ávinningurinn verði sem mestur, og óskar þess að framkvæmdastjórnin gefi reglulega skýrslu um þessi framtaksverkefni til að stuðla að fyllid milli aðgerða.

## IV

RÁÐIÐ FER ÞESS Á LEIT VIÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNINA AÐ HÚN

20. fylgi eftir, eftir því sem við á, því samráði sem þegar er hafið um grænbækurnar „Líf og starf í upplýsingaþjórðfélaginu“, „Ný hljóð- og myndmiðlunarþjórðusta“, „Höfundarréttur og skyld réttindi í upplýsingaþjórðfélaginu“, „Lagavernd dulritaðrar þjórðustu“ og „Fjarskipti í atvinnuskyni á innri markaðinum“;
21. greini hugsanlegar hindranir á þróun nýrrar upplýsingaþjórðfélagsþjórðustu, einkum rafrænna viðskipta;
22. greini áhrif upplýsinga- og fjarskiptatækni á samkeppnishæfni iðngreina og leggi fram tillögur um Evrópuframtak til að örva notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni, einkum í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja;

23. auki alþjóðlega samvinnu, einkum með það í huga að aðstoða þau lönd, sem sótt hafa um aðild, við að búa sig undir upplýsingaþjórðfélagið, og að bæta samskiptin við önnur svæði til að stuðla að framþróun alþjóðlega upplýsingaþjórðfélagsins;
24. gefi ráðinu skýrslu um samkeppnisstöðu iðnaðarins á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni og stöðu framkvæmdar ályktunarinnar frá 18. nóvember 1991 um rafeinda-, upplýsinga- og fjarskiptatækni.

## V

RÁÐIÐ HVETUR ATVINNULÍFIÐ TIL AÐ

25. gangast við ábyrgð sinni í
- að endurnýja kunnáttu stjórnenda og starfsmanna í notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni,
  - að nýta möguleika upplýsinga- og fjarskiptatækni til að bæta samkeppnishæfni,
  - að skapa og styðja við nýja upplýsingaþjórðfélagsþjórðustu og –vörur svo og að hvetja til þess að nægilega fljótt séu samdir hentugir staðlar og forskriftir sem eru í samræmi við þarfir markaðarins;
26. taka virkan þátt í stefnumótun um upplýsingaþjórðfélagið á innlendum vettvangi og á vettvangi Evrópu án þess að missa sjónar á félagslegum og samfélagslegum þáttum upplýsingaþjórðfélagsins;
27. koma á og markaðssetja hagkvæma almenna gagnaflutningsþjórðustu um alla Evrópu.

## VI

RÁÐIÐ

28. HVETUR framkvæmdastjórnina og aðildarríkin til að fluga viðeigandi aðgerðir, þar á meðal aðgerðir sem eru í samræmi við gildandi skjöl um svæðastefnu, til að sjá til þess að einstaklingar og fyrirtæki fái nýtt sér þau tækifæri sem upplýsingaþjórðfélagið býður upp á.
29. TELUR að þörf sé á því að auka gagnsæi innlendra framtaksverkefna og framtaksverkefna bandalagsins, að meðtöldum lagarammanum, til að þróa upplýsingaþjórðfélagsþjórðustu.
30. LEGGUR FAST AÐ aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni að sýna viðvarandi viðleitni til að auka vitund, skilning og þátttöku almennings í upplýsingaþjórðfélaginu.

31. HVETUR stofnanir bandalagsins í samvinnu við aðildarríkin til að koma á, innan hæfilegs tíma, heildarkerfi til að stýra samskiptum milli stofnana.
32. VIÐURKENNIR þörfina á frekari greiningu á þeim málefnum sem liggja að baki alþjóðlegri stefnumótun um upplýsingaþjófélagið með það fyrir augum að ná sameiginlegum skilningi á aðferðum og skilyrðum sem ráða notkun alþjóðlegra upplýsinganeta og leggur áherslu á þörfina á samræmingu framtaksverkefna sem tengjast þessum málum, bæði á vettvangi bandalagsins og í öðru alþjóðlegu samhengi.
33. FAGNAR tillögu Þjóðverja um að þeir haldi alþjóðlega ráðstefnu um þessi mál sem verði undirbúin í náinni samvinnu við framkvæmdastjórnina og aðildarríkin.
34. FAGNAR þeirri fyrirætlan framkvæmdastjórnarinnar að leggja fram endurskoðaða og uppfærða gerð aðgerðaáætlunarinnar „Evrópa inn í upplýsingaþjófélagið“ fyrir lok þessa árs.

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/27/22

nr. 104/97  
frá 17. desember 1997

### um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) og XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn

#### SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. og XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/95 frá 19. maí 1995<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/51/EB frá 18. október 1995 um breytingu á tilskipun 90/388/EBE að því er varðar afnám hafta á notkun kapalsjónvarpsneta þegar látin er í té fjarskiptaþjónusta sem búið er að gefa frjálsta<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

#### ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

##### 1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/388/EBE) í XI. viðauka við samninginn:

„- **395 L 0051:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/51/EB frá 18. október 1995 (Stjttíð. EB nr. L 256, 26. 10. 1995, bls. 49).“.

##### 2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/388/EB) í XIV. viðauka við samninginn:

„- **395 L 0051:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/51/EB frá 18. október 1995 (Stjttíð. EB nr. L 256, 26. 10. 1995, bls. 49).“.

Ákvæði tilskipunar 95/51/EB skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Á Íslandi skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun 95/51/EB koma til framkvæmda frá 1. janúar 1998, með fyrirvara um

- i) að þeim sem veita talsímaþjónustu í framtíðinni sé heimilt að hefja tilraunaþjónustu til bráðabirgða fyrir þann tíma, og
- ii) að skilyrði fyrir leyfisveitingu í framtíðinni verði gerð opinber fyrir þann tíma.”.

##### 3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/51/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

##### 4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 18. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

##### 5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 17. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 251, 19. 10. 1995, bls. 31 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 39, 19. 10. 1995 bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 256, 26. 10. 1995, bls. 49.

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 95/51/EB

frá 18. október 1995

### um breytingu á tilskipun 90/388/EBE að því er varðar afnám hafta á notkun kapalsjónvarpsneta þegar látin er í té fjarskiptaþjónusta sem búið er að gefa frjálsa(\*)

#### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 3. mgr. 90. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/388/EBE frá 28. júní 1990 um samkeppni á mörkuðum fyrir fjarskiptaþjónustu <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 94/46/EB <sup>(2)</sup>, voru tiltekin svið fjarskiptaþjónustu opnuð fyrir samkeppni og mælt til þess að aðildarríkin gerðu nauðsynlegar ráðstafanir til að sjá til þess að öllum fyrirtækjum væri heimilt að veita slíka þjónustu; hvað snertir talsímaþjónustu fyrir almenning er viðurkennt í ályktun ráðsins frá 22. júlí 1993 <sup>(3)</sup> að unnt sé að fella niður þá undantekningu fyrir 1. janúar 1998, með aðlögunartíma fyrir sum aðildarríki; tiltekið var að fjarritaþjónusta, farstöðvaþjónusta og útvarps- og sjónvarpssendingar til almennings féllu utan gildissviðs tilskipunarinnar; með tilskipun 94/46/EB voru gervihnattafjarskipti felld undir gildissvið tilskipunarinnar.

Í opnu umræðunni sem framkvæmdastjórnin skipulagði árið 1992 um stöðu fjarskiptageirans í kjölfar orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 21. október 1992 drógu margir þjónustuveitendur og neytendur í efa skilvirkni ráðstafananna til að gefa fjarskipti frjáls, einkum gagnaflutning, virðisaukandi þjónustu og veitingu gagnaflutning, virðisaukandi þjónustu og veitingu gagnaflutning fyrir fyrirtæki og lokaða notendahópa.

- 2) Meginástæða þessarar viðvarandi tregðu eru stjórnsýslutakmarkanir sem koma í veg fyrir að notuð sé önnur grunnvirki til að veita frjálsa þjónustu, einkum takmarkanir á notkun kapalsjónvarpsneta. Þeir sem hafa í hyggju að veita þjónustu eru nú háðir þeirri flutningsgetu - „leigulínum“

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 256, 26. 10. 1995, bls. 49, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/97 frá 17. desember 1997 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) og XIV. viðauka (Samkeppni), sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 192, 24. 7. 1990, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 268, 19. 10. 1994, bls. 15.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. C 213, 6. 8. 1993, bls. 1.

- sem fjarskiptafyrirtæki láta þeim í té, en þau eru oft um leið í samkeppni við þá á sviði frjálsrar þjónustu. Til að ráða bót á þessum vanda skoraði Evrópuþingið á framkvæmdastjórnina í ályktun sinni frá 20. apríl 1993 <sup>(4)</sup> að samþykkja eins fljótt og auðið er nauðsynlegar ráðstafanir til að nýta að fullu möguleikana á að nota grunnvirki kapalneta sem fyrir eru til að veita fjarskiptaþjónustu og afnema tafarlaust þær takmarkanir sem enn eru í gildi í aðildarríkjunum á notkun kapalneta til að veita þjónustu sem ekki er háð einkarétti.

- 3) Í kjölfar fyrrnefndrar ályktunar gerði framkvæmdastjórnin tvær rannsóknir á notkun kapalsjónvarpsneta og annarra grunnvirkja til að veita þá fjarskiptaþjónustu sem þegar hefur verið opnuð fyrir samkeppni samkvæmt lögum bandalagsins: „The effects of liberalization of satellite infrastructure on the corporate and closed user group market“, Analysis, 1994 og „L'impact de l'autorisation de la fourniture de services de télécommunications libéralisés par les câblo-opérateurs“, IDATE, 1994. Í helstu niðurstöðum þessara rannsókna kemur skýrt fram að meðal annars kapalsjónvarpsnet geta gegnt mikilvægu hlutverki við að eyða þeim áhyggjum sem fram hafa komið vegna þess hve hægt gengur að ryðja nýjungum braut og vegna þeirra tafa sem orðið hafa á útbreiðslu frjálsrar þjónustustarfsemi innan Evrópubandalagsins. Ef slík net væru opnuð myndi það stuðla að því að rutt yrði úr vegi vandamálum, sem tengjast háu verðlagi og skorti á nothæftri fjarskiptagetu, en orsök þeirra vandamála má í stórum dráttum rekja til þess einkaréttar sem ríkir í flestum aðildarríkjunum á veitingu aðgangs að grunnvirkjum. Raunar gefa netin sem rekin eru af viðurkenndum veitendum kapalsjónvarpsþjónustu kost á að veita margvíslegri þjónustu, aðra en sjónvarpssendingar, með meiri fjárfestingu. Dæmi af Bandaríkjamarkaði sýna að nýir þjónustumöguleikar, sem sameina myndmiðlun og fjarskipti, líta dagsins ljós þegar tilteknar stjórnsýsluhindranir eru fjarlægðar.

- 4) Sum aðildarríkjanna hafa því afnumið þær takmarkanir sem áður ríktu á veitingu ákveðinnar gagnaflutningsþjónustu og/eða símaþjónustu, sem fellur utan einkaréttar, um kapalsjónvarpsnet. Í einu aðildarríki er talsímaþjónusta

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. C 150, 31. 5. 1993, bls. 39.



leyfð. Önnur aðildarríki hafa hins vegar viðhaldið ströngum takmörkunum á veitingu annarrar þjónustu en dreifingar sjónvarpssendinga um fyrrnefnd net.

- 5) Núgildandi takmarkanir aðildarríkjanna á notkun kapalsjónvarpsneta til að veita aðra þjónustu en dreifingu sjónvarpssendinga miða að því að koma í veg fyrir að veitt sé talsímaþjónusta með öðrum netum en almennum sjálfvirkum talsímanetum, til að vernda helstu tekjulind fjarskiptafyrirtækjanna.

Flestum fjarskiptafyrirtækjum bandalagsins var veittur einkaréttur á veitingu almennrar talsímaþjónustu til að tryggja að þau hefðu fjárhagslegt bolmagn til að koma á fót og reka altækt net, með öðrum orðum net sem nær um landið allt og hver þjónustuveitandi eða notandi sem þess óskar fær aðgang að innan hæfilegs tíma.

- 6) Þar sem fyrrnefndar takmarkanir á notkun kapalsjónvarpsneta eru ráðstöfun af hálfu ríks og hafa að markmiði að hygla, á þeim landsmörkuðum þar sem þær eru fyrir hendi, fjarskiptafyrirtækjum, sem eru í eigu aðildarríkjanna eða sem þau hafa veitt sérstök réttindi eða einkarétt, þarf að leggja mat á takmarkanirnar samkvæmt 1. mgr. 90. gr. EB-sáttmálans. Í þeirri grein er þess krafist að aðildarríkin hvorki grípi til né viðhaldi ráðstöfunum varðandi slík fyrirtæki sem brjóta gegn markmiðum ákvæða sáttmálans, einkum samkeppnisreglnanna. Með henni er lagt bann við því að viðhalda ráðstöfunum varðandi fjarskiptafyrirtæki sem takmarka frjálsa veitingu þjónustu innan bandalagsins eða leiða til misnotkunar á yfirburðastöðu til tjóns fyrir notendur tiltekinnar þjónustu.

- 7) Ef fjarskiptafyrirtæki er veittur einkaréttur til að veita aðgang að flutningsgetu til að bjóða fjarskiptaþjónustu til almennings mun þessi réttur og þær stjórnsýslutakmarkanir sem af honum leiðir á notkun kapalsjónvarpsneta til annars en að dreifa útvarps- og sjónvarpsdagskrá, einkum til að veita nýja þjónustu á borð við gagnvirkt sjónvarp og pöntunarsjónvarp, svo og margmiðlunarþjónustu innan bandalagsins, sem ekki er unnt að veita með öðru móti, óhjákvæmilega takmarka frelsi til að veita slíka þjónustu til annarra aðildarríkja eða frá þeim. Slíkar stjórnsýslutakmarkanir verða ekki réttlættar með skírskotun til allsherjarreglu eða grunnkrafna, þar sem uppfylla má grunnkröfum, einkum grunnkröfuna um samspil neta þegar kapalsjónvarpsnet og fjarskiptanet eru tengd, með ráðstöfunum sem ekki valda eins miklum takmörkunum, svo sem skráningar- eða leyfisveitingarskilyrðum sem eru hlutlæg, auðskilin og án mismununar.

- 8) Ráðstafanirnar, sem veita fjarskiptafyrirtækjum einkarétt á veitingu aðgangs að flutningsgetu og þær stjórnsýslutakmarkanir sem af því leiða á notkun kapalsjónvarpsneta til að veita aðra fjarskiptaþjónustu sem þegar er opin fyrir samkeppni, eru því brot á ákvæðum 90. gr. sáttmálans, tülkuðum í tengslum við 59. gr. Það að ráðstafanirnar skuli

gilda án greinarmunar um öll önnur fyrirtæki en hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtæki nægir ekki til að fríðindameðferð þeirra síðarnefndu falli utan gildissviðs 59. gr. sáttmálans. Raunar er ekki nauðsynlegt að öllum fyrirtækjum aðildarríkis sé hyglað umfram erlend fyrirtæki. Það nægir að tilteknir þjónustuveitendur í landinu njóti góðs af fríðindameðferðinni.

- 9) Samkvæmt 86. gr. sáttmálans er allt framferði eins eða fleiri fyrirtækja sem felur í sér misnotkun yfirburðastöðu á hinum sameiginlega markaði eða verulegum hluta hans ósamrýmanlegt hinum sameiginlega markaði og því bannað.

- 10) Á hverjum innanlandsmarkaði hafa fjarskiptafyrirtækin yfirburðastöðu hvað varðar veitingu aðgangs að flutningsgetu fyrir fjarskiptaþjónustu þar sem þau eru einu aðilarnir sem hafa yfir að ráða almennum fjarskiptaneti sem nær yfir allt yfirráðasvæði hlutaðeigandi ríkja. Annar þáttur yfirburðastöðunnar varðar sérstök einkenni markaðarins, einkum það hve fjármagnsfrekur hann er í eðli sínu. Þar sem miklar fjárfestingar eru nauðsynlegar til að koma upp öðru neti við hlið eldra nets er að miklu leyti byggt á notkun neta sem fyrir eru. Þetta eykur skipulagslega yfirburði hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtækja og getur orðið hindrun í vegi þeirra sem vilja koma inn á markaðinn. Í þriðja lagi njóta fjarskiptafyrirtækin, vegna markaðshlutdeildar sinnar, enn fremur góðs af nákvæmum upplýsingum um streymi fjarskipta sem nýir aðilar á markaðinum hafa ekki aðgang að. Þar á meðal eru upplýsingar um notkunarmynstur áskrifenda, en þær upplýsingar eru nauðsynlegar til að miða út tiltekna markhópa notenda, og um sveigjanleika eftirspurnar hvað varðar verð fyrir hvern hluta markaðarins og hvern landshluta. Loks stuðlar einkaréttur hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtækja á veitingu talsímaþjónustu einnig að yfirburðum þeirra á markaðinum fyrir fjarskiptagetu, sem er skyldur en þó aðskilinn.

- 11) Það eitt að skapa yfirburðastöðu innan tiltekins markaðar með veitingu einkaréttar er ekki í sjálfu sér ósamrýmanlegt 86. gr. Þó er aðildarríki ekki heimilt að viðhalda lögverndaðri einokun þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki er neytt eða hvatt til að misnota yfirburðastöðu sína á einhvern þann hátt sem líklegt er að hafi áhrif á viðskipti milli aðildarríkja.

- 12) Bannið við notkun annarra grunnvirkja, einkum kapalsjónvarpsneta, til að veita fjarskiptaþjónustu hefur hvatt fjarskiptafyrirtækin til að setja upp hátt verð miðað við það sem tíðkast í öðrum löndum, þrátt fyrir að nýjungar á sviði nettengingar fyrirtækja í Evrópu og samkeppnishæfrar þjónustuveitingar, svo og framkvæmd þeirra aðgerða sem lagðar eru til í skýrslunni um „Evrópu og hið víðtæka upplýsingaþjóðfélag“ séu algerlega háð því að grunnvirki, einkum leigurásir, séu fánleg með minnkandi tilkostnaði. Taxtar vegna slíkra grunnvirkja með mikla flutningsgetu eru að jafnaði tífalt hærri innan bandalagsins en taxtar fyrir samsvarandi getu yfir samsvarandi vegalengdir í Norður-Ameríku. Þar sem ekki liggur fyrir réttlætning á þessum

töxtum, til að mynda í formi hærri kostnaðar, hljóta þeir að teljast misnotkun í skilningi a-liðar í annarri málsgrein 86. gr.

Þetta háa verðlag innan bandalagsins er bein afleiðing af takmörkunum sem aðildarríkin hafa sett á notkun annarra grunnvirkja en þeirra sem eru í eigu fjarskiptafyrirtækjanna, einkum grunnvirkja kapalsjónvarpsfyrirtækja, til að veita fjarskiptaþjónustu. Ekki er unnt að útskýra svo hátt verð með einni saman tilvísun til þess kostnaðar sem að baki liggur, í ljósi þess umtalsverða munar sem er á gjaldskrá milli aðildarríkja þar sem búast mætti við svipuðu kostnaðarmynstri.

- 13) Enn fremur hafa ráðstafanir af hálfu ríkisins til að koma í veg fyrir að kapalsjónvarpsfyrirtæki bjóði flutningsgetu til að veita frjálsa þjónustu, í samkeppni við fjarskiptafyrirtækin, þau áhrif að takmarka heildarframboð flutningsgetu á markaðinum og draga úr hvatningu fyrir fjarskiptafyrirtækin til að auka ört flutningsgetu neta sinna, minnka meðalkostnað og lækka taxta. Þeir háu taxtar sem fjarskiptafyrirtækin setja þar af leiðandi upp fyrir notkun helstu grunnvirkja sem þau veita aðgang að og þriðju aðilar gætu boðið frjálsa þjónustu um, svo og skortur á slíkum grunnvirkjum, hafa tafið fyrir víðtækri þróun háhraðaneta milli fyrirtækja, fjaraðgangs fyrirtækja og heimila að gagnagrunnum og nýtingu nýrrar tegundar þjónustu á borð við fjarbankaviðskipti, fjarnám, markaðssetningu með hjálp tölva o.s.frv. (sjá orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins frá 25. október 1994, „Grænbókin um afnám hafta á fjarskiptagrunnvirkjum og kapalsjónvarpsnetum: 1. hluti“). Net fjarskiptafyrirtækjanna anna nú ekki allri hugsanlegri eftirspurn markaðarins eftir flutningsgetu til að veita fyrrnefndar gerðir fjarskiptaþjónustu, eins og notendur og veitendur slíkrar þjónustu hafa lagt áherslu á („Orðsending til ráðsins og Evrópuþingsins um umræðurnar um endurskoðun ástandsins á sviði fjarskipta“ frá 28. apríl 1993, bls. 5, 2. liður; af niðurstöðum endurskoðunarinnar mátti ráða að skuldbindingin ein um að veita aðgang að leigulínum samkvæmt beiðnum nægði ekki til að koma í veg fyrir takmarkanir á aðgangi að mörkuðum fyrir fjarskiptaþjónustu og á valfrelsi notenda).

Þær takmarkanir sem nú gilda um notkun kapalsjónvarpsneta til að veita slíka þjónustu leiða því til aðstöðu þar sem það eitt að fjarskiptafyrirtækin neyti einkaréttar síns á veitingu aðgangs að flutningsgetu fyrir almenna fjarskiptaþjónustu takmarkar, í skilningi b-liðar í annarri málsgrein 86. gr. sáttmálans, tilkomu meðal annars nýrra notkunar sviða á borð við þáttasölusjónvarp, gagnvirk sjónvarp og pöntunarsjónvarp, svo og margmiðlunarþjónustu innan bandalagsins sem sameini hljóð- og myndmiðla og fjarskipti, en slíka þjónustu er oft ekki unnt að veita um net fjarskiptafyrirtækjanna með fullnægjandi hætti.

Þar sem fjöldi þeirra greina þjónustu sem kapalsjónvarpsfyrirtækjum er heimilt að veita er takmarkaður, fresta þau hins vegar oft fjárfestingu í netum sínum, einkum því að koma upp ljósleiðurum, en í fjárfestingunum gæti falist ávinningur ef þær kæmu til góða á fleiri þjónustusviðum. Þar af leiðandi hafa takmarkanir á notkun kapalsjónvarpsneta til að veita aðra þjónustu en útsendingar einnig þau áhrif að tefja fyrir þróun nýrra gerða fjarskipta- og margmiðlunarþjónustu og hamlar þannig tækniframförum á þessu sviði.

- 14) Loks er aðeins unnt að tryggja samkeppnismarkað án röskunar, eins og mælt er fyrir um í sáttmálanum, ef hinum ýmsu fyrirtækjum eru tryggð jöfn tækifæri, eins og dómstóll Evrópubandalaganna benti á í dómi sínum frá 19. mars 1991 í máli C-202/88, Frakkland gegn framkvæmdastjórninni <sup>(1)</sup>. Hins vegar hefur komið í ljós að sé einu fyrirtæki, sem markaðssetur fjarskiptaþjónustu, falið það verkefni að útvega öllum fyrirtækjum sem veita fjarskiptaþjónustu hið óhjákvæmilega hráefni, þ.e. flutningsgetu, jafngildir það því að fyrirtækin sé veitt vald til að ákveða að eigin geðþótta hvaða þjónustu samkeppnisaðilar þess geti veitt, á hvaða verði og hvenær, svo og að fylgjast með viðskiptavinum þeirra og álaginu sem samkeppnisaðilarnir mynda, en með því fengi það fyrirtæki bersýnilega betri samkeppnisstöðu en samkeppnisaðilar þess.
- 15) Einkarétturinn sem fjarskiptafyrirtækjunum er veittur til að veita almenningi aðgang að flutningsgetu fyrir fjarskiptaþjónustu og þær takmarkanir á notkun kapalsjónvarpsneta til að veita frjálsa þjónustu sem af honum leiða samrýmist því ekki 1. mgr. 90. gr. túlkaðri í tengslum við 86. gr. sáttmálans. Í 2. mgr. 90. gr. sáttmálans er kveðið á um undanþágu frá 86. gr. í þeim tilvikum þar sem beiting síðarnefndu greinarinnar hindraði, að lögum eða í raun, að sinnt væri þeim sérstöku verkefnum sem fjarskiptafyrirtækjunum eru falin. Samkvæmt því ákvæði rannsakaði framkvæmdastjórnin áhrif afnáms hafta á notkun kapalneta til að veita fjarskipta- og margmiðlunarþjónustu.

Samkvæmt tilskipun 90/388/EBE er aðildarríkjunum heimilt að halda áfram að áskilja fjarskiptafyrirtækjum sínum einkarétt á veitingu talsímaþjónustu fram að tiltekinni dagsetningu til að tryggja þeim nægilegar tekjur til að koma upp altæku símkerfi. Í 1. gr. tilskipunar 90/388/EBE er talsímaþjónusta skilgreind sem þjónusta seld almenningi sem fólgin er í beinum rauntímaflutningi á tali um almenna sjálfvirka netið eða netin þannig að hver notandi getur notað búnað tengdan við tengipunkt á netinu til að hafa samband við annan notanda búnaðar sem tengdur er við annan tengipunkt. Þar sem kapalsjónvarpsnetum er breytt í sjálfvirk net sem áskrifendum er veitt talsímaþjónusta um er rétt að líta einnig á slík net sem almenn sjálfvirk net og tengipunkta þeirra sem tengipunkta slíkra neta. Umrædd þjónusta verður þá talsímaþjónusta sem aðildarríkjunum er heimilt að banna að veitt sé um kapalsjónvarpsnet samkvæmt 2. gr. tilskipunar 90/388/EBE.

(<sup>1</sup>) Úrskurður dómstóls EB frá 1991 I-1271, 51. mgr.

Svo virðist sem réttlæta megi slíkt tímabundið bann við veitingu talsímaþjónustu um kapalsjónvarpsnet með sömu rökum og þegar um ræðir fjarskiptanet. Þar sem á hinn bóginn er veitt sjálfvirk talsambandsþjónusta fyrir lokaða notendahópa og/eða aðgangur að gagnsærri flutningsgetu í formi leigulína um kapalsjónvarpsnet teljast slík net ekki almenn sjálfvirk net og aðildarríkjum ber að takmarka ekki umrædda þjónustu, jafnvel þótt í henni kunni að felast notkun eins tengipunkts við almenna sjálfvirka símanetið.

Ekki er unnt að réttlæta aðrar takmarkanir á veitingu frjálsrar þjónustu samkvæmt 2. mgr. 90. gr. en þær sem tengjast talsímaþjónustu, einkum ef tekið er tillit til þess hve lítt hlutur þeirrar þjónustu, sem nú er veitt um net fjarskiptafyrirtækjanna, en flytja mætti yfir til kapalsjónvarpsnetanna, er í veltu fyrirtækjanna. Rétt er að hafa hugfast að ráðstafanirnar til að afnema höft á veitingu talsímaþjónustu ættu að taka tillit til þarfarinnar á að fjármagna altæka þjónustu, að meðtalinni framtíðarþróun hennar, sjá lið V.2 í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins frá 3. maí 1995.

- 16) Þótt núverandi takmarkanir á notkun kapalsjónvarpsneta til að veita þjónustu verði afnumdar er unnt að mæla fyrir um sömu leyfisveitingar- og skrásetningaráðferðir og notaðar eru fyrir veitingu sömu þjónustu um almenn fjarskiptanet.
- 17) Að auki verður dreifing hljóð- og myndmiðladagskrár til almennings um fyrrnefnd net og innihald slíkrar dagskrár áfram háð sérstökum reglum sem aðildarríkin samþykka í samræmi við lög bandalagsins og er því óháð ákvæðum þessarar tilskipunar.
- 18) Þegar aðildarríki veita sama fyrirtæki réttinn til að koma á fót bæði kapalsjónvarps- og fjarskiptanetum, setja þau fyrirtækið í stöðu sem veitir því enga hvatningu til að laða notendur að því neti sem best hentar til að veita viðkomandi þjónustu svo lengi sem það hefur ónýtta flutningsgetu á hinu netinu. Þá hefur fyrirtækið þvert á móti hag af því að setja upp of hátt verð fyrir notkun kapalgrunnvirkjanna til að veita þjónustu sem ekki er einokun til að auka álagið á fjarskiptanet sitt. Til að koma á sanngjarnri samkeppni mun oft þurfa sérstakar ráðstafanir sem taka tillit til sérstakra kringumstæðna á hlutaðeigandi mörkuðum. Í ljósi þess hve kringumstæður eru ólíkar í einstökum aðildarríkjum eru yfirvöld í hverju landi hæfust til að leggja mat á það hvaða ráðstafanir henta best, einkum til að dæma um það hvort nauðsynlegt er að aðskilja þessar tvær gerðir starfsemi. Á fyrstu áföngum afnáms hafta er nauðsynlegt að hafa nákvæmt eftirlit með vaxniðurgreiðslum og sjá til þess að reikningar séu gagnsærir. Til að greiða fyrir eftirliti með óréttmætu háttum ættu aðildarríkin því að minnsta kosti að fyrirskipa að bókhald hinna tveggja gerða starfsemi sé skýrt aðgreint, þótt alger skipulagslegur aðskilnaður væri æskilegri.

- 19) Til að fylgjast megi með óréttmætum vaxniðurgreiðslum milli útsendingarverkefna kapalsjónvarpsfyrirtækja, sem unnin eru á grundvelli einkaréttar á tilteknu sérleyfissvæði, og starfsemi þeirra sem veitendur aðgangs að flutningsgetu fyrir fjarskiptaþjónustu, ættu aðildarríkin að sjá til þess að gætt sé gagnsæis hvað varðar notkun fjármagns frá annarri starfseminni sem nota mætti til að breiða yfirburðastöðu út til hins markaðarins. Í ljósi þess hve flókið bókhald veitenda netþjónustu er, er afar erfitt að greina vaxniðurgreiðslur milli starfsemi sem fer fram með einkarétti og þjónustu sem veitt er við samkeppnisaðstæður. Því er nauðsynlegt að krefjast þess af þeim kapalsjónvarpsfyrirtækjum sem hér um ræðir að þau haldi aðskilið bókhald, einkum að þau tilgreini sérstaklega kostnað og tekjur sem tengjast þjónustu sem þau veita í skjóli einkaréttar og hins vegar þjónustu sem veitt er við samkeppnisskilyrði, þegar þau hafa náð umtalsverðri veltu í fjarskiptastarfsemi á leyfissvæðinu. Sem stendur er rétt að telja veltu, sem nemur meira en 50 milljónum eka, umtalsverða veltu. Í þeim tilvikum þar sem slík krafa legði of mikla byrði á herðar viðkomandi fyrirtækis, er aðildarríkjum heimilt að veita frest í takmarkaðan tíma, háð því að framkvæmdastjórninni sé tilkynnt fyrirfram um rökstuðning fyrir því.

Hlutaðeigandi fyrirtæki ættu að nota viðeigandi rekstrarbókhaldskerfi sem endurskoðendur geta sannprófað og sem tryggir áreiðanlegar færslur.

Í því aðskilda bókhaldi sem um getur hér að framan ætti að minnsta kosti að beita meginreglunum sem settar eru fram í 2. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins 92/44/EBE frá 5. júní 1992 um skilyrði fyrir frjálsu aðgangi að netum fyrir leigulínur <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/439/EB <sup>(2)</sup>. Þar sem um ræðir blandaða þjónustu sem sett er saman úr hlutum sem ýmist heyra til einkaréttarþjónustunnar eða samkeppnisþjónustunnar, ætti að aðgreina kostnað við hvern hluta.

- 20) Ef hlutaðeigandi aðildarríki leyfir ekkert heimsendingarkerfi í samkeppni mun framkvæmdastjórnin endurskoða hvort aðskilið bókhald nægir til að koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti og leggja mat á það hvort slík sameinuð veiting þjónustu leiði ekki til takmörkunar á mögulegu framboði flutningsgetu á kostnað þjónustuveitenda á viðkomandi sviði, eða hvort þörf er á frekari ráðstöfunum.
- 21) Aðildarríkin skulu ekki innleiða nýjar ráðstafanir sem hafa þann tilgang eða þau áhrif að stofna því í hættu að markmiðum þessarar tilskipunar verði náð.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

<sup>(1)</sup> Stjóð. EB nr. L 165, 19. 6. 1992, bls. 27.

<sup>(2)</sup> Stjóð. EB nr. L 181, 15. 7. 1994, bls. 40.

**1. gr.**

Tilskipun 90/388/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 1. mgr. 1. gr.:

a) í stað fimmta liðar komi eftirfarandi:

„- „fjarskiptaþjónusta“: þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að senda og/eða beina merkjum um fjarskiptanet“ og

b) eftirfarandi bætist við á eftir síðasta lið:

„- „kapalsjónvarpsnet“: grunnvirki byggð á þráðum sem aðildarríki hefur samþykkt til afgreiðslu eða dreifingar á útvarps- eða sjónvarpsmerkjum til almennings.

Ákvæði þessarar tilskipunar hafa ekki áhrif á sérstakar reglur um dreifingu hljóð- og myndmiðladagskrár til almennings og um innihald slíkrar dagskrár sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög bandalagsins.“

2. Í 4. gr. bætist eftirfarandi við á eftir annarri málsgrein:

„Aðildarríkin skulu:

- afnema allar takmarkanir á útvegum flutningsgetu um kapalsjónvarpsnet og leyfa notkun kapalneta til að veita fjarskiptaþjónustu aðra en talsímaþjónustu;
- tryggja að heimilud verði samtenging kapalsjónvarpsneta við almenna fjarskiptanetið í fyrrnefndum tilgangi, einkum samtenging við leigulínur, og að afnumdar verði takmarkanir á að kapalsjónvarpsfyrirtæki samtengi kapalsjónvarpsnet beint.“

**2. gr.**

Þegar aðildarríkin afnema takmarkanir á notkun kapalsjónvarpsneta skulu þau gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja

gagnsæi reikninga og koma í veg fyrir mismunun í þeim tilvikum þar sem fyrirtæki, sem hefur einkarétt á veitingu aðgangs að grunnvirkjum almenns fjarskiptanets, veitir einnig aðgang að grunnvirkjum kapalsjónvarpsnets, einkum til að tryggja aðskilnað fjárhagsreikninga fyrir hvort net og starfsemi fyrirtækisins sem veitanda fjarskiptaþjónustu.

Þar sem fyrirtæki hefur einkarétt á veitingu aðgangs að grunnvirkjum kapalsjónvarpsnets á tilteknu svæði, skulu aðildarríkin einnig tryggja að hlutaðeigandi fyrirtæki haldi aðskilda fjárhagsreikninga fyrir starfsemi sína sem veitandi netflutningsgetu til fjarskipta jafnskjótt og það nær veltu sem nemur meira en 50 milljónum eka á markaðinum fyrir fjarskiptaþjónustu aðra en útvarps- og sjónvarpsþjónustu á viðkomandi landsvæði. Sé slík krafa of mikil byrði á hlutaðeigandi fyrirtæki er aðildarríkjum heimilt að veita frest í takmarkaðan tíma, háð því að framkvæmdastjórninni sé tilkynnt fyrirfram um rökstuðning fyrir þessu.

Þar sem eitt fyrirtæki veitir aðgang að báðum netunum eða hvoratveggju þjónustuna, eins og um getur í fyrstu málsgrein, skal framkvæmdastjórnin láta fara fram heildarmat á áhrifum slíkrar sameinaðrar veitingar þjónustu í tengslum við markmið þessarar tilskipunar, fyrir 1. janúar 1998.

**3. gr.**

Aðildarríkin skulu eigi síðar en níu mánuðum eftir gildistöku þessarar tilskipunar láta framkvæmdastjórninni í té upplýsingar sem geri henni kleift að staðfesta að farið hafi verið að ákvæðum 1. og 2. gr.

**4. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. janúar 1996.

**5. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. október 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Karel VAN MIERT**

framkvæmdastjóri.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/27/23**

**nr. 105/97**  
**frá 17. desember 1997**

**um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptabjónusta) og XIV. viðauka**  
**(Samkeppni)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. og XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/95 frá 19. maí 1995<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/2/EB frá 16. janúar 1996 um breytingu á tilskipun 90/388/EBE að því er varðar farsíma- og einkafjarskipti<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/388/EBE) í XI. viðauka við samninginn:

„- **396 L 0002:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/2/EB frá 16. janúar 1996 (Stjtið. EB nr. L 20, 26. 1. 1996, bls. 59).“

**2. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/388/EB) í XIV. viðauka við samninginn:

„- **395 L 0002:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/2/EB frá 16. janúar 1996 (Stjtið. EB nr. L 20, 26. 1. 1996, bls. 59).“

Ákvæði tilskipunar 96/2/EB skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Á Íslandi skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun 96/2/EB koma til framkvæmda frá 1. janúar 1998, með fyrirvara um að skilyrði fyrir leyfisveitingu í framtíðinni verði gerð opinber fyrir þann tíma.“

**3. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/2/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 18. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**5. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 17. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 251, 19. 10. 1995, bls. 31 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 39, 19. 10. 1995 bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 20, 26. 1. 1996, bls. 59.

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 96/2/EB

frá 16. janúar 1996

### um breytingu á tilskipun 90/388/EBE að því er varðar farsíma- og einkafjarskipti(\*)

#### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 3. mgr. 90. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í orðsendingu sinni um viðræðurnar um grænbókina um farsíma- og einkafjarskipti frá 23. nóvember 1994 ákvað framkvæmdastjórnin helstu aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að koma á því stjórnsýslumhverfi sem nauðsynlegt verður í framtíðinni til að nýta möguleika þessa samskiptamiðils. Hún lagði áherslu á þörfina á að afnema eins fljótt og auðið er allan einkarétt og sérstök réttindi sem enn eru í gildi á þessu sviði með því að beita að fullu samkeppnisreglum bandalagsins og, ef með þarf, með breytingu á tilskipun 90/388/EBE frá 28. júní 1990 um samkeppni á mörkuðum fyrir fjarskiptaþjónustu <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 95/51/EB <sup>(2)</sup>. Enn fremur var það íhugað í orðsendingunni hvort rétt væri að léttu takmörkunum á frjálsum vali á þeim grunnaðbúnaði sem farsímafyrirtæki nota til að reka og þróa net sín vegna þeirrar starfsemi sem leyfi þeirra eða heimildir leyfa. Litið var svo á að þetta skref væri nauðsynlegt til að vinna bug á núverandi röskun á sanngjarnri samkeppni og einkum til að gefa slíkum fyrirtækjum færi á að hafa stjórn á kostnaðargrundvelli sínum.
- 2) Í ályktun ráðsins frá 29. júní 1995 um frekari þróun farsíma- og einkafjarskipta í Evrópusambandinu <sup>(3)</sup> var lýst yfir almennum stuðningi við þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru, eins og þær voru settar fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 23. nóvember 1994, og þar var litið á afnám einkaréttar og sérstakra réttinda á þessu sviði sem eitt af helstu markmiðum.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 20, 26. 1. 1996, bls. 59, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/97 frá 17. desember 1997 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) og XIV. viðauka (Samkeppni), sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 192, 24. 7. 1990, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 256, 26. 10. 1995, bls. 49.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 188, 22. 7. 1995, bls. 3.

- 3) Í ályktun sinni frá 14. desember 1995 um drög að tilskipun ráðsins um breytingu á tilskipun 90/388/EBE hvað varðar farsíma- og einkafjarskipti <sup>(4)</sup> fagnaði Evrópuþingið fyrrnefndri tilskipun bæði hvað varðar meginreglur hennar og markmið.

- 4) Nokkur aðildarríki hafa þegar opnað tiltekna gerðir farsímaþjónustu fyrir samkeppni og komið á leyfisveitingaraðferð fyrir slíka þjónustu. Engu að síður er fjöldi veittra leyfa enn takmarkaður í mörgum aðildarríkjum á grundvelli geðþóttaákvæðana eða, þar sem um ræðir fyrirtæki sem eru í samkeppni við fjarskiptafyrirtæki, háður tæknilegum takmörkunum á borð við bann við því að nota önnur grunnvirki en þau sem fjarskiptafyrirtækið veitir aðgang að. Mörg aðildarríki hafa til dæmis enn ekki veitt leyfi vegna DCS 1800-farsímakerfa.

Að auki hafa sum aðildarríki viðhaldið einkarétti fjarskiptafyrirtækja til að veita tiltekna gerðir farsíma- og einkafjarskiptaþjónustu.

- 5) Í tilskipun 90/388/EBE er kveðið á um afnám sérstakra réttinda og einkaréttar sem aðildarríkin hafa veitt til að veita fjarskiptaþjónustu. Tilskipunin gildir þó ekki enn um farsímaþjónustu.
- 6) Ef aðildarríki takmarka með sérstökum réttindum eða þeim mun frekar með einkarétti fjölda fyrirtækja, sem hafa leyfi til að veita farsíma- og einkafjarskiptaþjónustu, teljast þessi réttindi takmarkanir, sem samrýmast ekki 90. gr., túlkadri í tengslum við 59. gr. sáttmálans, sé slík takmörkun ekki rökstudd með sérstökum ákvæðum sáttmálans eða grunnkröfum, þar sem fyrrnefnd réttindi koma í veg fyrir að önnur fyrirtæki geti veitt viðkomandi þjónustu til og frá öðrum aðildarlöndum. Hvað varðar farsíma- og einkafjarskiptanet og -þjónustu ná gildandi grunnkröfur til skilvirkrar notkunar tíðnisviðsins og þess að forðast skaðlegar rafsegultruflanir milli fjarskiptakerfa sem byggjast á útvarpsbylgjum í geimnum eða á jörðu niðri. Þar af leiðir, að því tilskildu að búnaðurinn sem notaður er til að bjóða þjónustuna uppfylli einnig fyrrnefndar grunnkröfur, að ekki er réttlætlegt að viðhalda núgildandi sérstökum réttindum

<sup>(4)</sup> Ályktun A4-0306/95.

og þeim mun frekar einkarétti á veitingu farsímaþjónustu og því ber að meðhöndla þessa þjónustu á sama hátt og aðrar gerðir fjarskiptaþjónustu sem tilskipun 90/388/EBE nær þegar til. Því er rétt að rýmka gildissvið fyrrnefndrar tilskipunar svo að hún nái einnig til farsíma- og einkafjarskiptaþjónustu.

- 7) Þegar markaðir fyrir farsíma- og einkafjarskipti eru opnaðir ber aðildarríkjunum að veita forgang þeim stöðlum á þessu sviði sem ná til Evrópu allrar, til dæmis GSM, DCS 1800, DECT og ERMES, til að gera mögulegt að þróa og veita farsíma- og einkafjarskiptaþjónustu yfir landamæri.
- 8) Sum aðildarríki hafa nú veitt leyfi fyrir stafrænni farsímaþjónustu sem byggist á útvarpsbylgjum á tíðnisviðinu frá 1700 til 1900 MHz samkvæmt DCS 1800-staðlinum. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 23. nóvember 1994 var það staðfest að líta beri á DCS 1800 sem hluta af GSM-kerfinu. Hin aðildarríkin hafa ekki leyft slíka þjónustu, jafnvel þar sem völ er á tíðni á fyrrnefndu sviði, en það kemur í veg fyrir að veita megi fyrrnefnda þjónustu yfir landamæri. Þetta er einnig ósamrýmanlegt ákvæðum 90. gr., tálkuðum í tengslum við 59. gr. sáttmálans. Til að ráða bót á þessari stöðu ber þeim aðildarríkjum sem enn hafa ekki komið á aðferð til að veita slík leyfi að gera það innan hæfilegra tímamarka. Í þessu sambandi er rétt að taka tilhlýðilegt tillit til þarfarinnar á að stuðla að fjárfestingum nýrra aðila á þessum sviðum. Aðildarríkin ættu að geta komist hjá því að veita fyrirtækjum sem fyrir eru leyfi, til dæmis fyrirtækjum sem reka GSM-kerfi sem þegar eru til á yfirráðasvæði þeirra, ef unnt er að sýna fram á að slíkt leyfi myndi útiloka virka samkeppni einkum með því að styrkja yfirburðastöðu. Einkum er aðeins heimilt, þegar aðildarríki veitir eða hefur þegar veitt leyfi vegna DCS 1800, að veita ný leyfi eða aukaleyfi vegna GSM- eða DCS 1800-fyrirtækja sem fyrir eru með skilyrðum sem tryggja virka samkeppni.
- 9) Evrópsk stafræn þráðlaus fjarskipti (DECT) eru einnig mikilvægur hluti þróunar í átt að einkafjarskiptum. Þau eru valkostur við notendalínuaðganginn að almenna sjálfvirka símakerfinu sem nú er notaður. Hinn 3. júní 1991 tiltók ráðið með tilskipun 91/287/EBE <sup>(1)</sup> sameiginleg tíðnisvið sem nota skal til að koma á innan bandalagsins evrópskum stafrænum þráðlausum fjarskiptum (DECT) eigi síðar en 31. desember 1991. Tiltekin aðildarríki koma þó í veg fyrir að fyrrnefnd tíðnisvið séu notuð með því að synja fyrirtækjum um leyfi sem hafa í hyggju að bjóða stafræna evrópska þráðlausa fjarskiptaþjónustu. Í þeim tilvikum þar sem fjarskiptaþjónusta hafa einkarétt á að koma á fót almenna sjálfvirka símakerfinu hefur slík synjun þau áhrif að treysta yfirburðastöðu þeirra og einnig að tefja fyrir tilkomu einkafjarskiptaþjónustu og takmarkar því tækniframfarir notendum til tjóns andstætt ákvæðum 90. gr. sáttmálans, tálkuðum í tengslum við b-lið 86. gr. Til að ráða bót á þessu ástandi ber aðildarríkjum, sem hafa ekki

komið á aðferð til að veita slík leyfi, að gera það innan hæfilegra tímamarka.

- 10) Jafnvel þar sem leyfi hafa verið veitt farsímafyrirtækjum sem eru í samkeppni, hafa aðildarríkin í sumum tilvikum með geðþóttaákvörðun veitt einu þeirra sérstakar lagalegar ívilnanir sem önnur njóta ekki. Í slíkri aðstöðu má vega upp fyrrnefndar ívilnanir með sérstökum skuldbindingum og þurfa þær því ekki að koma í veg fyrir að síðarnefndu fyrirtækin geti komið inn á markaðinn og verið þar í samkeppni. Því þarf að leggja mat á það í hverju tilviki fyrir sig hvort þessar ívilnanir eru samrýmanlegar ákvæðum sáttmálans að teknu tilliti til áhrifa þeirra á raunverulegt frelsi annarra fyrirtækja til að veita sömu fjarskiptaþjónustu á skilvirkan hátt og til þess hvort þær eru réttlætlanlegar í tengslum við viðkomandi starfsemi.
- 11) Núgildandi einkaréttur á sviði farsímaþjónustu var yfirleitt veittur fyrirtækjum sem höfðu fyrir yfirburðastöðu hvað varðar það að koma upp netum á jörðu niðri eða einhverju dótturfyrirtækja þeirra. Í þeirri aðstöðu hefur slíkur réttur þau áhrif að gera yfirburðastöðu fyrrnefndra fyrirtækja víðtækari og þannig að treysta hana, en samkvæmt fordæmisrétti dómstólsins telst það misnotkun á yfirburðastöðu sem er andstæð 86. gr. sáttmálans. Einkaréttur á sviði farsíma- og einkafjarskipta er því ósamrýmanlegur 90. gr., tálkaðri í tengslum við 86. gr. Þar af leiðandi ber að afnema slíkan einkarétt.
- 12) Enn fremur, í ljósi þess hve erfitt er, þar sem ný farsímaþjónusta er annars vegar, að tryggja að fjarskiptaþjónusta í aðildarríkjum með minna þróuð net sem hefðu rétt á aðlögunartíma til að afnema einkarétt á að koma á fót og nota grunnvirki sem nauðsynleg eru fyrir tiltekna farsímaþjónustu, noti ekki stöðu sína til að færa yfirburðastöðuna út til viðkomandi farsímaþjónustu, ber aðildarríkjunum, til að koma í veg fyrir misnotkun á yfirburðastöðu sem væri andstæð ákvæðum sáttmálans, að stilla sig um að veita slíku fjarskiptaþjónustu, eða tengdum fyrirtækjum, leyfi til viðkomandi farsímaþjónustu. Ef fjarskiptaþjónusta njóta ekki, eða njóta ekki lengur, einkaréttar til að koma á fót almennum netgrunnvirkjum og veita aðgang að þeim skal þó ekki útiloka þau fyrirfram frá leyfisveitingu.
- 13) Einkaréttur takmarkar ekki aðeins aðgang að markaðinum, heldur hefur hann einnig þau áhrif að takmarka eða koma í veg fyrir, notendum til tjóns, að nota megi þá farsíma- og einkafjarskiptaþjónustu sem stendur til boða, og heldur þannig aftur af tækniframförum á þessu sviði. Einkum hafa fjarskiptaþjónusta viðhaldið hærri gjaldskrár fyrir farsímaþjónustu samanborið við fasta talsímaþjónustu, en það hamlar samkeppni á kostnað megintekjulindar þeirra.

Þegar fyrirtæki taka ákvarðanir um fjárfestingar á svæðum þar sem þau hafa einkarétt eru þau í þeirri stöðu að geta

(1) Stjórnartíð. EB nr. L 144, 8. 6. 1991, bls. 45.

ákveðið að gefa föstum netum forgang, en nýir aðilar kunna á hinn bóginn að nýta farsíma- og einkafjarskiptatækni jafnvel til að keppa við fasta þjónustu, einkum hvað varðar áskrifendalínurnar. Þannig felur einkarétturinn í sér takmörkun á þróun farsíma- og einkafjarskipta, en það er ósamrýmanlegt 90. gr., túlkaðri í tengslum við 86. gr.

- 14) Til að skapa aðstæður til að veita farsíma- og einkafjarskiptaþjónustu er aðildarríkjunum heimilt að koma á leyfisveitingar- eða skrásetningaraðferðum til að tryggja að farið sé að gildandi grunnkröfum og útboðslýsingum fyrir opinbera þjónustu í formi viðskiptafyrirmæla, með fyrirvara um hlutfallsregluna. Útboðslýsingar fyrir opinbera þjónustu í formi viðskiptafyrirmæla varða skilyrði um að þjónustan sé varanleg og aðgengileg og um gæði hennar. Meðal slíkra skilyrða má vera skuldbinding um að veita þjónustuveitendum aðgang að senditíma á kjörum sem eru að minnsta kosti jafnhagstæð og þau sem þjónustuveitendur sem eru í eign eða í eignartengslum við farsímakerfi njóta. Þetta hefur ekki áhrif á samræmingu rammaákvæða um leyfisveitingu innan bandalagsins.

Aðeins er heimilt að takmarka fjölda leyfa ef skortur er á tíðnisviðum. Aftur á móti er ekki réttlætanlegt að beita leyfisveitingu ef skrásetning dygði ein og sér til að ná viðkomandi markmiði.

Hvað varðar endursölu á senditíma og hreint framboð á þjónustu, sem sjálfstæðir þjónustuveitendur annast eða sem farsímafyrirtæki annast beint um farsímakerfi sem þegar er til leyfi fyrir, réttlæta engar gildandi grunnkröfn að komið sé á leyfisveitingu eða henni viðhaldið, í ljósi þess að í slíkri þjónustu felst ekki veiting fjarskiptaþjónustu eða rekstur farsímanets, heldur smásala á þjónustu sem leyfi er fyrir og sem líklegt er að ekki sé unnt að veita nema að uppfylltum skilyrðum sem tryggja að farið sé að grunnkröfum eða útboðslýsingu fyrir opinbera þjónustu í formi viðskiptafyrirmæla.

Því er mögulegt að slík fyrirtæki eða þjónustuveitendur séu aðeins krafðir um skrásetningu starfsemi sinnar hjá stjórnsýsluyfirvöldum þeirra aðildarríkja sem þeir vilja stunda hana í, auk þess sem þeir falla undir reglur hvers lands um sanngjörn viðskipti sem gilda um alla sambærilega smásölustarfsemi. Á hinn bóginn geta farsímafyrirtæki meinað þjónustuveitendum að dreifa þjónustu sinni, einkum ef hlutaðeigandi þjónustuveitendur hafa ekki fylgt siðareglum þjónustuveitenda í samræmi við samkeppnisreglur sáttmálans ef slíkar siðareglur eru til.

- 15) Þar sem farsíma- og einkafjarskiptakerfi eru annars vegar er útvarpstíðni takmörkuð og heftandi auðlind. Það að aðildarríki úthluti útvarpstíðni vegna farsíma- og einkafjarskiptakerfa samkvæmt viðmiðunum sem ekki eru hlutlægar, auðskildar og án mismununar telst takmörkun sem er ósamrýmanleg 90. gr., túlkaðri í tengslum við 59. gr.

sáttmálans, að því marki sem fyrirtæki frá öðrum aðildarríkjum fara halloka við úthlutunina. Þróun virkrar samkeppni á sviði fjarskipta getur talist hlutlæg réttlæting þess að synja fyrirtækjum, sem þegar hafa yfirburði á markaðinum, á viðkomandi landsvæði um úthlutun útvarpstíðni.

Aðildarríkjum ber að sjá til þess að aðferðin sem notuð er við úthlutun útvarpstíðni sé byggð á hlutlægum viðmiðunum og hafi ekki mismununaráhrif. Hvað varðar afmörkun tíðnisviða fyrir tiltekna gerðir fjarskiptaþjónustu í framtíðinni ættu aðildarríkin því að birta tíðniskipulag auk þeirra aðferða sem fyrirtæki eiga að beita til að afla sér tíðni innan afmörkuðu tíðnisviðanna. Aðildarríkjunum ber að endurskoða núverandi tíðniúthlutun með reglulegu millibili. Í þeim tilvikum þar sem fjöldi leyfa hefur verið takmarkaður vegna skorts á tíðnisviðum ber aðildarríkjunum einnig að endurskoða hvort tækni framfarir kunna að gera það kleift að útvega tíðnisvið fyrir fleiri leyfi. Ef gjöld eru lögð á notkun tíðni skulu þau vera hlutfallsbundin og álögð í samræmi við þann fjölda rása sem er úthlutað í rann.

- 16) Flest aðildarríki skuldbinda nú farsímafyrirtæki til að nota leigulínuflutningsgetu fjarskiptafyrirtækja bæði fyrir innri nettengingar og til að beina langlínuhlutum símtala. Þar sem leigugjöld af leigulínum eru umtalsverður hluti af kostnaðargrundvelli farsímafyrirtækja gefur þessi krafa fjarskiptafyrirtækinu, sem veitir aðganginn, sem í mörgum tilvikum er samkeppnisaðili viðkomandi fyrirtækja, umtalsverð áhrif á lífvænleika og kostnaðartilhögun farsímafyrirtækja. Þar að auki hægja takmarkanir við því að útvega sjálfur grunnvirki eða nota grunnvirki þriðju aðila á þróun farsímaþjónustu, einkum vegna þess að skilvirkt reiki fyrir GSM er háð því að víða sé aðgangur að merkjakerfum með vistföngum, en sú tækni er enn ekki á boðstólum hjá öllum fjarskiptafyrirtækjum innan bandalagsins.

Slíkar takmarkanir á veitingu aðgangs að grunnvirkjum og notkun þeirra hamla gegn því að fyrirtæki frá öðrum aðildarríkjum veiti farsíma- og einkafjarskiptaþjónustu og eru því ósamrýmanlegar 90. gr., túlkaðri í tengslum við 59. gr. sáttmálans. Að því marki sem komið er í veg fyrir veitingu farsímaþjónustu í samkeppni vegna þess að fjarskiptafyrirtækið getur ekki komið til móts við þörf farsímafyrirtækisins fyrir grunnvirki eða er aðeins reiðubúin að gera það á grundvelli taxta sem ekki eru í samræmi við kostnaðinn við leigulínuflutningsgetuna sem um ræðir, koma þessar takmarkanir óhjákvæmilega framboði fjarskiptafyrirtækisins á fastri símaþjónustu til góða, en í flestum aðildarríkjum er enn viðhaldið einkarétti á slíkri þjónustu. Takmörkunin á veitingu aðgangs að grunnvirkjum og notkun þeirra brýtur því í bága við 90. gr., túlkaðri í tengslum við 86. gr. sáttmálans. Af þessum sökum er aðildarríkjunum skylt að afnema fyrrnefndar takmarkanir og veita hlutaðeigandi farsímafyrirtækjum aðgang án mismununar að nauðsynlegum takmörkuðum auðlindum til að koma upp eigin grunnvirkjum, að útvarpstíðni meðtalinni, æski þau þess.



- 17) Nú er bein samtenging milli farsímakerfa svo og milli farsímakerfa og fastra fjarskiptaneta innan eins aðildarríkis eða milli kerfa sem staðsett eru hvort í sínu aðildarríkinu takmörkuð í farsímaleyfum sem mörg aðildarríki veita, án þess að fyrir liggi tæknileg rök. Enn fremur eru fyrir hendi takmarkanir á samtengingu slíkra neta um önnur net en almennu fjarskiptanetin. Í viðkomandi aðildarríkjum er þess krafist að farsímafyrirtæki tengist öðrum farsímafyrirtækjum um fast net fjarskiptafyrirtækisins. Slíkar kröfur leiða til viðbótarkostnaðar og hamlar þannig einkum gegn þeirri þróun að veitt sé farsímaþjónusta yfir landamæri innan bandalagsins og brjóta því í bága við 90. gr., tülkaða í tengslum við 59. gr.

Þar eð í flestum aðildarríkjum er viðhaldið einkarétti á veitingu talsímaþjónustu og aðgangs að almennum föstum netgrunnvirkjum er aðeins unnt að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun á yfirburðastöðu hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtækis með því að aðildarríkin sjá til þess að gert sé kleift að samtengja almenn farsímakerfi almennu fjarskiptaneti viðkomandi fjarskiptafyrirtækja um afmarkaða skilfleti og að skilyrðin fyrir samtengingu séu byggð á hlutlægum viðmiðunum, rökstudd með kostnaði við að veita samtengingarþjónustuna, gagnsæ, án mismununar og fyrirfram birt og að þau leyfi sveigjanlega taxa, þar með talið sérstakt verð utan mesta álagstíma. Einkum er krafist gagnsæis í kostnaðarbókhaldi fyrirtækja sem veita aðgang bæði að föstum netum og farsímanetum. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á sérstök réttindi og einkarétt til að koma á fót grunnvirkjum yfir landamæri vegna talsímaþjónustu.

Til að unnt sé að tryggja fulla beitingu þessarar tilskipunar hvað varðar samtengingu skal veita framkvæmdastjórninni upplýsingar um samtengingarsamninga, æski hún þess.

Það að komið sé á slíkum aðferðum við leyfisveitingu og samtengingu í einstökum löndum hefur ekki áhrif á samræmingu Evrópuþingsins og ráðsins á aðferðum við samtengingu á vettvangi bandalagsins, einkum innan ramma tilskipana um frjálsan aðgang að netum (ONP).

- 18) Í 2. mgr. 90. gr. sáttmálans er kveðið á um undanþágu frá reglum sáttmálans, einkum 86. gr., í tilvikum þar sem beiting þeirrar greinar kæmi í veg fyrir, að lögum eða í raun, að fjarskiptafyrirtækin gætu sinnt þeim sérstöku verkefnum sem þeim eru falin. Samkvæmt fyrirnefndu ákvæði heimilar tilskipun 90/388/EBE að viðhaldið sé einkarétti á veitingu talsímaþjónustu á aðlögunartíma.

Í 1. gr. tilskipunar 90/388/EBE er talsímaþjónusta skilgreind sem þjónusta seld almenningi sem fólgin er í beinum rauntímaflutningi á tali um almenna sjálfvirka netið eða netin þannig að hver notandi getur notað búnað tengdan við

tengipunkt á netinu til að hafa samband við annan notanda búnaðar sem tengdur er við annan tengipunkt. Beinn flutningur á tali um farsíma- og einkafjarskiptanet fer ekki fram milli tveggja tengipunkta á almenna sjálfvirka netinu og er því ekki talsímaþjónusta í skilningi tilskipunar 90/388/EBE.

Á grundvelli 2. mgr. 90. gr. í sáttmálanum eru útböðslýsingar fyrir opinbera þjónustu í formi viðskiptafyrirmæla, sem gilda um öll fyrirtæki sem hafa leyfi til að veita almenningi farsímaþjónustu, þó réttlætanager til að tryggja að náð sé markmiðum sem tengjast almennum efnahagslegum hagsmunum, svo sem því að tryggja landfræðilega útbreiðslu eða að fylgt sé bandalagsstöðlum.

- 19) Við mat sitt á núgildandi takmörkunum á farsímafyrirtæki með tilliti til þess að koma á fót og nota eigin grunnvirki og/ eða nota grunnvirki þriðju aðila mun framkvæmdastjórnin enn fremur hafa í huga þörfina fyrir frekari aðlögunartíma fyrir aðildarríki með minna þróuð net, eins og mælt var til í ályktun ráðsins frá 22. júlí 1993 um endurskoðun aðstæðna á fjarskiptasviðinu og þörfina á frekari þróun þess markaðar <sup>(1)</sup> og í ályktun ráðsins frá 22. desember 1994 um meginreglur og tímaáætlun varðandi afnám hafta á fjarskiptagrúnnvirkjum <sup>(2)</sup>. Þótt fyrirnefndar ályktanir kveði ekki á um það, ætti að vera mögulegt að fara fram á frekari aðlögunartíma hvað varðar beina samtengingu farsímaneta. Þau aðildarríki sem geta farið fram á slíka undanþágu eru Spánn, Írland, Grikkland og Portúgal. Þó eru það aðeins sum þessara aðildarríkja sem ekki leyfa GSM-farsímafyrirtækjum að nota eigin grunnvirki eða grunnvirki þriðju aðila. Rétt er að koma á sérstakri aðferð til að leggja mat á það hvort réttlætanager er að viðhalda því fyrirkomulagi á veitingu farsíma- og einkafjarskiptaþjónustu á aðlögunartíma, eins og fram kemur í fyrirnefndum ályktunum ráðsins.
- 20) Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að samþykktar verði ráðstafanir í samræmi við lög bandalagsins og gildandi alþjóðlegar skuldbindingar til að tryggja að ríkisborgarar aðildarríkja njóti jafnrar meðferðar í þriðju löndum.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

### 1. gr.

Tilskipun 90/388/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 1. mgr. 1. gr.:
- a) eftirfarandi liðir bættist við á eftir níunda lið:

„- „farsíma- og einkafjarskiptaþjónusta“: þjónusta önnur en gervihnattaþjónusta sem veitt er að fullu eða að hluta með því að koma á þráðlausu sambandi við notanda, sem getur fært sig úr stað, og sem notar að fullu eða að hluta farsíma- og einkafjarskiptakerfi,

(1) Stjútóð. EB nr. C 213, 6. 8. 1993, bls. 2.

(2) Stjútóð. EB nr. C 379, 31. 12. 1994, bls. 4.

- „farsíma- og einkafjarskiptakerfi“: kerfi sem í felst að koma á fót og reka farsímanetsgrunnvirki, hvort sem þau eru tengd tengipunktum á almenna netinu eða ekki, til að stöðja sendingu og veitingu þráðlausrar fjarskiptaþjónustu til notenda sem geta fært sig úr stað,“;

b) Í stað þrettánda liðar komi eftirfarandi:

- „- „grunnkröfur“: sjónarmið sem varða almannaheill án þess að vera efnahagslegs eðlis og geta valdið því að aðildarríki setji skilyrði fyrir uppsetningu og/eða rekstri almenns fjarskiptanets eða veitingu aðgangs að almennri fjarskiptaþjónustu. Þessi sjónarmið varða rekstraröryggi netsins, samstæði þess og, í rökstuddum tilvikum, rekstrarsamhæfi þjónustugreina, verndun gagna, verndun umhverfis og skipulag bæja og sveita, svo og skilvirka notkun tíðnisviðsins og það að forðast skaðlegar rafsegultruflanir milli fjarskiptakerfa sem byggjast á útvarpsbylgjum og annarra kerfa í geimnum eða á jörðu niðri.

Verndun gagna getur tekið til verndunar persónuupplýsinga, leyndar upplýsinga sem sendar eru eða geymdar, svo og til verndunar einkalífsins.“

2. Í stað 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

- „2. Þessi tilskipun gildir ekki um fjarritaþjónustu.“

3. Eftirfarandi greinar, 3. gr. a til 3. gr. d, bætist við:

- „3. gr. a

Auk krafanna, sem settar eru fram í annarri málsgrein 2. gr., skulu aðildarríkin tryggja eftirfarandi þegar þau setja skilyrði um leyfisveitingu eða almennar heimildir vegna farsíma- og einkafjarskiptakerfa:

- i) meðal skilyrða fyrir leyfisveitingu mega ekki vera önnur skilyrði en þau sem eru réttlæt看leg á grundvelli grunnkraftna og, ef um ræðir kerfi sem almennur á að nota, á grundvelli kraftna um opinbera þjónustu í formi viðskiptafyrirmæla í skilningi 3. gr.;
- ii) skilyrðin fyrir leyfisveitingu vegna farsímafyrirtækja þurfa að tryggja að athæfi milli fyrirtækja í eigu sömu aðila sem reka föst net annars vegar og farsímanet hins vegar sé gagnsætt og án mismununar;
- iii) meðal skilyrða fyrir leyfisveitingu skulu ekki vera tæknilegar takmarkanir sem ekki eru réttlæt看legar. Einkum er aðildarríkjum óheimilt að koma í veg fyrir að sami aðili hafi leyfi af fleiri en einni gerð eða að takmarka framboð tækni af ýmsum gerðum sem hver fyrir sig þarf sérstakrar tíðni, sé um að ræða búnað sem fylgir fleiri en einum staðli.

Eftir því sem völ er á tíðnisviðum, skulu aðildarríkin veita leyfi samkvæmt aðferðum sem eru opnar, gagnsæjar og án mismununar.

Aðildarríkjum er aðeins heimilt að takmarka fjölda leyfa vegna farsíma- og einkafjarskiptakerfa á grundvelli grunnkraftna og aðeins í tengslum við skort á tíðnisviði og þar sem það er réttlæt看legt samkvæmt hlutfallsreglunni.

Heimilt er að láta leyfisveitingaraðferðir taka tillit til kraftna um opinbera þjónustu í formi viðskiptafyrirmæla í skilningi 3. gr. að því tilskildu að valin sé sú lausn sem takmarkar samkeppni minnst. Heimilt er að láta veittum leyfum fylgja þau skilyrði tengd viðskiptafyrirmælum sem máli skipta.

Aðildarríki sem fengið hafa viðbótarfrest til að afnema takmarkanir með tilliti til grunnvirkja, eins og kveðið er á um í 3. gr. c, skulu ekki veita á þeim tíma fjarskiptafyrirtækjum, eða tengdum fyrirtækjum, frekari leyfi vegna farsíma- eða einkafjarskiptaþjónustu. Ef fjarskiptafyrirtæki í slíkum aðildarríkjum njóta ekki, eða njóta ekki lengur, einkaréttar eða sérstakra réttinda í skilningi b- og c-liðar í fyrstu málsgrein 2. gr. til að koma á fót almennu netgrunnvirki og veita aðgang að því, skulu þær ekki vera fyrirfram útilokaðar frá slíkri leyfisveitingu.

3. gr. b

Byggja þarf afmörkun útvarpstíðni vegna sérstakra gerða fjarskiptaþjónustu á hlutlægum viðmiðunum. Aðferðir þurfa að vera gagnsæjar og birtar á viðeigandi hátt.

Aðildarríkin skulu birta á hverju ári eða útvega samkvæmt beiðni yfirlit yfir úthlutun tíðnisviða sem hefur verið úthlutað fyrir farsíma- og einkafjarskiptaþjónustu, samkvæmt yfirlitinu sem sett er fram í viðaukanum, ásamt áætlun um framtíðarstækkun slíkra tíðnisviða.

Aðildarríkjunum ber að endurskoða þessa afmörkun með reglulegu millibili.

3. gr. c

Aðildarríkin skulu sjá til þess að afnumdar verði allar takmarkanir á fyrirtæki sem reka farsíma- og einkafjarskiptakerfi hvað varðar uppsetningu eigin grunnvirkja, notkun grunnvirkja sem þriðju aðilar útvega og samnýtingu grunnvirkja, annars aðbúnaðar og staða, nema takmarkanir sem koma í veg fyrir að slík grunnvirki séu notuð til annarrar starfsemi en þeirrar sem leyfið eða heimildin kveður á um.

## 3. gr. d

Með fyrirvara um framtíðarsamræmingu reglna einstakra landa um samtengingu innan ramma opins aðgangs að netum (ONP), skulu aðildarríkin sjá til þess að heimilud sé bein samtenging milli farsímakerfa, svo og milli farsímakerfa og fastra fjarskiptaneta. Til að ná þessu fram skal afnema takmarkanir á samtengingu.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrirtæki sem reka farsímaþjónustu handa almenningi hafi leyfi til að samtengja kerfi sín almenna fjarskiptanetinu. Í þessu augnamiði skulu aðildarríkin tryggja aðgang að nauðsynlegum fjölda samtengingarpunkta við almenna fjarskiptanetið í leyfum vegna farsímaþjónustu. Aðildarríkin skulu sjá til þess að tæknilegu skilfletirnir sem í boði eru á slíkum samtengingarpunktum séu þeir fáanlegu skilfletir sem minnst takmarka eiginleika farsímaþjónustunnar.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að skilyrðin fyrir samtengingu við almenn fjarskiptanet fjarskiptafyrirtækjanna séu byggð á hlutlægum viðmiðum, gagnsæ og án mismununar og í samræmi við hlutfallsregluna. Þau skulu tryggja að innlendum stjórnsýslufirvöldum sé veittur fullur aðgangur að samtengingarsamningum þegar um áfrýjun er að ræða og að framkvæmdastjórninni séu veittar slíkar upplýsingar, fari hún fram á þær.“

4. Í fyrsta málslið 4. gr. bætist orðið „föst“ framan við orðin „almenn fjarskiptanet“.

## 2. gr.

1. Með fyrirvara um ákvæði 2. gr. tilskipunar 90/388/EBE og háð ákvæðinu í 4. mgr. þessarar greinar geta aðildarríkin ekki neitað að úthluta leyfum til að reka farsímakerfi samkvæmt DCS 1800-staðlinum, í síðasta lagi eftir að samþykkt verður ákvörðun Evrópunefndarinnar um þráðlaus fjarskipti um úthlutun tíðni fyrir DCS 1800 og hvernig sem atvikast vill eigi síðar en 1. janúar 1998.

2. Með fyrirvara um ákvæði 4. mgr. skulu aðildarríkin ekki neita að úthluta leyfum vegna almenns aðgangs/fjarpunkts-búnaðar, að meðtöldum kerfum sem rekin eru samkvæmt DECT-staðlinum, frá og með gildistöku þessarar tilskipunar.

3. Aðildarríkin skulu ekki takmarka að tengdar séu tvær eða fleiri gerðir farsímataækni eða -kerfa, einkum ef völ er á búnaði sem fylgir fleiri en einum staðli. Þegar aðildarríkin rýmka leyfi sem þegar hafa verið veitt þannig að þau nái til slíkra samsetninga skulu þau tryggja að slík rýmkun sé réttlætlanleg samkvæmt ákvæði 4. mgr.

4. Þar sem með þarf skulu aðildarríkin samþykkja ráðstafanir til að tryggja að farið verði að ákvæðum þessarar greinar á þann hátt að tekið verði tillit til kröfunnar um að tryggja virka samkeppni milli fyrirtækja sem keppa um hlutaðeigandi markaði.

## 3. gr.

Aðildarríkin skulu, eigi síðar en níu mánuðum eftir gildistöku þessarar tilskipunar, veita framkvæmdastjórninni upplýsingar sem gera henni kleift að staðfesta að farið sé að ákvæðum 1. gr og 2. mgr. 2. gr.

Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 1. janúar 1998, veita framkvæmdastjórninni upplýsingar sem gera henni kleift að staðfesta að farið sé að ákvæðum 1. mgr. 2. gr.

## 4. gr.

Aðildarríki með minna þróuð net geta í síðasta lagi þremur mánuðum eftir gildistöku þessarar tilskipunar farið fram á allt að fimm ára viðbótaraðlögunartíma til að uppfylla öll skilyrðin í 3. gr. c og 1. mgr. 3. gr. d í tilskipun 90/388/EBE eða einhver þeirra, að því marki sem þetta má réttlæta með þörfinni á að ná fram nauðsynlegum skipulagsbreytingum. Slíkri beiðni skal fylgja nákvæm lýsing á fyrirhuguðum breytingum og nákvæmt mat á tímaáætluninni fyrir framkvæmd þeirra. Veita skal öllum hagsmunaaðilum þessarar upplýsingar, fari þeir fram á það.

Framkvæmdastjórnin mun leggja mat á slíkar beiðnir og taka rökstudda ákvörðun innan þriggja mánaða um grunnforsendur fyrir viðbótartímanum sem kann að vera veittur, áhrif hans og hámarks lengd.

Gjört í Brussel 16. janúar 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Karel VAN MIERT**

framkvæmdastjóri.

**5. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**6. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

## VIÐAUKI

1. Tíðnisvið sem úthlutað eru farsímakerfum.

(Tilgreina skal fjölda rása, þá gerð þjónustu sem tíðnin er úthlutað fyrir og dagsetningu fyrir endurskoðun úthlutunarinnar).

2. Tíðnisvið sem farsímakerfum verður veittur aðgangur að á næsta ári.
3. Aðferðir sem fyrirhugað er að beita við úthlutun þessara tíðnisviða til fyrirtækja sem fyrir eru eða nýrra fyrirtækja.

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/27/24

nr. 106/97  
frá 17. desember 1997

## um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) og XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn

### SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. og XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/95 frá 19. maí 1995<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/19/EB frá 13. mars 1996 um breytingu á tilskipun 90/388/EBE að því er varðar afnám samkeppnishafna á mörkuðum fyrir fjarskiptaþjónustu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

### ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

#### 1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/388/EBE) í XI. viðauka við samninginn:

„- **396 L 0019:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/19/EB frá 13. mars 1996 (Stjttíð. EB nr. L 74, 22. 3. 1996, bls. 13).“

#### 2. gr.

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/388/EBE) í XIV. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„- **396 L 0019:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/19/EB frá 13. mars 1996 (Stjttíð. EB nr. L 74, 22. 3. 1996, bls. 13).

Ákvæði tilskipunar 96/19/EB skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Á Íslandi skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun 96/19/EB koma til framkvæmda frá 1. janúar 1998, með fyrirvara um

i) að þeim sem veita talsímaþjónustu í framtíðinni sé heimilt að hefja tilraunaþjónustu til bráðabirgða fyrir þann tíma, og

ii) að skilyrði fyrir leyfisveitingu í framtíðinni verði gerð opinber fyrir þann tíma.”

2. Í stað aðlögunarliðar a) í 13. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/388/EBE) í XIV. viðauka komi eftirfarandi:

„a) Í stað annars málslíðar fimmtu undirgreinar 3. gr. komi eftirfarandi:

„Framkvæmdastjórn EB eða eftirlitsstofnun EFTA skal innan lögsögu sinnar ganga úr skugga um að þessar fyrirætlanir séu í samræmi við EES-samninginn áður en til framkvæmdar þeirra kemur.““

#### 3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/19/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

#### 4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 18. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

#### 5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 17. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 251, 19. 10. 1995, bls. 31 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 39, 19. 10. 1995 bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 74, 22. 3. 1996, bls. 13.

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 96/19/EB

frá 13. mars 1996

### um breytingu á tilskipun 90/388/EBE að því er varðar afnám samkeppnishafa á mörkuðum fyrir fjarskiptaþjónustu(\*)

#### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 3. mgr. 90. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/388/EBE frá 28. júní 1990 um samkeppni á mörkuðum fyrir fjarskiptaþjónustu (<sup>1</sup>), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/2/EB (<sup>2</sup>), skal fjarskiptaþjónusta, önnur en talsímaþjónusta fyrir almenning og hver sú þjónusta, sem er sérstaklega undanskilin frá gildissviði fyrrnefndrar tilskipunar, vera opin fyrir samkeppni. Hér er um að ræða fjarritaþjónustu, farstöðvafjarskipti og hljóðvarps- og sjónvarpsútsendingar til almennings. Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/46/EB (<sup>3</sup>) voru gervihnattasamskipti tekin inn í gildissvið tilskipunarinnar. Kapalsjónvarpsnet voru tekin inn í gildissvið tilskipunarinnar með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/51/EB (<sup>4</sup>) og farsíma- og einkafjarskipti voru tekin inn í gildissvið tilskipunarinnar með tilskipun 96/2/EB. Samkvæmt tilskipun 90/388/EBE ber aðildarríkjunum að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öllum aðilum sé heimilt að veita slíka þjónustu.
- 2) Eftir opnu umræðuna um stöðu mála á sviði fjarskipta sem framkvæmdastjórnin efndi til árið 1992 (endurskoðun frá 1992) hvatti ráðið í ályktun sinni frá 22. júlí 1993 (<sup>5</sup>) samhljóða til afnáms hafta á allri opinberri talsímaþjónustu fyrir 1. janúar 1998, með fyrirvara um allt að fimm ára viðbótaraðlögunartíma sem gefi aðildarríkjum sem hafa vanþróaðri net, þ.e. Spáni, Írlandi, Grikklandi og Portúgal, færi á að gera nauðsynlegar breytingar, einkum gjaldskrárbreytingar. Enn fremur telur ráðið rétt að mjög

lítil net fái allt að tveggja ára aðlögunartíma þegar ástæða þykir til. Þá viðurkenndi ráðið samhljóða í ályktun sinni frá 22. desember 1994 (<sup>6</sup>) að einnig beri að afnema höft á veitingu aðgangs að fjarskiptagrunnvirkjum fyrir 1. janúar 1998, með fyrirvara um sömu aðlögunartímabil og þau sem samþykkt voru fyrir afnám hafta á talsímaþjónustu. Enn fremur setti ráðið í ályktun sinni frá 18. september 1995 (<sup>7</sup>) viðmiðunareglur um lagasetningu í framtíðinni.

- 3) Í tilskipun 90/388/EBE er því slegið föstu að veiting sérstakra réttinda eða einkaréttar á fjarskiptaþjónustu til fjarskiptafyrirtækja sé brot á 1. mgr. 90. gr. í sáttmálanum, túlkaðri í tengslum við 59. gr. sáttmálans, þar sem slík réttindi takmarka veitingu þjónustu yfir landamæri. Hvað fjarskiptaþjónustu og net varðar voru slík sérstök réttindi skilgreind í fyrrnefndri tilskipun.

Samkvæmt tilskipun 90/388/EBE samrýmist veittur einkaréttur til að veita fjarskiptaþjónustu ekki ákvæðum 1. mgr. 90. gr. í sáttmálanum, túlkaðri í tengslum við 86. gr. sáttmálans, séu þau veitt fjarskiptafyrirtækjum, sem einnig hafa einkarétt eða sérstök réttindi til að koma á fót fjarskiptanetum og veita aðgang að þeim, þar sem veiting slíkra réttinda jafngildir því að styrkja eða víkka út yfirburðastöðu eða leiðir óhjákvæmilega til annarrar misnotkunar yfirburðastöðu.

- 4) Árið 1990 veitti framkvæmdastjórnin þó tímabundna undanþágu frá 2. mgr. 90. gr. að því er varðar einkarétt eða sérstök réttindi til að veita talsímaþjónustu þar eð fjármagnið til þróunar netsins kom enn fyrst og fremst frá rekstri talsímaþjónustunnar og það að leyfa samkeppni um þá þjónustu gat á þeim tíma stofnað fjárhagslegum stöðugleika fjarskiptafyrirtækjanna í hættu og hindrað þær í að sinna því efnahagslega mikilvæga verkefni sem þeim var fengið og felst í því að koma á fót og reka altækt net, þ.e. net sem þjónar stóru landsvæði og sem allir þjónustuveitendur og notendur geta tengst innan viðunandi tímafrests, óski þeir þess.

Þegar tilskipun 90/388/EBE var samþykkt voru öll fjarskiptafyrirtækin enn fremur að stafvæða net sín til að auka fjölbreytni þeirrar þjónustu sem þau gátu boðið neytendum. Nú hefur náðst útbreiðsla og stafvæðing í mörgum aðildarríkjum. Ef tekið er tillit til framfara í

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 74, 22. 3. 1996, bls. 13, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/97 frá 17. desember 1997 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) og XIV. viðauka (Samkeppni), sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjttö. EB nr. L 192, 24. 7. 1990, bls. 10.

(<sup>2</sup>) Stjttö. EB nr. L 20, 26. 1. 1996, bls. 59.

(<sup>3</sup>) Stjttö. EB nr. L 268, 19. 10. 1994, bls. 15.

(<sup>4</sup>) Stjttö. EB nr. L 256, 26. 10. 1995, bls. 49.

(<sup>5</sup>) Stjttö. EB nr. C 213, 6. 8. 1993, bls. 1.

(<sup>6</sup>) Stjttö. EB nr. C 379, 31. 12. 1994, bls. 4.

(<sup>7</sup>) Stjttö. EB nr. C 258, 3. 10. 1995, bls. 1.

útlitastíðnibúnaði og þeirra stóru fjárfestingaráætlana sem nú er unnið að má búast við að útbreiðsla ljósleiðara og neta aukist verulega í hinum aðildarríkjunum á næstu árum.

Árið 1990 komu einnig fram áhyggjur vegna þess að innleiða ætti þegar í stað samkeppni í talsímaþjónustu meðan verðsamsetning fjarskiptafyrirtækjanna var í verulegu ósamræmi við kostnað, því fyrirtæki í samkeppni við þau gátu einbeitt sér að mjög arðvænlegri þjónustu eins og millilandasímaþjónustu og áunnið sér markaðshlutdeild eingöngu á grundvelli hinnar verulega röngu samsetningar gjaldskrár sem fyrir var. Síðan þá hefur verið reynt að jafna mismuninn á samsetningu verðlagningar og kostnaðar til að undirbúa afnám hafta. Evrópuþingið og ráðið hafa nú viðurkennt að til eru aðferðir sem eru ekki jafntakmarkandi og veiting sérstakra réttinda eða einkaréttar til að tryggja að þessu efnahagslega mikilvæga verkefni sé sinnt.

- 5) Af þessum sökum, og í samræmi við ályktanir ráðsins frá 22. júlí 1993 og 22. desember 1994 er undanþágan, sem veitt var með tilliti til talsímaþjónustu, ekki lengur réttlætanagerleg. Afnema ber undanþáguna sem veitt var með tilskipun 90/388/EBE og breyta tilskipuninni til samræmis við það, að meðtöldum skilgreiningunum sem notaðar eru. Aðildarríkjum er heimilt að halda gildandi sérstökum réttindum og einkarétti í tengslum við veitingu talsímaþjónustu til 1. janúar 1998 til að gera fjarskiptafyrirtækjunum kleift að ljúka undirbúningi sínum fyrir samkeppni, einkum nauðsynlegri endurskipulagningu gjaldskrár. Aðildarríki með vanþróaðri net eða mjög lítil net eiga rétt á bráðabirgðaundanþágu ef þörfin á skipulagsbreytingum krefst þess, en aðeins í þeim mæli sem nauðsynlegt er til að gera þær breytingar. Óski slík aðildarríki þess ber að veita þeim allt að fimm ára eða tveggja ára viðbótaraðlögunartíma, eftir því sem við á, að því tilskildu að það sé nauðsynlegt til að ljúka nauðsynlegum skipulagsbreytingum. Aðildarríkin, sem geta farið fram á slíka undanþágu, eru Spánn, Írland, Grikkland og Portúgal vegna vanþróaðra neta og Lúxemborg vegna mjög lítilla neta. Einnig hefur verið rætt um möguleikann á slíkum aðlögunartíma í ályktunum ráðsins frá 22. júlí 1993 og 22. desember 1994.

- 6) Afnám einkaréttar og sérstakra réttinda á veitingu talsímaþjónustu mun einkum gera þeim fjarskiptafyrirtækjum sem fyrir eru kleift að veita þjónustu sína beint í öðrum aðildarríkjum frá og með 1. janúar 1998. Fyrirnefnd fyrirtæki búa nú þegar yfir þeirri sérfræðipækkingu og reynslu sem þarf til að koma inn á markaði sem eru að opnast fyrir samkeppni. Þó munu þau í næstum öllum aðildarríkjum eiga í samkeppni við innlend fjarskiptafyrirtæki sem eiga einkarétt eða sérstök réttindi á því að veita ekki aðeins talsímaþjónustu heldur einnig að koma upp og veita aðgang að grunnvirkjunum sem að baki liggja, þar með talin öflun óhagganlegra réttinda á notkun millilandalína. Sveigjanleikinn og stærðarhagkvæmmin, sem þetta leiðir til, mun koma í veg fyrir að eðlileg samkeppni

ógni þessari yfirburðastöðu eftir að höft á veitingu talsímaþjónustu hafa verið afnumin. Þetta mun gera fjarskiptafyrirtækjunum kleift að viðhalda yfirburðastöðu sinni á innlendum mörkuðum, nema þeir sem koma nýir inn á talsímamarkaðinn fái tilkall til sömu réttinda og skuldbindinga. Einkum ef um það væri að ræða að nýir aðilar fengju ekki frjálst val um það hvaða grunnvirki þeir nota til að veita þjónustu sína í samkeppni við yfirburðafyrirtækið, þá kæmi sú takmörkun í raun í veg fyrir að þeir gætu komið inn á talsímamarkaðinn, þar með talið að veita þjónustu yfir landamæri. Ef sérstökum réttindum, sem takmarka fjölda fyrirtækja, sem hafa leyfi til að koma á fót grunnvirkjum og veita aðgang að þeim, væri viðhaldið myndi það takmarka frelsið til að veita þjónustu, andstætt ákvæðum 59. gr. sáttmálans. Það að takmörkunin á stofnsetningu eigin grunnvirkja myndi gilda að því er virðist sem án greinarmunar um öll fyrirtæki, sem veita talsímaþjónustu í því aðildarríki, nema innlendar fjarskiptafyrirtæki, nægir ekki til að fríðindameðferð þeirra síðastnefndu falli utan gildissviðs 59. gr. sáttmálans. Í ljósi þess að líklegt er að flestir nýir aðilar komi frá öðrum aðildarríkjum hefði slík ráðstöfun í raun meiri áhrif á erlend fyrirtæki en innlend. Þótt fyrirnefndar takmarkanir virðist ekki réttmætar er á hinn bóginn völ á aðferðum sem eru ekki jafntakmarkandi, svo sem leyfisveitingu, til að tryggja almenna hagsmuni sem ekki eru efnahagslegs eðlis.

- 7) Þar að auki hefði afnám einkaréttar og sérstakra réttinda á veitingu talsímaþjónustu lítil eða engin áhrif ef nýir aðilar væru skyldaðir til að nota almenn fjarskiptanet þeirra fjarskiptafyrirtækja sem fyrir eru og þeir keppa við á talsímamarkaðinum. Sé einu fyrirtæki, sem markaðssetur talsímaþjónustu, falið það verkefni að útvega öllum samkeppnisaðilum sínum hið óhjákvæmilega hráefni, þ.e. flutningsgetu, jafngildir það því að veita fyrirtækinu vald til að ákveða að eigin geðþótta hvar, hvenær og á hvaða verði samkeppnisaðilar þess geti veitt þjónustu, svo og að fylgjast með viðskiptavinum þeirra og umferðinni sem samkeppnisaðilarnir skapa, en það kæmi fyrirtækinu í aðstöðu sem hvetti það til að misnota yfirburðastöðu sína. Í tilskipun 90/388/EBE var ekki fjallað beint um að koma fjarskiptanetum á fót og veita aðgang að þeim, enda var með henni veitt tímabundin undanþága með tilliti til 2. mgr. 90. gr. í sáttmálanum hvað varðar einkarétt og sérstök réttindi vegna talsímaþjónustu, sem er efnahagslega langmikilvægust af þeirri þjónustu sem veitt er um fjarskiptanet. Í tilskipuninni var þó kveðið á um að framkvæmdastjórnin endurskoðaði í heild ástandið á öllu sviði fjarskiptamála á árinu 1992.

Það er rétt að í tilskipun ráðsins 92/44/EBE frá 5. júní 1992 um skilyrði fyrir frjálsum aðgangi að netum fyrir leigulínur <sup>(1)</sup>, sem breytt var með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/439/EB <sup>(2)</sup>, eru samhæfðar grundvallarreglur um veitingu leigulína, en þar eru eingöngu samhæfð skilyrði fyrir aðgangi að leigulínum og notkun þeirra. Tilgangurinn með fyrirnefndri tilskipun er ekki að ráða bót

(1) Stjtuð. EB nr. L 165, 19. 6. 1992, bls. 27.

(2) Stjtuð. EB nr. L 181, 15. 7. 1994, bls. 40.



á hagsmunaárekstrum fjarskiptafyrirtækja sem aðila, sem veita aðgang að grunnvirkjum, annars vegar og aðila, sem veita þjónustu, hins vegar. Í henni er ekki mælt fyrir um skipulagsaðskilnað milli leigulínuveitingar- og þjónustuhluta fjarskipta-fyrirtækjanna. Kvartanir sýna að fjarskiptafyrirtæki nota enn stjórn sína á skilyrðum fyrir aðgangi að netum á kostnað samkeppnisaðila sinna á þjónustumarkaðinum, jafnvel í aðildarríkjum þar sem fyrrnefnd tilskipun er komin til framkvæmda. Kvartanir sýna að fjarskiptafyrirtækin fara enn fram á of há gjöld og að þau nota upplýsingar, sem þau komast yfir sem veitendur aðgangs að grunnvirkjum, um þjónustu sem samkeppnisaðilarnir hyggjast veita til að miða út viðskiptavinum á þjónustumarkaðinum. Í tilskipun 92/44/EBE er aðeins kveðið á um kostnaðarregluna en ekki komið í veg fyrir að fjarskiptafyrirtæki noti upplýsingarnar, sem þau fá sem veitendur flutningsgetu, um notkunarmynstur áskrifenda, en þær upplýsingar eru nauðsynlegar til að miða út tiltekna hópa viðskiptavina, og um sveigjanleika eftirspurnar hvað varðar verð fyrir hvern hluta þjónustumarkaðarins og hvern landshluta. Gildandi rammaákvæði koma ekki í veg fyrir þá hagsmunaárekstra sem um getur hér að framan. Heppilegasta aðferðin til að koma í veg fyrir þá er að heimila aðilum, sem veita þjónustu, að nota eigin fjarskiptagrunnvirki eða grunnvirki þriðju aðila til að veita neytendum þjónustu sína í stað grunnvirkja helsta samkeppnisaðila síns. Í ályktun sinni frá 22. desember 1994 samþykkti ráðið einnig þá meginreglu að afnema skuli höft á veitingu aðgangs að grunnvirkjum.

Því ber aðildarríkjunum að afnema gildandi einkarétt á veitingu aðgangs að grunnvirkjum og notkun þeirra, en hann er brot á 1. mgr. 90. gr. í sáttmálanum, túlkadri í tengslum við 59. og 86. gr. sáttmálans, og heimila þeim aðilum, sem veita talsímaþjónustu, að nota eigin grunnvirki og/eða önnur grunnvirki að eigin vali.

- 8) Samkvæmt tilskipun 90/388/EBE gilda reglur sáttmálans, að meðtöldum reglum um samkeppni, um fjarritaþjónustu. Enn fremur er fastsett í henni að veiting einkaréttar eða sérstakra réttinda á fjarskiptaþjónustu til fjarskiptafyrirtækja sé brot á 1. mgr. 90. gr. í sáttmálanum, túlkadri í tengslum við 59. gr. sáttmálans, þar sem slík veiting takmarkar veitingu þjónustu yfir landamæri. Þó var í tilskipuninni litið svo á að rétt væri að finna sérstaka lausn þar sem búist var við að notkun þessarar þjónustu minnkaði ört. Síðan hefur komið í ljós að fjarritaþjónusta mun í fyrirsjáanlegri framtíð vera áfram í notkun við hlið nýrrar þjónustu á borð við bréfasíma, í ljósi þess að fjarritanetið er enn eina staðlaða netið sem hefur útbreiðslu um allan heim og sem nota má sem sönnunargagn fyrir dómstólum. Því er ekki lengur grundvöllur fyrir upprunalegu lausninni.
- 9) Hvað snertir aðgang nýrra samkeppnisaðila að fjarskiptamörkuðum geta aðeins lögboðnar kröfur réttlætt takmarkanir á þeim grundvallarréttindum sem kveðið er á um í sáttmálanum. Þessar takmarkanir skulu ekki vera meiri

en nauðsynlegt er til að ná settu markmiði, sem ekki er efnahagslegs eðlis. Aðildarríkjum er því einungis heimilt að beita leyfisveitingu eða skráningarreglum ef það er óhjákvæmilegt til að tryggja að farið sé að grunnkröfum og, með tilliti til veitingar talsímaþjónustu og aðgangs að grunnvirkjum, að setja fram kröfur í formi viðskiptafyrirmæla sé það nauðsynlegt til að tryggja, í samræmi við 2. mgr. 90. gr. í sáttmálanum, að hlutaðeigandi fyrirtæki á sviði fjarskipta sinni þeirri opinberu þjónustu, sem þeim er falið að veita, í samkeppnisumhverfi og/eða til að tryggja framlög til að fjármagna altæka þjónustu. Aðildarríkjunum er heimilt að bæta við öðrum kröfum um opinbera þjónustu í tilteknum gerðum leyfa, í samræmi við hlutfallsregluna og 56. og 66. gr. sáttmálans.

Því mega ákvæði tilskipunar 90/388/EBE ekki koma í veg fyrir að beita megi ákvæðum laga eða stjórnsýslufyrirmæla til þess að vernda almannaoýrggi, einkum varðandi löglegar hleranir.

Þegar samþykktar voru leyfisveitingarkröfur með tilliti til tilskipunar 90/388/EBE kom í ljós að tiltekin aðildarríki lögðu á nýja aðila skuldbindingar sem ekki voru í anda markmiðsins um almannaeið. Til að forðast að slíkar ráðstafanir verði notaðar til að koma í veg fyrir að samkeppni ógni yfirburðastöðu fjarskiptafyrirtækja þegar höft á veitingu talsímaþjónustu hafa verið afnumin, þannig að fjarskiptafyrirtækin geti haldið yfirburðastöðu sinni á markaði talsímaþjónustu og opinberra fjarskiptaneta og styrkt með þeim hætti yfirburðastöðu stofnunarinnar sem fyrir er, er nauðsynlegt að aðildarríkin tilkynni framkvæmdastjórninni um allar leyfisveitingar- eða skráningarkröfur áður en þær eru settar, til að gera framkvæmdastjórninni kleift að leggja mat á það hvort kröfurnar samrýmist ákvæðum sáttmálans, einkum hvort skuldbindingarnar séu hæfilegar.

- 10) Samkvæmt hlutfallsreglunni er því aðeins heimilt að takmarka fjölda leyfa ef það er óhjákvæmilegt til að tryggja að farið sé að grunnkröfum um notkun auðlinda sem eru af skornum skammti. Eins og framkvæmdastjórnin lýsti yfir í orðsendingu sinni um umræðuna um grænbókina um afnám hafta á fjarskiptagrunnvirki og kapalsjónvarpsnet, er eina hugsanlega ástæðan í því tilliti að fyrir hendi séu eðlislægar takmarkanir sem felist í því að nauðsynlegt tíðnisvið vantar.

Að því er varðar veitingu talsímaþjónustu og aðgangs að almennum, föstum fjarskiptanetum og öðrum fjarskiptanetum, sem byggjast á notkun útvarpstíðni, réttlæta grunnkröfurnar að komið sé á sérstakri leyfisveitingaraðferð, eða henni beitt áfram. Í öllum öðrum tilvikum nægir almenn leyfisveiting eða skráningarreglur til að tryggja að grunnkröfum sé fullnægt. Framangreind leyfisveitingaraðferð er ekki réttlætunleg ef skráning ein sér dygði til að ná settu markmiði.

Að því er varðar veitingu pakka- og línuskiptrar

gagnaflutningsþjónustu heimilaði tilskipun 90/388/EBE aðildarríkjunum, í samræmi við 2. mgr. 90. gr. í sáttmálanum, að samþykka útbodslýsingar fyrir opinbera þjónustu í formi viðskiptafyrirmæla til að varðveita viðeigandi kröfur um opinbera þjónustu. Framkvæmdastjórnin hefur á árinu 1994 lagt mat á áhrif þeirra ráðstafana sem samþykktar hafa verið í samræmi við þetta ákvæði. Niðurstöður þeirrar endurskoðunar voru birtar í orðsendingu hennar um stöðu og framkvæmd tilskipunar 90/388/EBE. Á grundvelli þeirrar endurskoðunar, sem einnig byggðist á reynslunni sem fengist hefur í flestum aðildarríkjum þar sem viðeigandi markmiðum varðandi opinbera þjónustu var náð án þess að beita slíkum kerfum, er engin ástæða til að viðhalda þessu sérstaka fyrirkomulagi og því ber að afnema þessi kerfi þar sem þau eru í gildi. Þó er aðildarríkjunum heimilt að láta skráningarreglur eða almenna leyfisveitingu koma í stað slíkra kerfa.

- 11) Veitendur talsímaþjónustu, sem hafa nýlega fengið leyfi, munu því aðeins geta keppt með góðu móti við fjarskiptafyrirtækin sem fyrir eru að þeir fái nógu mörg númer til umráða til að úthluta viðskiptavinum sínum. Ef fjarskiptafyrirtækin, sem fyrir eru, úthluta númerunum er hætt við að það hvetji þau til að halda bestu númerunum sjálf en veita samkeppnisaðilunum of fá númer eða númer sem eru lítt aðlaðandi fyrir fyrirtæki, t.d. sökum lengdar. Með því að láta slíkt vald vera áfram í höndum fjarskiptafyrirtækja sinna væru aðildarríkin því að hvetja þau til að misnota vald sitt á talsíma markaðinum og brjóta gegn 90. gr. sáttmálans, túlkaðri í tengslum við 86. gr. sáttmálans.

Því ber að fela aðila, sem er óháður fjarskiptafyrirtækinu, stofnun og stjórnun númeraáætlunar landsins og, sé þess þörf, semja drög að meðferðarreglum við úthlutun númera, sem byggi á hlutlægum viðmiðum og séu gagnsæjar og án mismununar. Ef áskrifandi fer yfir til annars þjónustuaðila ber fjarskiptafyrirtækjum að miðla upplýsingum um nýtt númer hans til aðila sem reyna að ná til hans í gamla númerinu, á þann hátt og að því marki sem krafist er í 86. gr. sáttmálans. Einnig skal áskrifendum, sem fara yfir til annars þjónustuaðila, vera mögulegt að halda númerum sínum gegn því að þeir beri hæfilegan hluta kostnaðarins við að flytja númerin.

- 12) Þar sem aðildarríkin eru skuldbundin samkvæmt þessari tilskipun til að afturkalla sérstök réttindi og einkarétt á veitingu aðgangs að föstum almennum fjarskiptanetum og rekstri þeirra, ber að breyta til samræmis við það skuldbindingunni sem sett er fram í tilskipun 90/388/EBE um að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðgangsskilyrði séu hlutlæg, án mismununar og birt.
- 13) Réttur nýrra veitenda talsímaþjónustu til að tengja þjónustu sína gegn hæfilegu gjaldi við almenna fjarskiptanetið sem fyrir er til að koma símtölum í gegn, þar með talinn aðgangur að gagnagrunnum um viðskiptavinum, sem nauðsynlegur er

til að veita upplýsingar um númer, er ákaflega mikilvægur fyrst eftir að afnumin eru sérstök réttindi og einkaréttur á veitingu talsímaþjónustu og aðgangs að fjarskiptagrunnvirkjum. Að jafnaði skal samtenging vera sammingsatriði milli aðilanna, háð samkeppnisreglum sem gilda um fyrirtæki. Í ljósi ójafnrar sammingsstöðu nýju aðilanna miðað við fjarskiptafyrirtækin, sem hafa einokunarstöðu vegna sérstakra réttinda sinna eða einkaréttar, er líklegt að ágreiningur um skilmála og skilyrði geti tafið fyrir samtengingu, meðan Evrópuþingið og ráðið hafa ekki sett samhæfð rammaákvæði. Slíkar tafir myndu stefna aðgangi nýju aðilanna að markaðinum í voða og því koma í veg fyrir raunverulegt afnám sérstakra réttinda og einkaréttar. Ef aðildarríkin samþykktu ekki nauðsynlegar verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir slíkar aðstæður myndi það leiða til þess að sérstöku réttindin og einkarétturinn, sem nú eru í gildi, giltu áfram í raun, en eins og fram kemur hér að framan er það talið andstætt ákvæðum 1. mgr. 90. gr. sáttmálans, túlkuðum í tengslum við 59. og 86. gr. sáttmálans.

Til að gera greiðan markaðsaðgang mögulegan og koma í veg fyrir að sérstök réttindi og einkaréttur gildi áfram í raun í andstöðu við 1. mgr. 90. gr. sáttmálans, túlkaða í tengslum við 59. og 86. gr. sáttmálans, ber aðildarríkjunum að sjá til þess að fjarskiptafyrirtækin birti, á því tímabili sem samkeppnisaðilar þurfa til að komast inn á markaðinn, staðlaða skilmála og skilyrði fyrir samtengingu við talsímanetin sem þær bjóða almenningi, að meðtöldum skráum yfir samtengingarverð og tengingarpunkta, eigi síðar en sex mánuðum áður en afnám hafta á talsímaþjónustu og aðgangi að fjarskiptaflutningsgetu á að taka gildi. Slík stöðluð tilboð skulu vera án mismununar og ekki svo bundin í pakka að það komi í veg fyrir að nýir aðilar á markaðinum geti keypt eingöngu þá hluta samtengingarinnar sem þeir þurfa raunverulega á að halda. Enn fremur má ekki felast í þeim mismunun á grundvelli þess hvaðan símtölin og/eða netin koma.

- 14) Til að unnt sé að hafa eftirlit með skuldbindingum um samtengingu með tilliti til samkeppnislaga er nauðsynlegt að í rekstrarbókhaldskerfinu, sem notað er í sambandi við veitingu talsímaþjónustu og aðgangs að fjarskiptanetum, á þeim tíma sem þarf til að markaðsaðgangur verði greiður, komi skýrt fram hvaða kostnaðarliðir skipta máli við verðlagningu á samtengingartilboðum og grundvöllur kostnaðar fyrir hvern hluta samtengingarinnar, einkum til að tryggja að í verðlagningunni sé aðeins tekið tillit til kostnaðarliða sem skipta máli, þ.e. uppsetningargjalda, flutningsgjalda, hlutar í kostnaði við að veita jafnan aðgang og möguleika á flutningi númera og við að tryggja að grunnkröfur séu uppfylltar og, ef við á, viðbótargjalda í tengslum við skiptingu nettókostnaðar við altæka þjónustu og, til bráðabirgða, ójafnaðar í gjaldskrár fyrir talsímaþjónustu. Einnig þarf að vera hægt að ráða af slíku rekstrarbókhaldi hvort fjarskiptafyrirtæki lætur stærstu viðskiptavinum sína greiða lægri gjöld en þá aðila sem veita

aðgang að talsímanetum.

Ef ekki er til fljótleg, ódýr og árangursrík málsmeðferð við lausn deilna um samtengingu, sem kemur í veg fyrir að fjarskiptafyrirtæki valdi töfum eða beiti fjármunum til að auka kostnað við lagaúrræði sem völ er á samkvæmt landslögum eða lögum bandalagsins, gerir það fjarskiptafyrirtækjum kleift að viðhalda yfirburðastöðu sinni. Því ber aðildarríkjunum að koma á sérstakri málskotsaðferð vegna deilna um samtengingu.

- 15) Skuldbindingin um að birta stöðluð gjöld og skilyrði fyrir samtengingu hefur ekki áhrif á kröfuna um að fyrirtæki í yfirburðastöðu geri, samkvæmt 86. gr. sáttmálans, sérstaka eða sérsníðna samninga um tiltekna samsetningar eða notkun einstakra hluta almennra sjálfvirkra símneta og/eða veitingu afsláttar til tiltekinnar þjónustuveitenda eða stórra notenda, séu slíkir samningar réttmætir og án mismununar. Afsláttur á samtengingu skal vera rökstuddur á hlutlægan hátt og gagnsær.
- 16) Krafan um að birta stöðluð skilyrði fyrir samtengingu hefur heldur ekki áhrif á skuldbindingu fyrirtækja í yfirburðastöðu, samkvæmt 86. gr. sáttmálans, um að leyfa samtengdum fjarskiptafyrirtækjum að ákveða gjöld á viðskiptavinum milli aðila, sem hringir frá neti þessara fjarskiptafyrirtækja, og aðilans sem hringt er í og að beina umferðinni af völdum viðskiptavina sinna að þeim samtengingarpunkti sem þau velja.
- 17) Nokkur aðildarríki viðhalda enn einkarétti á stofnun og veitingu þjónustu við skráningu símanúmera og upplýsinga um þau. Yfirleitt er slíkur einkaréttur veittur annaðhvort stofnunum, sem þegar hafa yfirburðastöðu á sviði talsímaþjónustu, eða einhverju dótturfyrirtækja þeirra. Við slíkar aðstæður hefur þessi réttur þau áhrif að rýmka yfirburðastöðu fyrrnefndra stofnana og styrkja hana þannig, en samkvæmt fordæmisrétti dómstóls Evrópubandalaganna er það misnotkun á yfirburðastöðu og brýtur gegn 86. gr. Einkaréttur á sviði talsímaþjónustu er því ekki í samræmi við 1. mgr. 90. gr. í sáttmálanum, túlkaða í tengslum við 86. gr., Þar af leiðandi ber að afnema fyrrnefndan einkarétt.
- 18) Upplýsingar um símanúmer eru nauðsynlegt tæki til aðgangs að símaþjónustu. Til að tryggja að áskrifendur hvers konar talsímaþjónustu hafi aðgang að upplýsingum um símanúmer er aðildarríkjunum heimilt að setja í einstök eða almenn leyfi skuldbindingar um veitingu upplýsingaþjónustu um símanúmer til almennings.  
  
Slík skuldbinding má þó ekki leggja hömlur á að þessum upplýsingum sé miðlað með nýrri tækni eða að boðið sé upp á sérhæfðar og/eða svæðisbundnar símaskrár í andstöðu við 1. mgr. 90. gr. í sáttmálanum, túlkaða í tengslum við b-lið annarrar málsgreinar 86. gr. í sáttmálanum.
- 19) Sé aðeins unnt að veita altæka þjónustu með tapi eða kostnaði sem er meiri en venjulegt er í viðskiptum geta

ýmis fjármögnunarkerfi komið til greina til að tryggja altæka þjónustu. Þó tefði það verulega fyrir tilkomu virkrar samkeppni þegar höft verða afnumin að fullu ef aðildarríki kæmu á fjármögnunarkerfi sem legði of stóran hluta byrðarinnar á nýja aðila eða tækju ákvörðun um að heildarbyrðin yrði meiri en nauðsynlegt er til að fjármagna altæka þjónustu.

Fjármögnunarkerfi, sem legðu hlutfallslega of miklar byrðar á nýja aðila og kæmu með þeim hætti í veg fyrir að samkeppni ógnaði yfirburðastöðu fjarskiptafyrirtækjanna, þegar höft á talsímaþjónustu verða afnumin, og gerðu fjarskiptafyrirtækjunum þannig kleift að styrkja yfirburðastöðu sína, væru brot á 90. gr. sáttmálans, túlkaðri í tengslum við 86. gr. sáttmálans. Hvaða fjármögnunarkerfi sem aðildarríkin kunna að ákveða að nota, ber þeim að tryggja að aðeins þeir sem veita aðgang að almennum fjarskiptanetum taki þátt í því að uppfylla og/eða fjármagna skuldbindingar um altæka þjónustu sem eru samhæfðar innan ramma frjáls aðgangs að netum (ONP) og að aðferðin, sem notuð er við að skipta þjónustunni á milli þeirra, sé byggð á viðmiðum sem eru hlutlæg og án mismununar og að hún sé í samræmi við hlutfallsregluna. Þessi meginregla kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki geti veitt nýjum aðilum, sem enn hafa ekki náð umtalsverðri markaðshlutdeild, undanþágu.

Enn fremur ættu fjármögnunaraðferðirnar að vera þess eðlis að reynt sé að tryggja að markaðsaðilarnir taki aðeins þátt í fjármögnun altækra þjónustu, en ekki annarrar starfsemi sem ekki tengist beint veitingu altækra þjónustu.

- 20) Að því er varðar samsetningu kostnaðar við talsímaþjónustu þarf að gera greinarmun á uppsetningargjaldi, mánaðarleigu, innansvæðissímtölum, millissvæðasímtölum og langlínusímtölum. Samsetning gjaldskrár fyrir talsímaþjónustu hjá fjarskiptafyrirtækjum tiltekinnar aðildarríkja er enn í ósamræmi við kostnað. Tilteknir flokkar símtala eru seldir með tapi og víxlniðurgreiddir með hagnaðinum af öðrum flokkum. Verð, sem haldið er óeðlilega niðri hamlar samkeppni, þar sem hugsanlega samkeppnisaðila vantar hvata til að fara inn á viðkomandi geira talsímaþjónustumarkaðarinnar, og er andstætt 86. gr. sáttmálans, nema það sé réttmætt samkvæmt 2. mgr. 90. gr. í sáttmálanum fyrir tiltekna nafngreinda neytendur eða hópa neytenda. Aðildarríkjunum ber að afnema í áföngum eins hratt og mögulegt er allar óréttlætlanlegar hömlur á að fjarskiptafyrirtækin endurskipuleggi gjaldskrár sínar, einkum hömlur sem koma í veg fyrir breytingar á gjöldum sem eru ekki í samræmi við kostnað og auka byrðina við það að veita altæka þjónustu. Ef það er réttlætlanlegt, er heimilt að endurúthluta til allra hlutaðeigandi, án mismununar og á gagnsæjan hátt, þeim hluta nettókostnaðar sem samsetning gjaldskrárinnar stendur ekki undir.
- 21) Þar sem endurskipulagning gjaldskrár gæti gert tiltekna þætti símaþjónustunnar tímabundið dýrari fyrir tiltekna hópa notenda, er aðildarríkjunum heimilt að samþykkja sérstök

ákvæði til að milda áhrif endurskipulagningarinnar. Þannig má tryggja að símaþjónustan sé áfram á viðráðanlegu verði á aðlögunartímabilinu en fjarskiptafyrirtækin geti samt haldið áfram endurskipulagningu sinni. Þetta er í samræmi við greinargerð framkvæmdastjórnarinnar vegna ályktunar ráðsins um altæka þjónustu <sup>(1)</sup>, þar sem segir að á öllu svæðinu skuli taxtar fyrir uppsetningu, áskrift, leigu, aðgang og notkun vera sanngjarnir og viðráðanlegir.

- 22) Í aðildarríkjum, þar sem framkvæmd fjármögnunarkerfis vegna skuldbindinga um altæka þjónustu er falin fjarskiptafyrirtækjunum með rétti til að innheimta hluta kostnaðarins frá samkeppnisaðilum, er það hvati fyrir fyrirtækin til að setja upp hærra gjald en er réttlætlegt, nema aðildarríkin tryggi að sú upphæð, sem innheimt er til að fjármagna altæka þjónustu, sé skilin skýrt frá gjöldum fyrir samtengingu (tengingu og flutning). Að auki ber að fylgjast náið með þessari tilhögun og koma á skilvirkum aðferðum til að skjóta deilumálum um upphæðina, sem greiða á, fljótt til óháðs aðila, án þess að það hafi áhrif á önnur lagaúrræði sem kunna að vera fyrir hendi samkvæmt landslögum eða lögum bandalagsins.

Framkvæmdastjórninni ber að endurskoða stöðu mála í aðildarríkjunum fimm árum eftir að fullri samkeppni er komið á til að ganga úr skugga um að fjármögnunarkerfið leiði ekki til ástands sem ekki samrýmist lögum bandalagsins.

- 23) Þeir sem veita aðgang að almennum fjarskiptanetum þurfa aðgang að leiðum yfir land í almannaeigu og einkaeign til að koma fyrir þeim búnaði sem nauðsynlegur er til að ná til neytenda. Fjarskiptafyrirtæki margra aðildarríkja njóta lagalegra sérreittinda til að setja upp net sín á landi í almannaeigu og einkaeign, án endurgjalds eða með endurgjaldi sem er jafnt kostnaði. Ef aðildarríkin veita nýjum rekstraraðilum með leyfi ekki svipaða möguleika til að koma upp netum sínum mun það valda þeim töfum og á sumum svæðum jafngilda því að viðhalda einkarétti fjarskiptafyrirtækisins.

Enn fremur er þess krafist í 90. gr. sáttmálans, túlkaðri í tengslum við 59. gr. sáttmálans, að aðildarríki mismuni ekki nýjum aðilum, sem yfirleitt koma frá öðrum aðildarríkjum, í hag eigin fjarskiptafyrirtækja og annarra innlendra fyrirtækja sem veittur hefur verið umferðarréttur til að auðvelda þeim að koma upp fjarskiptanetum sínum.

Ef grunnkröfur, einkum varðandi umhverfisvernd eða markmið fyrir bæjar- eða sveitarskipulag, koma í veg fyrir að nýjum aðilum, sem ekki ráða þegar yfir eigin grunnvirkjum, séu veitt svipuð réttindi, ber aðildarríkjunum að tryggja að nýju aðilarnir hafi í það minnsta aðgang, með sanngjörnum skilyrðum, að stokkum eða staurum sem fyrir eru, og komið hefur verið upp samkvæmt umferðarrétti fjarskiptafyrirtækisins, sé fyrrnefndur búnaður nauðsynlegur til að aðilarnir geti komið upp netum sínum og að því tilskildu að þetta sé tæknilega gerlegt. Væru slíkar kröfur ekki gerðar hefðu fjarskiptafyrirtækin hvatningu til að

takmarka aðgang samkeppnisaðila sinna að þessum nauðsynlega búnaði og misnota þannig yfirburðastöðu sína. Því væri það að samþykka ekki slíkar kröfur andstætt 1. mgr. 90. gr. í sáttmálanum, túlkaðri í tengslum við 86. gr. sáttmálans.

Samkvæmt 86. gr. ber öllum aðilum, sem starfrækja almenn fjarskiptanet og ráða yfir grunnaðbúnaði sem samkeppnisaðilar hafa ekki hagstæða valkosti við, auk þess að veita opinn aðgang án mismununar að þeim aðbúnaði.

- 24) Afnáms sérstakra réttinda og einkaréttar á fjarskiptamarkaðinum mun gera fyrirtækjum, sem njóta sérstakra réttinda á öðrum sviðum en fjarskiptum, kleift að koma inn á fjarskiptamarkaðinn. Til að hafa megi eftirlit samkvæmt viðeigandi reglum sáttmálans með hugsanlegum samkeppnishamlandi víxlniðurgreiðslum annars vegar milli sviða, þar sem veitendur fjarskiptaþjónustu eða aðgangs að fjarskiptagrunnvirkjum hafa sérstök réttindi eða einkarétt, og hins vegar starfsemi þeirra sem veitenda fjarskiptaþjónustu, ber aðildarríkjunum að gera viðeigandi ráðstafanir til að ná fram gagnsæi hvað snertir notkun aðbúnaðar frá slíkri verndaðri starfsemi til þess að koma inn á haftalaus fjarskiptamarkaðinn. Aðildarríkjunum ber í það minnsta að krefjast þess að slík fyrirtæki haldi, þegar þau hafa náð umtalsverðri veltu á hlutaðeigandi markaði fyrir fjarskiptaþjónustu og/eða veitingu aðgangs að grunnvirkjum, aðskilið bókhald þar sem meðal annars sé greint á milli útgjalda og tekna sem tengjast þjónustu sem veitt er með sérstökum réttindum eða einkarétti annars vegar og þjónustu á samkeppnismarkaði hins vegar. Um sinn ber að líta á veltu, sem nemur meira en 50 milljónum eka, sem umtalsverða veltu.

- 25) Sem stendur er í flestum aðildarríkjum í gildi einkaréttur á veitingu aðgangs að fjarskiptagrunnvirkjum til að veita aðra fjarskiptaþjónustu en talsímaþjónustu.

Samkvæmt tilskipun 92/44/EBE ber aðildarríkjunum að tryggja að fjarskiptafyrirtækin gefi öllum aðilum, sem veita fjarskiptaþjónustu, kost á tilteknum gerðum leigulína. Þó er í tilskipuninni aðeins kveðið á um slíkt samræmt framboð á leigulínum upp að tiltekinni bandbreidd. Fyrirtæki, sem þurfa meiri bandbreidd til að veita þjónustu, sem byggist á nýrri háhraðatækni á borð við SDH (samhæfðan, stafrænan fjölrásabúnað), hafa kvartað yfir því að viðkomandi fjarskiptafyrirtæki anni ekki eftirspurn þeirra, en henni mætti anna með ljósleiðaranetum annarra aðila sem gætu hugsanlega veitt aðgang að fjarskiptagrunnvirkjum ef núgildandi einkaréttur væri afnuminn. Þar af leiðir að viðhald fyrrnefndra réttinda tefur fyrir tilkomu nýrrar háþróaðrar fjarskiptatækni og hamlar því tækniframförum á kostnað notenda andstætt 1. mgr. 90. gr. í sáttmálanum, túlkaðri í tengslum við b-lið annarrar málsgreinar 86. gr. í sáttmálanum.

- 26) Í ljósi þess að afnáms slíkra réttinda varðar fyrst og fremst þjónustu sem enn er ekki í boði og snertir ekki talsímaþjónustu, sem enn er megintekjulind umræddra

(<sup>1</sup>) Stjttð. EB nr. C 48, 16. 2. 1994, bls. 8.

stofnana, mun það ekki setja fjárhagsstöðu fjarskiptafyrirtækisins úr skorðum. Því er ekkert sem réttlætir það að viðhalda einkarétti á stofnun og notkun netgrunnvirkja fyrir aðra þjónustu en talsímaþjónustu. Einkum ber aðildarríkjunum að tryggja að frá og með 1. júlí 1996 verði afnumdar allar hömlur á veitingu fjarskiptaþjónustu, annarrar en talsímaþjónustu, um net sem sá sem veitir fjarskiptaþjónustuna hefur komið upp, notkun grunnvirkja, sem þriðju aðilar veita aðgang að, og samnýtingu neta, annars aðbúnaðar og stöðva.

Svo að tillit sé tekið til ástandsins í aðildarríkjum með vanþróaðri net og aðildarríkjum með mjög lítil net mun framkvæmdastjórnin veita viðbótaraðlögunartíma, sé farið fram á hann.

27) Þótt allar takmarkanir á veitingu fjarskiptaþjónustu, sem höftum hefur verið létt af, um kapalsjónvarpsnet hafi verið afnumdar með tilskipun 95/51/EB eru takmarkanir á notkun almennra fjarskiptaneta til að miðla flutningsgetu um kapalsjónvarp enn í gildi í sumum aðildarríkjum. Framkvæmdastjórninni ber að leggja mat á stöðuna með tilliti til slíkra takmarkana í ljósi markmiða fyrrnefndrar tilskipunar þegar endanlegt afnám hafta á fjarskiptamörkuðum nalgast.

28) Afnám allra sérstakra réttinda og einkaréttar, sem takmarka að fyrirtæki, sem hafa staðfestu innan bandalagsins, veiti fjarskiptaþjónustu og aðgang að netunum sem hún grundvallast á, er óháð ákvörðunar- og upprunastað boðanna.

Þó hindrar tilskipun 90/388/EBE ekki að samþykktar séu, í samræmi við lög bandalagsins og gildandi alþjóðlegar skuldbindingar, ráðstafanir vegna fyrirtækja sem ekki hafa staðfestu innan bandalagsins til að tryggja að ríkisborgarar aðildarríkjanna fái sambærilega og skilvirka meðferð í þriðju löndum. Fyrirtæki innan bandalagsins ættu að njóta góðs af skilvirkum og sambærilegum aðgangi að mörkuðum þriðju landa og njóta svipaðrar meðferðar í þriðja landi og bjóðast fyrirtækjum, sem eru í eigu eða í raun undir stjórn ríkisborgara viðkomandi þriðja lands, samkvæmt rammaákvæðum bandalagsins. Fjarskiptaviðræður á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar ættu að leiða til jafnvægs og marghliða samnings sem tryggi rekstraraðilum innan bandalagsins skilvirkan og sambærilegan aðgang í þriðju löndum.

29) Tilkoma fullrar samkeppni á fjarskiptamörkuðum vekur mikilvægar spurningar á sviði félags- og atvinnumála. Þessar spurningar eru ræddar í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um umræðuna um grænbókina um afnám hafta á fjarskiptagrunnvirki og kapalsjónvarpsnet frá 3. maí 1995.

Án þess að vikið sé frá altækri stefnu er nú rétt að leggja kapp á að styðja aðlögunina að algerlega haftalaus fjarskiptaumhverfi. Hin einstöku aðildarríki bera ábyrgð á slíkum aðgerðum þótt kerfi á vegum bandalagsins, svo sem

Félagsmálasjóður Evrópu, geti einnig komið að málinu. Í tengslum við framtaksverkefni, sem fyrir eru, er rétt að bandalagið taki þátt í því að auðvelda aðlögun og endurþjálfun fólks úr starfsgreinum sem líklegt er að hverfi við endurskipulagningu atvinnugreina.

30) Lögleiðing reglna í hverju landi um leyfisveitingar, samtengingar, altæka þjónustu, númeraúthlutunar og umferðarréttar hefur ekki áhrif á samhæfingu þessara þátta með viðeigandi lagagjörmum Evrópuþingsins og ráðsins, einkum innan ramma frjáls aðgangs að netum (ONP). Framkvæmdastjórninni ber að gera hverjar þær ráðstafanir sem hún telur eiga við til að tryggja að samræmi sé milli fyrrnefndra gjörninga og tilskipunar 90/388/EBE.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Tilskipun 90/388/EBE er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i) í stað fjórða undirliðar komi eftirfarandi:

„- „almennt fjarskiptanet“: fjarskiptanet sem meðal annars er notað til að veita almenna fjarskiptaþjónustu,

- „almenn fjarskiptaþjónusta“: fjarskiptaþjónusta sem almenningur hefur aðgang að,“;

ii) í stað þrettánda undirliðar komi eftirfarandi:

„- „grunnkröfur“: sjónarmið sem varða almannaheill án þess að vera efnahagslegs eðlis og geta valdið því að aðildarríki setji skilyrði fyrir stofnun og/eða rekstri fjarskiptaneta eða veitingu fjarskiptaþjónustu. Þessi sjónarmið varða rekstraröryggi netsins, samstæði þess og, í rökstuddum tilvikum, rekstrarsamhæfi þjónustugreina, verndun gagna, umhverfisvernd og markmið fyrir bæjar- og sveitarskipulag, svo og skilvirka nýtingu tíðnisviðsins og viðleitni til að forðast truflanir milli fjarskiptakerfa, sem byggjast á útvarpsbylgjum, og annarra tæknilegra kerfa í geimnum eða á jörðu niðri.

Verndun gagna getur tekið til verndunar persónuupplýsinga, leyndar upplýsinga sem sendar eru eða geymdar, svo og til verndunar einkalífsins,“;

iii) eftirfarandi undirliðir bætist við:

- „- „fjarskiptanet“: sendibúnaður og, ef við á, skiptibúnaður og annar aðbúnaður sem gera kleift að flytja merki milli skilgreindra tengipunkta með rafþræði, með útvarpsbylgjum, ljóstæknilegum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðferðum,
- „samtenging“: efnisleg og rökleg tenging fjarskiptabúnaðar stofnana sem veita aðgang að fjarskiptanetum og/eða fjarskiptaþjónustu, til að gera notendum stofnunar kleift að hafa samskipti við notendur sömu eða annarrar stofnunar eða að nýta sér þjónustu sem þriðju stofnanir veita.“;

b) 2. mgr. falli niður.

2. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

1. Aðildarríkin skulu fella úr gildi allar ráðstafanir sem veita:

- a) einkarétt á veitingu fjarskiptaþjónustu, að meðtalinni stofnsetningu fjarskiptaneta, sem nauðsynleg eru til að veita slíka þjónustu, og veitingu aðgangs að þeim; eða
- b) sérstök réttindi sem takmarka fjölda fyrirtækja, sem hafa leyfi til að veita slíka fjarskiptaþjónustu eða að koma á fót slíkum fjarskiptanetum eða veita aðgang að þeim, við tvö eða fleiri, nema á grundvelli viðmiða sem eru hlutlæg, hlutfallsbundin og án mismununar; eða
- c) sérstök réttindi sem heimila nokkrum fyrirtækjum, sem eru í innbyrðis samkeppni, að veita slíka fjarskiptaþjónustu eða koma á fót slíkum netum eða veita aðgang að þeim, án þess að það sé á grundvelli viðmiða sem eru hlutlæg, hlutfallsbundin og án mismununar.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öll fyrirtæki hafi rétt til að veita þá fjarskiptaþjónustu sem um getur í 1. mgr. eða að koma á fót þeim netum sem um getur í 1. gr. eða veita aðgang að þeim.

Án þess að það hafi áhrif á 3. gr. c og þriðju málsgrein 4. gr. er aðildarríkjunum heimilt að viðhalda sérstökum réttindum og einkarétti á talsímaþjónustu og á að koma fjarskiptanetum á fót og veita aðgang að þeim til 1. janúar 1998.

Aðildarríkin skulu þó tryggja að afnumdar verði allar takmarkanir sem eftir eru á veitingu fjarskiptaþjónustu annarrar en talsímaþjónustu um net sem veitandi fjarskiptaþjónustunnar hefur komið á fót, um grunnvirki, sem þriðju aðilar útvega, og með samnýtingu neta, annars búnaðar og stöðva, og að viðkomandi ráðstafanir séu tilkynntar framkvæmdastjórninni eigi síðar en 1. júlí 1996.

Hvað snertir dagsetningarnar sem settar eru fram í annarri og þriðju undirgrein þessarar málsgreinar, í 3. gr. og í 2. mgr. 4. gr. a, skal veita aðildarríkjum með vanþróaðri net allt að fimm ára framkvæmdarfrest til viðbótar, óski þau þess, og aðildarríkjum með mjög lítil net allt að tveggja ára framkvæmdarfrest til viðbótar, óski þau þess, að því tilskildu að það sé nauðsynlegt til að ná megi fram nauðsynlegum skipulagsbreytingum. Í slíkri beiðni skal vera nákvæm lýsing á fyrirhuguðum breytingum og nákvæmt mat á tímaáætluninni um framkvæmd þeirra. Sé þess óskað skal gera veittar upplýsingar aðgengilegar hvaða hagsmunaaðila sem er, með hliðsjón af lögmætum hagsmunum fyrirtækjanna sem varða verndun viðskiptaleyndarmála þeirra.

3. Aðildarríki, sem gera veitingu fjarskiptaþjónustu eða stofnsetningu fjarskiptaneta eða veitingu aðgangs að þeim háða leyfisveitingu, almennu leyfi eða skráningu sem miðar að því að grunnkröfurnar séu uppfylltar, skulu sjá til þess að tilheyrandi skilyrði séu hlutlæg, án mismununar, hlutfallsbundin og gagnsæ, að rök séu færð fyrir hverri neitun og að til séu áfrýjunarleiðir.

Aðeins má gera veitingu annarrar fjarskiptaþjónustu en talsímaþjónustu, uppsetningu almennra fjarskiptaneta og annarra fjarskiptaneta sem nota útvarpstíðni, og veitingu aðgangs að þessum netum, háða almennri leyfisveitingu eða skráningu.

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni viðmiðin sem leyfi, almenn leyfi og skráningarreglur byggjast á, ásamt þeim skilyrðum sem þeim fylgja.

Aðildarríki skulu áfram upplýsa framkvæmdastjórnina um fyrirætlanir um að setja nýjar meðferðarreglur um leyfisveitingu, almenna leyfisveitingu eða skráningu eða breyta þeim sem eru við lýði.“

3. Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Hvað snertir talsímaþjónustu og veitingu aðgangs að almennum fjarskiptanetum skulu aðildarríkin, eigi síðar en 1. janúar 1997, tilkynna framkvæmdastjórninni um allar meðferðarreglur um leyfisveitingu eða skráningu, sem miða að því að farið sé að:

- grunnkröfum, eða
- viðskiptafyrirmælum sem tengjast skilyrðum um að þjónustan sé varanleg og aðgengileg og um gæði hennar, eða
- fjárhagslegum skuldbindingum í tengslum við altæka þjónustu, samkvæmt meginreglunum sem settar eru fram í 4. gr c.,

áður en þær koma til framkvæmda.

Meðal skilyrða, sem tengjast því að þjónustan sé aðgengileg, mega vera kröfur um að tryggður sé aðgangur að gagnagrunnum um viðskiptavinum sem nauðsynlegur er til að veita almennar númeraupplýsingar.

Saman skulu þessi skilyrði mynda útboðslýsingu fyrir opinbera þjónustu og vera hlutlæg, án mismununar, hlutfallsbundin og gagnsæ.

Aðildarríkjnum er aðeins heimilt að takmarka fjölda þeirra leyfa sem gefa má út ef ástæðan er skortur á tíðnisviði og ef ekki er brotið gegn hlutfallsreglunni.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að meðferðarreglur um leyfisveitingu eða skráningu vegna veitingar talsímaþjónustu eða aðgangs að almennum fjarskiptanetum séu birtar eigi síðar en 1. júlí 1997. Áður en þessi drög koma til framkvæmda skal framkvæmdastjórnin ganga úr skugga um að þau samrýmist ákvæðum sáttmálans.

Hvað snertir pakka- og línuskipta gagnaflutningsþjónustu skulu aðildarríkin afnema gildandi útboðslýsingu fyrir opinbera þjónustu. Þeim er heimilt að láta skráningarreglurnar eða almennu leyfisveitinguna sem um getur í 2. gr. koma í þeirra stað.“

4. Við 3. gr. b bætist eftirfarandi málsgrein:

„Aðildarríkin skulu sjá til þess fyrir 1. júlí 1997 að völ sé á nægum fjölda númera fyrir alla fjarskiptaþjónustu. Þau skulu sjá til þess að númerunum sé úthlutað með aðferðum sem eru hlutlægar, án mismununar, hlutfallsbundnar og gagnsæjar, einkum á grundvelli einstakra umsóknaraðferða.“

5. Í stað fyrstu málsgreinar 4. gr. kemur eftirfarandi:

„Svo lengi sem aðildarríki viðhalda sérstökum réttindum eða einkarétti til að veita aðgang að og reka föst almenn fjarskiptanet skulu þau gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera skilyrði fyrir aðgangi að netunum hlutlæg og án mismununar og skulu birta þau.“

6. Eftirfarandi greinar 4. gr. a til 4. gr. d bætist við:

„4. gr. a

1. Með fyrirvara um síðari samhæfingu Evrópuþingsins og ráðsins á samtengingarfyrikomulagi landanna innan ramma frjáls aðgangs að netum (ONP) skulu aðildarríkin tryggja að fjarskiptafyrirtækin veiti öðrum fyrirtækjum, sem hafa leyfi til að veita slíka þjónustu eða aðgang að slíkum netum, samtengingu við talsímaþjónustu sína og almennt sjálfvirkt fjarskiptanet sitt, með skilyrðum sem eru án mismununar, hlutfallsbundin, gagnsæ og byggð á hlutlægum viðmiðum.

2. Aðildarríkin skulu einkum sjá til þess að fjarskiptafyrirtækin birti eigi síðar en 1. júlí 1997 skilmála og skilyrði fyrir samtengingu við grunnstarfsemishluta talsímaþjónustu sinnar og almenn sjálfvirkt fjarskiptanet sín, að meðtöldum þeim samtengingarpunktum og skilflötum sem boðið er upp á í samræmi við þarfir markaðarins.

3. Aðildarríkjnum er óheimilt að koma í veg fyrir að fyrirtæki, sem veita aðgang að fjarskiptanetum og/eða -þjónustu, geri samtengingarsamninga við fjarskiptafyrirtæki, sem þess æskja, um aðgang að almenna sjálfvirka fjarskiptanetinu þar sem gert er ráð fyrir sérstökum aðgangi að netinu eða skilyrðum sem henta sérstökum þörfum þeirra.

Ef viðskiptaviðræður leiða ekki til samnings innan hæfilegra tímamarka skulu aðildarríkin, að beiðni annars aðilans og innan hæfilegra tímamarka, taka rökstudda ákvörðun sem fastsetur nauðsynleg rekstrarskiilyrði og fjárhagsleg skilyrði fyrir slíkri samtengingu, án þess að það hafi áhrif á önnur úrræði sem vöð er á samkvæmt gildandi landslögum eða lögum bandalagsins.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að í rekstrarbókhaldskerfinu, sem fjarskiptafyrirtækin koma á með tilliti til veitingar talsímaþjónustu og aðgangs að almennum fjarskiptanetum, séu tilgreindir þeir kostnaðarliðir sem skipta máli fyrir verðlagningu á samtengingu.

5. Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í 1. til 4. mgr., skulu gilda í fimm ár frá því að sérstök réttindi og einkaréttur fjarskiptafyrirtækisins á veitingu talsímaþjónustu eru afnumin í raun. Framkvæmdastjórnin skal þó endurskoða þessa grein ef Evrópuþingið og ráðið samþykkja tilskipun um samhæfingu skilyrða fyrir samtengingu fyrir lok þess tímabils.

## 4. gr. b

Aðildarríkin skulu sjá til þess að afnuminn verði allur einkaréttur á stofnun og veitingu númeraupplýsingaþjónustu, að meðtalinni útgáfu símaskráa og svarþjónustu um símanúmer, á yfirráðasvæði sínu.

## 4. gr. c

Með fyrirvara um þá samhæfingu, sem Evrópuþingið og ráðið munu standa fyrir innan ramma frjáls aðgangs að netum (ONP), skal hver sú innlenda tilhögun, sem nauðsynleg er til að skipta nettókostnaði við veitingu þeirrar altæku þjónustu, sem fjarskiptafyrirtækjunum er falin, á milli allra fyrirtækja, hvort sem um er að ræða viðbótargjöld eða almennan þjónustusjóð, uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) hún skal aðeins gilda um fyrirtæki sem veita aðgang að almennum fjarskiptanetum;
- b) hún skal deila greiðslubyrðinni á fyrirtækin samkvæmt viðmiðum sem eru hlutlæg og án mismununar og í samræmi við hlutfallsregluna.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíka tilhögun til að hún geti gengið úr skugga um að hún samrýmst ákvæðum sáttmálaus.

Aðildarríkin skulu heimila fjarskiptafyrirtækjum sínum að endurskipuleggja gjaldskrár að teknu tilliti til sérstakra markaðsaðstæðna og þarfarinnar á því að tryggja að altæk þjónusta sé á viðráðanlegu verði og einkum skulu aðildarríkin heimila þeim að breyta gildandi töxtum sem ekki eru í samræmi við kostnað og auka byrðina vegna veitingar altæktrar þjónustu, með það fyrir augum að koma á gjaldskrá sem byggist á raunverulegum kostnaði. Ef ekki reynist unnt að ljúka slíkri endurskipulagningu fyrir 1. janúar 1998 skulu viðkomandi aðildarríki gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um það hvernig þau hyggjast lagfæra í áföngum það ójafnvægi sem enn er í gjaldskrá. Í skýrslunni skal vera nákvæm tímaáætlun um framkvæmdina.

Hvernig sem atvikast vill mun framkvæmdastjórnin, innan þriggja mánaða frá því að Evrópuþingið og ráðið samþykkja tilskipun um samhæfingu skilyrða fyrir samtengingu, leggja mat á það hvort þörf sé frekara framtaks til að tryggja samræmi milli tilskipananna tveggja og gera viðeigandi ráðstafanir.

Að auki skal framkvæmdastjórnin eigi síðar en 1. janúar 2003 endurmeta stöðu mála í aðildarríkjunum og einkum leggja mat á það hvort gildandi fjármögnunarkerfi takmarki ekki aðgang að hlutaðeigandi mörkuðum. Ef sú er raunin mun framkvæmdastjórnin kanna hvort völ sé á öðrum aðferðum og jafnvel gera viðeigandi tillögur.

## 4. gr. d

Aðildarríkin skulu ekki mismuna þeim sem veita aðgang að almennum fjarskiptanetum með tilliti til veitingar umferðarréttar til að koma upp slíkum netum.

Valdi gildandi grunnkröfur því að ekki er unnt að veita fyrirtækjum, sem vilja veita aðgang að almennum fjarskiptanetum, aukaumferðarrétt, ber aðildarríkjunum að tryggja að þau fái aðgang, með sanngjörnum skilmálum, að aðbúnaði sem fyrir er og komið hefur verið upp í krafti umferðarréttar sem ekki er unnt að veita öðrum.“

7. Í fyrstu málsgrein 7. gr. bætist orðin „númera, svo og“ við á undan orðinu „eftirlit“.

8. Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr.

Aðildarríkin skulu með leyfisveitingarkerfum fyrir veitingu talsímaþjónustu og aðgangs að almennum fjarskiptanetum að lágmarki tryggja að sé slíkt leyfi veitt fyrirtækjum, sem ríkin veita einnig sérstök réttindi eða einkarétt á öðrum sviðum en á sviði fjarskipta, haldi fyrirtækin aðskilda fjárhagsreikninga fyrir starfsemi sína annars vegar sem veitendur talsímaþjónustu eða aðgangs að netum og hins vegar fyrir aðra starfsemi, jafnskjótt og fyrirtækin ná meiri veltu en sem nemur 50 milljónum eka á viðkomandi fjarskiptamarkaði.“

9. Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

Eigi síðar en 1. janúar 1998 mun framkvæmdastjórnin gera heildarmat á stöðu mála með tilliti til þeirra takmarkana sem enn eru á því að nota almenn fjarskiptanet til að bjóða upp á flutningsgetu fyrir kapalsjónvarp.“

## 2. gr.

Aðildarríkin skulu eigi síðar en níu mánuðum eftir gildistöku þessarar tilskipunar veita framkvæmdastjórninni upplýsingar sem gera henni kleift að staðfesta að farið sé að 1.-8. lið í 1. gr.

Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á skuldbindingar, sem þegar hvíla á aðildarríkjunum, um að tilkynna eigi síðar en 31. desember 1990, 8. ágúst 1995 og 15. nóvember 1996, eftir því sem við á, um ráðstafanir sem þau hafa gert til að fara að tilskipunum 90/388/EBE, 94/46/EB og 96/2/EB.



**3. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**4. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. mars 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

*Karel VAN MIERT*

framkvæmdastjóri.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/27/24**

**nr. 107/97**  
**frá 2. febrúar 1998**

**um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/97 frá 12. nóvember 1997<sup>(1)</sup>.

Reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 417/85<sup>(2)</sup> og 418/85<sup>(3)</sup> frá 19. desember 1984 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um rannsóknir og þróun eru þegar hluti af samningnum.

Gildistíma reglugerða (EBE) nr. 417/85 og 418/85 lýkur 31. desember 1997 og því hefur framkvæmdastjórnin ákveðið að breyta reglugerðunum með því að framlengja gildistíma þeirra til 31. desember 2000.

Til þess að viðhalda réttaröryggi fyrirtækja og einsleitu Evrópsku efnahagssvæði skal fella reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2236/97 frá 10. nóvember 1997 um breytingu á reglugerðum (EBE) nr. 417/85 og (EBE) nr. 418/85 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu annars vegar og um rannsóknir og þróun hins vegar<sup>(4)</sup> inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

6. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 417/85) í XIV. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„- **397 R 2236:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2236/97 frá 10. nóvember 1997 (Stjttíð. EB nr. L 306, 11. 11. 1997, bls. 12).“.

2. Aðlögunarliður i) falli niður.

**2. gr.**

7. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 418/85) í XIV. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„- **397 R 2236:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2236/97 frá 10. nóvember 1997 (Stjttíð. EB nr. L 306, 11. 11. 1997, bls. 12).“.

2. Aðlögunarliður j) falli niður.

**3. gr.**

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2236/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. febrúar 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**5. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 2. febrúar 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*E. Bull*

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 53, 22. 2. 1985, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 53, 22. 2. 1985, bls. 5.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 306, 11. 11. 1997, bls. 12.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2236/97**

frá 10. nóvember 1997

**um breytingu á reglugerðum (EBE) nr. 417/85 og (EBE) nr. 418/85 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu annars vegar og um rannsóknir og þróun hins vegar(\*)**

(Texti sem varðar EES)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2821/71 frá 20. desember 1971 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 1. gr.,að birtum drögum að þessari reglugerð <sup>(2)</sup>,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Gildistími reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 417/85 <sup>(3)</sup> og (EBE) nr. 418/85 <sup>(4)</sup>, eins og þeim var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu annars vegar og um rannsóknir og þróun hins vegar, rennur út 31. desember 1997.

Framkvæmdastjórnin er að láta gera könnun með það í huga að benda á hvaða vandamálum fyrirtæki, sem eiga hagsmuna að gæta, hafa staðið frammi fyrir við beitingu framangreindra reglugerða. Rétt er að rannsaka í þessu samhengi alla lagalega, efnahagslega og stjórnmálalega þætti sem hafa áhrif á samkeppni milli fyrirtækja sem starfa á sama markaði.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. nóvember 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Karel VAN MIERT**

framkvæmdastjóri.

Rétt er að gera ráð fyrir nægum tíma til að ljúka vinnu við könnunina, meta niðurstöður hennar og draga ályktanir sem geta nýst við setningu reglna á þessu sviði í framtíðinni.

Ekki verður unnt að ljúka þessari vinnu tímanlega til að hægt sé að samþykkja og birta nýja reglugerð fyrir 31. desember 1997.

Til að tryggja réttaröryggi fyrirtækja er rétt að breyta reglugerðum (EBE) nr. 417/85 og (EBE) nr. 418/85 með því að framlengja gildistíma þeirra. Rétt er að takmarka gildistíma þeirra við 31. desember 2000.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Í 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 417/85 komi dagsetningin „31. desember 2000“ í stað „31. desember 1997“.

**2. gr.**

Í 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 418/85 komi dagsetningin „31. desember 2000“ í stað „31. desember 1997“.

**3. gr.**Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugusta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 306, 11. 11. 1997, bls. 12, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/97 frá 2. febrúar 1998 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 285, 29. 12. 1971, bls. 46.

(2) Stjttíð. EB nr. C 190, 21. 6. 1997, bls. 3.

(3) Stjttíð. EB nr. L 53, 22. 2. 1985, bls. 1.

(4) Stjttíð. EB nr. L 53, 22. 2. 1985, bls. 5.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1245 – Valeo/ITT Electricals)

98/EES/27/25

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. júní 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið Valeo öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, yfirráð yfir starfsemi ITT Industries, Inc. (ITT) á sviði rafbúnaðar, með kaupum á hlutabréfum, eignum og eignarhlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Valeo: búnaður í bíla og íhlutar,
  - ITT: búnaður í bíla og íhlutar, varnar- og rafeindaiðnaður, sem og vökvatækni.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 212, 8. 7. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1245 – Valeo/ITT Electricals, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Tilkynning um sameiginlegt verkefni  
(Mál nr. IV/C2/36.878)****98/EES/27/26**

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. janúar 1998 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(2)</sup> um samning, um stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni (Warner Sogefilms) á Spáni, milli fyrirtækjanna Warner Home Video Española S.A. og Sogecable S.A. Markmiðið með fyrirtækinu um sameiginlega verkefnið er að dreifa á kvikmyndum á Spáni sem fyrirtækin tvö hafa dreifingarrétt á.
2. Helsta starfsemi Warner Home Video Española S.A., sem er spænskt dótturfyrirtæki Time Warner Entertainment Company LP, er kaup, sala, dreifing, útleiga og nýting á myndum í gegnum kvikmyndahús, myndbandaleigur og sambærilegar stofnanir.  
  
Sogecable S.A. er spænskt fyrirtæki sem annast starfsemi á sviði áskriftarsjónvarps gegnum jarðstöðvar og gervihnetti.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að tilkynntir samningar geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.
5. Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 15 dögum eftir að þessi tilkynning birtist í Stjttíð. EB nr. C 208, 4. 7. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (+32 2 296 98 04) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/C2/36.878 – Warner-Sogefilms, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate C  
Office C 150 - 3/157  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

**Ríkisaðstoð  
Mál nr. C 29/95  
Ítalía****98/EES/27/27**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hætta málsmeðferð sem hafin var 24. 5. 1995, í samræmi við 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans, vegna endurvinnslugjalda á pólýetýlen á Ítalíu (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 199 frá 25. 6. 1998).

**Ríkisaðstoð  
Mál nr. C 17/97  
Portúgal****98/EES/27/28**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hætta málsmeðferð sem hafin var 12. 3. 1997, í samræmi við 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans, vegna aðstoðar sem Portúgal ætlar að veita Cordex S.A., fyrirtæki í Ovar sem framleiðir gervitrefjaefni (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 207 frá 3. 7. 1998).

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. 13 frá 21. 2. 1962, bls. 204/62.

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 84/97**  
**Austurríki**

**98/EES/27/29**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar við fyrirtækið Siemens Bauelemente OHG (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 203 frá 30. 6. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission  
DG IV-G-5  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Austurríki.

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 24/98**  
**Austurríki**

**98/EES/27/30**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar við fyrirtækið Kiener Deponie Bachmannung, Austurríki (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 201 frá 27. 6. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission  
DG IV-G-5  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 9816

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Austurríki.

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 25/98**  
**Spánn**

**98/EES/27/31**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna ákveðinna ráðstafana til styrktar fyrirtækinu Brilén S.A. í Aragon (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 199 frá 25. 6. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
State Aid Directorate  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 9579

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Spánn.

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 27/98**  
**Þýskaland**

**98/EES/27/32**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar við fyrirtækið Draiswerke GmbH, Þýskalandi (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 203 frá 3. 7. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission  
DG IV-G-5  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 9816

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland